

# Spellvirkjarnir

Eftir


REX E. BEACH.

*Arnþjotur B. Olson*

Suite 14 Vesta Apts.  
þýðing eftir **WINNIPEG, - MAN.**

S. G. THORARENSEN.

*Arnþjotur B. Olson*



Suite 14 Vesta Apts  
**WINNIPEG, - MA**

THE VIKING PRESS, LIMITED.

WINNIPEG, MANITOBA, 1916.

107

Canadisk mánussaga

Arnþjótur B. Olsen

---

# Arnljotur B. Olson

## I. KAPITULI.

### Bardaginn.

Glenister horfði yfir höfnina, er ljósin frá skipunum, er þar lágu, slógu bjarma yfir. Síðan leit hann upp til fjallanna dökkleitu, er báru við skýin. Hann svalg kalda, hreina loftið, blandið sævar-keim og æskublóðið svall honum í æðum.

“Ó! þetta er dásamlegt, — yndislegt”, mælti hann lágt; “og þetta er landið mitt — mitt eigið land; heyrið þú það? Dex! Þessi þorsti — þrá eftir norðrinu — liggur í blóði mínu. Eg stækka. Eg þenst út”.

“Gættu þín, að þú rifnir ekki”, mælti Dextry í viðvörunar-róm. “Eg veit til þess, að menn hafi orðið öskrandi fullir af fjalla-lofti. Varastu, að þenslan verði ekki of hörð á einum vissum stað”. Hann tók til pípunnar sinnar og spjó út slíkri reykjar-svælu, að engin hætta var á, að fjalla-loftið yrði of heilnæmt.

“Hamingjan góða! Hvílik voða-svæla!” mælti yngri maðurinn og blés frá sér. “Þú ættir að setjast í sóttvörð”.

“Eg vil heldur, að af mér sé mannabefur, en að eg tali sem óvita barn. Þú vanhelgar þessa stund hugleiðinganna með orðagjálfri um náttúruna, en ert svo lélegur í fagurfræði, að þú berð ekki skyn á fegurð þá, er gott tóbak er gætt”, mælti Dextrý.

Glenister skellihló. Hann rétti úr sér og teygði á vöðvum sínum í ákefð, eins og hann réði ekki við fjörmagnið.

Þeir reikuðu til og frá um skipakvína, en fram undan þeim lá skipið ‘Santa Maria’, alþúin þess, að leggja út um miðnætti. Þar sem fyrir einni viku blíðeygðir innfæddir menn höfðu starfað að því, að þurka þorsk sinn, þangað hafði nú flokkast hálftryltur flokkur gull-leitarmanna. Þeim hafði þyrlað upp sem engisprettum í þúsundatali, og stöðvast þarna um hríð á leið sinni til hinnar nýju ‘El Dorado’. Þeir biðu á ströndinni við ‘Reyk-hafið’ eftir því, að ísinn færi, er hamlaði þeim leiðina að ‘Gullreyfinu’ — hinni nýju Nome, þar sem menn gripu upp auð fjár á einni nóttu.

Mosavöxnu hæðirnar að baki þorpsins voru þaktar gröfum þeirra, er látist höfðu haustið áður á för til gull-landsins, er drepsótt hafði geisað yfir landið. En hvað gjörði það til? Gullbjarminn titraði á sandinum, eftir því, er landkönnunarmönnum sagðist frá. Af því stafaði úthlaup þessa mikla hers. Glenister og Dextrý höfðu farið frá Nome haustið áður, og var Glenister þá að fram kominn af hitaveiki. Nú voru þeir að halda aftur og vitja landa sinna.

“Loftið ágæta hvetur og espar hverja einustu

dýrslega eðlishvöt, sem í mér býr", tók Glenister aftur til orða. Þegar eg yfirgef borgirnar, verð eg að villimanni. Eg kenni hinnar fornu frum-ástríðu — bardaga-fýsnarinnar".

"Ef til vill færðu brátt tækifæri".

"Hvernig þá?"

"Það mál er þannig vaxið. Eg mætti Mexico Mullins í morgun. Þú manst eftir Mexico gamla? Hann er náunginn, sem fann aftur eignarréttar-spilduna við Steðjalæk í fyrra sumar".

"Þú meinar þó ekki þrjótinn, sem strákarnir ætluðu að hengja án dóms og laga fyrir landa-brask?"

"Jú, alt er sami fuglinn. Manstu eftir, að eg sagði þér frá greiða, er eg gjörði honum þarna niður hjá Guadalupe?"

"Var það ekki eitthvað út úr kæruleysi með byssu?"

"Jú-jú. — Nú, nú, eg tók þegar eftir því, að hann var orðinn svínfeitur. 'Hvernig stendur á öllu þessu kjöti?' spyr eg. Sælkera-spik; alt á vömbinni, eins og hann væri að dragast saman í kúlu. Afar stóran demantshring hafði hann líka á fingrinum".

"Hví gengurðu svona út um miðjuna, Mexico? spurði eg.

'Auðæfi, stjórn mála-störf og aðrar stór-framfarir', svaraði hann. Mexico hefir ekki gleymt sínum gömlu kunningjum, þrátt fyrir mið-fituna. Hann rak mig út í horn og mælti: 'Bill! Eg ætla að borga þér fyrir Moralez kaupin'.

“Eg hefi engan rétt til þeirrar upphæðar”, mælti eg. “Það mál er löngu um garð gengið”.

“Taktu nú eftir”, mælti hann. Og af því eg sá, að honum var full alvara í skapi, þá hlýddi eg á hann.

“Hve mikils virði álíturðu námulandið þitt?”

“Það er ekki auðvelt að segja”, mælti eg. “Ef það reynist eins vel framvegis og það gjörði síðastliðið haust, þá ætla eg að séu í því \$1,000,000 afgangs kostnaði”.

“Hvað miklu býstu við að ná úr því í sumar?”

“Fjögur hundruð þúsundum, að öllu sjálfráðu”.

“Billi”, sagði hann, “það er fjandi falleg fúlga og þú verður að vaka yfir þessum bletti eins og Satan yfir sálu manns. Láttu þá ekki krækja einni kló í það, því náí þeir að klófesta, ert þú dauðadæmdur”.

Honum var svo þungt í skapi, að eg varð alverlega smeykur; því Mexico er engin þvaðurkerling.

“Hver er meining þín?” spurði eg.

“Eg get ekkert sagt þér meira. Eg hefi þegar snúið snöru að hálsi mér með því, að segja þér svona mikið. Þú ert skolli góður náungi, Billi, og þó eg sé spilahundur og braskaramenni, þá vil eg ekki sjá þig bíða tjón, því þú bjargaðir lífi mínu eitt sinn. Fyrir alla muni, láttu þá ekki ná undan þér lóðinni, hvað sem á dynur”.

“Láta hverja ná henni? Þingið hefir sett okkur dómstól og dómara —” tók eg til máls.

“Það er einmitt bölvunin. Hvernig ætlarðu að

sígra það illþýði? Þar eru beztu spilin, sem þeir hafa á hendi. Það er maður á leiðinni þangað, sem heitir McNamara. Gættu vel að honum. Meira má eg ekki segja þér. En láttu þá ekki krækja í lóðina þína”.

— “Þetta var alt, er eg gat fengið upp úr honum.

“Ó, hann er vitlaus”, sagði Glenister. “Eg vildi, að einhver vildi reyna að krækja í Midos-lóðina. Þar skyldum við njóta fjörugrar skemtunar”.

Kallpípan á ‘Santa Maria’ rauf samtál þeirra. Fjöllin endurtóku óhljóð hennar.

“Við verðum að fara um borð”, mælti Dextrý.

“Þey! Hvað er þetta?” hvíslaði Glenister.

Fyrst heyrðu þeir að eins skarkala á þilfari eimskipsins, svo heyrðist áraglam á sjónum fyrir neðan þá og svo var sagt lágt: “Ekki lengra; stöðvaðu þig! Stattu kyrr!” Smáferja kom út úr myrkrinu og kendi botns við ströndina. Eitthvað fór út úr bátunum og þaut upp stigann upp á bryggjuna. Á næsta augnabliki kom annar bátur, sjáanlega eltandi hinn fyrri bátinn, og kendi einnig grunnis.

Jafnskjótt og þessi flóttavera kom upp á bryggju sporðinn, sáu þeir, er fyrir voru, sér til mikillar undrunar, að þetta var ung stúlka. Hún var afar móð og hefði fallið á bryggjusporðinn, ef Glenister hefði ekki gripið hana og reist hana á fætur.

“Látið þá ekki ná mér!” stundi hún upp.

Glenister leit undrandi til félaga síns; en varð þess þá var, að hann hafði gengið fremst fram á

bryggjusporðinn og að stiganum, er stúlkan hafði klöngrast upp undan ofsóknar mönnunum.

“Heyrðu eitt augnablik — þú þarna, djöflamergur! Snúðu aftur, eða eg rek hausinn á þér langt niður í maga!” Rödd Dextrys var fremur óblið og kom þeim á óvart, er fyrir voru, og í myrkrinu sýndist þeim, er fyrir voru, hann vera líkari trölle en manni.

“Farðu til fjandans! Stúlkan er að strjúka!” sagði sá, er efstur var í stiganum.

“Eg trúi þér”.

“Hún slapp —”.

“Haltu kjafti!” tók sá næsti undir. “Ertu að reyna að auglýsa það? — Farðu úr vegi, þú afglapi þarna uppi!” Röddin var fremur spjátrungsleg og verkaði óþægilega á skapsmuni Dextrý's.

“Haltu áfram, Thorson”. Thorson greip nú í bryggjupallinn og reyndi að klifra upp, en Dextrý lét hælana ganga óvægilega á fingurna hans; sjómaðurinn slepti tókum og tók féлага sína með sér í fallinu niður á mölina.

“Komið þið hingað! Fylgið mér á hæla!” hrópaði fyrirliðinn og kleif upp bakkann utan við bryggjuna.

“Þér gjörið bezt í, að búast til ferðar, ungfrú”, sagði Dextrý. “Þeir koma hér brátt”.

“Já, já, við skulum fara þegar! Eg verð að komats út á ‘Santa Maria’. Hún er að leggja frá landi! Ó, komið! Komið!”

Glenister skellihló, eins og stúlkan hefði sagt eitthvað afar fyndið. Hann stóð grafkyrr.



“Eg gjörist nú gamall og þungfættur”, mælti Dextry, “og því illa lagaður til að hlaupa; en eg viðurkenni ekki, að eg sé of gamall til að gefa vel útilátið kjaftshögg, ef einhver mælist til að fá það”. Hann gekk mjög léttilega, þó stúlkan sæi í hálfbirtunni, að hann var grár fyrir hærum.

“Hvað meinið þér?” spurði hún hvatlega.

“Hlaupið þér á brott, ungrú; við skulum leika við þá, þar til þér eruð komnar á skipsfjöl. Þau gengu að bryggjuhúsinu og höfðu það að bakhjarli. Stúlkan fylgdist með þeim.

Aftur lét kallpípan til sín heyra, og yfirmaður eimskipsins hrópaði: “Leysið landfestar!”

“Ó, við missum af skipinu!” mælti stúlkan skelkuð, og virtist Glenister hún kvíða því meir en komu mannanna, er nú nálgudust þau.

“Þú getur komist út í skipið”, sagði hann hranalega. “Þú getur orðið fyrir meiðslum, ef þú bíður hér. Farðu, og kærðu þig ekki um okkur. Við höfum verið þrjátíu daga á sævarblakki (skipi) og langar í dálitinn dansleik á þurru landi.” Drengjaleg fjör-kæti lýsti sér í rödd hans, og leit út fyrir, að hann fagnaði mjög voninni um handalögmál. Í sömu svipan komu sjómennirnir út úr myrkrinu og réðust þegar á þá.

Fyrstu augnablikin sáu að eins mannaþúkar kastast til og frá; hnefahögg skella á skrokkum þessum; síðan greiddist úr þvögunni og menn féllu þungt til jarðar. Aftur gjörðu sjómennirnir áhlaup. Þeir sóttu Dextry af bræði mikilli, en festu ekki hönd á honum; karl var snar í snúningum og fljótur

að gefa óþægileg högg. En sakir myrkursins var bardaginn ekki auðsóttur og því féllu all-mörg vindhögg.

Hins vegar virtist Glenister skemta sér einkar vel, sláandi hvern þann til jarðar, er að honum sótti. Hann var sí-hlægjandi, eins og hann væri á skemtileik. Stúlkan þar á móti titraði af ótta, því þögn áhlaups-manna skefði hana meira en sjálfur bardaginn. Samt beið hún kyrr á vettvangi og hnipraði sig að húsveggnum.

Dextry slæmdi höggi að einni myrku þústunni, en misti höggsins og jafnvægisins um leið. Á svipstundu þaut fjandmaður hans á hann, og féllu þeir báðir á bryggjupallinn; en nú kom þriðji maður til sögunnar. Stúlkan hljóðaði hátt.

“Eg skal rota hann, Billi”, grenjaði aðkomumaður. “Láttu mig gjöra út af við hann”. Hann reiddi jarnvarinn skóinn sinn yfir höfuð sér, og bölv-aði af mikilli andagift.

“Æ! Þú ert að berja mig! Nú hefi eg hendur í hári hans. Sæktu að stóra djöflinum”.

Félagi Billa leitaði nú sinna manna, en sá þá ekki með vissu. Hann kraup niður hjá stúlkunni, án þess að gefa henni gaum; en hún heyrði hvininn í lungum hans. Hann var all-móður. Glenister hafði snarað manni frá sér og hopaði á hæli, en í því bili var ráðist að baki honum og tekið fyrir kverkar honum. Þessi sami fjandmaður læsti fótonum utan um lærin á Glenister. Þeir þeyttust til og frá svo innilega sameinaðir, sem þeir væru einn líkami. Hinir viku úr vegi. Þeir sóttust af kappi

miklu, og fanst stúlkunni það heil eilífð, þótt það væri örstuttur tími. Loks bárust þeir að veggnum, þar sem stúlkan var, og hún heyrði, hve þungt Glenister var um andardráttinn, þar sem andskoti hans hélt um kverkar honum af öllum mætti. Hún var nær því örviða af ótta, þar sem hún hafði aldrei séð menn í slíkum hrikaleik. Á næstu mínútu mundi Glenister falla, — og þeir merja úr honum lífið með járnvörðu skónum. Henni hraus hugur við, að standa hjá aðgjörðalaus. Hræðslan hvarf. Vöðvarnir henar stæltust, og áður en hún vissi af var hún orðin hluttakandi í þessum hrikaleik.

Bak sjómannsins vissi að henni. Hún þreif í hár honum og læsti stál-stinnum fingrunum í augu honum. Nú heyrðist fyrsta veinið í bardaganum. Maðurinn rak upp skelfingar-ösku. Hinir hrukku jafn skyndilega frá. Brátt fann hún, að hönd var lögð á öxlina á henni, og kendi hún þá rödd Dextry's:

“Eruð þér meidd? Ekki það? Komið þér þá, annars missum við af skipinu”. Hann talaði stur rólega, en móður var hann ákaflega, og er hún leit í kringum sig, sá hún mótstöðumann Dextry's liggjandi þar rétt hjá eins og klesta köku.

“Það sakar ekki. Hann nær sér aftur. Eg gaf honum Japa-högg, er eg lærði einu sinni. Komið fljótt!”

Þau hlupu niður bryggjuna. Glenister fylgdist á hæla þeim — og stundur mótstöðumanna, — það var lokið allri sókn af þeirra hálfu.

Um leið og þau klifu upp á borðstokk 'Santa

Maria', víkkaði vatnsrákin milli hennar og bryggjunnar.

"Mátti ekki tæpara standa", sagði Glenister og strauk varlega um hálsinn á sér. 'En af þessum leik vildi eg ekki hafa mist fyrir nokkra peninga".

"Eg hefi verið viðstaddur nokkrar sprengingar, snjóflóð og ýmsa smá-skeinuhætta gamanleiki, en ekkert man eg eins yndislega hressandi og þenna gamanleik", sagði Dextrý, og heyrðist í hinum barn-glaða róm hans, að han nmælti af sannfæringu.

"Hvers konar menn eruð þið?" spurði stúlkan brosandí, en fékk ekkert svar.

Þeir fóru með hana inn í káetu þá, er þeir höfðu sjálfir ráð yfir, hleyptu rafmagnsljósi á og litu báðir á gest sinn í einu.

Þeim bar fyrri rsjónir yndisfögur og tignarleg ungfrú, í nærskornum búningi, með sútaða skó. En það, sem Glenister kom fyrst auga á, var: augun hennar. Stór, gráleit augu, er sýndust dökkleit við rafmagnsljósið. Honum virtust þessi augu sí-starfandi, og þau sendu frá sér eitthvað líkt leifturgeisla, er hún athugaði mennina tvo. Hárið hennar hafði fallið niður á bakið og tók henni í beltis-stað. Að öðru leyti sáust engin merki eftir nýafstaðnar raunir hennar.

Glenister hafði búist við að sjá eina af þessum myndarlegu stúlkum, er tíðum halda sig á landamærunum. Fegurð, er getur hrifið menn í svip, en sem hefir til að bera ljóma svipaðan þeim, sem slær af nýhvestum morðhníf. En hið alvarlega, höfðinglega andlit þessarar stúlku, hafði nær því óþægi-

leg áhrif á hann í svona hrjóstrugum umheimi, og minti á undur-margt hrífandi skemtilegt og fagurt, er hann hafði mátt vera án hin síðustu ár.

Að eins óblandin aðdáun lýsti sér í andliti hins eldra manns.

“Eg ætla að halda ræðu”, mælti hann. “Takið vel eftir. Þér eruð sá hlálegasti, undraverðasti snáði eða snáða, sem eg hefi barist fyrir við Mexíkana, Svertingja, Indíána eða hvíta menn. Hvað gengur að yður?”

“Eg býst við, að þið ímyndið ykkur, að eg hafi drýgt einhvern voðaglæp, — er ekki svo? mælti hún. “En það hefi eg ekki gjört. Eg varð að komast burt af skipinu ‘Ohio’ í nótt, af vissum ástæðum. Eg skal skýra ykkur frá því öllu á morgun. Eg hefi engu stolið; ekki gefið skipshöfninni eitur, — það hefi eg alls ekki gjört”. Hún brosti, og Glenister gat ekki annað en brosað líka, þótt hann væri ekki ánægður með skýring hennar.

“Jæja, eg ætla að vekja brytann og finna yður einhverja vistarveru”, sagði hann, eftir stundarþögn. “En þér verðið að búa með einhverri af konunum; það er voðalega þröngt á skipinu”.

Hún lagði hendurna á arm honum. Honum virtist hún titra.

“Æ-nei! Fyrir alla muni, gjörið það ekki. Það má enginn sjá mig í nótt. Eg veit, að ykkur þykir eg fara undarlega að ráði mínu; en þetta hefir borðið svo skyndilega að, eð eg er ekki búin að átta mig enn. En eg skal segja ykkur allar ástæður á morg-

un. Látið engan sjá mig; annars fer alt forgörðum. Gjörið það fyrir mig, að bíða til morguns”.

Hún var mjög fól og talaði af ákefð.

“Að hjálpa yður? Já, sjálfsagt”, mælti Dextry í ákveðnum róm. “Og sjáið þér til, ungrú, — það liggur ekkert á með skýringar yðar. Okkur kemur ekkert við, hvað þér hafið gjört. Við erum ekki kennarar í siðfræði, og “hvorki guðs né manna lög hafa nokkru sinni komist norður fyrir fimtugustu og þriðju gráðu”, eins og leirskáldið kemst að orði. — Og hann gat ekki sannara sagt, þótt hann hefði vitað, um hvað hann var að tala. Hér hafa allir leyfi til að gjöra, hvað þeim gott þykir. Að ganga hreint að verki, og þar með búið”.

Hún hugsaði um þessa tölu hans og þótti hún helzt til frjálsleg. En í því bili varð henni litið á Glenister, er horfði á hana aðdáunar-augum að vísu, en augnaráðið var nokkuð djartmannlegt og heimtu-frekt. Hún þóttist nú sjá, að hún væri, ef til vildi, ekki sem bezt sett í þessu takmarkalausandi landi frelsisins, og roðnaði hún ekki all-lítið. Hún athugaði hann nákvæmar; sá herðarnar samanreknu, hreyfingarnar örsnöru, limaburðinn fimlega og vöðvana aflþrungnu. Sama afl virtist lýsa sér í andlitsdráttunum; einkum kom þar í ljós fífldirfska og stjórnlaus ákafi. Fagur sýnum hlaut hann að álítast þrátt fyrir alt og alt.

“Yður vantar að felast?” spurði hann.

“Eg hefi all-mikla æfing í að fela mig, en ekki í því, að fela aðra. Hvað ætlist þér fyrir?”

“Hún verður hér í nótt”, greip Glenister fram

í. "Við ljáum henni þetta herbergi, en sofum sjálfir undir þiljum. Enginn sér hana hér".

"Það get eg ekki þolað, að þið gjörðið", mælti hún. "Er hvergi staður, er eg get falist í?" Þeir neituðu því, og yfirgáfu hana.

Þegar þeir voru farnir, hnipraði hún sig í sætið og skalf af ótta. "Eg er svo hrædd", hvíslaði hún; "ó, svo hrædd! Út í hvað er eg komin? Hví glápa menn svona á mig? Ó! að eg skyldi taka þetta að mér!" Loks stóð hún upp þreytulega. Loftið í kásetunni var þungt. Hún þráði hreint loft. Hún skrúfaði fyrir ljósið og fór út í myrkrið. Hún sá óljóst nokkra menn halla sér út á borðstokkinn. Hún læddist aftur í skut og fól sig bak við björgunarbat, þar sem golan lék um andlit hennar.

Mennirnir, er hún hafði séð, töluðu saman mjög alvörugefnir. Þeir staðnæmdust rétt hjá henni, en urðu hennar ekki varir. Hún varð að vera þar sem hún var komin; burtför var ómöguleg.

"Hví er hún komin hingað?" svaraði Glenister spurningu Dextry's. "Ó, hví koma þær allar hingað? Hví kom 'Hertogafrúin'? Hví kom Cherry Malotte og allar hinar?"

"Parna komstu með það — of fögur! Já, of fögur til þess að vera kærasta-laus!"

"Nei, nei", sagði Dextry, "hún er ekki af því sauðahúsi. Hún er of fíngjörð, of hrein, — of fögur til þess".

Dextry varð súr á svip. "Þetta hérað er búið að ræna þig öllu göfgi og siðfágun, drengur minn. Þú heldur, að hver stúlka sé á mannveiðum — og

það eru þær, ef til vill, allar — nema þessi stúlka. Hún á ekkert skylt við daðurdrósir, — að eg held”.

Glenister var hugsí.

“Einn af forfeðrum mínum”, tók hann til máls, “var sjóræningi á Indlands-hafi endur fyrir löngu, — að mér er sagt. Stundum finst mér, að eg hafi tekið lunderni hans og tilhneigingar að arfi. Hann kemur um miðjar nætur og blæs mér ýmsu í brjóst. Ó, hann var fjandanum verri, og blóðið hans fossar í æðum mínum — ólgandi, logandi! Mér heyrir hann hjala eitthvað núna — eitthvað um herfang, — fallett herfang. Ha, ha! Ef til vill hefir hann rétt að mæla. Eg barðist fyrir hana í nótt — Dex — einmitt eins og hann barðist fyrir kærustur sínar. Hún er of falleg til þess að vera góð. — og svo ‘eru hvorki guðs né manna lög til fyrir norðan fimtugustu og þriðju gráðu.’”

Þeir gengu brott. Titrandi, ósvífni hláturinn hans smaug sem sverð gegnum hjarta hennar; hún varð að styðja sig við bátinn. —

Síðan flúði hún inn í káetuna, fleygði sér upp í rúmið og titraði af skelfingu. Hún krefti hnefann, svo að neglurnar gengu inn í holdið. Hún starði þurrum augum út í myrkrið.



## II. KAPÍTULI.

## Í felum.

Hún vaknaði við skröltið í vélinni, leit með gætni út um gluggann og sá rjómasléttan sjóinn, er sólin speglaði sig í.

Svo þetta var Berings-hafið? Á skólaárum sínum hafði hún ætíð hugsað sér það, sem eitthvert dularfult flæmi, hulið þoku og úða, grátt að lit og ógnandi. Nú sá hún, þvert á móti, flatt, sólgliðrað haf, þakið spikuðum sjófuglum, er dröttuðust úr vegi fyrir skipinu. Gljáandi haus kom upp fyrir sævarflötinn. Hún heyrði hrópað: "Selur!"

Hún klæddist og leit yfir hluti þá, er lágu til og frá um herbergið. Af hlutum þessum reyndi hún að gjöra sér grein fyrir, hvers konar menn eigendurnir væru. Fyrst tók hún eftir mjög vönduðu búningsborði, koparbryddu, mjög skreyttu á ýmsan hátt, með upphafsstöfum Glenisters á. Þetta benti á óhófslega skrautgirni, og kom hlálega fyrir í bústað námumanna norður í heimskauta-löndum. Sama mátti segja um skraut-útgáfu af verkum De Mau-passants.

Næst fann hún "hin sjö höf", eftir Kipling, og nú þóttist hún vera komin á snoðir um einkenni í-búanna. Henni hafði ætíð boðið við ruddaskap og ósiðsemi þeirri, er þetta skáldrit hafði að bjóða, þótt hún viðurkendi hið skáldlega flug, er þar átti heima.

Þetta voru hin fyrstu fyrirbrigði, er mættu henni, er hún kom út fyrir varðveggi rólegs heimilis. Hún hafði ekki haft svo mikil olbogaskot við umheiminn enn, að hún vissi, að sannleikurinn getur verið óheflaður og harður viðkomu. Bók þessi staðfesti skoðanir hennar á yngra manningum.

Á snaga í veggnum hékk hylki nokkurt og út úr því stóð hlaupið á stórri skammbyssu, er sýndi, að hún hafði verið lengi notuð. Hún mynti þegjandi á hærुकollinn Dextrý. Áður en hún var að fullu búin að yfirlíta innanhúss-munina, kom einmitt Dextrý karl inn og varp kurteislega orðum á hana.

“Drengurinn er fram á skipi, að særa matvæli út úr brytanum matsára. Hann kemur brátt. Sváfuð þér vel?”

“Þakka yður fyrir! eg svaf vel”. — En það var ósatt. — ‘En eg hefi verið að hugsa um það, að réttara sé, að eg skýri ástæður mínar fyrir ykkur’.

“Verið nú rólegar. Engra skýringa gjörist þörf, fyr en yður sjálfri þóknast. Þér voruð í vanda stödd, — það var slæmt. Við hjálpuðum yður, — það var sjálfsagt að gjöra það”.

“Já, en eg veit, að þið hljótið að halda —”

“Það sem mér amar”, sagði hann óþolinmóður, “er það, hver skollans ráð verða til að fela yður. Brytinn heldur herberginu hreinu, og einhver kann að sjá okkur bera inn mat handa yður”.

“Mér er sama, hver sér mig, ef þeir senda mig ekki til baka. Haldið þér, að þeir gjöri það?” Hún beið óþreyjufull eftir svari hans.

“Senda yður til baka? Hvað gengur að yður?”

Vitið þér ekki, að þetta skip fer til Nome? Það er ekkert til-baka til í gull-æði, og þetta gull-æði er svæsnara en dæmi eru til í vorum syndum selda heimi. Skipstjórinn að snúa aftur! Hann gæti það ekki, þótt hann vildi. Farmurinn er of dýr, og félagið borgar \$5,000 á dag fyrir skipið. Þar að auki mundum vér, farþegar, ekki þola honum slíkt, — tíminn er of dýrmætur". — Skrölt í diskum heyrðist fyrir utan hurðina og rauf það samtalið. Dextry rétti út hendina til opna dyrnar, en heyrði í því rödd skipstjóra, er heilsaði Glenister glaðlega.

"Nú, Glenister, handa hverjum er allur þessi morgunverður?"

"Ó", hvíslaði Dextry, "það er Stephens skipstjóri".

"Dextry er hálf-lasinn og þarf að nærast", svaraði Glenister.

"Það skil eg vel! Því komuð þið svona seint út í skipið í gærkveldi? Þið voruð nærri orðnir að strandaglópum; það hefðuð þið líka verðskuldað". Svo mælti hann kunninglega: "Eg ræð yður til, að hætta við þessar kvenveiðar. Misskiljið mig ekki; en þær eru hættulegar, þessar stelpur, sem á skipinu eru. Eg sá yður, er þér komuð. Hættið við þess konar fangbrögð. Eg ætla að sjá framan í Dextry og vita, hvað að honum gengur".

Stúlkan hröklaðist út í horn og starði á Dextry.

"Hérna — herra! — hann — hér — er ekki kominn á fætur — klæddur", stamaði Glenister. "Beta að koma seinna".

"Hvaða vitleysa! Það er kominn tími til að

komast á lappir", mælti skipstjóri. "Halló! Dextry! Opnið, svo eg geti séð yður!" Hann skók hurðina.

Hér var engin afsökun möguleg. Gamli námaðurinn skotraði spyrjandi augum til stúlkunnar. Hún kinkaði kolli, að hann skyldi opna. Stephens hinn digri gekk inn.

Gráyróttta, þéttskeggjaða andlitið hans var glaðlega hrukkótt í fyrstu. En er hann kom auga á beinvaxna, fagra stúlku út í horni, reif hann húfuna af hausnum. Lengra náði ekki kurteisi hans. Brosið veik úr vegi fyrir kaldri alvöru. Augun drógust saman og eftir stóð þar hinn stálharði, reglubundni embættismaður.

"O-jæ-ja! yður líður ekki sem bezt? Eg hélt eg þekti alla kven-farþegana. En það er ekki. Gjör-ið mig kunnann stúlku þessari".

Dextry varð súr á svip undan napuryrðum hans.

"Hem! Eg — hér — hefi ekki heyrt nafn — hennar".

"Hvað segið þér?"

"Ó, það er ekki mjög mikið að segja. Þetta er stúlkan, sem við fluttum út á skipið í nótt. — Það er alt og sumt".

"Hver leyfði yður það?"

"Enginn. Enginn tími til slíkra bænagjörða".

"Ó-já, enginn tími sögðuð þér það? Hvor ykk-ar fann það snjallræði, að fela stúlku í káetu ykk-ar? Holl heimatök!! Hver er hún? Svárið mér skjótt!" Röddin titraði mjög af reiði.

"Æ!" hljóðaði stúlkan upp yfir sig. — Augun

hennar stækkuðu; eitthvað líkt rafneistum tindraði í þeim. Hún stóð þráðbein, en náfól.

Orðin hans særðu hana óþyrmilega. Og þó hafði hann forðast, að tala til hennar.

Skipstjóri sneri sér að Glenister, er kom inn í þessum svivum.

“Er þetta verk yðar? Eigið þé rstúlku þessa?”

“Nei”, svaraði hann einkar-rólegur.

“Það er réttara, skipstjóri, að heyra alla mála-vöxtu áður en þér ausið úr yður meiri skömmum”, mælti Dextrý. “Við björguðum ungfrú þessari frá vitlaustum sjómönnum í gærkveldi, og vorum rétt búnir að missa af skipinu fyrir bragðið. Hún var neydd til að flýja í skyndi, og við vorum ekki nógu mikil ómenni til þess að bjarga henni ekki”.

“Léleg afsökun. Hvað var hún að flýja?”

Hann talaði stöðugt til karlmanna, en lét sem hann sæi ekki stúlkuna.

Loks tók hún til máls, en átti örðugt með að koma upp orði:

“Þér megið ekki tala um mig á þenna hátt. — Eg get svarað spurningum yðar. Það er satt, — eg flúði. Var nauðugur einn kostur. Sjómennirnir eltu mig og börðust við menn þessa. Eg varð að komast fljótt á brott og þessir vinir yðar sýndu svo mikinn drengskap, að þeir hjálpuðu mér af því, að þeir sáu, að eg var verndarlaus stúlka. Og þeir eru enn að vernda mig. Eg get ekki skýrt ljóst frá því, hve á-ríðandi það er mér, að komast til Nome með fyrsta skipi, því það er leyndarmál annara. En það var nægilega á-ríðandi til þess, að neyða mig til að yfir-

gefa föðurbróður minn í Seattle með einnar stundar fyrirvara, — af því að við sáum, að á engum öðrum var völ, er tekist gæti förina á hendur. Þetta er alt, er eg get sagt. Þennan mín fór með mér; en sjómennirnir náðu henni, í því hún var að fara niður skipsstigann. Hún hafði fatapoka minn með sér, er þeir tóku hana. Eg leysti bátinn og reri til lands af öllum mætti; en þeir settu út annan bát og eltu mig”.

Skipstjóri horfði á hana hvössum augum, en þó mýktist tillitið nokkuð. Hann sá, að hún var djarfleg, kvenleg og illa sett meðal þeirra. Hann athugaði hana vandlega, og ávarpaði hana nú beinlínis:

“Kæra ungfrú! Hin skipin geta náð þangað eins fljótt og vér, — ef til vill á undan oss. Á morgun komum við inn í ísflákana og úr því er ferðin að öllu undir hepni komin”.

“Já, en skipið, sem eg yfirgaf, kemst þangað ekki”.

“Hvað þá? Hvaða skip? Á hvaða skipi voruð þér? Svarið mér!”

“Á skipinu ‘Ohio’,” svaraði hún. Það var sem hún hefði varpað sprengikúlu að skipstjóra. Hann glápti á hana.

“‘Ohio’! Guð minn góður! Þér dirfist að standa hér og skýra mér frá slíku?”

Hann sneri sér að mönnunum og velti yfir þá holskeflum af skömmum.

“Hún segir, að það hafi verið ‘Ohio’, — hafið þið fengið það inn í hausana? Þið hafið gjört út

af við mig! Eg er frá! Eg skal leggja ykkur öll í járn — öll!”

“Hvað gengur á? Hvað er á seyði?”

“Hvað er á seyði? Það er bóla á því skipi. Stúlkan hefir brotist úr sóttverði. Heilsugætirinn ruddist upp á skipið í gærkveldi klukkan sex! Af því lagði eg af stað frá Unalaska svona fljótt, til þess að komast hjá ofsóknum. Við verðum öll kyrsett, er við komum til Nome. Guð minn góður! — Sjáið þið hvað af þessu leiðir? — að taka þessa stelpu?”

Reiðin brann úr augum honum og röddin titraði. Þeir félagar litu vandræðalega hvor til annars. Þeir vissu helzt til vel, hvað í vændum var, ef að bólu-hræðsla — reglulegt vitfirrings-æði — kæmi upp á skipinu.

Hver notandi og ónotandi káeta á skipinu var ekki að eins troðfult af farþegum, heldur var líka troðið undir þiljur bæði mönnum og skepnum í óumræðilegum graut, er ekki var heilsusamlegur. Skipið var gjört fyrir þrjú hundruð farþega, en nú var sú tala þrefölduð á skipinu. Mönnum og konum var kasað saman eins og nautgripum. Reglur héldust þolanlegar á skipinu, að mestu leyti fyrir þá sök, að farþegar gjörðu sitt til, að hjálpa til þess; þeir vildu alt til vinna, að fangavistin á skipinu tæki sem fyrst enda. Þeir höfðu verið á skipsfjöl þrjár vikur og brunnu af löngun eftir, að komast sem fyrst til Nome, — verða á undan öllum flotanum, er á eftir sótti.

Hvernig mundi fara með stilling og skapsmuni

þessara gull-tryltu manna, ef þeir væru settir í sóttvörð rétt um það leyti, sem þeir kæmu auga á gulllandið. Þessi trylti hópur, er skifti hundruðum, yrðu að liggja í hinni fljótandi þrísund, þjáðir af þessari voðaveiki. Og einn mánuð að auki mundu þeir verða í haldi, eftir að sóttin væri un garð gengin. Ef veikin útbreiddist til muna, gengi óendanlegur tími í iðjuleysi. Afleiðingin yrði: upphlaup, ofríkisverk og máske manndráp.

Þeir Dextry og Glenister kendu ekki hræðslu við veikindin, en um námálóðina hugsuðu þeir með skelfingu. Hver mundi afleiðingin verða í þessu lagaleysislandi, ef þeir væru ekki á staðnum til að vernda lóðina? Um veturninn hafði ísinn haldið vörð, en er hann hvarf með sumrinu, hvað þá? — Auðæfi þau hin miklu, er þeir höfðu sveizt blóði fyrir, lægju opin og óvarin fyrir fyrsta komumanni.

“Midas”-námalandið lá hjá gullauðgasta læknunum, þar sem menn höfðu barist og drepið hver annan til þess að ná í fárra feta blett. Ef þeir létu ræna sig þessum gullauðga bletti, — já, þeir vissu vel, hvað það þýddi.

Stúlkan tók til máls:

Gefið þessum mönnum ekki sök á þessu. Eg að eins er sek. Ó, eg varð að komast á brott. Eg hefi hér skjöl með höndum, er verða að afhendast sem fyrst”. Hún lagði hendina á brjóst sér. “Það var ekki gjörlegt, að senda þau með ótryggum pósti. Á þeim ríður líf eða dauði. Eg get fullvissað yður um, að engin ástæða er til þess, að sóttkvía mig. Eg



hefi ekki bólu. Hefi ekki komið í námunda við hana”.

“Það er um engan annan veg að ræða”, sagði Stephens. “Eg ætla að einangra yður í reykinga-herberginu á þilfarinu. Guð einn veit, hvað þessir vitfirringar hér gjöra, er þeir fá þessar fréttir. Þeir væru til með, að tæta yður í þúsund hluti. Þeir eru vitlausir!”

Glenister hafði verið hugsí. Nú tók hann til máls:

“Ef þér gjörir þetta, þá verður upphlaup á skipinu innan klukkustundar. Farþegar þessir eru ekki menn, er slíkt þola”.

“Ó, fjandinn. Látum þá gjöra það, ef þeir þora. Eg skal lægja í þeim rostann!” Skipstjóri varð harður á svip og beit á jaxlinn.

“Það getur verið”, svaraði Glenister. “En hvað svo? Vér komum til Nome, og heilsugætir þar fær grun um bólu og við verðum sóttkvíaðir í þrjátíu daga. Átta hundruð manns. Vér liggjum við Egg-eyjar í alt sumar, og félag yðar borgar \$5,000 um daginn fyrir skipið. Og þar að auki verður félagið dæmt til að borga skaðabætur fyrir kæruleysi yðar um, að hleypa veikinni á skip yðar”.

“Kæruleysi mínu!” Gamli maðurinn nísti tönn-um.

“Já, þannig verður það skoðað. Þér eyðileggið skipseigendurna vitanlega. Þér tapið stöðu yðar og hljótið smán í staðinn”.

“Kæruleysi mínu! Farið þér grá-bölvaður, — það er alt og sumt. Sjáið þér ekki, kálfshaus, að eg

er sekur um glæp, ef eg við hef ekki allar varúðarreglur?" Hann hugsaði um stund. "Eg ætla að afhenda hana skipslækninum".

"Athugið þetta betur", mælti Glenister. "Eftir viku verðum vér komnir til Nome, — áður en ungrúin hefir tíma til, að sýna á sér sjúkdóms-merki, jafnvel þótt hún hefði fengið sótt næmið í sig, — og eg þori að veðja \$100 móti einum um það, að hún hefir ekki haft hið minsta tækifæri til að fá sýkina, og að sýkimerki koma því **aldrei** í ljós. Að eins við þrír vitum, að hún er hér á skipinu. Enginn sér hana fara. Hún verður í þessu herbergi, sem er alveg eins vel afkvíað, og nokkur annar hluti skipsins. Með þessu móti sleppum við hjá bólu-æðinu, — þér fáið borgið skipi yðar og eigendunum, — enginn veit neitt. — En komi bóla út á stúlkunni eftir að hún er komin á þurt land, þá verður hún sett á sjúkrahúsið og stofnar ekki öllum þessum mönnum í hættu. Þér farið upp á skipsbrúna og steingleymið, að þér hafið séð Bille gamla Dextry þenna morguninn. Við skulum annast um mál þetta. Það er ekki síður þýðingarmikið fyrir **okkur** en **yður**. Við **verðum** að komast að Steðjalæk áður en jörð þánar, annars missum við af Midas-eigninni. En — ef þér komið þessu í há mæli, er úti um okkur öll".

Hún horfði um stund á skipstjóra með kvíðablandinni eftirvæntingu. Hann sagði loks með reiðisvip:

"Þið verðið að gæta ykkar fyrir brytanum". Stúlkan hné grátandi niður á stól. Augu skipstjóra

urðu nokkru þýðlegri, og röddin hörkulaus. Hann lagði hendina á höfuð stúlkunnar og mælti:

“Takið yður ekki orð mín nærri, ungfrú. Fríðleiki er ekki nein vörn norður hér; flestar fallegu stúlkurnar eru slæmar. Þær hafa marg-oft leikið á mig og mér hefir yfirsézt. Menn þessir hjálpa yður; eg má það ekki. En þegar þér eruð komin til Nome, þá rekið kærasta yðar til að giftast yður á því augnabliki, er þér stigið fæti á land. Þér eruð komin of norðarlega til að fara einsömul”.

---

### III. KAPITULI.

#### Glenister stelur kossi.

“Náungar eins og við Glenister, er vorum að skríða um innyfli jarðarinnar hjá Steðjalæk alt fyrra sumar, við erum ekki vanir að eiga völ á hátíðamat. Spila-þrælarnir í bænum gleypa þau fáu egg, er vill ast frá skipunum; við verðum að eta alt hvað ‘að kjafti kemur’.”

“Við komumst ekki í kynni við annan mat, en salt svínakjöt og baunir. Á þessum mat þenjum við okkur út eins og smiðjubelgi. Já, ungfrú, þrjú ár án þess að smakka nýja ávexti, kjöt, sem er ætt —

bara svínakjöt og baunir — hamingjan góða. Þetta mataræði er búið að setja harða skel á vorar ódauðlegu sálir”.

“Þegar að því kom, að yfirgefa námuna undir veturinn, sýktist Glenister af hitaveiki, og eina skútun á höfninni var hvalveiðaskip frá Point Barrow, er halda skyldi til Seattle. Á skútunni var ekkert ætilegt, nema niðursoðinn lax, og er eg kom til Bandaríkjanna, var eg útþaninn af þessu fiskæti.

“Eg kom þegar drengnum honum Glenister á sjúkrahús. Síðan fór eg á bezta matsölu-húsið í grendinni og heimtaði \$5.00 virði af svínakjöti og baunum og stóra skál af laxi. Þá er þjónninn setti matinn fyrir mig, leit eg hrokalega yfir vörurnar og sagði með konunglegum mikilleik: ‘Settu það á borðið eins og maður, h..... flónið þitt! og sjáðu svo, hvernig á að fara að mat sínum’. Eg sleikti alt í botn og gekk í brott”. —

Dextry og stúlkan hölluðu sér út á skut-borðstokkinn, er hann flutti tölu þessa. Það var aðra nóttina, er skipið lá fast í ísreki. Alt um kring var ísbreiðan, marglit og þarótt. Skipið hafði haldið inn í ísinn meðan birtan leyfði, rekjandi sig eftir ísvökunum, meðan þær entust; síðan varð að liggja um kyrt, unz eitthvað greiddist til.

Öðru hvoru hafði það farið fram hjá rostungastóði, er hnappaði sig mjög félagslega á ísnum, og gljáði á skrokkana í sólskininu. Himininn var ‘heiður og blár’, og í fjarska sáuust reykjarstrókar frá öðrum skipum, er sóttu í kjölfar þeirra þessa klungr-

óttu norðurleið. Vorflotinn var að berja á dyrum gullforða-búrsins 'Norðra gamla'.

Stúlkan, er var dauðþreytt á fangavist þessari, hafði beðið gamla manninn, að koma með sér út á þilfarið og segja sér hið helzta af æfintýrum þeirra Glenisters. Það hafði hann gjört afdráttarlaust. Hana langaði mjög að kynnast þeim; en hana furðaði á því, hvað þeir voru óhnýsnir um hagi hennar og erindi. Hún áleit, að þeir sýndu sér kæruleysi með þessu, þar sem þeir einmitt gjörðu það af umhyggju fyrir henni.

Hin beztu meðmæli, er hægt er að gefa þessum landamæra-mönnum, eru þau, að þeir eru ekki hnýsnir um annara hagi. Þeirra skoðun er: að hver einn skuli dæmast eftir daglegri framkomu, en ekki eftir því, hvað hann kunni að hafa gjört. Boðorð þeirra hljóðar þannig: Þetta er Guðs frjálsa land, þar sem maðurinn er maður og ekkert meira. Land vort er nýtt og fátækt. Vér viljum áfram. Hafir þú lifað heiðarlegu lífi, þá er það gott og blessað. Ef ekki, þá dusta gamla rykið af fótum þér og byrjjaðu nýtt líf. — Það er alt og sumt

Af þessu leiddi það, að þar sem þeir lögðu engar spurningar fyrir hana, þá fræddi hún þá heldur ekki meira um hagi sína en hún hafði þegar gjört, í samtali við skipstjórann. Henni þótti þægilegra að fresta því, og þar að auki var það svo sára-lítið, sem hún mátti skýra frá.

Þenna stutta tíma, er þau höfðu saman verið, féll henni æ betur og betur við Dextry, þótt kurteisi hans væri óhefluð og skoðanir hans stundum

unglingslegar. En Glenister forðaðist hún. Hún bar í brjósti leyndan ótta gagnvart honum frá því um nóttina, að hún heyrði á tal hans nauðug, viljug. Þegar hún mintist orða hans, varð hún bæði heit og köld; heit, af reiði, — köld, er hún hugleiddi vald það og ófyrirleitni, er röddin hans lýsti. Hvaða lífi gat hún þúist við að lifa innan um menn, er töluðu um ókunnar stúlkur, eins og þeir ættu þær andlega sem líkamlega? Að hann var fagur sýnum, án þess að vita af því, það viðurkendi hún fyllilega; og ef þau hefðu sézt í mannfélagi því, er hún hafði átt heima í, mundi henni hafa þótt hann sérlega glæsilegur maður, aflþrunginn og gáfaður. En hér virtist hann taka á sig framkomu-svip félaga sinna: algjört skeytingarleysi í klæðaburði og framkomu, og voðalegt sjálfstraust gagnvart konum. Þegar hún var í námunda við hann — og hann hafði margnalgast hana þann dag — kveinkaði hún sér undan valdi því, er hann, mót vilja hennar, hafði á hana; hún kveinkaði sér undan hinu aflmikla, óstjórnslega og ofsafengna eðlis-afli hans, er ekki neitaði sér um neitt, er hann fýsti að öðlast. Alt þetta óttaðist hún; en það espaði einnig mótstöðu-þrá hennar.

Meðan Dextry hafði látið dæluna ganga, hafði Glenister komið fram úr myrkrinu og sezt þegjandi hjá henni.

“Hver undur eru það, sem þér sjáið, þar sem þér starið svo ákaft út í myrkrið?” spurði hann.

“Eg er að óska eftir miðnætur-sólinni eða norðurstjörnnunni”, svaraði hún.

“Of snemt fyrir þá fyrr nefndu; of sunnarlega

fyrir hina", greip Dextry fram í með sínum vanalegu ambögum í talshætti. "Samt sezt sól norðar".

"Hafið þér nokkru sinni heyrt um uppruna norðurljósanna?" spurði Glenister.

"Auðvitað ekki", svaraði hún.

"Þá skal eg skýra það mál. Eg hefi öðlast þá sögu af vörum hins frægasta veiðimanns í Tananas".

"Í fyrndinni, löngu áður en hyítir menn og niðursoðið kjöt koma til þessa lands, voru Tananasbúar hinn voldugasti kynflokkur í öllu Norður-Kanada. Djarfasti veiðimaðurinn hét Ítika, undirforingi flokksins. Hann gat elt elgsdýrið, þar til það féll í snjóinn uppgefið, og hann átti fjölda-mörg belti, er gjörð voru úr klóm svarta bjarnarins, sem er hinn skæðasti allra dýra, þar sem í honum búa andar 'Yabla-mannanna', eða djöflanna, eins og alkunnugt er.

"Einn vetur var voðaleg hungursneyð í Tananadalnum. Elgsdýrið hvarf í brott og karibúinn hvarf úr hólunum eins og þoka fyrir stormviðri. Hundarnir veinuðu af hungri allar nætur, börnin emjuðu og konurnar urðu kinnfiskasagnar og geðvondar".

"Þá var það, að Ítika réðst í, að leggja á veiðar á 'Sagtanna-svæðið', er myndaði heimsenda. Flokkurinn reyndi að hafa hann frá þessu voða-áformi þar sem honum væri dauðinn viss fyrir hvítu úlfunum, sem eru stærri en elgsdýr, og skjótari en örninn, og héldu einmitt til á 'heimsenda', leitandi að bráð. — Um kaldar, heiðskírar nætur sáuust glampar mánans tindra á gljáandi síðum þeirra, er voru innfallnar af hungri. Og þótt fjöldi hraustra veiðimanna hefðu

lagt þangað til fengjar, hafði enginn aftur komið. Þeir höfðu lent í úlfakjöftunum.

En engar bænir né ógnanir gátu heft för Ítíka. Hann hélt leiðar sinnar um 'Sagtanna-svæðið'. Og er náttu tók, gróf hann sig í snjó og sveiflaði að sér karibú-klæðum sínum. Þá er hann gægðist út úr snæhýsi sínu, sá hann þúsundir ljósa leiftra meiri birtu, en hann hafði nokkru sinni áður séð. Alt himinhvolfið stóð sem í báli, er slöngvaðist til og frá með ofsa-hraða. Þá er hann hlustaði betur, heyrði hann, hvernig snjórinn þyrllaðist undan fótum úlfanna, og eins og störmhvin í fjarska, og þó var dúnalogn.

"Um afturelding reis hann á fætur og hélt eftir 'Sagtanna-svæðinu', unz hann kom að dal afar stórum. Hann hélt ofan í dalinn og inn í þéttan greniskóg, og var snjórinn þar allur troðinn; sporin voru eins stór og snjóskó-för. Hann heyrði hávaða, er brátt fór svo vaxandi, að fádæmum gegndi. Hann færði sig nær gætilega. Brátt sá hann afar stórt hvítt dýr, er barðist um undir stóru grenitré, er fallið hafði á það ofan.

Allir djarfir menn eru hjartagóðir, og svo var Ítíka. Þrátt fyrir háska þann, er honum gat stafað af því, tók hann til axarinnar og sundraði trénu ofan af dýrinu. Þá er dýrið var laust úr þrisund þessari, tók það til máls, en tók ekki til fótanna. Það talaði af kurteisí á hreinu Indíána-máli:

"Þú hefir borgið lífi mínu. Hverju get eg launað þér?"

"Mig langar til að veiða í dal þessum; þjóð



mín er aðfram komin af hungri', svaraði Ítíka. Þetta þótti úlfinum gott að heyra. Hann kallaði saman allan úlfahópinn til aðstoðar við veiðina".

Nær sem Ítíka síðar kom til dalsins, aðstoðuðu úlfarnir hann við veiðina. Enn í dag þjóta þeir um fjöllin, þegar heiðskírt er og bjart og tungsljósið leiftrar á hvítu skrokkunum, og taka glamparnir á sig ýmsar myndir. Sumir kalla þetta, í fávísi sinni, "Norðurljós". En Ísak gamli sagði mér með fullum sanni, hvernig öllu var háttað, er eg dvaldi í kofa hans veikur af snjóbertu.

"Það eru andar Ítíka og úlfanna, er birtunni ráða".

"Þetta er hláleg þjóðsaga", mælti stúlkan. "Það er sjálfsagt mikið til af slíkum sögum hér um slóðir. Eg held mér ætli að falla vel hér í 'Norðrinu'."

"Það má vel vera, að svo fari", svaraði Glenister, "þótt hér sé ekki glæsilegur kvennalundur".

"Segið mér, hvað það var, sem dróg yður hingað. Þér eruð maður úr 'Austrinu'. Þér hafið yfirgefið þægileg lífskjör, fengið mentun — og þó kusuð þér að halda hingað. Þér hljótið að elska 'Norðrið'."

"Já, það gjöri eg af öllu hjarta. Það ávarpar mann í fjörugri róm, heldur en nokkur önnur átt hnattarins. Þegar þér einu sinni hafið fundið slóð eina vel kaldan vetrarmorgun, og allur hvíti, þögli heimurinn gljáir sem kristallar. Já — og er þér hafið séð hundana hamast í aktýgjunum og sleðameiðarnir syngja við raust, og fjallagarðarnir fjarlægju koma í ljós eins og höggnað standmyndir. Alt þetta

hefir í för með sér heilbrigði, jafnrétti, frelsi og ótakmarkaða nautn. Það fellur mér bezt

“Þá er eg var skólapiltur, var eg vanur að glápa á uppdrátt Alaska svo tímunum skifti. Eg týndi sjálfum mér í uppdráttinn. En ekkert var að sjá, nema stórt eyðihorn norður þar. Nafnið ‘Yukon’ skapaði í huga mér eitthvað óþekt, furðulegt; gullskreytta árbakka, grimma Indíána með beinörvar, í selskinnsbrókum. Þá er eg fór úr skóla, hélt eg hingað eins fljótt og unt var, — líklega æfintýrafýkn — —”.

“Ákvarðað hafði verið, að eg skyldi vörða lögfræðingur. Hve voðalega sorgar-kjafta þeir settu upp, hann gamli Choate, Webster, Patrik Henry og Blackstone, er eg þaut í brott, því get eg ekki lýst. Blackstone reif af sér hálf skeggið”.

“Eg held, að þér hefðuð orðið góður lögmaður”, mælti stúlkan.

“Hvað sem um það er, þá vildi eg ekki standa í vegi fyrir öðrum, að ná í há háyfirdómara-stöðu í Bandaríkjunum. Eg hélt norður. Hér var eg á minni réttu hillu. Hér var eg skapaður til að hamast. Eg er ekki ánægður enn, — það skuluð þér ekki ímynda yður. Eg er metnaðargjarn. En hér fellur mér þó skárst, — eg er að koma óskum mínum í framkvæmd. Eg hefi eignast auð fjár, — nú ætla eg að sjá, hvað heimurinn hefir meira að bjóða”.

Hann sneri sér skyndilega að henni.

“En — meðal annara orða — hvað heitið þér?” spurði hann.

Hún hrökk við og leit þangað, er Dextry hafði staðið. Hann hafði haft sig á brott meðan á samtalinu stóð.

“Helen Chester”, svaraði hún.

“Helen Chester”, hafði hann eftir henni og var um stund hugsí. “Ó, það er fallett nafn! Það er næstum því ömurlegt, að verða að breyta því — er þér giftist, eins og þér verðið að gjöra”.

“Eg er ekki að fara til Nome til þess að giftast”.

Hann leit aftur skyndilega til hennar.

“Þá mun yður ekki líka hér vel. Þér komið tveim árum of fljótt; þér hefðuð átt að bíða, þar til járnbrautir og talsímar koma. Þetta land er sem stendur að eins fyrir karlmenn”.

“Eg skil ekki í, hví konur geta ekki átt hér líka heima. Við getum líka tekið þátt í, að gjöra það að menskra manna landi. Þar suður frá, í Oregon, er fullgjör járnbraut, er verður bygð að námunum svo, að fundum þeirra bæri ekki saman, nema að Dextry væri viðstaddur. Þótt hann hefði jafnan, eftir þenna atburð, sýnt henni fulla kurteisí, fann hún samt, að í honum leyndist eitthvert töfraafl, einhver ofsaprá, er dró hana að sér, svo hún þráði, að komast sem fyrst frá skipinu, — brjótast undan persónuvaldi hans og eðlisáhrifum. Hún leið kvalir, er hún hugsaði um hann. Hún beinlínis engdist þá sundur og saman, og þó gat hún ekki hatað hann, eins og hún óskaði að gjöra, er hún var nálægt honum, — hann sigraði hana; vildi ekkert með tatur hafa; hirti ekkert um fyrirlitning hennar. Þessir eiginleikar hans mintu hana á, hve fúslega og djarflega

hann hafði barist við sjómennina frá 'Ohio', er hún hafði leitað trausts hjá honum. Hún vissi, að slíkt hið sama mundi hann gjöra aftur, ef á lægi; og það er ekki létt, að hata þann mann, er fús er til að leggja lífið í sölurnar fyrir oss, þótt hann hafi eitt sinn móðgað oss, — einkum ef hann er gæddur því aðdráttarafli, er sviftir sundur festum þeim, er halda lífakkerinu.

“Það er engin hætta á, að nokkur taki eftir okkur”, sagði hann ennfremur. “Fólkið er æðisgengið og sér ekkert. Förum þegar í land. Þér hljótið að vera orðin þreytt á fangavistinni, — eg er líka orðinn þreyttur”.

Þá er þau námu staðar við næstu káetu-dyr, kom þar út kona nokkur, mögur og hörkuleg. Hún nam staðar, er hún kom auga á stúlkuna koma út úr káetu Glenisters. Hún leit alt annað en vinsemdar-augum til þeirra. Síðar mintust þau með eftirsjón á fám vikum. Annað skip er á ferðinni með víra og staura fyrir talsíma-samband, er kemst á laggirn-ar með það sama. Mentað fólk kemur um leið. Eg sá franskan greifa í Seattle. Matsöluhús verða reist. Alt, sem mig vanhagar um, er þjónustustúlka. Eg misti mína stúlku, er eg flúði frá 'Ohio'.. Sjómenn-irnir tóku hana frá mér. Þér sjáið því, að eg er ekki svo mjög á flæðiskeri stödd”.

“Hvaða þátt ætlið þér að taka í því, að gjöra þetta land að 'menskra manna' landi?” spurði hann.

Hún svaraði fyrst eftir langa þögn:

“Eg er komin til að fagna komu laganna, og til að styðja þau”.

“Ja — lög! Mikil fyrr! Rauður borði; dauður bókstafur og hræsnaraflokkur. Eg óttast, að lög komi illu einu af stað í landi þessu. Vér erum of nýjir og of langt í burtu. Þau leggja of mikið vald í of fáar hendur. Vér höfum hér til þessa komist af með dugnað okkar og djarfleik og reiðhestana okkar. Hvorttveggja verðum við að yfirgefa, er lögin koma. Eg hylli að eins þann dómstól, er gjörir út um málin, án þess þeim verði skotið til æðra dóms”.

“Hestarnir mega fara, en djarfleikurinn leggur aldrei á flótta”, tók hún fram í.

“Það getur satt verið. Eg hefi samt þegar heyrð því fleygt, að ráðabrigg sé myndað til þess, að brjóta lögin, og níðast á saklausum mönnum. Í Unalaska sagði maður Dextry að vara sig. Að undir kápu laganna væri morðhnífur falinn, er stinga ætti á okkur, er náð hefðum í góð námalönd. Eg held að það sé nú ósatt, en það má þó skollinn vita”.

“Lögin eru grundvöllurinn, — engin sönn framför getur átt sér stað án þeirra. Hér er nú ekki annað til en hóflaus óregla”.

“Hér er ekki til helmingur þeirrar óreglu, er þér ímyndið yður. Hér átti sér ekki stað einn einasti glæpur, fyrri en bleyðimennin sárfínu komu hingað. Vér þektum ekki þjóf. Ef maður kom að kofa, gekk hann inn, án þess að berja á dyr. Húsbóndinn holti á kaffikönnuna og skar niður svínakjöt. Þegar hann var búinn að matbúa, tók hann í hendina á gesti sínum og spurði hann að heiti. Það stóð á sama,

hvort hann hafði allsnægtir matfanga, eða að þetta var síðasti bitinn og að hann þyrfti að bregða sér 200 mílur eftir næstu föngum. Svona gestrisni þekkið þið ekki þar syðra. Væri enginn heima, veitti gestur sér sjálfur af föngum þeim, er hann fann í kofanum og fann enginn að því. Að eins ein ófyrirgef-anleg yfirsjón var til, sú: að yfirgefa kofann, án þess að skilja eftir þurra eldkveikju. Eg er hræddur við hina komandi breytingu, — ginnunga-gapið, sem verður, þegar gömlu siðirnir deyja, — bilið, sem verður á milli þeirra og hinna nýju siða, þar til að þeir komast á. Satt að segja, fellur mér fyrirkomu-lagið, sem er, bezt. Eg elska frelsið. Mér er ljúft, að þurfa að glíma við náttúruna, að þurfa að hafa skjótar hendur á því, er eg næ og verja það, ef á er sótt. Eg hefi verið fyrir utan dyr laganna um nokkur ár, og þar vil eg vera í friði. Þar er lífið eins og því var ætlað að vera í upphafi: að það haldi lífi, sem lífhæfast er”.

Stóru hendurnar hans, er hann lagði á borðstokkinn, voru sterklegar og vöðvamiklar, en röddin var þýð og laðandi, þótt í henni leyndist eitt-hvað, er benti á takmarkalausán viljaþrótt. Hann stóð yfir henni, hávaxinn, karlmannlegur, með ofsa-sterku aðdráttarafli.

Nú skildi hún, hví hann hafði svo mjög fagnað bardaganum nóttina áður. Slíkum manni voru áflog sælgæti. Óafvitandi nálgaðist hún hann; aflið dróg hana að sér.

“Bezta skemtun mín eru aflraunir; hatur mitt er beiskjuborið. Það, sem eg girnist, það tek eg.

Það hefir verið siður minn til þessa, og eg er of eig-ingjarn til þess að leggja hann niður”.

Hann horfði út yfir ísflæmið; en um leið og hann sneri sér við, snart hann heitu hendina hennar, er einnig lá á borðstokknum.

Hún horfði blátt áfram á hann, og svo skamt var á milli þeirra, að hann fann ilmlyktina leggja af hárinu hennar. Í augum hennar sást að eins undrun og forvitni, að því, er þennan mann snerti, er var svo gagn-ólíkur öllum þeim, er hún hafði áður séð.

Með Glenister var þessu alt öðruvísi varið. Hann starði á hana ástföngnum augum; honum virtist fegurð hennar margfaldast í hálf-rökkrinu. Fötin hennar snertu hann. Litla, mjúka hendin lá undir hendinni hans. Titringur gekk í gegnum hann — fékk algjört vald yfir honum.

“Það, sem eg girnist, — það tek eg”, hafði hann aftur upp, og í sömu svipan greip hann hana í arma sér, vafði henni að sér og þrýsti brennandi kossum, einum eftir annan, á varir henni. Litla stund lá hún lé magna við brjóst honum; brátt losaði hún hendur sínar og sló hann hnefahögg af öllu afli beint í andlitið.

Það var eins og hún hefði slegið í stein. Á svipstundu lagði hann handleggi hennar niður með síðum hennar og brósti góðlátlega framan í hana. Hún gat ekki hrært legg eða lið í járngreipum hans. — Hann marg-kysti hana á munninn, augun, hárið og kinnarnar og — slepti henni svo.

“Eg er að því kominn, að elska þig, Helen”, sagði hann.

Þetta var í fyrsta sinni, er þau sáu, eftir kossa-orustuna á afturþilfarinu. Stúlkan hafði hagað því "Og slái Guð mig til lífláts með sinni hefndarhendi, ef eg nokkru sinni hætti að hata yður!" sagði hún, en gat varla komið upp orði fyrir reiði.

Hún gekk tignarlega á brott til káetunnar sinnar. Hann vissi ekki, að hún var svo máttlaus í hnján-um, að hún varð að neyta orku til þess að komast þenna spotta.

*Arnþjótur B. Olson*

#### IV. KAPITULI.

##### Manndrápin.

Í fjóra daga hröklaðist 'Santa Maria' um ísinn, en barst þó norður með vorflóðinu, er kemur inn Behrings-sundið. Við morguns-ár hins fimta dags sást opinn sjór í austurátt. Skipið skreið um mjóan ál og náði íslausum sjó. Fagnaðaróp farþeganna glumdu við, er skipið slapp úr ískvíunum.

Háreysti vélarinnar var sem englasöngur í eyrum stúlkunnar.

Brátt komust þeir að fjalla-krýndri strönd, er reis tignarlega úr hafinu, en hvít og hrjóstrug. Um tíundu stundu eftir hádegi, vörpuðu þeir akkerum á Nome höfninni. Áður en skruðningunum í keðjun-



um linti, var skipið umkringt af smábátum, er sveim-uðu alt um kring. Embættismaður, með gylta hnappa og bordalagða húfu kleif upp á skipið og heilsaði Stephens skipstjóra. Bátarnir héldu sér í hæfilegri fjarlægð meðan "sá gylti" var um bord. Þegar hann fór í bát sinn, mælti hann:

"Sjúkraskýrsla yðar er í bezta lagi, skipstjóri", og kvaddi skipstjóra.

"Beztu þakkir, herra!" sagði skipstjóri. Að töl-uðum orðum þutu bátarnir að skipinu.

Þegar skipstjóri leit við frá stjórnarpallinum, kom hann auga á Dextry, er vel hafði gefið gætur að öllu, er fram fór. Stephens skipstjóri bar sig all-tignarlega, en leit þó til Dextry þannig, að eitthvað svipað gletni þeirri, er skín út úr strákum, er hafa sloppið við skammir, kom þar í ljós. Skipanirnar gullu frá stjórnarpallinum; hásetar hömuðust við verk sitt, og alt söng og marraði í reiða og á þilfari.


"Þá erum við hér komin, ungfrú, í feluleik", sagði Glenister, um leið og hann kom inn í farrými hennar. Heilsugætir hefir fundið okkur hraust og hættulaus fyrir umheiminn, og það er orðið mál fyrir yður, að sjá töfraborgina. Komio dýrðin er óviðjafnanleg".

Þessa viðburðar, þar sem hann hafði í för með sér all-illar afleiðingar fyrir þau bæði.

"Gott kveld, herra Glenister", sagði hún, með uppgjörðar-blíðu.

"Hvernig líður yður, húsfrau Champion?" svar-aði hann og flýtti sér brott.

Hún elti þau nokkur fet og glápti á Helenu.



“Ætlið þér í land í kveld, eða bíða til morguns?” spurði hún.

“Eg veit það ekki ennþá”, svaraði hann. Síðan mælti hann hljótt til stúlkunnar: “Forðist hana, — Hún er að njósna um okkur”.

“Hver er hún?” spurði Helen stundu síðar.

“Maðurinn hennar er ráðsmaður fyrir eitt af stóru félögum. Hún er fullkominn kven-djöfull”.

Þegar hún fyrst sá landið, hljóðaði hún upp af fögnuði. Sjórinn var sem olíu-blandinn; alt var krökt af skipum, smáum og stórum. Á landi var sama óskapa-ösin af burðarmönnum, og öllu ægði saman; öllum mögulegum vörutegundum var hrúgað í stóra hauga. Í mílu-fjarlægð var borgin. Hún sýndist eins og hvítur borði lagður yfir sandinn og mosaheiðarnar. Í fyrstu virtist, sem hún væri gjörð af hvítum striga. Á einni viku hafði íbúatala aukist úr þrem þúsundum upp í þrjátíu þúsundir. Nú teygist hvíti borðinn eftir ströndinni, því þar að eins fékst þurt hússtæði. Á bak við borgina sökk gangandi maður í hné, og stigi hann tvisvar í sama farið, kom hann niður á ísleðju. Þess vegna teygðist borgin til beggja enda, alt frá Nome-höfðanum til Skildings-árinnar, og leit út við íshafs-sólsetrið eins og brimlöður við eyjarströnd í heitu löndunum.

“Parna er Steðjarlækur beint fyrir ofan”, sagði Glenister. “Það er þar, sem Midas-lóðin liggur. Sjáið!” Hann benti á fjallaklasa, er var spottakorn frá ströndinni. “Það er hinn mikilsverðasti lækur í heimi. Þar má sjá múlasna-vagnhlöss af gulli og hóla af gullsteinum! Ó, það gleður mig, að vera kominn

hingað aftur. Hér er líf! Öll ströndin er gullþrungin. Hólarnir eru gullseymdir. Lækjarbotninn er gulur. Það er gull, gull, gull, allstaðar gull, — meira gull en nokkru sinni var í námum Salómons gamla, — og hér er eitthvað dularfult, hættulegt, óþekt og skemti-legt”.

“Við skulum flýta okkur”, sagði stúlkan. “Eg hefi verk á hendi, er eg verð að ljúka í nótt. Þegar því er lokið get eg tekið til að athuga öll þessi undur”.

Þau náðu í smábát og létu róa sig í land. Þeir félagar spurðu ferjumanninn spjörunum úr. Hann hafði komið þar fimm dögum áður, og það þurfti ekki að toga orð úr hálsi honum. Dextry sagði honum, að þeir væru lóða-eigendur; þeir ættu Midas-eignina. Þá er maðurinn heyrði þetta, tók ungfrú Chester eftir því, að maðurinn varð óttasleginn, og glápti til skiftis á þá féлага.

“Bannsettir afglapar! Sjáið þið, hvernig þeir ganga frá vörunum?” mælti Dextry. “Ef að hves-  
sir duglega, fer alt í sjóinn og félagið um koll”.

Er þau komu að ströndinni, sáu þau, að allskonar vörum var hlaðið upp sem garði rétt við flæðarmálið, og hver bátur, sem kom, hlóð sínum farmi ofan á hann. Hvert fet var tekið, og innan um þetta ösluðu allskonar menn, bölvandi, hrindandi, hrópandi og guðlastandi; allir að leita að vörum þeim, er þeir áttu að flytja.

“Það gengur talsvert á þarna uppi”, sagði ferju-  
maðurinn. Eg hefi verið þar þrjár nætur. — Þar er ekkert rúm, enginn tími, ekkert myrkur að sofa í.

Svínakjöt og egg \$1.50 og brennivínsstaupið 60 cents". Er hann mintist á hina síðastnefndu vörutegund, kom gráthljóð í kverkar honum.

"Nokkurt slark á ferðum?" spurði Dextry.

"Veiztu það ekki?" spurði ferjumaðurinn glaðí kampslega. "Og það held eg nú. Þeir voru að drepa hvern annan þarna norður frá í fyrrinótt".

"Spila-bardagi?"

"Já, fantur, sem þeir kalla 'Mexico', slátraði hraustlegast".

"Ó!" sagði Dextry, "eg þekki hann. Hann er fjörmaður". Þeir kinkuðu kolli allir þrír. Stúlkuna langaði að fréttu nákvæmar um þetta, en fékk ekki orð úr þeim.

Þau yfirgáfu bátinn og ruddust inn í þyrpinguna. Þá er þau komu úr verstu þvögunni, komu þau að afgirtu svæði. Þar stóð tjald við tjald og hver spannarblettur var notaður. Utar var blettur og blettur óbygður, en þar stóð jafnan maður á verði, er leit óhýrum augum til þeirra, er fram hjá fóru.

Loks námu þau staðar.

"Hvert viljið þér halda?" spurðu þeir Helenu.

Frekja sú, er áður hafði lýst sér í augum Glenisters gagnvart konum, sást þar ekki lengur. Hann var kominn á snoðir um, að hér var um stúlku að ræða, er ekki var komin til þess, að líða karlmönnum of mikla nákvæmni, heldur hlaut að vera knúð þangað af ákveðnum ástæðum. Hjá manni eins og honum vakti hugrekki hennar aðdáun, og þótti hennar gjörði hann enn ástfangrari. Næmar tilfinningar hurfu hjá honum fyrir einkennilega einhliða fram-

kvæmdarfýsn. Hann gat hlegið hátt að andstygð þeirri, er hún virtist hafa á honum, brosað að móðgunaryrðum hennar, og honum kom alls ekki í hug, að það gæti verið nokkuð annað en kossapjófnaðurinn, er gjörði hana andstæða honum. Honum datt ekki í hug, að neitt það væri í eðlisfari hans, er henni stæði ótti af; honum var óljúft að þurfa að skilja við hana.

Hún rétti fram báðar hendur.

“Eg get aldrei þakkað ykkur nóg samlega alt það, er þið hafið gjört fyrir mig, — báðir tveir; en eg skal reyna það. Verið þið sælir”.

Dextry gætti efablandinn að hinum hörðu, hruftóttu höndum sínum; um síðir tók hann um báðar hendur hennar eins gætilega og þær hefðu verið skurnlaust egg.

“Við ætlum ekki að sleppa svona hendinni af yður og láta yður reka fyrir vindi. Við fylgjum yður til áfangastaðar yðar”.

“Eg get fundið vini mína”, svaraði hún.

“Það er leitt, að þræta við stúlku svona norðarlega; en þar sem eg nauðþekki strákana hérna, álit eg, að yður sé betra að hafa karlmann með yður”.

“Nú, ja-ja! Eg þarf að finna herra Struve, sem er fyrir lögmannafélagið Dunham og Struve”.

“Eg skal fylgja yður á skrifstofu þeirra”, sagði Glenister. “Þú lítur eftir farangri okkar, Dextry. Mættu mér svo við ‘Annan Bekk’ eftir hálfan tíma, þá skulum við halda út að ‘Midas’.” Þau tróðust gegnum tjalda-þvöguna, borðviðar-kesti og ýmis-

legt rusl og komu loks á aðalveginn, er lá fram með ströndinni.

Að eins eitt stræti var í Nome, og lágu beggja megin við það tjöld, hálfbygð hús og smákompur. Önnur hver bygging var drykkjuhola. Svo voru þar einnig lagleg marghýsi, tví- og þrí-loftuð, þakin jární. Þar sáust nafnspjöld lögmanna, lækna og mælingamanna. Strætið var troðfult af fólki Helen heyrði fleiri mállýzkur, en hún gat talið. Lappar með þríhyrndar húfur, Suðurlandamenn höfðu olnbogaskot við ljóshærða Norðmenn, og rétt hjá henni gekk uppstrokinn Frakki við hliðina á skinnklæddum Eskimóa. Til hægri handar var sjórinns spegil-fagur. Á vinstri hönd skóglaus fjöll, óbygð, ókönnuð og óttaleg, — skörðin full af snjó. Á aðra hönd var lífið og hinn þekti heimur, á hina þögnin, hið okunna, dularfulla, voðalega.

Eftir strætinu brunuðu allskonar hjól: reiðhjól, vagnhjól, kerruhjól og allstaðar voru menn að vinna, sem óðir væru. Hamarshögg runnu saman við öskur vagnstjóra og hljóðfæraslátt frá drykkjstofum.

“Og nú er miðnætti”, mælti Helen. “Hvílast þeir aldrei?”

“Enginn tími til hvíldar, — hér er gull-æðið! Þér hafið ekki fengið gullsóttina ennþá”.

Þau klöngruðust upp stiga í stórri, járnvarðri byggingu og komust til skrifstofu Dunham og Struve. Þau knúðu hurðina. Til dyra kom rauðnefjaður, gráhærður náungi.

“Hvað viljið þér?” stamaði hann út úr sér, og

riðaði á fótunum. Augun hans voru svefnþrungin og blóðrunnin, og svo mikla vínsterkju lagði fram úr honum, að gestunum lá við köfnun. Hann studdist við lykilhaldið á hurðinni og hixtaði í ákafa.

“Já, já; þér hafið þá verið sífullur síðan eg fór, er ekki svo?” spurði Glenister.

Einhver hlýtur að hafa sagt yður það”, svaraði lögmaðurinn, nokkuð loðmæltur. Höfuðið hneig niður á brjóstið, og hann tók ekki eftir stúlkunni, er hafði hrokkið út í horn við þessa ógeðslegu sýn.

Hann var ungur maður, mjög gáfulegur, en allskonar óreglu-merki voru skýr á andlitinu og gráa hárinu.

“Ó! eg veit ekki, hvað eg á að gjöra!” sagði stúlkan kjökrandi.

“Er hér nokkur annar en þér?” spurði Glenister.

“Nei, eg annast öll lagastörf hér hjálparlaust, — þarf enga hjálp. Dunham er í Washington. Hvað get eg gjört fyrir yður?”

Hann ætlaði að fara yfir þröskuldinn en rasaði, hringsnerist og hefði stungist á hausinn niður stigan, ef Glenister hefði ekki gripið hann og borið hann inn í skrifstofuna. Hann fleygði honum upp í rúm, er þar var.

“Nú, nú, ungrú Chester! Hvað skal þá til bragðs taka?”

“Þetta er voðalegt!” mælti hún hrygg. “Ó, eg verð að tala við hann í kveld!” Hún stappaði niður fætinum af óþolinmæði. “Er ve-ð að tala við hann einan?”

“Nei, það meg-ð þú ekki!” mælti Glenister

jafn ákveðinn. "Í fyrsta lagi mundi hann ekki skilja, hvað þér væruð að tala um, og í öðru lagi, — eg þekki hann. Struve er of fullur til þess að ræða laga-spurningar, en ekki nógu fullur — nú — til þess, að vera einn með fallettri stúlku".

"En eg verð að tala við hann!" hélt hún áfram. Það var aðal-erindi mitt hingað. Þér skiljið ekki, hvernig þessu er háttað".

"Eg skil meira en hann getur skilið. Hann veit ekki sitt rjúkandi ráð. Komið á morgun, þegar hann er af-fullur orðinn".

"Þetta er svo áriðandi", sagði hún lágt. "Óttalegt svín er hann!"

Glenister tók eftir því, að hún grét ekki; en þó var sjáanlegt, að þessi vonbrigði lágu afar-þungt á henni.

"Eg gjöri ráð fyrir, að eg verði að bíða, en eg veit ekki, hvert eg á að fara, — líklega til einhvers hótelsins".

"Hér eru engin slík hótél. Það er verið að byggja tvö; en í nótt fæst ekki herbergi í Nome hvað sem í boði væri. Eg var kominn að því að segja: hvorki fyrir ástaratlot né peninga. Þekkið þér enga konu hér? Þá verðið þér að lofa mér að útvega yður næturgistingu. Eg á hér vin; konan hans annast yður".

Hún maldaði á móti þessari ráðagjörð. Átti hún aldrei að komast hjá að þiggja velgjörðir af þessum manni? Fyrst datt henni í hug, að snúa aftur til skipsins, en hætti við það. Hún ætlaði að neita aðstoð hans, en hann var kominn niður stig-



ann og gaf henni engan gaum, — svo hún varð að fylgja honum eftir.

Nú kom að því, að Helen varð áhorfandi að fyrsta sorgarleiknum á landamerkjunum, og um leið kyntist hún betur manni þeim, er hún hafði til þessa haft svo mikið á móti, en sem forlögin höfðu svo hlífðarlaust sett á veg hennar. Hún hafði þegar fundið til ótta við land þetta; en hún átti eftir að sannfærast um, að afl og ofríki réðu þar lögum og veittu blóðstráumum um land alt.

Þá er þau komu út úr dyrunum, gengu þau hægt eftir strætinu og athuguðu mannfjöldann. Allir voru hlæjandi, hrópanði og syngjandi. Stúlkan óskaði, að henni sjálfri væri svo létt um hjartarætur. Alt í einu heyrðist sungið í öðrum tón, ekki mjög hátt, að eins fá orð í fullri meining, en töluð í bræði mikilli.

Helen leit um öxl og sá, að brosin voru horfin af andlitum öllum, og að allra augu horfðu á vissan blett á strætinu með þeirri áhyggju, er hún hafði aldrei séð fyr. Samtíða mælti Glenister:

“Komið fljótt héðan!”

Hann, sem þekti hér vel til, sá þegar, að ofríkisverk voru í vændum, og reyndi að draga hana á brott. En hún hristi hann af sér og horfði athugul að því, er fyrir augun þar. Þótt henni væri ekki fullljóst, hvað í vændum væri, þá fann hún á sér, að eitthvað alvarlegt væri í nánd; en jafnframt var hún ekki við því búin, að það kæmi svona skyndilega.

Hún kom auga á tvo menn á strætinu, er allir skildust frá, sem olía frá vatni. Annar var grannur

og vel búinn. Hinn var digur, svolalegur en fremur lágvaxinn. Það var lægri maðurinn, sem talaði, og um tíma hélt hún, að það væri af ofnautn víns, að augun hans voru blóðstokkin og göngulagið reikult. En brátt sá hún, að það var af bræði.

“Gjörðu skyndilega eins og eg segi þér! Fáðu mér kaupbréfið, þú ærulausi — —”.

Ruddalegi maðurinn snerist á hæli bölvandi og fór burtu. Hann sá hinar snöru hreyfingar mótstöðumannsins og skaut sér til hliðar. Röddin var eins og öskur óarga dýrs.

“Þú þarft að fá bréfið? Er það svo? Jæja, þarna er nokkuð!” Skothríð hófst óð og tíð.

Mennirnir voru skjótir og fimir og stúlkunni fanst tiltektir þeirra minna á leiksvið. Allir atburðir í þessum svaðalega leik urðu sem greyptir í minni hennar. Alt í einu var henni hrundið aftur á bak. Tveir sterkir armar knúðu hana á kné upp að veggnum. Hún var lokuð í örmum Glenisters.

“Guð minn góður! Hreyfir yður ekki! Við erum nákvæmlega í skotmáli þeirra!”

Hann laut niður að henni, svo að kinnar hans snertu hárið hennar; hann hélt yfir um hana og myndaði með líkama sínum eins konar skjöld yfir hana fyrir kúlna-regninu. Hjá þeim stóð ruddalegi náunginn og öskrið í byssu hans lék í eyrum þeirra. Þau heyrðu kúlناهvininn, er þær smugu þunnu borðin ofan við höfuð þeirra. Svo sáu þau granna manninn á strætinu hendast í loft upp, missa byssuna og falla til iarðar. Hann rak upp hljóð.

Maðurinn, er hjá þeim stóð hreytti úr sér voða-

legum blótsyrðum, óð að fallna fjandmanninum sínum, og lét kúlnahríðina dynja á honum liggjandi. Særði maðurinn velti sér á hliðina, hleypti af tveim skotum svo fljótt, að hljóðið rann saman. Skotin héldu áfram enn um hríð. Loks sneri sá durgslegi brott. Hann hélt að dyrunum, er þau voru að fara frá. Um leið hóstaði hann ákaft, og blóðgusa spýttist fram úr honum. Hann kiknaði í knjám og hvarf inn í húsið.

Nú loks hlupu menn á vettvangi úr öllum áttum og fallni maðurinn sást ekki fyrir mannþyrpingunni.

Glenister reisti Helenu á fætur; en höfuð hennar féll máttlaust á brjóst honum, og hann varð að halda henni uppi, svo hún ekki félli til jarðar. Skelfing lýsti sér í augunum.

“Verið óhræddar!” sagði hann og brosti til þess að hughreysta hana. En samt titruðu varir hans og sviti stóð á enni hans sem daggardropar. Þau höfðu verið all-nærri dauðans dyrum.

Það heyrðist sem fellibylur gegnum mannþröngina og Dextry kom þjótandi sem haukur úr lofti.

“Eruð þið særð? Hamingjan góða! Þá er eg sá þá taka til að skjóta, öskraði eg á ykkur, svo að barkinn á mér rifnaði. Eg hélt það væri úti um ykkur. En samt verð eg að segja það, að þessi manndráp voru framin mjög snoturlega, — svo fimlega. — En reglan er hér, að áhorfendur fá oftast skellinn og heim til þeirra eru blómsveigir oftast sendir”.

“Littu á þetta!” mælti Glenister. Svo sem tveim fetum frá þeim stað, er höfuð þeirra höfðu hvílt við vegginn, voru all-mörg göt eftir kúlu.

“Já, það eru tvær fyrstu kúlurnar, er hann sendi”, sagði Dextry, og kinkaði kolli að dauða manningnum á strætinu. “Það hefir verið ný byssa og vel hlaðin”.

Jafnvel Helen sá nú, að hefði hún ekki verið hrifin úr skotfæri, mundu kúlurnar hafa riðið henni að fullu.

“Komið fljótt héðan!” mælti hún. Þeir leiddu hana inn í næstu búð. Þar hneig hún niður í stól og Dextry lét hana drekka glas af víni.

“Hérna, ungfrú”, sagði hann. Það er nokkuð fjörugt hér stundum! Eg býst við, að þér verðið ekki ástfangin af þessu landi okkar”.

Hann spjallaði við hana á sinn einkennilega gáskafulla hátt um alla heima og geima einn hálf tíma, og óttinn leið frá henni. Þá stóðu þeir félagar upp. Glenister hafði samið við konu kaupmannsins um húsnæði handa Helenu; en hún vildi ekki þýðast það.

“Eg get ekki farið í rúmið. Yfirgefið mig ekki! Eg er svo hrædd! Eg verð frávita, ef þið farið. — Þessi síðasta vika hefir gjört mig svo veiklaða. Ef eg sofna, dreymir mig öll þessi andlit”.

Dextry talaði hljótt við féлага sinn. Hann gekk út og kom aftur með böggul, er hann lagði við fætur Helenar.

“Hér eru ‘gúmmí’-hálfstígvél. Farið í þau og komið með okkur. Nú skuluð þér gleyma öllu slarkinu. Og hvað inndæla drauma snertir, þá skuluð þér brátt sofa svefni “hinna réttláta”, eins og geiturnar, er dansa hér um tindana. — Komið!”

Þá er sólin var að koma upp yfir Behrings haf-  
ið, héldu þau til hálendisins. Þau sukku í ökla í  
mjúka mosann. Loftið var hreint og hressandi.  
Ýmsar tegundir fugla voru á sveimi. Eftir veruna á  
skipinu var þetta fjallaloft þeim sönn blessun. Og  
stúlkan gleymdi hinum nýafstaðna sorgarleik og  
náði sér fljótt.

“Hvert erum við að fara?” spurði hún eftir  
klukkustundar göngu.

“Til Midas-lóðanna, náttúrlega”, svöruðu þeir,  
og annar þeirra sór þess dýran eið með sjálfum sér,  
— er hann svo að segja svalg í sig undra-fegurð  
stúlkunnar —, að hann vildi gefa sinn hluta í öllum  
þessum auðæfum til þess, að geta látið það verða  
sem ógjört, er hann hafði gjört nóttina góðu á skip-  
inu ‘Santa Maria’.

## V. KAPITULI.

## Maður kemur til sögunnar.

Í sögu landanna — þjóðanna — koma stundum viss tímabil, jafnvel dagar, er hafa ákveðin áhrif á líf einstaklinganna eftirleiðis, þótt menn sjái það ekki fyrir í svipinn.

Slíkur dagur var hinn 19. júlí fyrir framfarir Norðvesturlandsins, þótt þeir, er þátt tóku í því, að byggja hið nýja land, fyndu ekki annað merkilegt við daginn, en það, að þann dag voru lög leidd inn í landið. Allir íbúar Nome flyktust á ströndina, er bátur kom í land með Stilman dómara og fylgilið hans. Það er álitið sjálfsgætt, að skipið 'Senata' skyldi notað til þess, að vernda friðhelgi hins fyrsta dómbings, er háð skyldi til þess að setja á fót réttlæti í þessu viltu landi.

Áhugi sá, er koma dómarans vakti, varð ennþá meiri við það, að rétt í því að hann steig á land, kom ung og fögur stúlka hlaupandi og fleygði sér fagnandi í faðm hans.

"Það er systurdóttur hans", sagði einhver viðstaddur. "Hún kom á fyrsta skipinu — heitir Chester — heil-mikil stelpa, ekki satt?"

Annar komumaður vakti þó meiri athygli en þessi þjónn laganna. Það var risavaxinn, skrautklæddur maður. Augun voru djörf og lágu fast, og

framgangan ólýsanlega kurteis, en hispurslaus og lýsti sjálfstrausti, heilbrigði og því, að hann væri vanur ferðalögum.

Hann staðnæmdist ekki þarna á ströndinni eins og allir aðrir gjörðu, og virtist lítinn gaum gefa umhverfinu. Hann hélt þegar með nokkrum þóttasvip gegnum mannþröngina og inn í miðjan bæinn. — Með honum kom félagi Struve's, herra Dunham, miðaldra maður all-fyrirmannlegur.

Þeir héldu tafarlaust til skrifstofu Dunham og Struve. Þar mættu þeir yngri félaganum, Struve hinum gráhærða.

“Það gleður mig mikið, að hitta yður, herra McNamara”, sagði Struve, “nafn yðar er á allra vörum hér í landi. Fólk mitt er eitthvað flækt við stjórnsmál í Dakota, og af þeim sökum hefi eg jafnan dáðst að yður. Það er gott, að þér eruð kominn til Alaska. Þetta er mikið land og hér þarf mikla menn”.

“Hafið þér mætt nokkrum óþægindum?” spurði Dunham, er þeir voru seztir að í setustofunni.

“Óþægindi!” svaraði Struve öngur. “Nóg af þeim. En ungrú Chester færði mér fyrirskipanir yðar í beztu reglu. Eg hefi haft nóg að gjöra. En segið mér eitt: Hví fenguð þér stúlku til þess að vera bréfberi?”

“Það var ekki á öðrum völ”, svaraði McNamara. Dunham ætlaði sér að fara með fyrsta bátnum, en hann tafðist með mér í Washington og dómarinn varð að bíða okkar í Seattle. Við þorðum ekki að trúá ókunnugum manni fyrir þeim. Forvitni gat

komið yfir hann og freistað hans svo, að hann hefði skygnst í skjölin. Það mundi hafa haft það í för með sér að — — —”

Hann baðaði út hendinni og skyldi það gjöra áframhald setningarinnar skiljanlegt.

Struve kinkaði kolli. “Eg skil yður. Veit hún um hvað bréfin hljóðuðu?”

“Alls ekki. Konum og fjármálum má ekki blanda saman. Eg vona, að þér hafið ekkert sagt henni”.

“Nei. Enda hafði eg ekkert tækifæri til þess. Það virtist, sem eg félli henni ekki í geð. Eg hefi ekki séð hana síðan fyrsta daginn, sem hún kom hngað”.

Dómarinn sagði henni, að í skjölum þessum væru ráðstafnir, sem lytu að undirbúningi dómþingsins hér”, sagði Dunham; “og ef að skjöl þessi væru ekki afhent áður en hann kæmi sjálfur, gætu af því hlotist óþægindi eigi lítil, — málaþras, upphlaup, manndráp og þess háttar. Hann fylti hana upp með als konar óskapa-sögum, svo hún varð dauðhrædd um, að líf frænda hennar og yelferð landsins væri í veði, ef skjölin kæmust ekki til skila í tæka tíð”.

“Jæ-ja”, mælti Struve, “það er undur-auðvelt, að kaupa menn til þess að ljúga upp eignarrétti á lóðum, og hitt er líka undur-auðvelt, að kaupa síðar af þeim þann rétt, einkum er þeir vita, að þeir áttu ekkert tilkall til eignar, — en hitt getur orðið minna gaman, að standa fyrir byssum hins rétta eiganda, er hann kemur til sögunnar”.



McNamara hló.

“Hver otar byssu?”

“Góðlyndur, gráhærður, gamall sjóræningi frá Texas, Dextry að nafni. Hann á hálfu Midas-eignina á móti ungu fjalla-ljóni. Hann virðist eins friðsamlegur og blíður og gjafvaxta mey, en er gæddur skapsmunum fjalla-ljóns, ef í hann fýkur”.

“Eg sendi Galloway þangað til þess að finna lóðina, og hann hengdi upp auglýsing sína meðan þeir sváfu um nóttina. En kl. 6 um morguninn kom hann sjóðandi vitlaus og hafði nærri mölbrotið hurðina inn á mig. Eg hefi séð menn hrædda fyrri, en slíka skelfing hefi eg aldrei séð skína út úr nokkurs manns ásjónu”.

“Feldu mig fljótt!” öskraði hann.

“Hvað gengur á?” spurði eg.

“Eg hefi ónáðað djöfulinn sjálfan. Kúabóla, kólera og allar drepsóttir eru skemtilegar hjá honum. Ó! hleyptu mér inn, segi eg!”

“Eg varð að fela hann í þrjá daga, því þessi kurteisa mannæta æddi um strætin með skammbyssu í hendi, gjósandi eldi og brennisteini á alt, sem fyrir varð”.

“Hafa nokkrir fleiri gjört óróa?”

“Nei, — það eru Svíar, og þeir hafa ekki hug til að hleypa úr byssu. Mestu meinleysingjar. En annað mál er með þessa tvo djöfla-bræður. Annar er ungur, hinn gamall. Mér er ekki um að eiga mikið við þá; og væri ekki lóð þeirra hin lang-bezta í öllu héraðinu, mundi eg alvarlega ráða frá því, að erta þá”.

“Eg skal annast það mál”, svaraði McNamara. Struve hélt áfram.

“Já, herrar mínir! Eg hefi unnið af kappi, en margt verið mér óljóst. Mig vantar betra ljós, — meiri skýringar. Þá er ungfrú Chester kom með skjölin, tók eg til starfa. Eg gjörði talsverða þoku um eignarskjölin fyrir beztu lóðunum; en fjandinn má hafa litlu tána mína, ef eg get grilt hið minsta gagn að slíku. Okkur yrði fleygt eins og hundum út úr hverjum einasta dómsal í landinu, ef vér sæktum slík mál. Hvað ætlið þið fyrir — bréfafölsun?”

“Vitleysa!” svaraði McNamara. “Haldið þér að eg sé vitfirringur?”

“Ja-ja, — það kann að vera hægðarleikur fyrir Alec McNamara; en mér sýnist það mjög ískyggilegt”.

“Áður en vika er liðin, skal eg hafa umboð yfir hverri einustu góðri námueign í Nome-héraðinu”.

“Rödd McNamara var róleg, en afar-ákveðin; augun snör en alvarleg; en hann virtist sem hertýggjaður slíku afli og sjálfstrausti, að menn neyddust til að treysta orðum hans, þó útlit væri ekki glæsilegt.

Vilton Struve, lögmaður, samlífismaður, kurteis slarkari, ósvífinn fjárglæframaður, æfintýramaður og fleira, kendi þó nokkurs konar hjartsláttar, er hann heyrði þetta feikna-djarfa áform, — áform, er ómögulegt virtist að framkvæma; en er hann leit í hin ákveðnu, stálhörðu augu McNamara, fékk hann trúna.

“Þetta er stórkostlegt, — voða stórkostlegt, — of stórkostlegt”, mælti Struve. “Vitið þér, hvað hann.

þetta þýðir? Það þýðir, að þér græðið \$50,000 á degi hverjum”.

Dunham stiklaði til og frá um gólfið og sleikti varirnar.

“Víst er það stórkostlegt; en herra McNamara er líka stórkostlegasti maðurinn, sem komið hefir til Alaska til þessa”, sagði hann.

“Og eg hefi með höndum hið stórkostlegasta áform, er komið hefir til mála norður hér, og hefi sterkustu menn, sem til eru í Washington að bak-hjörllum”, hélt McNamara áfram. “Lítið á!” Hann sýndi þeim þéttitraða örsk, og voru á henni raðir af nöfnum og tölustöfum. Struve ætlaði ekki að ná andanum.

“Þetta eru hluthafar í félaginu og þetta eru hlutir þeirra hvers um sig. Ó-já, við erum löggilt félag, — undir Arizona lögunum —, leynilega, vitanlega. Nöfn þessara manna mættu ekki sjást opinberlega. Eg er bara að sýna ykkur þetta til þess, að gjöra ykkur ánægða og óhrædda, er þið vitið, hverjir standa að baki mínu”.

“Guð minn góður! eg er ánægður og meira en það”, sagði Struve hlæjandi. “Dunham var með yður, er þér reiknuðuð út þetta áform, og hann hitti nokkra af vinum yðar í Washington og New York. Ef hann segir, að alt sé ugglaust, þá dugar. En, heyr-ið til! Ef eitthvað skyldi nú mishepnast fyrir félaginu og það komast upp, hverjir hluthafar eru?”

“Engin hætta. Eg geymi bækurnar þar sem þær verða brendar strax sem merki er til þess gefið. Vér hefðum fengið okkar eigin frumvarp gjört að lög-

um, hefði ekki Sturtewant frá Nevada farið að þenja kjaftinn, — fari hann bölváður! — Hann kom ringulreið á í þinginu. En hvað sem því líður, þá er þetta áform mitt: Hann skýrði fyrir þeim fyrirætlun sína, og aðdáunar-bjarma sló yfir ósvífna andlitið á Struve.

“Hamingjan góða! Þér eruð makalaus maður!” mælti hann loks. “Eg er yðar með lífi og sál. Það er hættuspil, — og því fellur mér það svo vel í geð”.

“Hættuspil?” McNamara ypti öxlum. “Hver fjandinn! Hvar í er það fólgid? Við höfum lögin á okkar hlið. Við erum lögin! Nú! Göngum að verki!”

Það kom brátt í ljós, að þessi umboðsmaður frá Norður Dakota var enginn slæpingur. Hann kastaði af sér yfirhöfn og vesti og hamaðist í skjölunum, er Struve lagði fyrir hann, og var afar-fljótur að fara yfir þau. Brátt læsti hugrekki hans sig eins og sótt-næmi í hina, og fyrir lokuðum dyrum á skrifstofu þeirra Dunham og Struve var nú starfað af alefli að svikum og glæpsamlegum vélabrögðum.

Um leið og Helen Chester leiddi dómarann til hins þrí-lyfta hótels, lét hún dæluna óspart ganga. Hún hafði mikið að segja um þetta nýja land, og nú áleit hún sig úr allri hættu, er frændi hennar var kominn, og lá því vel á henni. Glenister sá þau á lengdar og gekk hratt til þeirra til þess að heilsa þeim.

Hann sá fyrir sér mann um sextugs aldur, góðmannlegan öldung. En augun voru hvorki hrein né

staðfestuleg og virtust heldur leita að baki þeim, er hann ræddi við, en beint framan að honum. Glenister virtist munnurinn ekki benda á staðfestu. En nauðrakaða andlitið var samt sem áður tiginmannlegt og smáhrukkurnar á því fóru vel og bentu á lærðan námsmann.

“Frænka mín var einmitt að segja mér frá að stoð þeirri hinni miklu, er þér hafið veitt henni”, mælti öldungurinn. “Það gleður mig að kynnast yður”.

“Herra Glenister er ekki að eins hinn hraustasti og djarfasti maður, heldur er hann einnig stórmerkur maður”, greip Helen fram í. “Hann á Midas-eignina”.

“Einmitt það!” svaraði dómarinn og leit um leið mjög ánægjulega á Glenister. “Eg heyri sagt, að það sé makalaus náma. Hafið þér þegar tekið til starfa þar?”

“Nei. En við byrjum á flóðgáttargörðum næsta dag. Vorið kom svo seint. Snjór var djúpur í giljum og skörðum og jörðin þiðnar seint. Við höfum verið að byggja húsin og ýmislegt fleira, og menn okkar eru þegar komnir þangað, reiðubúnir til starfa”.

“Eg hefi ánægju af að heyra þetta. Viljið þér ekki koma með okkur inn í hótelið? Mig langar til að heyra meira um þessar makalausú námur”.

“Já, þær eru undraverðar”, svaraði Glenister, um leið og hann fór inn í hótelið. “Enginn veit, hve mikið þær hafa að geyma, því við erum að eins að byrja. Í fyrsta lagi er jarðvegurinn svo grunnur, að

gullið er afar fljóttekið; af því er það, að væru ekki vetrarhörkurnar svona geysimiklar, myndum við ekki þora að yfirgefa þær vegna námubjófa. Þeir mundu ekki sitja sig úr færi, að ræna okkur rétti vorum”.

“Hvað mikið haldið þér að fáist úr Steðjalækjar-námunum í sumar?” spurði dómarrinn.

“Það er ekki gott að segja, herra minn; en við vonum að fá \$5,000 til jafnaðar á dag úr Midas-námunum. Þar eru fleiri námur fult eins góðar”.

“Eignarbréf yðar er í góðu lagi, vona eg?”

“Það er í alla staði lögmætt. Reyndar kom einn námu-ræningi, er vildi reyna að ná henni undan okkur; en við erum ekki hræddir við hann. Náungi, sem heitir Galloway; kom að námunni einanótt, en hann hafði engar ástæður fram að færa, og okkur var ómögulegt að finna hann aftur. Ef við hefðum fest hendur í hári hans, væri réttur okkár óskeikull”. Hann lagði mikla áherzlu á síðustu setninguna.

“Eg vona, að þér mynduð ekki hafa ofríki í frammi?”

“Jú, sannarlega! Hví ekki? Það hefir reynst ágætlega til þessa”.

“En, kæri herra! Þeir dagar eru um garð gengnir. Nú eru lög í landi hér, og það er skylda allra að hlýða þeim”.

“Nú, það getur verið. En í þessu landi álitum við námueign hvers manns eins friðhelga og heimili hans. Við þektum hér ekki lykil og skrá í fyrri daga, og ekkert ónáðaði okkur nema hungur og önn-

ur harðneskja. Nú er öðru máli að gegna. Það hafa verið sviknar undan mönnum fleiri námulandeignir þetta vor, heldur en áður hefir átt sér stað í allri sögu Yukon-landsins”.

Þau voru komnin að hótelinu og Glenister nam staðar, sneri sér að stúlkunni, er dómarinn gekk inn og mælti:

“Eg kom hér ofan úr holunum til þess að sjá og tala við yður. Þetta hefir verið löng vika —”.

“Talið ekki þannig”, greip hún kuldalega fram í. “Eg vil ekki heyra það!”

“Gætið nú að: Hvers vegna hrindið þér mér þannig frá yður, og takið á yður þenna hroka-búning? Eg er hryggur út af því, er eg gjörði um nóttina, — það hefi eg marg-sagt yður. Það hefir brunnið svo í sálu minni, að hún er nærri orðin að ösku”.

“Það er ekki þ a ð !” mælti hún og dró orðin. “Eg hefi verið að hugsa um það þenna mánuð, og síðan eg fór að kynnast háttum ykkar hér, hefi eg komist á þá skoðun, að þetta var, ef til vill, ekki svo óeðlilegt. Það er óttalegt að hugsa sér slíkt, en það er samt satt. Eg meina ekki, að það sé fyrir-gefanlegt”, bætti hún fljótt við, “og eg hata yður, er eg hugsa til þess. En eg býst við, að það hafi verið mér að kenna að því leyti, að eg stóð of nærri yður. Nei, eg er ekki nægilega frjálslynd til þess að lasta yður ekki án saka; en eg hygg, að mér félli við yður, þrátt fyrir þetta, vegna alls þess, er þér hafio gjört fyrir mig. En það er nokkuð annað. Þér björguðu lífi mínu. Fyrir það er eg þakklát. En eg er

ætið hrædd við yður. Það er þetta voða-afl, — það er eitthvað inst í yður — lostafult, grimdarlegt, vilt og merjandi”.

Hann brosti og gretti sig um leið.

“Það er litarhátturinn siðferðislegi, er fallið hefir á mig hér. En hann skal breytast, sé það ósk yðar. Eg skal lofa þeim að binda mig, kasta mér eins og poka, brennimerkja mig, — ef þér viljið. Eg skal íklæðast siðmenningunni, hrinda frá mér hefndargirni og keppifýst og hyerju, sem vera skal, til þess að þóknast yður. Eg skal, meira að segja, ekki flengja þrælinn, sem ætlaði að ná undan okkur námunni, þótt eg nái í hann. Og þó veit Guð, að það er hart aðgöngu”.

Eg held að eg yrði þá ánægð með yður”, svaraði hún”. En þér getið það ekki. Þér eruð villimaður”.

Það eru engin fundarhús þar norður frá, er menn geti komið saman í til þess að ræða mál sín, — ekkert nema hótelin. En þau hafa líka fleira að bjóða, en nokkurt samkomuhús. Á þau safnast menn til þess að ræða viðskiftamál; til þess að drekka, spila og berjast, leika sér við stúlkur og fleira.

Það var síðla dags, að Glenister gekk inn í hótelið ‘Norðrið’ og hélt fram hjá röðum af spilaborðum, en staðnæmdist við teningsborð. Hann kastaði teningunum. Tapaði í fyrstu. Kastaði aftur og vann gullpening. Hann bað þegar um drykk fyrir alla viðstadda; en sú aðferð er mjög vinsæl.



Þá er hann leit betur í kringum sig, kom hann auga á mann, er talaði af alvöru mikilli. Ekki var hægt að líta mann þenna, án þess að veita honum eftirtekt. Hann var höfði hærri en aðrir menn. En þó var limaburður hans hinn snyrtilegasti; en það er sjaldgæft um mjög stóra menn.

Meðal þeirra, er hlýddu á ræðu stóra mannsins af athygli mikilli, þekti Glenister Mexico-Mullins, erki-spilabryótinn, er aðvarað hafði Dextrý, er þeir voru í Unalaska. Þegar hann var að athuga þenna hóp manna, sá hann fullan mann skjögra inn í salinn. Er hann kom auga á stóra manninn, deplaði hann fyrst augum, nálgast hann síðan og kallaði upp:

“Ja, hver fjandinn! Ef þetta er ekki gamli Alec McNamara, þá fari eg .....! Hvernig líður þér, gamli ræningi?”

McNamara sneri baki kaldranalega að mannum.

“Snúðu ekki bakinu að mér; eg þarf að tala við þig”.

McNamara hélt tölu sinni til mannanna áfram mjög rólega. En nú gaf sá ölyfaði honum vænt högg á milli herðanna. Þá sneri McNamara sér skyndilega að honum og mælti: “Tefðu mig ekki; eg er önnur kafinn”.

“Þú vilt ekki tala við mig, ha? Jæ-ja, eg ætla samt að tala við þig, sérðu? Þú mundir hlusta, ef eg segði þessum mönnum alt, sem eg veit um þig. Snúðu að mér!”

Röddin var hranaleg. Allir litu við. Þá er Mc-

Namara sá það, talaði hann til hans. Orðin hrukku sem steinar af vörum hans, köld og hörð.

“Talaðu ekki við mig. Þú ert fullur endemismaður. Farðu út, áður en slys hendir þig!”

Hann sneri sér aftur frá honum; en fulli maðurinn þaut aftur í hann og lét skammirnar dynja á honum.

“Fyrirgefið, herrar mínir, rétt eitt augnablik”. McNamara lagði hvíta, fallega hendi á handlegg mannsins, hóf hann, sem fis væri, í loft upp og gekk í hægðum sínum til dyranna með hann.

Mannfjöldinn brosti ánægjulega.

Þá er hann kom út fyrir þröskuldinn, hóf hann upp hina hendina og rak afar-högg á munn mannsins. Hann féll sem dauður væri á gangstéttina, en höfuðið slóst ómjúkt á stéttina. Án þess að líta við manninum fór McNamara aftur inn í hótelið og hóf aftur samræðuna þar, er hann hafði hætt. Röddin var eins þýð og þægileg og áður, og bar þar hvorki á reiði, æsing né monti. Hann kveikti í vindlingi, tók upp vasabók, og ritaði í hana til minnis nokkur orð, er Mexico-Mullins sagði honum.

Allan þenna tíma lá maðurinn sem dauður fyrir utan dyrnar. Spilamenskan hófst aftur, teningskast-ið sömuleiðis. Margir gutu hornauga til stóra mannsins, en að hinum, er lá fyrir utan, gætti enginn; því samkvæmt trúarjátning þessara pilta, bar það vottum sanna snyrtimensku, að vera alveg skeytingarlaus um alt, er fyrir augun bæri, og ekki snerti mann sjálfan.

Þá er McNamara hafði lokið við minnisblöð sín,

kvaddi hann áhorfendur sína með handabandi og gekk út. Hann hélt fram hjá mannræflinum, er lá þar, án þess að líta við honum, og hvarf úr sýn.

Nokkrir greiðviknir náungar tóku manninn loks upp, en án minstu meðaumkvunar. Þeir fleygðu honum upp á spilaborðið og vínsalinn holti ausu eftir ausu yfir hann af vatni.

“Hann er ekkert verulega meiddur”, sagði einn þeirra, er þar stóðu. En svo bætti hann við, og var sýnilega mjög hrifinn.

“En, heyrið þið, drengir! Það er kominn maður hingað í bygðarlagið!”

## VI. KAPITULI.

## Námu er rænt.

“Hver er þessi?” spurði Glenister féлага sinn nokkrum dögum síðar og benti á mann, er var að ganga frá stíflu nokkru neðar.

“Það er ‘Brauðsnúða-Simbi’ gamli. Hann er gamall kunningi minn frá Dawson.

Glenister hló afskaplega, því maðurinn var skelfi lega langur og sýndist ‘skrölta í skinna-virkjunum’. Fötin hans voru all-óhrein. Hann hafði kastað af sér treyjunni og brækurnar héngu á axlaböndunum, eins og á snögum. Fætturnir skröltu í rosabullum ekki litlum, og það virtist, sem hann gæti stokkið upp úr fötum sínum og komið niður berstrípaður. Andlitið var nær því al-þakið skeggi og líktist stórviðarsög á jöðrunum; en þar fyrir ofan gljáði á mjólkurhvítan skalla.

“Hefir hann alt af verið bersköllóttur?”

“Nei; hann er alls ekki sköllóttur. Hann rakar á sér hausinn. Á yngri árum hafði hann fax sem á hesti, og þar áttu heima margfætlur, flær og annað hyski úr dýraríkinu. Loks tók þetta illþýði, að veita honum þungar búsífar; en rakara forðaðist hann sem sjálfan djöfulinn. En eitt sinn tók Hank — það er nafn hans — að sér, að baka brauðsnúða. En er hann skelti deiginu í pönnuna, gaus upp eldur mikill og greip loginn hárskóginn aftan við eyrað.

Hank barðist um með því orðbragði, er enginn ætti að láta út úr sér. Með hörkubrögðum tókst honum að slökkva bálið. Frá þeim degi hefir hann borið nafnið 'Brauðsnúða-Simbi', og síðan hefir hann haldið hausnum sínum eins gljáandi og fægðu byssu-hlaupi. Hann er samt ágætur námumaður og hundtryggur og trúr".

Námagröftur var byrjaður á Midas-eigninni. Skurðir grafar, högg dundu, skóflur glumdu á grjóti og öll námastörf rekin af kappi. Í stóru, hvítu tjöldunum, er að baki stóðu, sváfu 50 menn, er næturvinnu skyldu stunda, því aðal-hvíldartími er hér ekki til, — engar nætur, enginn sunnudagur, aldrei stöðvud vinna þessa hundrað daga, er jörðin í 'Norðri' líður mönnum að hrifsa auðæfi úr sér.

Náman lá milli víði-þakinna fjalla, en fyrir ofan og neðan var alt hvítfleckkótt af tjöldum og kofum og allstaðar var hamast við vinnuna.

Félagarnir tveir voru hinir ánægðustu, er þeir litu yfir eign sína. Að taka auð með valdi úr hinni harðbýlu jörð, að auka auðæfi heimsins, að skapa — það var sönn ánægja.

"Við erum hvorki að ræna ekkjur né föðurleysingja", mælti Dextry alt í einu, er hann hafði athugað féлага sinn nákvæmlega. Þeir litu hvor til annars og brostu. Þeir skildu hvor annan mætavel án orða.

"Ég hefi lengi beðið eftir þessum degi", mælti Dextry. "Ég þoldi alls konar þrautir í gull-leit sunnan frá Mexico og hingað norður. En eg iðrast ekki eftir, því nú hefi eg fengið það endurgoldið".

Meðan á samtali þessu stóð, höfðu tveir af námu mönnunum verið að fást við stóran klett, er þeir höfðu grafið upp. Öðrum þeirra skrikaði fótur og lenti á tré, er hélt stýflunni í skorðum. Vatnsrennurnar ná meira en mannhæð upp frá botni, hvíla á trjám og eru fullar of vatni. Falli stýfla, brýzt vatnið með afli miklu fram og tekur með sér gull það, er sezt hefir fyrir. Af þessu getur hlotist stór-tjón. Of seint sáu þeir félagar, að rennurnar voru að gliðna um samskeytin. Áður en þeir gætu veitt lið, féll 'Braudsnúða-Simbi' flatur niður í skurðinn og rak upp vein nokkurt um leið.

Nú kom mikla lengdin hans honum að góðu liði, því þar sem samskeytin gáfu sig, streymdi vatnið í fossafalli. Hann hikaði ekki við að beygja sig niður í vatnið og þrýsta samskeytunum saman eins og hægt var. Þetta gjörði hann með rakaða, skjallhvíta hausnum. Hann hrópaði á aðstoð, en um hann streymdi grautur af ísblandinni forarleðju. — Hún rann niður í brækurnar víðu, svo þær þöndust út afskaplega, og varð hann að neðanverðu þrekinn sem jötunn; en gapandi stígvélin urðu að gjósandi hverum. Meðan á þessu stóð, ruddist úr honum þvílíkt stórflóð af bölvum og óhæfu-orðum að viðstadda svimaði.

Loks varð honum náð úr þessum kvalastað, og bar hann sig all-borginmannlega, þótt blár væri og blóðugur, og úr skegginu skörðótta féllu stórir saurkekkir til jarðar; en drunur miklar mátti heyra frá gapandi stígvélunum.

Þá er hann hafði hreinsað leðjuna mestu úr

munni sér, kom andagiftin aftur yfir hann, og dundi nú aftur úr honum slík mælsku-skothríð, að Dextrý varð hrifinn og hvíslaði að Glenister:

“Hvílík undra-mælska! Væri hann ekki gott efni í prest. Það er óskiljanlegt, hvernig þessi ótömdu blótsyrði þjóta fyrirhafnarlaust út úr honum. Það er unun, að hlíða á hann. Þetta er sérstök náð-argáfa”.

“Þér væri betra að hafa fataskifti”, mæltu nokkrir viðstaddir. Brauðsnúður gekk nokkur spor í áttina til tjaldanna, en stiklaði sem hann gengi á hvössum glerbrotum.

“Æ! æ! ó! helvítis stígvélin eru full af grjóti”.

Hann settist niður og náði af sér stígvélunum. En í stað þess, að hella úr þeim hispurlaust, helti hann úr þeim með gætni á gullpönnu Dextrýs. Mennirnir gláptu undrandi á þessa athöfn. Straumurinn, er kom um samskeytin, hafði borið með sér smásteina, sand og alls konar efni. Þar sem hann hafði staðið beint undir bununni, hafði mest af vatninu haldið inn í gaphúsið um mittið á víðu brókinni hans, og tekið stefnu niður með lærum hans og numið staðar í stígvélunum.

“Þvoðu þetta!” sagði hann. “Má vera að þú finnur námu”.

Dextrý lét þetta með all-miklum tilburðum nokkuð kýmilegur, í pönnuna, þvoði burt óþverran, og varð þá eftir gul hrúga. Fagnaðaróp ekki all-lítið ráku áhorfendurnir upp.

“Hann framleiðir \$40 með hvorri löpp!”

“Hvað kostar hvor löppin á þér, Brauðsnúða-Simbi?”

“Hann er fullkomin gullmylna”.

“Ó-nei; hann er of mjór. Hann er bara nafar. En það borgar sig að láta hann bora!”

Hinn gamli námumaður sagði alvarlegur: “Herrar mínir! Það er enginn betri vegur til að ná í gull, en að ná því neðanstreymis. Eg verð að þvo þessa fataræfla og hreinsa þvælið, því það loða fullir \$100 við minn háttvirta líkama á þessu augnabliki”. Hann hélt til tjaldsins, en hinir fóru syngjandi til vinnu sinnar.

Eftir miðdegisverð söðlaði Dextry hest sinn.

“Eg verð að fara til bæjarins til að kaupa tvennar gull-metaskálar. Eg kem aftur fyrir kveldverð, og þá skulum við vigta, hvað mikið hefir fengist úr hverri holu í senn. Það ættu að verða þúsund únzur, eftir útliti að dæma. Hann hélt af stað; en félagi hans fór þangað, er glampaði á skóflublað, sleggjur dundu og járnkarlar glumdu í grjóti. Sá hljóðfærasláttur lét vel í eyrum Glenisters.

Það var um klukkan fjögur, að hann heyrði hávaða og köll mikil þangað, er hann var við vinnu sína. Þau komu frá tjaldinu hans. Hann sá þar flokk riddara, er umkringdu tjaldið.

Hann gekk þangað og þekti þegar meðal þeirra Vilton Struve, lögmanninn, og stóra, velbúna, bliðmála manninn—McNamara—manninn með þunga hnefann. Struve ávarpaði hann þegar:

“Heyrið þér, Glenister! Við erum hér komnir til að líta eftir eignarbréfi yðar fyrir þessari námu”.



“Hvað er um það?”

“Hún var endurtekin af öðrum fyrir hér um bil mánuði síðan”. Hann þagnaði.

“Nú, hvað er um það?”

“Galloway hefir hafið málsókn”.

“Við Dextry eigum þessa námulóð. Við fundum hana; við höfum hafið vinnu á henni; við höfum uppfyllt ákvæði laganna og við sleppum henni ekki”. Glenister talaði af svo miklu samfæringar-afli, að Struve þagnaði. En McNamara, er til þessa hafði setið þegjandi á hestbaki, tók nú til máls:

“Sjálfsgagt, herra minn! Ef eignarbréf yðar er lögmætt, þá verður eign yðar vernduð; en nú eru lög í landi í Alaska, og vér verðum að láta þau ráða. Hér kemur ofríki ekki til greina — langt frá. En í stuttu máli, þá eru kringumstæðurnar þessar: Herra Galloway hefir höfðað mál gegn yður. Rétturinn hefir dæmt þannig, að þér hættið vinnu og hefir kosið mig sem umboðsmann, til að sjá um vinnu á námunni, þar til málinu er lokið. Þetta er að vísu óvanaleg aðferð; en ástæður allar eru óvanalegar hér. Vinnutíminn er svo stuttur hér, að það væri ranglæti gegn eiganda, að láta námuna liggja óunna um sumartímann, — og til þess að forðast það hefir mér verið falið að sjá um verkið og geyma gullið samkvæmt fyrirskipun réttarins. Herra Voorhees, sem hér er staddur, er marskálkur Bandaríkjanna. Hann birtir stefnuna.

Glenister barði saman höndunum.

“Hættið nú að lesa! Dettur ykkur sú stórflónska

í hug, að nokkur dómstóll undir sólu mundi dæma Galloway í vil?"

Lægin dæma um alla hluti. Ef málstaður hans er einskisvirði, þá er það því betra fyrir yður".

"Þér getið ekki gjörst umboðsmaður, án þess að aðvara mig fyrst á löglegan hátt. Þetta er sjóðandi vitleysa. Við vitum ekkert um nein málaferli; okkur hefir ekki einu sinni verið stefnt, svo við höfum ekki haft tækifæri til að verja mál okkar".

"Eg var einmitt að segja, að þetta mál væri sérlega einkennilegt, og því verður að vinna einkennilega að því", mælti McNamara. En hinn ungi námu- maður gjörðist enn æfari.

"Eg skal segja yður eitt: Þetta gull fer ekkert héðan. Það er vel geymt í jörðinni. Eg læt hætta vinnu, og náman getur átt sig um tíma, unz máli þessu er lokið. Þér getið ekki gjört yður þá glópsku í lund, að við yfirgefum eign vora að eins fyrir fífl- dirfsku kröfur manns, er enginn þekkir sporð eða höfuð á. Hugmyndin er hlægileg. Það verður ekkert af því. Við verjum mál vort, — og sjáum svo hvernig fer".

Woorhees hristi höfuðið. "Vér verðum að fylgja fram skipunum þeim, er oss eru gefnar. Það, sem þér þurfið að gjöra, er að mæta fyrir réttinum á morgun, og fá umboðsmanninn dæmdan úr stöðu sinni. Ef eignarbréf yðar er eins ugglaut og þér segið, þá eruð þér í engri hættu".

"Þér eruð ekki sá eini, er fyrir óskunda verður", mælti McNamara. Vér höfum tekið í vorar hendur allar námur hér fyrir neðan". Hann benti í áttina.

“Eg er embættismaður dómstólsins og hefi sett veð —”

“Hve mikið?”

“Fimm þúsund dali fyrir hverri námu”.

“Hver óhæfa! Eruð þér vitfirringur? Á einum degi fæst sú upphæð úr lélegustu námunni hér!”

Meðan Glenister var að tala, var hann jafnframt að hugsa um, hvað til bragðs skyldi taka.

“Þetta mál á að ræða fyrir Stillman dómara”, mælti Struve; — en hann vissi ekki, hvað gjörðist í huga Glenisters. Þessi æskumaður var sólginn í bardaga — ekki í orðasennu —, heldur ærlegan bardaga með hnefum og stáli. Og hann var sannfærður um, að sá bardagi væri jafn réttmætur sem eðlilegur, því hann vissi, að mál þetta var eintómt ranglæti. Aðvörun Mexico-Mullins kom honum nú í huga. — Og þó. — Hann gekk aftur á bak upp að tjalddyrunum. Þeir gættu hans vandlega, þótt þeir virtust áhyggjulausir á hestbaki. Hann var að því kominn, að gjöra áhlaup á þá, en þá datt honum dómarrinn og frændkona hans í hug. Dómarrinn hlaut þó að vera réttlátur. Hann hlaut að vera heiðarlegur, þar sem slíkur engill var við hlið hans. Öll grunsemi um svik hlaut að vera ástæðulaus, og alt líklega löglegt, þótt aðferðin virtist óvanaleg. Hér að vera fyrstur til að sýna mótþróa? Eignarbréfið var svo skýlaust, að hann og Dextrý gætu verið rólegir. Lögin stælu ekki af mönnum. Og svo var eitt: orð stúlkunnar þau, að hún yrði honum ljúfari, ef hann hætti róstum og bardögum, voru, ef til vildi, sönn. Henni mundi ekki falla vel, ef hann þverskall-

aðist við fyrsta dóm frænda hennar. Hún hafði sagt, að hann væri of ofstopafenginn, og nú skyldi hann sýna henni, að hann vildi beygja sig samkvæmt vilja hennar. Og fáir dagar gjörðu ekki mikið til. Þá er hann var í þessum hugsunum, heyrði hann, að talað var lágt innan við dyrnar. Það var "Brauðsnúða-Simbi".

"Víktu til hliðar, drengur! Eg miða á stóra djöfulinn; hann getur ekki hreyft sig".

Glenister sá, að mennirhir á hestbaki gripu til vopna sinna. Í sömu svipan greip Glenister um byssuhlaupið hjá Simba og stefndi byssunni í loft upp.

"Hættu við þetta, Hank!" hrópaði hann. 'Eg skal segja til, þá er skjóta skal'. Hann sneri sér við og sá, að allir riddararnir miðuðu á hann byssum sínum, — allir nema einn: Alec McNamara sat ofur rólegur og horfði á. Bros lék um karlmannlega andlitið hans; hann kinkaði kolli. Á hann hafði Hank miðað byssu sinni.

"Þetta er nú orðið nægilega hrottalegt. Við skulum ekki gjöra verra úr því", sagði hann.

"Brauðsnúða-Simbi" dró þungt andann, hrækti með fyrirlitningu og leit efablöndnum augum á Glenister. Brátt sá hann að honum var alvara.

"Af öllum þeim hábölvuðu afglöpum, er eg hefi þekt, ert þú sá lang-versti!". Hann gekk aftur fyrir marskálkinn og menn hans, hrækti aftur í áttina til þeirra, fór í treyju sína, og hélt brott án þess að líta við manninum, er hann áleit að ekki hefði hug til að berjast.

## VII. KAPITULI.

## Bronco Kid stendur á hleri.

Seinni part júlímánaðar er orðið aldimt um miðnætti, og ljósin í gluggunum sýnast ekki eins gljáandi og þau voru einum mánuði fyrri.

Í hótelinu Norðrið var fjörug verzlun. Vinsölustofan hafði verið skreytt stórkostlega og til þess varið of fjár. Slípuðu speglarnir sendu geisla um salinn, og endur-spegluðu dansandi, drekkandi, hoppandi og hlæjandi gesti.

Gömlu húsgögnin höfðu verið færð fram að dyrunum í danssalnum, til þess að áhorfendur gætu fengið sér hressingu, án þess að ómaka sig inn í vinsölu stofuna.

Dansinn var að byrja. Hljóðfæra leikendur hömuðust á hljóðfærum sínum, og brátt tóku dansendur að syngja undir, og er kom að þeim parti lagsins, er dansinn skyldi hafinn, rak allur hópurinn upp voðalegt fagnaðaróp, sem úr einum barka kæmi.

Karlmennirnir, er flestir voru ungir menn, dönsuðu líkt og skólapiltum er títt; en stúlkurnar, er flestar voru ungar, flutu eftir hljóðfallinu eins og laufblað á lygnum straumi. Andlitin voru rjóð, augun leiftrandi og gleði lék nálega í hverri rödd. Háreistin kom aðallega frá piltunum, og þótt á einstaka

stúlku-andliti sæist bregða fyrir nokkrum raunasvip, þá skein gleðin út úr öllum fjölda þeirra.

Alt í einu þögnuðu hljóðfærin og dansendur héldu að veitingaborðinu. Stúlkur drukku áfengislausu drykki, en karlar drukku 'whiskey'. Fyrir kom það samt, að karlmaður stakk upp á því við dansmey sína, að hún "tæki það sama og hann". Ætíð gekk stúlkan inn á það, og ætíð mistókst manningum að taka eftir því, að stúlkan gaf veitingamanningum merki, og að hann lét engifer-öl í staðinn fyrir 'whiskey', eða tært vatn í staðinn fyrir einiberjabrennivín.

Aftur á móti tók vinsali-einn dal frá hverjum karlmanni, en laumaði að stúlkunni ávísan á smáupphæð, er hún stakk á sig.

Aðkomumaður frá austurfylkjunum mundi, fyrst hafa furðað sig á því, hve hljóðfæraslátturinn var góður; þar næst á því, hve stúlkurnar voru myndarlegar, og að síðustu á því, hve mennirnir voru ruddalega til fara.

Í aðalspilaherberginu voru fáar konur. Fjöldi manna voru þar á móti í kringum allskonar spila-  
borð. Þeir töluðu um verzlun, heimkynni sín, stúlkur, seldar og keyptar námur og fleira.

Allskonar menn stóðu þar hlið við hlið. Sárfinir menn og menn klæddir tötrum. Þetta norðlæga kynja-land hafði hrifið þá alla jafnt. Þeir ræddu af fjöri miklu um það, er þeir ætluðu að gjöra; það er þeir höfðu gjört og sögðu ýmsar öfgasögur.

Bronco Kid var maður alþektur alt frá Atlin til

Nome. Hann var af öllum álitinn bestur "bankagjafi" í Yukon héraðinu. Hann stjórnaði fjárglæfraspilum frá kl. 8 til kl. 2 á nóttunni. Hann var maður grannvaxinn, um þrítugt, lipur í öllum hreyfingum, brosti sjaldan, mjúkur í máli, og algjörður eldi-brandur meðal kvenna; en var þó ekki talinn óeirðarmaður um kvennafar. Hann hafði "gefið" spilin, þá er hæðst var spilað, og átti enga óvini. En samt var því svo farið, að margir þeirra, sem nefndu hann vin, vissu ekki með vissu, hvernig á því stóð.

Það var hátt spil, er Kid hafði með höndum þetta kveld. Svenski Siggi frá Dawson hafði lagt undir stóran seðla hlaða. Hann var afskaplegur fjárglæfra-spilaglópur. Gyðingur nokkur sat við annan enda borðsins með tíu \$1,000 seðla fyrir framan sig, og þar að auki hlaða af smærri seðlum. Hann spilaði fífldjarft, og eftir engum vissum reglum; fjórir eða fimm aðrir veðjuðu á smáar upp-hæðir. Það var torvelt að fylgjast með spilinu. Þar af kom það, að "gæslumaður", er sat í háseti sínu, hallaði sér áfram, studdi hökuna í höndum sér og athugaði alt með gætni. Fjöldi áhorfenda voru kringum borðið.

"Faro"-spilið er flestum mönnum sem lokuð bók, því flestir verða ruglaðir í flækjum þess. Og hver sá er hepnismaður, er aldrei hefir lagt höfuð sitt í bleyti til þess, að greiða þær flækjur, svo að gagni komi. Þeim, sem tekist hefir að greiða úr véla-vef þessum, þurfa á mikilli æfing, fimleik og rósemi að halda. "Gefandi" hefir stjórn á spilunum, gætir að hinum breytilegu veðmálum, hefir hendi á seðla-

hlöðunum snotru og reiknar skaða og ábata með flughraða. Hinn makalaus óskekulleiki Kids við þenna starfa, hafði gjört hann frægan. Þetta kveld þurfti hann á þessari list að halda.

Hann gaf spilin þegjandi, alvarlegur, og löngu fingurnir virtust þukla um spilin með ástúð.

Sakir þess, að hann var önnum kafinn, tók hann ekki eftir ys all-miklum meðal áhorfenda bak við hann. Loks kom hann auga á undrun þá, er lýsti sér á andlitum þeirra, er framundan honum voru. Hann sá, að Gyðingurinn glápti aftur fyrir hann. Hann hafði steingleymt peningum sínum. Hann glápti svo að skein í tennurnar, er líktust rottu-tönnum, og í augum hans bryddi á aðdáun. Svenski Siggi var í líku ásigkomulagi. Sama var að segja um alla aðra viðstadda. Allir gláptu.

Bronco Kid leit skyndilega um öxl og brá honum svo, að hann náði vart andanum, — en að eins örskamma stund. Stúlka stóð svo nærri honum, að kniplingarnir á kjól hennar snertu handlegginn hans. Hann var að stokka spilin og misti eitt spil niður. Hann kinkaði kolli að henni, sem kveðju-merki, og mælti ofur rólega:

“Komdu sæl, Cheny!”

Hún svaraði engu — en horfði stöðugt á peningahrúgurnar á borðinu. “Hvílík kona!” hugsaði hann. Hún var mátulega há vexti, brjóstafögur, mittisgrönn og vöxtur allur hinn fegursti. Hún var fremur kringluleit, munnurinn fagurlagaður, augun svört eða blásvört. Hárfögur var hún, og er hún brosti, komu mjallahvítar tennur í ljós. En það



merkilegasta var, að andlitið var sakleysislegt, brosið engilhreint.

Kid endaði við að stokka — en hálf klaufalega — og lét spilin á kassann.

“Láttu mig taka sæti þitt, Bronco!”

Mennirnir stóðu agndofa; Gyðingurinn varð náfölnur. Spilagætir hóf sig upp í sætinu háa.

“Hættu við það! Þetta er erfitt spil”, mælti Bronco; en rödd hennar var afar bjóðandi, er hún svaraði:

“Flýttu þér! Burt úr sætinu!”

Bronco stóð upp. Hún settist í sætið, lagfærði pilsíð sitt, tók af sér glófana og lagaði demantskringina á fingrum sínum.

“Hver djöfulinn er á seiði?” hrópaði spilagætir “Ertu fullur, Bronco?” Standið upp úr stólnum, ungrú!”

Hún sneri sér rólega að honum. Sakleysið var horfið af andliti hennar, og stóru augun tindruðu. Breytingin var eins snögg og þegar stórbylur þýtur yfir stöðuvatn. Hún horfði á hann um stund og mælti svo á þann hátt, er húsbændur tala til þræla:

“Fleygðu honum út, Bronco!”

“Öllu er óhætt”, sagði Bronco við spilagætir í mestu vinsemd. “Hún er betri og fimari við þetta verk en eg sjálfur. Þetta er hún Cheny Malotte!”

Án þess að gefa minstu gætur að því, þótt allir gláptu á hana, sem tröll á heiðríkju, tók hún til starfa. Fallegu, mjúku og hvítu hendurnar hennar fóru sem elding um borðið. Hún gaf fljótt og óskeikult, er sýndi mikla æfingu í að fara með spil,

og handlék seðla og smápeninga á þann hátt, er vaninn veitir. Menn tóku eftir því, að hún leit aldrei á ávísana-snagann, en greip nokkurn bunka í hvert sinn, er borga skyldi, án þess að líta við; og eftir því tóku menn líka, að hún rétti aldrei tvisvar út hendina. Hún tók undantekningarlaust alt af þá upphæð, er borga skyldi, — hvorki meira né minna. Þetta er álitid hámark fullkomnunar við starfa þennan. Bronco Kid brosti ánægjulega, er hann sá, hve undrandi og hissa spilagætir var. Hann heyrði og lofræðu áhorfenda, er stóðu á borðum og stólum til þess að geta séð til hennar.

Þannig hélt hún áfram tuttugu mínútur. Það var orðinn húsfyllir. Aldrei gat spilagætir séð hana gjöra eitt einasta afglap.

Meðan hún var önnum kafin kom Glenister inn um framdyrnar. Hann var þreyttur og utan við sig og öll framkoma hans stór-breytt. Hann tók ekki undir við þá, er heilsuðu honum.

“Hvað gengur að Glenister í kveld?” spurði maður einn. “Hann er eitthvað undarlegur”.

“Hefirðu ekki heyrt það? Midas-eignin hefir verið svikin úr höndum hans. Hann er í vandræðum. Hefir mist aleigu sína”.

Stúlkan hætti alt í einu starfa sínum og stóð upp.

“Haltu áfram”, mælti Kid og óánægju-nöldur heyrðist þegar frá áhorfendum. Hún að eins hrísti höfuðið, dró á sig glófana og sinti þeim ekki.

Hún gekk hispurslaut gegnum mannþröngina. Allir horfðu undrandi á hana. Hún var svo tignar-

leg, en um leið alvarleg, að enginn vogaði að gjöra henni farartálma.

Hún mætti þjóni og spurði hann einhvers.

“Hann er uppi á lofti”.

“Einn?”

“Já, ungrú! Hann var einn rétt núna. Getur verið, að einhverjir af ófriðar-seggjunum hafi brotist inn á hann.

Á næstu stundu vaknaði Glenister upp úr þungum hugsunum við það, að dyrnar voru opnaðar og heyrði hann um leið skjáfa í silkikjól.

“Gjörðu svo vel að fara út”, sagði hann án þess að líta við. “Eg óska að vera einn”. Þar eð enginn svaraði, endurtók hann: “Eg fór hingað til þess að vera einn —”, en nú þagnaði hann. Stúlkan var komin til hans og hafði lagt báðar hendur á brjóst honum.

“Drengurinn minn elskulegi”, sagði hún undurblítt. — Hann stóð skyndilega upp.

“Cheny! Hvenær komstu?”

“Ó! fyrir nokkrum dögum”, svaraði hún óþolinmóð. “Frá Dawson. Mér var sagt, að þú hefðir handfest hamingjuna. Eg stilti mig um, að þjóta til þín þegar, — en svo varð eg að koma. Segðu mér nú alt um sjálfan þig. Lofaðu mér að skoða þig fyrst. Fljótt!”

Hún dró hann nær ljósinu og einblíndi framan í hann og eins og svalg hann í sig með ástleiftrandi augunum sínum. Hún hélt í trejubarminn hans og stóð svo þétt upp að honum, að andardrátturinn heiti streymdi um andlit hans.

“Jæ-ja, kystu mig!” mælti hann.

Hann tók um úlnliði hennar og losaði hægt hendurnar af börmunum. Horfði síðan alvarlega og raunalega á hana og sagði:

“Nei — það er alt saman búið! Eg sagði þér það, þá er eg fór frá Dawson”.

“Alt saman búið! Ó! nei, það er ekki elskuvinnur! Þú heldur það, góði, en það er ómögulegt. Eg elska þig of heitt til þess, að sleppa þér”.

“Hafðu ekki hátt”, sagði hann. “Það er fólk í næsta herbergi”.

“Það kemur mér ekkert við! Látum það heyra”, hrópaði hún af kvenlegu kæruleysi. “Eg er hreykin af ást minni á þér. Eg skal segja þeim frá henni, — segja það öllum heimil”.

“Gættu nú að, góða mín!” mælti hann rólega. “Við áttum langt samtál í Dawson og kom okkur saman um, að bezt væri að vegir okkar skildu. Eg var bráðvitlaus af ást til þín einu sinni, eins og fjöldi annara hefir mátt reyna. Vitið kom til mín aftur. Ekkert gott gat af því sambandi leitt, — og það sagði eg þér”.

“Já — já; eg veit það. ág hélt þá, að eg gæti lifað án þín. Eg vissi ekki, að mér væri það ómögulegt, fyrri en þú varst farinn. Ó! í þessi tvö ár hefir hver einasti dagur fært mér helvítis-kvalir í fullum mæli”. Nú var kuldinn þiðnaður af andlitinu, er á því hvíldi, er hún var í spilasalnum. Hún talaði hratt; allur líkami hennr titraði og röddin var óstyrk af ástarfuna. “Eg hefi séð fjölda manna; þeir hafa elskað mig, en enginn þeirra gat náð ástun

mínum. Svo komst þú. Þeir eltu mig með glóandi ástarheitum. Þú varst kaldur sem ís. Þú neyddir mig til að nálgast þig. — Má vera, að það sé orsök-in. — Eg ber þetta ekki af. Eg skal neita mér um alla hluti, — gjöra hvað sem vera skal, að eins til þess, að fá að vera þar sem þú ert! Hvað hugsar þú um konu, er biður sér ölmusu? Eg bið um ást þína á sama hátt. Ó! eg hefi lagt niður stórmensku mína, — eg er lífl, — vitfirringur, — en eg get ekki við það ráðið”.

“Mér sviður sárt, að þér skuli líða svona illa”, mælti Glenister. “Það er ekki mér að kenna, og það er gagnslaust”.

Um stund stóð hún grafkyr sem myndastytta. Hún náfólnaði. Svo kom þessi ör-skjóta breyting, er henni var svo eiginleg. Bros færðist yfir andlitið. Spékoppar komu í kinnarnar. Hún settist við hlið honum, dró gluggaskýlurnar saman, svo ljósin frá spilasalnum bæru ekki birtu inn til þeirra.

“Jæ-ja þá. Það gleður mig samt sem áður að sjá þig. Það getur ekki varnað mér að elska þig”.

Hann strauk hárið hennar með annari hendinni, en varð ekki var við, að hún titraði undir snerting hans, eins og fjórhestur, er heyrir svipuhvin.

“Alt gengur á móti mér”, sagði hann. “Náman hefir verið svikin undan okkur”.

“Það er smáræði! Þú ert ekki ráðaláus! Þú ert ekki örkumlamaður. Þú hefir fimm fingur á byssu-hendinni þinni”.

“Þarna kemur það enn. Þetta sama segja allir mér, — allir gömlu námamennirnir. Eg veit ekki,

hvað gjöra skal. Lög eru komin í land þetta og eg hefi reynt að verjast þeim. Þeir hafa hrifsað námunu frá mér og sett umboðsmann yfir hana — stóran mann —, er heitir McNamara. Dextry var ekki við og eg veitti ekki vörn. Þegar Dextry gamli heyrði það, varð hann nærri vitlaus. Við skömmuðumst þá í fyrsta sinni. Hann hélt að mig brysti hug —”

“Nei, svaraði stúlkan. “Eg þekki hann og hann þekkir þig”.

“Þetta var fyrir viku síðan. Við höfum fengið bezta lögmann, sem til er í Nome — Bill Wheaton — og við höfum reynt að fá þessa skipan dæmda ómerka. Við höfum boðið fram peninga-ábyrgð; en dómarrinn neitar að taka hana. Við höfum sótt um, að mega skjóta málinu til hærri réttar, en hann neitar einnig að veita okkur það. Því meira, sem eg hugsa um þetta, því ískyggilegra virðist mér það, því rétturinn var ekki settur samkvæmt lögum. Okkur var ekki stefnt til þess að verja mál vort, — ekkert gjört. Þeir bara slöngdu á okkur þessum umboðsmanni og neita okkur um, að leita réttar okkar. Mér er sagt, að þetta sé lögum gagnstætt. En hvað skal segja? Hver er ásetningur þeirra? Eg er hálf vitlaus út úr þessu, því þetta er mér að kenna. Eg hélt ekki, að þetta væri áform þeirra, — annars hefði eg barist við þá og haldið mínu. Félagi minn er tekinn til að drekka út úr öllu saman; en það hefir hann ekki gjört í tólf ár. Hann segir að eg hafi slept eigninni úr höndum okkar og það sé skylda mín og guðs að gefa okkur hana aftur.

“Þegar hann er fullur, brýtur hann alt, er fyrir verður og kveðst skuli steindrepa dómarann, þá er hann nái honum”.

“Hví ofsækja þeir ykkur Dextry á þennan hátt? Einhver óvild?” spurði hún.

“Nei, nei. Við erum ekki þeir einu, er þeir ofsækja. Þeir hafa sölsað undir sig allar beztu námurnar og sett þennan McNamara umboðsmann yfir þær; en það bætir ekki úr skák fyrir okkur. Svíar eru bandvitlausir. Þeir hafa fengið alla lögmenn, sem í bænum eru og hfa limlest fleiri ensk orð, en Behrings-hafið rúmar. Dex vill að við leitum liðs hjá vinum okkar og drepum umboðsmanninn. Hann vill endilega drepa einhvern; en við getum það ekki. Hermennirnir veita þeim lið. Við höfum fengið að vita, að herinn hefir fengið skipun um, að sjá um, að gjörðum réttarins sé framfylgt. Eg trúi því samt ekki, að dómarinn gamli sé refur. — Stúlkan myndi ekki líða honum, að hafa brögð í taflí”.

“Stúlkan?”

Cheny Malotte hallaði sér áfram og horfði fast á hinn unga mann.

“Stúlkan Hvaða stúlka? Hver er hún?”

Nú var röddin ekki lengur blíð. Engin kona á eins læsilegt andlit og hún, hugsaði Glenister. Það er sem opin bók. Alt skein út úr því andliti, eftir því sem á stóð: hræðsla, fýsn, hatur, ást. Hann hafði áður haft gaman af, að spila á þetta andlit og sjá snöggu breytingarnar. Augun verða sólblíð eða hörð sem tinna. Varirnar laðandi að sér kossa, eða

verða harðar og þunnar. Hann sá, að Cheny var sem ótamið dýr og gat verið hættuleg.

“Hvaða stúlka?” spurði hún aftur með ákefð.

“Stúlkan, sem eg ætlaði að eiga”, sagði hann og horfði rólega á hana.

Hann vissi, að hann breytti grimdarlega, — hann vildi breyta grimdarlega. Það var honum svölun. Hann vissi líka, að því fyrri, sem hún vissi það, því betra. Hann gat samt ekki séð, hvaða áhrif þetta á hana, því í sama bili opnuðust dyrnar og Bronco Kid smeygði inn höfðinu.

“Eg bið fyrirgefningar! Tók rangar dyr”, sagði hann. “Var að líta eftir öðrum mönnum”. Hann hafði samt tekið nákvæmlega eftir öllu, — séð að gluggatjöldin voru dregin fyrir og að stúlkan stóð á öndinni. Hann hafði einnig heyrt nokkuð af því, en Glenister sagði.

“Þú skalt ekki eiga hana”, sagði Cheny rólega. “Eg veit ekki, hver hún er, en eg vil ekki, að þú giftist henni”.

Hún stóð upp og slétti úr pilsinu sínu.

“Það er kominn tími til, að siðsamt fólk fari heim til sín”, sagði hún með háðbrosi. “Fylgdu mér gegnum þessa mannþröng. Eg lífi rólegu lífi og vil ekki, að þessir afglapar elti mig”.

Þá er þau komu út, mætti morgunloftið þeim kalt og hressandi. Sól var að koma upp. Bronco Kid stóð úti fyrir og var að kveikja í vindlingi.

Hann horfði á eftir þeim með svo mikilli athygli, að hann gætti þess ekki, að eldspítan var brunnin út og fingur hans voru teknir að hitna. Hann gnísti



tönnum voðalega og beit sundur vindlinginn, er féll til jarðar.

“Svo þetta er stúlkan, sem þú ætlar að eiga? Andskotinn hafi þig! Við skulum sjá, hver skjöldinn ber”. Þetta tönlaði hann lágt við sjálfan sig.

*Arnþjotur B. Ólsen*

## VIII. KAPITULI.

### Dextry heimsækir náungann.

Helen Chester hafði mesta yndi af að sitja við sæinn. Enginn góðveðursdagur leið svo, að hún væri þar ekki, horfandi á skipin, brimganginn og margt annað, er þar fyrir augað.

Penna morgun sat hún á hæð nokkurri og horfði á brimgarðinn. Stormur hafði gengið undanfarna daga, svo brim var all-mikið. Nú var þó farið að slá á sjóinn, og báta-eigendur voru að undirbúa sig til þess að fara á flot.

Daginn áður hafði hún komist að því, að Glenister og Dextry, vinir hennar, höfðu ratað í raunir nokkrar. Að svik væru í tafli, vissi hún ekki. Hún leitaði upplýsinga hjá móðurbróður sínum um málið. Hann svaraði því, að það risi út af nokkrum iðnfræðilegum ákvæðum í lögunum, er annar maður hefði verið svo hygginn, að færa sér í nyt. Málið

væri flókið og tæki langan tíma þangað til það væri útkljáð. Hún minti hann á aðstoð þá, er þeir Glenister höfðu veitt þeim. Hann kvað slíkt ekki mega hafa áhrif á gang réttvísinnar, og hún mætti ekki reyna að leiða sig af braut hennar. Hún sá, að hann hafði rétt að mæla og hætti þessari málaleitan.

Um nokkra daga hafði hún orðið þess vör, að dómarrinn og McNamara áttu saman leyni-samræður nokkrar, og að Strúve og félagar hans tóku stundum þátt í þeim. Hún vissi að eins, að þeir ræddu eitthvað um þrætumálin um "Steðjalækjar" námurnar. Hún skildi ekkert í þeim málum og lét sig þau engu varða; enda hafði nýtt umhugsunarefni vakið athygli hennar, og var það í mannsmynd, — McNamara.

Hann hafði byrjað ástar-umleitan við hana á þann hátt að láta í ljós — gætilega — aðdáun sína á henni, er fór hrað-vaxandi og varð nú alls ekki misskilin.

Stillman dómara var þetta mjög að skapi, og slíkur biðill hlaut að vera hverri stúlku að geði. Þá er hann var viðstaddur, var ásta-leitan hans Helenu ógeðfeld; en er hann var ekki viðstaddur, hugsaði hún því meira um það efni, og virtist henni það þá ánægjulegra.

Tilfinningar þessar voru afar-ólíkar þeim, er hún bar í brjósti til hins mannsins, er hún hafði mætt hér; því hér hafði hún að eins séð tvo menn. — Þegar Glenister var hjá henni, skein ódulin ást úr augum hans, er dró hana að sér gegn vilja hennar; en er hann var farinn, kom hræðslan við þetta ofsa-

fengna, er henni virtist búa í honum. Annar hafði mest áhrif á hana nálægur, hinn fjarlægur.

Nú var hún að rannsaka tilfinningar sínar, því að hún fann, að takmarka-tíminn var í nánd, þótt hún hefði fyrst séð menn þessa fyrir einum mánuði. Hún efaði mjög, að hún gæti nokkru sinni elskað McNamara, vin frænda hennar. Hinn var hún handviss um að hún elskaði — a l d r e i.

Þá er hún sat í þesum hugsunum, varð hún þess vör, að Dextry var þar á sveimi. Hann var ekki ógreiddur, en þó sá hún, að hann hafði mætt andvökum. Þá er hann kom auga á hana, kom hann og settist niður á sandinn. Er þau höfðu heilsast, brauzt úr honum óstöðvandi orða-fossaföll á hans vanalegu mállýzku, er komst á hreyfing við hina vinsamlegu návist hennar.

“Við erum í fjandans vandræðum, ungfrú”, mælti hann. “Náman er svikin úr höndum okkar. Einhver fjandinn kom og talaði hana út úr drengnum, er eg var ekki heima, og nú getum við ekki náð henni aftur. Hann hefir verið að reyna þessi nýju lög, er þið komuð með hingað, til allrar bölvunar. Eg hefi verið blindfullur út úr þessu, — af því lít eg svona út”.

Hann talaði um þetta síðast nefnda, sem eins konar smá-fréttir, eins og hann hefði t. d. brotið úrið sitt, eða séð mann drepinn.

“Hví reka þeir ykkur af eigninni?”

“Eg veit það ekki. Veit ekkert um þessi lög. Eg ætla ekki að stikla í spor þeirra. Eg ætla að fara úr spilinu um tíma og láta drenginn reyna sig. Ef að

hann vinnur ekki, þá ætla eg að taka við blöðunum aftur og enda spilið”.

“Það er að skilja á orðum yðar, sem lög séu brotin á ykkur”, sagði Helen.

“Þeir brjóta lögin eins og þeim sýnist!” sagði hann af sannfæring. “Eg gruna alla lögmenn um græsku, jafnvel gamla skallagríminn hann frænda yðar — bið yður afsökunar —, eg er vinur yðar; hann er ekki frændi yðar, held eg. Þeir eru allir svika-hundar”.

Dextry hafði rótgróna ótrú á öllum lögmönnum, eins og allir norður þar.

“Er gamli maðurinn eini ættinginn, sem þér eigið?”

“Hann er það — að vissu leyti. Eg á bróður, að eg vóna, á lífi einhversstaðar. Hann strauk, þá er við vorum börn, og síðan hefi eg ekki séð hann. Eg fékk óljósar fregnir af honum frá Skagvay — fyrir þremur árum —, þegar mannstraumurinn mikli lá til Klondyke; en heim hefir hann aldrei komið. Þá er pabbi dó, tók Arthur móðurbróðir minn mig að sér. — Einhverntíma finn eg, ef til vill, bróður minn. Það er illa gjört af honum, að fela sig fyrir mér, þar sem við erum að eins tvö á lífi og mér hefir ávalt þótt svo vænt um hann”.

Báðum var þeim þungt í skapi. Þau horfðu bæði út á hvítfyssandi ölduganginn.

“Það er þó nokkur bót í máli, að við, drengurinn og eg, eigum dálítið af skildingum”, tók Dextry til máls. “Ef við hefðum þá ekki, værum við gjör-samlega í hundunum. Drengurinn hefði ekki getað

skemt sér við málaferlin, ef við hefðum verið með tómar pyngjur, því þau eru dýr. Eg kalla slíkt "trakteringar", eins og freskjur bleyttar í brennivíni og silki-nærpils".

"Eg treysti ekki mjög á þenna Jim Crow-banka. Eg keypti járnskáp og flutti hann til námunnar. Við fengum mann, er Johnson heitir, til þess að gæta námunnar. Stela peningunum? Nei, tæplega. Þeir geta ekki opnað hann nema með sprengingu. Sú sprenging mundi vekja hvert barn í fimm mílna fjarlægð. Og þeir geta ekki borið hann burt. Hann er of þungur. Á morgun fer eg til námunnar og verð þar að gæta að þessum umboðs-slána, þangað til alt er komið í lag".

Þá er stúlkan stóð upp, fylgdi hann henni til aðalstrætisins. Gangstéttir voru þá ekki til þar og vagnhjólin höfðu gjört brautina að mórauðri leðju, ófærri mönnum og málleysingjum.

Til þess að forðast ófærðina, hafði Dextry dregið stúlkuna upp að dyrunum á hótelinu "Norðrið", og varði hana fyrir árekstri.

Þótt þetta væri seint um daginn, var Bronco Kid nýkominn á fætur, og bjóst til að ganga að verki sínu. Hann var að tala við hótél-eigandann, er þau Dextry komu að dyrunum, svo hann kom snöggvast auga á hana, er hún leit forvitnis-augurn inn um dyrnar. Hún hafði aldrei áður komið svo nálægt spilahúsi, og hefði haft gaman af að sjá það nánar, ef samferðamaður hennar hefði ekki knúð hana til að halda áfram. Þá er Bronco kom auga á hana, steinþagnaði hann, og starði á hana, eins og

hann hefði séð vofu. Er hún var hórfin, sagði hann við Reilly:

“Hver er þessi stúlka?”

Reilly svaraði engu, og Kid fór brott, án þess að spyrja framár. Hann fór út um bakdyrnar.

Í fyrstu gekk hann hægt, svo sér yrði ekki veitt eftirtækt. Síðan tók hann undir sig stökk mikið, og sentist planka af planku, dró hattinn niður í augu og hélt inn á aðalstrætið.

Dextry og stúlkan komu þar á móti honum, svo hann gat skoðað hana nákvæmlega. Það gjörði hann líka eins vel og unt var; en er hún leit til hans, faldi hann sig. Hann gekk í há mótt á eftir þeim. — Hann sá manninn skilja við hana, og fór hún inn í hótelið. Hálfri stundu síðar var hann að drykkju með kunningja sínum.

“Hver er stúlkan, er eg sá koma inn fyrir skömmu?”

“Þú ert líklega að tala um frænku dómarans?”

Báðir mennirnir töluðu í hálfum hljóðum.

“Hvað heitir hún?”

“Chester, held eg. Hvað gengur að þér? Ertu ástfanginn af henni, Kid? Eða vill hún hrækja á þig?”

Kid svaraði engu, en hinn mælti um leið og hann lagaði nálina í hálsbandi sínu: “Jæ-ja, hún getur fengið mig. Eg skal koma mér í mjúkinn hjá henni”.

“Það er þér bezt að reyna ekki!” mælti Kid svo harkalega og með slíku augnaráði, að hinn

steinþagnaði. Þegar Kid var farinn, mælti hinn við sjálfan sig:

“Hamingjan góða! Bronco hefir voðaleg augu! Hann gjörði mig dauðhræddan. Þessi framkoma hans líktist afbrýðissemi”.

Þá er Dextry næsta dag var að búa sig til námunnar, kom Glenister til hans með fasi miklu. Honum var sjáanlega all-órótt.

“Hvað heldurðu að þeir hafi gjört nú?” hrópaði hann.

“Veit ekki. Hvað er það?”

“Þeir hafa brotið upp járnskápinn og tekið peningana okkar!”

“Hver andskotinn er þetta?”

Gamli maðurinn spratt upp hart og títt og á sömu stundu var allur kali horfinn milli þeirra, þótt fátt hefði verið með þeim um hríð.

“Já, eins sannarlega og eg lifi, þá hafa þeir sópað til sín öllum peningum okkar, tjöldum, verkfærum, hestaparinu, bókum, vatnspípum og öllu — öllu gjörsamlega. Þeir ráku Johnson burt eins og hund. Eg fór þangað til þess að líta eftir námunni; en þeir liðu mér ekki, að koma nærri námunni. Þeir hafa þannig tekið hverja námu við Steðjalæk, og við fáum ekki einusinni að sjá, þegar þeir vikta gullid, sem þeir taka. Það sögðu þeir mér í morgun”.

“En, gættu að”, sagði Dextry, reiður mjög. “peningarnir í skápnum voru með fylsta rétti okkar

eign. Við komum með þá frá Bandaríkjunum. Þá getur dómari ekki tekið. Hvaða helvítis-lög eru þetta?"

"Ó! Lögin skella skolla-eyrum við öllu rangelæti", sagði Glenister í þungu skapi. "Það var yfirsjón mín, að drepa ekki fyrsta manninn, er steig fæti sínum á eignina. Svíar eru í sömu vandræðum. Þeir drukku sig blindfulla, er síðasti boðskapurinn kom".

"Eg skil þetta ekki ennþá!" mælti Dextry.

"Eg skal skýra það fyrir þér: Dómari gaf út hringlandi vitleysu, er hann kallar 'skipun', og með henni veitir hann McNamara rétt yfir öllum eignum hér, námum, tjöldum, verkfærum og öllu. Þessa skipun gaf hann út í gærkveldi, án þess að gjöra nokkrum aðvart, að því er Wheaton segir. Eg fór til að tala við McNamara og hitti hann í íbúðartjaldinu okkar. Hann var að rusla í skápnum".

"Hvernig vikur þessu við?" spurði eg. Þá sýndi hann nýja skipun.

"Eg ber ábyrgð fyrir réttinum á hverju senti af þessum peningum", svaraði hann. "Sömuleiðis fyrir verkfærum og öllu öðru. Samkvæmt þessari skipun má eg ekki leyfa yður að koma nærri vinnunni".

"Ekki nærri vinnunni?" sagði eg. "Er það hugsun yðar, að leyfa okkur ekki að sjá, hvað tekið er úr námunni, — okkar eigin námu? Hvernig höfum við sönnun fyrir, að ekki sé af okkur dregið, er gullið er viktað?"

"Eg er embættismaður réttarins og hefi sett veð fyrir mig", sagði hann og sigurbrosið á vörum hans gjörði mig vitlausan".



“Þú ert þjófur og lygari!” sagði eg og horfði honum beint í augu. “Og þú hefir gengið heldur langt. Þú hefir gabbað mig e i n u sinni. Þú gjörir það ekki t v i s v a r”.

“Hann reiddist og kallaði á Voorhees, marskálkin. Eg skil ekkert í öllu þessu. Allir virðast vera á móti okkur: dómarrinn, marskálkurinn — allir. En þeir segjast gjöra það alt samkvæmt l ö g u m. Og þeir hafa hermennina að bakhjarli”.

“Það er nákvæmlega eins og Mexico-Mullins sagði”, mælti Dextry. “Hér er eitthvert samsæri að starfi. Eg ætla upp á hótél og sjá dómarrann sjálfur. Eg hefi hvorki séð hann né McNamara þenna. Eg þarf ætíð að horfa í augun á manninum, áður en eg get sagt, hvernig eg eigi að eiga við hann”.

“Þú finnur þá báða”, svaraði Glenister. “McNamara kom inn í bæinn ríðandi núna rétt”.

Dextry gamli hélt til ‘Golden Gate’ hótelsins og spurði eftir herbergi Stillmans dómara. Drengur, er þar var á verði, ætlaði að rita nafnið hans, en Dextry tók í hárið á honum og keyrði hann niður í stólinn. Hann hélt til herbergis þess, er dómarrinn bjó í. Hann heyrði þar mannamál og gekk inn, án þess að biðja um leyfi.

Herbergið var útbúið sem skrifstofa, með skrifborðum, ritvélum og lögbókum. Dyr lágu úr því til beggja hliða. Tveir menn voru þar í samræðu. Annar gráhærður, rakaður, prestlegur öldungur. Hinn mikill vexti, laglegur og valdmannslegur. Dextry sá þegar, hverjir þessir mundu vera. Einnig sá hann,

að sá, er hann þurfti að etja við, var stóri maðurinn, er virti hann nákvæmlega fyrir sér.

“Við erum í önnum”, mælti dómarinn. “Þér getið komið eftir hálfu stund”.

Dextry virti hann nákvæmlega fyrir sér. Sneri síðan baki að honum og athugaði McNamara. Hvorugur þeirra mælti orð, en augun notuðu þeir vel. Þeir vissu hvor um sig, að hér var um fjandmann að ræða.

“Hvert er erindi þitt?” spurði McNamara loks.

“Eg leit bára inn til þess að sjá ykkur, drengir. Nafn mitt er Dextry — Jói Dextry —, á allstaðar heima fyrir vestan Missouri. Nafn þitt er McNamara, er ekki svo?. Þessi þarna er franski hvolpurinn þinn, er ekki svo?” og sneri sér að Stillman.

“Um hvað ertu að tala?” spurði McNamara. Dómarinn tautaði eitthvað ólundarlegur.

“Ó, eg er að tala um það, sem eg er að tala um. Er það ekki skiljanlegt. En samt er það nú ekki þ a ð, sem eg ætla að tala um. Eg gef ekki mikið fyrir ómerkilegar rytjur og ræfla, svo sem dómara, lögmenn, réttarskipanir og þess háttar. Slíkt er fullgott fyrir barnagull og austanvéra, en hæfir ekki viti bornum mönnum. Eg hefi ætíð verið minn eigin dómari, dómnefnd, böðull og framkvæmdarvald. En, gætið að: Félagi minn er ungur maður, og virðist vera hneigður fyrir, að láta aðra stjórna fyrir sig, svo eg ætla að lofa honum að fara sínu fram, að gamni sínu, lítinn tíma og leika sér við þessar skipana-druslur og umboðsmanns-ræfil. En farið þið ekki of langt. — Þið getið stolið frá Svíum, því þeir

hafa ekkert með peninga að gjöra, og einhverjir aðrir þjófar mundu stela þeim, ef þér ekki gjörði það. En leikið ykkur ekki að mér, eða okkur. Við gjöldum ykkur rauðan belg fyrir gráan. Við erum hvítir menn. Eg er mjög hneigður fyrir, að fara hingað skemtifarir og gjöra smá-spjöll og glens með þessari”.

Um leið og hann talaði gjörði hann ofurlitla hreyfing og á sama augnabliki stóðu þeir fyrir sexhleypu hans. Dómarinn ætlaði ekki að ná andanum og hröklaðist aftur fyrir borðið. En McNamara að eins dinglaði fótunum, þar sem hann sat á borðinu. Eina breytingin á honum var, að augun urðu snarari. Dextrý festi það í minni.

“Já”, sagði Dextrý og lét sem hann sæi ekki hræðslu dómarans. “Þú getur borið þenna dómstól í vestisvasa þínum eins og gamlan úrskrjóð, ef þér er það ánægja; en látir þú mig ekki í friði, þá slít eg fjöðrina í þér. Það er alt, sem eg hefi að segja”.

Hann stakk byssunni á sig og labbaði rólegur út.

## IX. KAPITULI.

## Stýflu-ræningjarnir.

“Við verðum að hafa peninga”, sagði Glenister nokkru síðar. “Þegar McNamara sprengdi upp skápinn okkar, stal hann öllu skotsilfri okkar. Það er gagnslaust, að eiga við þessa réttvísi lengur, því að dómarrinn hvorki leyfir okkur að vinna námuna lengur, þó að við setjum veð, né veitir okkur rétt til að skjóta máli voru til æðra dómstóls. Við verðum að sanda Wheaton til ‘Frisco’, til þess að færa málið fyrir hærra rétt. Getur verið, að hann geti fengið þessa skipun dæmda ómerka”.

“Eg skil ekki þessi lagaflækju-orð; en ef þau eru eins bölvuð að reyna og þau láta illa í eyrum, þá mega þau fara norður og niður fyrir mér”.

“Þau þýða að eins það, að þetta mál verði tekið úr höndum þessa réttar og dæmt af æðri dómara”.

“Jæja, sendum hann þá sem fyrst. Hver dagur kostar okkur tíu þúsund dali. Hann verður mánaðartíma báðar leiðir. Það er bezt að hann fari á morgun með ‘Roanoke’.”

“Já; en hvar eru peningarnir, sem þetta kostar? McNamara stal okkar fé. Guð minn góður! Við erum dáfallega settir! Við höfum farið að sem flón, Dex! Þetta er samsæri. Eg er nú farinn að sjá, hvernig í öllu liggur. Þessi maður er að draga undir

sig alt héraðið, undir yfirskini laga og réttinda. Hann ætlar sér að hafa framkvæmt áform sitt, áður en við ryðjum honum úr vegi. Hann hlýtur að hafa mikilmenni að bakhjarli, þar sem hann hefir dómara-ann svona í hendi sinni. Ef til vill hefir hann líka náð tangarhaldi á æðri dómstólunum”.

“Sé svo, þá drep eg hann”, sagði Dextry. “Eg hefi unnið eins og þræll alla æfi mína. Þegar eg nú loks hefi haft hepnina með mér, á eg að missa alt aftur. Vinni Wheaton ekki málið samkvæmt lögum, skal eg vinna það samkvæmt mannréttindum”.

Hina tvo síðustu daga höfðu þeir félagar stöðugt verið í réttarsalnum, ásamt lögmanni sínum og lögmanni Svianna. Lögmenn þessir höfðu reynt alla mögulega og ómögulega lagakróka, en árangurslaust.

Nú þóttust þeir vissir um, að brögð væru í tafli, eitthvert dulið samsæri, er dómariinn væri flæktur í. Þeir höfðu barist sem menn, er eiga lífið að verja. Þeir hötuðu veiklulega andlitið dómaraans, hroksvip marskálksins og undirtyllu-auðmýkt skrifaranna. Allir virtust þeir vera vélar, er McNamara stýrði. Engin áheyrn fáanleg. Alt tómar flækjur og vafningar. Og til þess, að leggja smiðshöggið á alt saman, fengu þeir að vita, að dómariinn ætlaði að flytja sig til St. Michael, og tæki ekkert mál fyrir, unz hann kæmi aftur. Það yrði eftir mánaðartíma.

McNamara tók hvern verkfæran mann í þjónustu sína og reif og tætti námulöndin sundur. Á hverjum degi streymdi gullið inn í bankann, — en námaeigendurnir voru hraktir burt með harðri hendi,

er þeir vildu komast eftir því, hve mikið gull væri tekið úr námum þeirra. McNamara hafði verið fljótur að framkvæma fyrirætlanir sínar, og tveim vikum eftir að hann steig á land, hafði hann komið því fram, er hann sagði Struve mikilmannlega, að hann ætlaði sér. Hann hafði handfest allar námulóðir í héraðinu, hrakið eigendur af þeim, klaganir þeirra ekki teknar til greina og dómariinn farinn burt um 30 daga skeið. Hann var nú einvaldur. Hann fyrirleit þá ræfla, er hann hafði hrakið af eignunum, einkum Svíana hæglátu. Og ef einhver dirfðist að veita viðnám nokkurt, treysti hann því, að ráðagjörð sín væri svo trygg og vel um búin, að ekkert væri að óttast.

Þeir félagar sáu ljóslega, að þeir voru komnir í fullar kröggur og félausir til að halda stríðinu fram. Það var særandi fyrir þá, að sjá sig daglega rænda stórfé. Ennþá meira særandi, að sjá nú eftir á, hve hroðalega McNamara hafði gabbað þá og leitt þá í gönur; en það sem yfir tók var þó, er hann sprengdi upp peningaskápinn og stal peningum þeim, er þeir höfðu komið með, og hækki þá svo í kaupbætir, er þeir stóðu uppi allslausir.

“Við verðum að fá peninga fljótt”, segði Glenister. Heldurðu að við getum nokkursstaðar fengið lán?”

“Fengið lán?” hristi Dextry fram úr sér. “Menn lána ekki peninga í Alaska”.

Þeir sátu um hríð steinþegjandi.

“Eg mætti manni í morgun, er vinnur við Midasnámuna”, sagði Dextry; “hann kom hingað til þess

að kaupa sér skó. Hann sagði, að stýflurnar væru fullar af gulli, svo það yrði að hreinsa úr þeim um miðnætti við varðaskiftin, annars fylltust þær upp”.

“Að hugsa sér slíkt!” tautaði Glenister. “Ef við hefðum að eins lítinn hluta þess, gætum við sent Wheaton af stað .....

Alt í einu þagnaði hann og varð hugsí. Fyrst virtist sem hann ætlaði að segja eitthvað, en hætti við það. Dextry sá þegar, að honum var mikið í hug. Hann mælti lágt og stillilega: “Það verða tuttugu þúsund dalir í stýflunni í nótt!”

Glenister horfði hvast á hann og mælti: “Það er okkær eign. Það væri enginn glæpur að taka það. Hvað álitur þú?”

Dextry hvæsti: “Glæpur! Nei, réttlæti! En hvað er um glæpi að tala gegn öðru eins athæfi og hér er um hönd haft? Hvað gjöra þeir ekki? Um miðnætti þessa nótt stelur McNamara tuttugu þúsund dölum af okkar fé .....

“Já, en hvernig fer, ef þeir ná okkur?” spurði ungi maðurinn hljóðlega. Þeir láta okkur ekki sleppa með lífi. Það yrði ljómandi ástæða fyrir McNamara, til þess að láta skjóta okkur eins og hunda og losna þannig við okkur. Kæmi mál það fyrir þenna dómara, dæmdi hann okkur tuttugu ár í Sitka”.

“Sjálfsagt. En þetta er eina tækifærið, sem við höfum! Eg vil heldur vera drepinn á Sitka í harðgjörðum bardaga, en sitja hér og naga á sér neglurnar. Eg gjörist nú gamall og hamingjan brosir varla oftari við mér. Ef þeir ná okkur, — nú, jæja,

það verður að ráðast sem vill. Lifandi skulu þeir ekki taka mig, — því lofa eg, — og hefnd nokkurri skal eg fyrst koma frama fram. Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta það eina, sem menn hafa upp úr lífinu í þessum táradal, — að geta hefnt sín. Hér verður hreinlegur bardagi undir beru lofti, stjörnu-skrýddu, með hreinan, mjúkan mosa til að leggjast á, og engar lögbækur eða lagaflækjur í margra mílna fjarlægð. Spilin eru stokkuð og spilið byrjar. Við annaðhvort vinnum eða töpum. Þetta er alt ákveðið fyrir þúsundum ára. Áfram drengur! Ertu smeykur?”

“Er eg smeykur?” Nasaholur Glenisters þöndust út og röddin hækkaði. “Er eg smeykur? Nei, eg er með þér, þar til við höfum náð fénu, og Guð hjálpi þeim manni, er reynir að hindra okkur í nótt!”

“Við þurfum þriðja mann til aðstoðar”, sagði Dextry. “Hvern getum við fengið?”

Í þessum svip opnuðust dyrnar án þess að hurð væri knúð, — því það var ekki síður kunningja þar, að knýja hurðir, þótt þeir heimsæktu hver annan, — og tötralegi, turn-myndaði skrokkurinn hans Brauðsnúða-Simba kom í ljós. Dextry þaut á hann sem soltinn úlfur á bráð.

Það var um miðnætti og stjarna-mergðin tindraði yfir dalnum; en fjarst í suðri sást bjarmi, sem af huldum eldi, er brynni undir katli gull-guðsins. Þótt nótt væri tekin að lengjast, þurftu menn þó ekki enn að nota ljós við vörðinn. Það voru hér



um bil tvær stundir, er ilt var að sjá glögt út frá sér; en morguns-árið kom snemma, og því notuðu menn ekki kyndla.

Fjórum mínútum fyrir miðnætti lét næturverkstjórinn hurðirnar falla að nokkru í stýflunum, og verkamenn héldu til tjalda sinna. Þess hefir áður verið getið, að verkamannatjöldin í Midas voru spottakorn frá læknum og náman að nokkru hulin af háum bakka.

Það er siður að setja vörð við námurnar bæði um miðdegi og um miðnæturskeið, svo engu sé spilt. Næturverðinum hafði verið bent á ábyrgð þá, sem á honum hvíldi, þar sem slíkur auður væri í gæslu hans. Hann var því stöðugt á gægjum. Maður, teymandi áburðarhest, kom út úr myrkrinu, og tók vörðurinn þegar eftir honum. Vegurinn lá rétt hjá námunum. Samt gaf ferðamaður þeim engan gaum. Og vörðurinn þóttist sjá þreytuspip á andliti mannsins.

“Einhver langferðamaður”, hugsaði vörðurinn.

Ferðamaður nam staðar, kveikti á eldspítu og um leið og hann ætlaði að kveikja í pípunni, sá vörðurinn hrafnsvarta gljáann á svertingja-andlitinu hans. Það dó á eldspítunni og svertinginn bölvaði duglega um leið og hann reyndi að kveikja á annari.

“Gott kveld, herra! Viltu gefa mér eina eldspítu?” Hann talaði til varðmannsins, er stóð uppi á bakkanum; og án þess að bíða eftir svari, tók hann að klifra upp bakkann.

Enginn maður, er sjálfur reykir þar, neitar um

sldspítu, hver sem í hlut á, og um leið og svertinginn kom upp á bakkann, rétti vörðurinn að honum eldspítu. Án minstu umsvifa hljóp svertinginn að verðinum og sló hann heljarhögg í andlitið. Vörðurinn féll sem dauður niður. Svertinginn dró hann úr vegi niður fyrir bakkann; þar batt hann skyndilega hendur hans og fætur hans, setti kefli í munn honum, — alt á svipstundu.

Í þessu komu tveir menn aðrir í ljós. Þeir voru ríðandi og teymdu hnakkhest og nokkra áburðarhesta. Er þeir komu að námunni, stigu þeir af hestum sínum. Nú hófst undarleg athöfn. Einn maður kleif upp á flóðgáttar-stýfluna og opnaði hana með járnkarli. Það gjörðist á fáum sekúndum. Þá greip hann skóflu og mokaði því, er í kössunum var, í strigapoka, er hinir héldu í sundur. Þeir tóku að eins úr fjórum kössum. Síðan bundu þeir pokana saman og lögðu þá á áburðarhrossin. Alt þetta gjörðist í flughasti og ekkert orð talað. Eftir hraðvirkni þeirra að dæma, hlutu menn þessir að vera afbragðs námamenn.

Frá tjöldunum heyrðist til nætur-verkamanna, er sátu þar að máltíð, og skrölt í diskum og knífum; en ljósin sendu bjarma mikinn gegnum vegg strigatjaldanna. Verkstjórinn kom út úr tjaldinu. Hann nam staðar til þess að venja augun við myrkrið. Síðan tók hann að skygnast eftir námunni. Svo gekk hann inn aftur. Mennirnir í stýflunni unnu af kappi; bakkinn huldi þá fyrir þeim, er í tjaldinu voru. — — —

McNamara hafði lýst auðæfum námanna svo glæsilega fyrir Helenu Chester, að hún þráði mjög að sjá, er gullið væri tekið úr þeim. Þau höfðu því riðið út þangað og ætluðu að verða þar við kveldverð. Hún vissi, að hann hafði ráðstafað því við konu verkstjórans, að öll þægindi yrðu þar á reiðum höndum fyrir hana.

Þegar hún kom í nánd við Midas-námuna, tók hún að spyrja McNamara, hvernig á því stæði, að vinir hennar voru hraktir af eign þeirra, og hafði hann svarað henni, að því, er henni virtist, samkvæmt sannleikanum.

Hann sagði, að landaþræta stæði yfir — annar maður þóttist eiga það —, og meðan málið stæði yfir, væri hann settur af réttvísinni til þess, að annast verkið og sjá um, að hvorugur málsparta yrði fyrir órétti. Hann virtist tala af hinni mestu einlægni, svo að hún var glöð yfir því, að hafa fengið ljósa skýringu á málinu.

Hún hafði komið með þeim ásetningi, að vera þar um nóttina og sjá morgun-vinnuna. Tækifærið fyrir umboðsmanninn, að komast inn undir hjá henni, var sérlega gott. Hann sýndi henni um alt, alla vinnu-aðferð, og skýrði fyrir henni margt, er henni var ókunnugt um. Hann var ekki að eins maður, er gekk í augu kvenna, heldur sá hún og, að hvar sem hann kom, sýndu menn honum mestu lotning, og ekkert hefir meiri áhrif á konu, en að sjá menn gædda slíku valdi. Um kveldið var hann hjá henni; talaði mjög um fyrri æfi sína, og átti saga hans vel við íbúðina þeirra þá: tjaldveggina,

er settir voru dýraskinum á ýmsum stöðum. Alt var fremur útilegumannalegt. Hann var skarpur í athugunum og hygginn kvenveiðamaður. Honum hafði tekist, að flækja hana svo í orðaneti, að hún var nær því andlega máttlaus, og vissi vart, hvað segja eða gjöra skyldi. Um miðnætti fór hann í tjald sitt. Hún vissi, hver endir hlyti hér á að verða, en vissi þó ekki, hverju hún skyldi svara, er spurningin kæmi, er lá bak við alt þetta. Stundum fann hún með áþægju, hvert undra-aðdráttar-afl maður þessi hafði á hana; en samt gat hún ekki treyst honum til fulls. Aftur datt henni Glenister í hug, hinn ákafi og ólmi. Hún bar þessa tvo menn saman, er að sumu voru svo líkir, en að öðru leyti svo gagn-ólíkir.

Þá er hún heyrði að nætur-vinumennirnir voru farnir að borða, kastaði hún silkisjali á höfuð sér og gekk út í nætursvalann. Hún gekk niður að læknum. "Nokkrir andardrættir af hreinu lofti og svo í rúmið", sagði hún við sjálfa sig. Hún sá stóran mann og gekk til hans. Hann virtist gefa nákvæmar gætur að henni, næstum því eins og hann væri hræddur við hana. Það kom vafalaust af því, að konur voru fáséðar þar úti, og, ef til vill, af því, hve framorðið var orðið. "Burt með tízkutepur! Þetta er land frelsisins. Hún vildi tala við manninn", svo hugsaði hún. Maðurinn lét höttinn síga og gekk burt, er hún kom. Hún hafði rétt áður verið að hugsa um Glenister, og nú tók hún eftir því, að þessi maður hafði sömu breiðu herðarnar, og bar höfuðið álíka hátt. En alt í einu sá hún

sér til skelfingar, að þetta var svertingi. Hann hafði byssu í hendi og gætti Helenar vandlega, en eins og með efablendni.

Til þess að rjúfa þögnina, spurði hún hann einhvers. Þá er hann heyrði rödd hennar, hrökk hann við, gekk að henni og mælti:

“Hvað er þetta?”

Svo snöggþagnaði hann og stamaði út úr sér í breyttri og óeðlilegri rödd:

“Ja-á, ungrú! Eg er varðmaðurinn”.

Hún sá tvo aðra svertingja, er voru að vinna fyrir neðan. Hún varð hálf-hissa, einkum á því, að þeir unnu af óvanalegu kappi, þjótandi til og frá. Hún sá hesta, er stóðu á brautinni, og hana grunaði, að eitthvað nýstárlegt væri á seiði. Hún snei sér að manningum og opnaði munninn til þess að tala; en í því heyrði hún í grasinu fyrir neðan einhverja hreyfing eða hljóð. Það var þung stuna. Aftur heyrðist stuna — frá mannsbrjósti. — Eitthvað óvanalegt var á ferðum. Hún hafði heyrt getið um námu-ræningja, er oft gjörðust djarftækir eftir gula málminum, — og þó gat það varla verið. Hundruð manna voru rétt hjá. Hún heyrði hlátra þeirra. Rétt hjá voru önnur tjöld. Ef hún gæfi hljóð frá sér, yrði alt í uppnámi. Og vitleysa; hér voru engir ræningjar, — og nú stundi maðurinn í þriðja sinni.

“Hvað er þetta?” spurði hún.

Svertinginn miðaði byssunni á hjartastað hennar, án þess að svara.

“Hrærðu þig ekki!” mælti hann loks. “Við er-

um óðir af örvæntingu og þolum engan tálma”.

“Ó, þið eruð að stela gulli —”.

Hún var afar-hrædd, en stóð samt í sömu spor-um. Vörðurinn skifti athygli sinni milli hennar og tjaldanna fyrir ofan. Loks gáfu félagar hans hon-um merki um, að þeir væru tilbúnir. Pokarnir voru komnir á áburðarhestana. Vörðurinn tók þá til orða:

“Eg veit ekki, hvað eg á að gjöra við yður. Eg býst við, að eg verði að binda yður”.

“Hvað þá?” spurði hún.

“Eg verð að binda yður og kefla, svo þér get-ið ekki kallað menn hingað”.

“Ó, eruð þér svo djarfur?” mælti hún þrungin af bræði. “Eg skal standa hér grafkyr og ekki láta til mín heyra unz þið eruð farnir. Eg lofa því!” Hún leit til hans bænaraugum, en hann leit undan, svo hún sá að eins utan á andlit hans.

“Látum það þá vera svo. En svíkið mig ekki! Eg ætla að fela mig í runninum þarna og miða byssunni á yður, unz hinir eru farnir”. Hann hljóp niður bakkann og á bak, og þeir héldu þrír af stað eins hratt og hestarnir komust og hurfu brátt. Hún heyrði að eins svipuhögginn.

Þeir voru löngu horfnir áður en hún hreyfði sig, þótt hún vissi, að enginn hafði dvalið eftir. Hún horfði undrandi út í bláinn, því um leið og þeir fóru hafði hún heyrt part af setning, er einn sagði, en í þeim parti kom fyrir orðið: ‘Helen’. Og einmitt af því gjörði hún ekki aðvart strax. — Hún tók að tengja saman ýmsa parta af því, er fyr-

ir hafði komið í þessu æfintýri. Hún hugsaði um limalag mannsins, er tók hana sem fanga. Hræðslan hvarf með öllu, en áhugi mikill kom í staðinn. — "Nei, nei — það er ómögulegt, og þó held eg að það hafi verið hann! Ó, skyldi það geta verið? Limaburðurinn svo fallegur". Hún opnaði munninn til þess að kalla, en hætti við það. Hún hélt samt til tjaldanna, en gjörði þó ekki aðvart að sinni. Hana langaði til þess. Hví skyldi svona djörfum ræningjum hlíft, er buðu birginn lögboðum móðurbróður hennar og herra McNamara? — Þetta voru reglulegir þjófar, glæpamenn, lögbrjótar, er verðskulduðu hegning. En svo mundi hún eftir niðdimri nótt, er hún sjálf titraði af dauðans angist, en tveir menn skýldu henni með eigin lík-ömum sínum fyrir kúlnaregninu.

Hún hélt inn í tjaldið. Hver maður reis á fætur hart og títt, er þeir sáu náföla andlitið hennar; augun leiftrandi, hárið flaksandi.

"Stýflu-ræningjar!" hrópaði hún. "Fljótt! Vörðurinn tekinn fastur og meiddur!"

Mennirnir ráku upp öskur, svo að drundi í næturloftinu, sumir lítt klæddir.

"Hvar? Hverjir gjörðu það? Hvert fóru þeir?"

McNamara kom þegar út, reiðilegur og bjóðandi. Hann virtist þegar skilja, hvernig á öllu stæði, án þess að láta Helenu skýra nokkuð fyrir sér.

"Komið, drengir! Við skulum handsama þrælana! Takið út hestana! Fljótt nú!"

Han nvar þegar kominn á hest. Hinir söfnuðust utan u mhann. Hann benti með langa handleggnum upp til fjallanna. "Skiftið ykkur í flokka; fimm í hverjum og þekið hólana. Hlaupi einhver til málþráðarstöðvanna og kalli Voorhees hingað og herflokk!"

Þá er þeir ætluðu að ríða af stað, kallaði Helen: "Stöðvið þið! Þeir fóru niður eftir veginum, — þrír svertingjar".

Hún benti út eftir dalnum, út í myrkva sjóndeildarhringinn, og þangað héldu leitarmenn.

---



## X. KAPITULI.

## Vitsmunir æfintýra-konu.

Svertingjarnir þrír héldu upp með læknum, fram hjá tjöldum mörgum, alt þar til að lækurinn kvíslaðist. Þar sneru þeir til hægri handar og ráku hestana eins og þeir komust. Þeim hafði tekist að komast á sjaldfarinn veg, svo þeir slyppu hjá eftirreiðinni. Áður en þeir skildu við dalinn, stöðvuðu þeir hestana sprengmóðu, fóru að tjörn nokkurri og þvoðu svertuna úr andlitunum eins vel og unt var. Þeir lögðu hlustirnar við hverju hljóði, er kynni að koma frá eftirreið. En er ekkert þvílíkt heyrðist, tóku þeir að verða ugglausir og tala saman. Með morgunsárinu fóru þeir yfir hálendið mosavaxna og námu svo aftur staðar; tóku söðla af hestum sínum og földu þá milli kletta tveggja.

Brauðsnúða-Simbi skildi þar við þá og reið í suðurátt niður með Þurralæk til borgarinnar. Hinir jöfnuðu klyfjarnar niður á alla hestana, og létu þannig á hálf-uppgefnu áburðarhestunum og héldu til austurs með hina fimm hesta.

“Eg held við ætlum að komast í kröggur með þetta alt”, sagði Dextry og leit eftir veginum. — “Fari svo, þá ætla eg að halda áfram að vera svertingi. Ilmurinn af andliti mínu er eins sætur og af uppstroknum presti. Eg hugsa, að við fáum helvítis-miklar stefnur og lagaskvaldur á morgun”.

“Hvað skyldi Helen hafa verið að gjöra þar?”  
 Þetta var svar Glenisters og heldur út í hött. Hugur hans var meira bundinn við hana, er hún stóð fyrir byssu hans, en alt annað í þessu æfintýri. “Ef hún skyldi nú komast að, hver þessi svartí mannhundur var”. Sú hugsun kvaldi hann.

“Heyrðu, Dex! Eg ætla að eiga þá stúlku!”

“Eg veit ekkert um það”, svaraði Dextry. “En þér er þá betra, að líta eftir McNamara”.

“Hví það? Hvað áttu við?”

“Haltu áfram! Stöðvaðu ekki hestana! Eg er ekki steinblindur. Get lagt saman tvo og tvo”.

“Þú leggur aldrei þ a u t v ö saman! Hvað gengur þa þér? Veiztu ekki, að maðurinn er fúlmennt? Hann skal aldrei fá hana! Hún mun komast að, hver maður hann er. Eg elska hana svo heitt, að — eg get ekki lýst því. Ó, þú skilur það ekki”.

“Um-m. Eg býst ekki við því”, nöldraði Dextry. En undarlegur glampi kom í augu honum; er líklega heyrði til liðinnar tíðar.

“Hann getur vel verið endemis-maður”, mælti Dextry skömmu síðar. “Eg skal ganga inn á það. En hann er fríður sýnum, mannskrattinn, og framkoman er snyrtileg. Hann er þar að auki hugdjarfur maður. Þessir eiginleikar sigra hverja drotning, — rauða, gula eða hvíta”.

“Gjöri hann það, ef hann þorir!” mælti Glenister. Andlitið hans varð nokkuð hörkulegt.

Í dögum komu þeir niður í Nome-ár dalinn. Þar höfðu þeir gott fylgsni til þess að þvo sandinn úr

pokunum, er þeir unnu að eins hart og unt var, því næg hætta var á, að þeir myndust. Gullið var ákaflega mikið og sumt í stórum hnöllum.

Skömmu síðar riðu þeir félagar til borgarinn, — en sinn í hvoru lagi. Þar gaus yfir þá óskaplegur orðastrumur um hið skelfilega stýflu-rán, er framið hafði verið um nóttina. Úti fyrir lá 'Roanoke', og gaus mórauði kolareykurinn upp um reyk-háfinn. Bátur var í síðasta sinni á leiðinni í land frá skipinu.

Glenister knúði þreytta hestinn sinn niður til strandar og bað um flutning út í skipið.

"Ómögulegt! Of seint að komast út, — síðasti bátur á leið í land", var honum svarað. "Þú verður að bíða eftir flotanum — bara ein vika — og nú blæs hún".

Glenister beit á jaxlinn.

"Fljótt! Komið þið, piltar!" hrópaði hann. "Eg vil fá léttasta bátinn og bezt ræðarann úr hópi ykkar. Kem eftir 5 mínútur. Það koma hundradalir í vasa ykkar, ef við náum skipinu".

Hann reið eins og hann komst upp strætið. Wheaton hraut mjög ánægjulega, er hann var þriinn á loft fram úr rúminu, hristur og skekinn, unzhann var glaðvaknaður og drifinn í nokkur nauðsynlegustu klæði. Með þessu fylgdu ákveðnar skipanir. Sá, er þetta framkvæmdi, var Glenister. Lögmaðurinn fékk hvorki tíma til að mögla eða spyrja, því Glenister þreif töskuna hans, og stakk niður í hana skjalabunka, er lá á borðinu.

"Flýttu þér, maður!" hrópaði hann. Lögmað-

urinn hringsnérist innan um skrifstofuna eins og hræddur héri, leitandi að hinu og þessu. "Hamingjan góða! Ertu dauður? Vaknaður! Skipið er að fara!" Glenister dró hann svefnþrunginn niður strætið, niður til strandar. Um leið og þeir hlupu í bátinn, hrundu þeir, er hjá stóðu, bátnum út í brimgarðinn. Eftir nokkrar dýfur, var hann kominn út fyrir brimboðana, og árarnar kengbeygðust í höndum ræðaranna í hverju áratogi.

"Eg held að eg hafi engu gleymt", sagði Wheaton. "Eg var tilbúinn í gær; en eg gat ekki fundið þig í gær, svo eg hélt að öllu væri lokið".

Glenister fór úr kápunni, sneri sér frá í bátnum og féll á árar, til aðstoðar ræðurunum. Þeir fjarlægðust brátt ströndina, og tvær mílurnar milli strandar og skips styttust fljótt. Hann herti á mönnum svo að svitinn bogaði af þeim. Þá er þeir voru komnir hálfu leið, rak Wheaton upp hljóð og Glenister hætti bölvandi að falla á árar. 'Roanoke' var tekin að hreyfast.

Ræðararnir hættu að róa, en Glenister skipaði þeim, að róa af öllum kröftum. Hann þreif bátstjaka og stakk honum í ermarnar á kápu sinni. Hann hélt veifu þessari yfir höfði sér og mennirnir hömuðust á árunum. Um hríð var þetta árangurslaust; en svo gaf skipið merki og hægði skriðið. Glenister þurkaði af sér svitann og leit brosandir til Wheaton's.

Er þeir litlu síðar lágu við hlið skipsins, rétti hann leðurpoka að lögmanninum.

"Hér eru nægir peningar til þess að vinna mál-

ið. Eg veit ekki, hvað mikið það er, en það nægir. Guð fylgi þér! Komdu fljótt aftur!"

Kaðli var kastað niður og Wheaton dreginn upp í skipið á honum, með skinnpokann bundinn við sig.

"Áríðandi!" hrópaði Glenister til embættismannsins á skipsbrúnni. "Embættismaður í stjórnarþarfir". Eimvélin tók til starfa og skipið tók á rás aftur.

Þá er Glenister kom á land aftur, kallaði Helen Chester til hans og bauð honum sæti við hlið sér. Áður hafði ekki þurft að kalla hann þangað. Eins var stilling hans, sem, ef til vill, kom af þreytu, óvanaleg. Hann lét fallast á heita sandinn við hlið hennar. Hún sá nú í fyrsta sinni, að dirfskan í augnaráðinu var með öllu horfin.

"Eg horfði á kappróður ykkar", sagði hún. — "Það var mjög gaman. Eg hrópaði fagnaðar-merki fyrir ykkur".

Hann brosti hæglátlega.

"Hvað kom yður til að halda áfram, eftir að skipið lagði af stað? Eg hefði gefist upp, — og grátið".

"Eg gefst aldrei upp við það, er eg vil öðlast".

"Hafið þér aldrei neyðst til þess? Það er þá af því, að þér eruð karlmaður. Kona verður oft að fórnfæra miklu".

Helen bjóst við, að hann myndi halda áfram í þá átt, að hann hætti ekki við áform sitt með hana, fyrr en hann hefði eignast hana, — en hann þagði. Hún var ekki viss um, að henni félli þetta

hæglæti hans eins vel og ástar-ofsinn hans áður. — Glenister fann sanna hvíld í því, að vera svona nálægt henni, eftir hættu og strit næturinnar. Hún sá, að hann, með leynd, klappaði klæðafaldi hennar.

Ef hún að eins gæti gleymt nóttinni á skipinu. “En hann er að reyna að bæta úr því eins vel og honum er unt”, hugsaði hún. “En engri stúlku getur þótt vænt um mann, er slíkt gjörir”. Og þó kendi hún einhverrar fremur þægilegrar tilfinningar, er hún mintist, hvernig hann hélt henni fast að hjarta sér þá nótt. Og þakklátsemi hennar vakti það, er hún hugsaði um, að hann hafði með líkama sínum frelsað hana frá bráðum bana morðnóttina hræðilegu. Og henni hefði ekki tekist að komast úr sóttgrunaða skipinu og koma fram erindi sínu, hefði það ekki verið fyrir hans aðstoð.

Hún var í stórskuld við hann.

“Hafið þér frétt, hvað kom fyrir góða skipið ‘Ohio’?” spurði hún.

“Nei, eg hefi verið svo önnum kafinn, að eg hefi ekki komist til að spyrjast fyrir um það. Eg hefi að sönnu heyrt, að heilsugætir hafin kyrsett hana — ‘Ohio’ — er hún kom”.

“Hún var send til Eggja-eyjar með öllum farþegum. Hún er búin að vera þar meira en mánuð, og verður þar líklega í alt sumar”.

“Það er sorglegt fyrir mannagarmana, er á henni voru”.

“Og það er yður að þakka, að eg er ekki ein meðal þeirra”, segði Helen.

“Eg gjörði ekki mjög mikið”, svaraði hann. —

“Slagsmálið var bara gamanleikur. Það er dálítið harðara, að horfa á, að eigum manns sé rænt, og hafast ekki að, meðan —”

“Gjörðuð þér það af því, að eg bað yður — að hætta við gömlu siðina yðar?”. Meðaumkvunarblær kom á andlit hennar”.

“Vitaskuld,” svaraði hann. “Það var ekki mjög auðvelt, en —”.

“Ó, eg þakka yður af öllu hjarta”, mælti hún. “Eg veit að það var réttast og bezt. Arthur móðurbróðir minn vill ekkert rangt gjöra og herra McNamara er heiðarlegur maður”.

Hann snerist snögt að henni og ætlaði að segja eitthvað, en hætti við það. Hann vildi ekki segja það, er hann þóttist viss um. Hún trúði frænda sínum og vini hans, — og hann vildi sízt geta McNamara að nokkru.

Hún hugsaði með sjálfri sér: “Ó, að þú hefðir ekki gjört það, sem þú gjörðir í nótt”. Hana sárlangaði til að hjálpa honum í vandræðum hans. En hvað gat hún gjört? Lögin voru svo flókin, brögðótt og ill viðfangs.

“Eg var í nótt út við Miðas”, sagði hún, “og kom ríðandi hingað í morgun. Þetta var djarft rán. Sýnist yður ekki svo?”

“Hvaða rán?”

“Hvað þá? Hafið þér ekki heyrt fréttirnar?”

“Nei!” svaraði hann ákveðið. “Eg kom rétt núna”.

“Náman yðar var rænd. Þrír menn tóku varð-

manninn höndum um miðnætti og gjörtæmdu stýflurnar”.

Honum tókst til fullnustu að gjöra sér upp undran og spurði hana ótal spurninga. Henni féll það samt sem áður vel, að hann var ekki svo ósvífinn, að horfa beint í augu henni. Hann var ekki fullnuma lygari. McNamara hafði stál-taugar. Hún bar þá saman og yngri maðurinn græddi við þann samburð.

“Já, eg sá það alt saman”, sagði hún. “Svertinginn vildi binda mig svo að eg gæti ekki gjört aðvart um ránið. En hann var of göfuglyndur til þess, að framkvæma það. Hann var einkar mannúðlegur svertingi”.

“Hvað gjörðuð þér, þá er þeir voru farnir?”

“Eg hélt heit mitt og beið, unz þeir voru horfnir. Þá gjörði eg tjaldbúum aðvart, og McNamara og menn hans héldu eftir þeim niður slóðina eftir leiðsögu minni”.

“Niður brautina!” greip Glenister framí,—hann gætti sín ekki.

“Já, náttúrliga. Haldið þér að þeir hafi farið uppeftir?” Hún horfði gletnislega í augu honum, en hann leit undan. “Nei, þeir fóru í þá átt og eg vísaði þeim rétta leið”. Það var hlálegur glampi í augum hennar og hann fann blóðið streyma sér til höfuðs og suða færðist fyrir eyrun.

Hún vísaði þeim niður eftir! Þarna kom ástæðan fyrir því, að þeim var ekki veitt eftirför! Hún horfði fast á hann, en hann leit stöðugt undan. — Hana hlaut að gruna eitthvað. Glenister var ráða-



laus. Aftur ólgaði ástin á henni í hjarta hans. En ungfrú Chester þóttist ekki viss um, að hún hefði nú fult vald á tilfinningum sínum. Hún tók því það ráð, að halda af stað til hótelsins. Um leið og hún fór, mælti hún: "Eg sá mennina nákvæmlega og þekti sérhvern þeirra mætavel".

Heima hjá sér hitti Glenister Dextrý. Hann var að þvo af sér svertuna.

"Ungfrú Chester þekti okkur alla í nótt", sagði hann.

"Hvernig veiztu það?"

Hún sagði mér það sjálf rétt núna; og það, sem meira er í varið: Hún narraði leitarmenn McNamara niður veginn í staðinn fyrir uppeftir".

"Hamingjan góða! Hún er gersemi! Hún hefir jafnað reikning sinn við okkur nú. Við skulum vega það, sem við náðum — gaman að vita, hvað mikið það er". Hann tók ábreiðuna af rúminu sínu, tók þaðan fjóra leðurpoka, blauta og óhreina.

"Það hafa verið \$20,000 með því er eg gaf Wheaton", sagði Glenister.

Í þessum svifum var hurðinni hrundið upp. — Glenister fleygði ábreiðunni á sinn stað, þreif sexhleypu, er Dextrý hafði lagt frá sér, og miðaði á dyrnar.

"Skjótið ekki, drengir!" kallaði aðkomandi sprengmóður. "Ó, hvað þið eruð taugaveiklaðir!"

Glenister lét byssuna síga. Þetta var Cherry Malotte. Þeir sáu þegar á andliti hennar, að hún hafði hlaupið af öllum mætti. Hún sinti engum spurningum, en lokaði hurðinni og setti slagbrand

fyrir. Nú hrökluðust orðin fram úr henni með andköfum.

“Þeir eru á hælunum á mér, drengir! Forðið ykkur fljótt! Þeir koma!”

“Hvað er að?”

“Hverjir?”

“Flýtið ykkur! Eg heyrði á tal þeirra McNamara og Voorhees. Einhver hefir þekt yður eða gizkað á, að þið væruð ræningjarnir. Eg læddist út um afturdyrnar og óð yfir forina. Sjáið, hvernig eg er útötuð!” Hún stappaði forina af litlu, fallegu fótunum sínum.

“Eg skil ekki, við hvað þér eigið”, sagði Dextry og leit um leið til féлага síns varúðar-augum. “Við höfum ekkert ilt aðhafst”.

“Jæja, þá er öllu óhætt. Eg kom til þess að gefa ykkur tækifæri til að flýja, því að þeir hafa tekið út stefnu á hendur ykkur fyrir stýflu-þjófnað. Þarna koma þeir!” Hún þaut að glugganum og þeir horfðu yfir herðar hegni.

Þau sáu McNamara, Voorhees og þrjá menn aðra koma neðan þröngu brautina.

Húsið stóð sérstakt. Aðkomumenn höfðu góða útsjón alt um kring. Flótti var ómögulegur. Og nú sást, að sjötti maður hafði bæzt í hópinn. Hann hafði átt að gæta bakdyranna.

“Hamingjan góða! Þeir leita í húsinu!” sagði Dextry. Þeir litu áhyggjufullir hvor á annan.

Í flýtir þreif Glenister pokana undan ábreiðunni og hljóp með þá inn í aftara herbergið, en kom brátt

aftur. Herbergin voru svo ber og nakin, að var hægt að fela.

“Eg sagði þér, að hann væri illur viðureignar”, sagði Dextry um leið og fótatak þeirra heyrðist. “Og hann er heldur enginn asni. Í stað þess að vera teknir uppi í fjöllunum, verðum við að gjöra upp reikninginn hér. Við hefðum átt að fela gullið einhversstaðar”.

Hann spenti byssuna sína. Á andlitið kom ákveðinn hörkusvipur.

Cherry Malotte sá, að breyting mikil varð einnig á Glenister. Þar kom í ljós ofsi og hugrekki, er öllu mundi bjóða birginn. Þeir voru teknir að berja á dyr. Þau þrjú, er voru innan dyra, stóðu ráðalaus. Glenister kastaði pokunum á rúmið.

“Farðu inn í aftur-herbergið, Cerry! Það verður róstudamt hér!”

“Hver er úti?” kallaði Dextry út, til þess að tefja tímann. Alt í einu þaut Cherry að ofninum, köldum og tómum. — Þar höfðu menn ofna sívala, háa og all-stóra og voru kolin látin ofan í þá. — Hún lyfti upp lokinu og sá, að ofninn var hálf-fullur af ösku. Hún leit skyndilega til Glenisters, er skildi þegar hugsan hennar. Hann setti pokana í ofninn og huldi þá ösku. Þetta gekk alt fyrir sig á svipstundu, áður en Dextry var búinn að fá svar.

Nú opnaði Glenister dyrnar, einkar rólegur og hleypti gestum inn.

“Við höfum skipunarbréf í höndum þess efnis, að rannsaka hús þetta”, sagði Voorhees.

“Að hverju eruð þið að leita, pilt-kindur?”

“Gullsandi frá Steðjalæk”.

“Gott og vel — leitið þið eins vel og ykkur þóknast”.

Þeir leituðu af kappi í hverjum krók og kyma og litu hvorki við stúlkunni né gamla manninum. Glenister var með smá gletni, en sjáanlega við öllu búinn.

McNamara stýrði leitinni. Uppgjörðar-ljúf-menskan var nú með öllu horfin og maðurinn kom nú fram í sinni réttu mynd: — djarfur, ógnandi, miskunnarlaus. Þeim félögum sýndi hann egnandi fyrirleitning.

Þeir leituðu mjög vandlega. Í hvert skifti, er þeir komu að ofninum, hættu hjörtu þeirra þriggja að slá. Loks lyfti Voorhees upp lokinu og leit niður í ofninn. Á sama augnabliki rak stúlkan upp angistar-ép, hljóp á Dextrý og greip um herðar honum. Voorhees leit snögt við, sá hvað um var að vera og hætti leitinni.

“Skjóttu ekkil!” grátbændi hún gamla manninn. “Vertu rólegur. Þeir geta ekki fundið. Það er ekkert að óttast!”

Voorhees hafði ekkert séð til athafna Dextrýs; en stúlkan hafði séð, hvað honum bjó í skapi. McNamara kom í skyndi fram úr innra herberginu, illúðlegur og reiðþrunginn.

“Látið þá skemta sér við að leita”, sagði stúlk-an aftur. “Verið rólegir og gjörið engin ofbeldis-verk”.

Voorhees fundust embættisskyldurnar hvíla fremur þungt á sér, er hann leit í hin ógnandi augu

þeirra féлага, og hafði komist að því, að púðurbirgðir voru nægar í húsinu. Honum virtist ekki ólíklegt, að þeir teldu ekki eftir honum svo sem eitt hálf pund af þessu eldfima efni.

“Hér er ekkert að finna”, mælti hann. McNamara að eins bölvaði honum. Nú talaði hann í fyrsta sinni til þeirra féлага.

“Eg hefi hér skipunar-bréf til þess að handtaka ykkur; en mér er ekki um að gjöra það. Eg er ekki nærri búinn enn, — langt frá. Eg skal kúga ykkur — kúga ykkur báða!” Hann fór út ásamt marskálkinum, kallaði á varðmennina og fór á brott niður veginn.

“Heyrðu Cherry! þú ert hreinasti gimsteinn!” mælti Glenister. “Þú hefir tví-bjargað okkur. Hjartað mitt ætlaði að rifna, er Voorhees leit niður í ofninn. Næsta augnablik ætlaði hláturinn að kæfa mig, er eg sá svipinn á Dextry.

Glenister lagði báðar hendur á axlir henni. Er hún leit framan í hann og fann hann snerta sig, þrútnaði hálsinn hennar, brjóstin hófust í öldugangi og kvenlegur, yndislegur sakleysisblær breiddist yfir hana alla. Brátt náði hún sér samt og kæruleysisómurinn kom aftur í röddina og augun kólnuðu.

“Þið treystuð mér ekki í fyrstu. — var ekki svo? einhverntíma munuð þið viðurkenna, að ‘gamlir vinir eru bestir’.”

Um leið og hún fór sagði hún hæðnislega: — “Heyrið drengir! Þið eruð óæfðir spellvirkjar enn. Þið þurfið kenslukonu!”

## XI. KAPÍTULI.

## Slagur og skrifleg stefna.

Óveðursþrungni, grái himininn var mjög í líkingu við skapsmuni Glenisters. Allan síðasta mánuð hafði hann verið sem ljón í búi, tryltur og ólmur út úr því, að fréttu ekkert frá Wheaton. Þessi óvissa og aðgjörðaleysi var nægilegt til þess, að gjöra mann, með hans skapferli, sjón-vitlausan. Hann gat ekki hugsað um eða starfað að neinu ákveðnu. Óréttur sá, er hann varð að þola, lá svo þungt á honum. Hann var á sveimi kringum Midas-eignina, til þess að reyna að ná í fréttir af verkinu; en McNamara leyfði engan aðgang, nema verkamönnum sínum; svo þó að því væri logið, að það væri verið að vinna námuna í skjóli laganna, fengu þeir þó ekki að vita sannar fréttir, nema á skotspónum. Sambandið milli dómarans og McNamara og þar af leiðandi dráttur á öllum málum, var orðið svo óvinsælt, að hótanir gegn þeim voru farnar að heyrast.

Þó að McNamara væri búinn að ná undir sig öllum beztu eignum þar í grendinni, var mönnum í Nome þó ekki full-kunnugt um, hvað þetta samsæri var yfirgripsmikið.

Þótt undarlegt megi virðast, tók eldætan mikla og ofstopamaðurinn Dextrý þessu með stakri þolin-

mæði. Hann var oftast uppi á hólnum, að leita að nýjum námalóðum.

Þegar fram á daginn leið, rauf til í lofti og sást þá reykjastólpi hefjast við hafsbrún og kom eimskip brátt í ljós. Það stefndi til lands og sá Glenister í sjónauka sínum, að það var 'Roanoke'. Þegar skipið kom nær, reyndi Glenister að kaupa menn til að róa sig til skipsins, en þeir neituðu því með öllu, þar eð sjór var ófær sökum brims.

"Ósjórinn er ógurlegur og það er alt of kalt veður til þess að drukna þægilega". Hann varð enn að taka á þolinmæðinni.

Hver dagur sem leið, var margra dala virði fyrir hann, og það virtist, sem náttúran væri mönnunum samtaka um, að vera honum andvíg; því að um nóttina hvesti enn meira og um morguninn hjó skipið hvikuna í hlé við Sleða-ey, margar mílur til vesturs, en brimið dundi á ströndinni. Heyrst hafði því fleygt, að Bill Wheaton væri á skipinu með stefnu eða skipun eða lagaboð eða eitthvað, er steindræpi McNamara. Hann hrúgaði gulli sínu í Alaska bankann og þar bjuggust menn við, að slagurinn stæði. Engum kom til hugar, að McNamara mundi láta féð laust með góðu.

Á þriðja degi lá skipið beint út af bænum og björgunarbátar sáu til leggja frá því. Slæpingjaflokkur safnaðist brátt til strandar.

"Hún kemst inn að brimgarðinum; en þar ferst hún".

"Við gjörðum réttast í að vaðbinda okkur, ef við kynnum að geta bjargað einhverjum", sagði

annar. "Það er hættulegt", bætti hinn þriðji við. Og það kom brátt í ljós, að svo var.

Báturinn komst inn fyrir yzta boðafallið og hélt að landi. Wheaton sást í framstafni og tveir sjómenn voru undir árum. Þeir réru lífróður á síðasta brimgarðinn; en þá reis holskefla mikil að baki þeim og fólkið í landi hrópaði sem vitlaust væri. Holskeflan gein yfir bátinn, færði hann í kaf og svalg hann. Um hríð sást ekkert nema freyðandi sær; en brátt sást báturinn á hvolfi og flutu árar og ýmislegt lauslegt í kringum hann.

Menn vaðbundnir æddu út í brimið, en það kastaði þeim jafnharðan upp í fjöruna. Brothljóð heyrðist. Báturinn var að liðast sundur. Vaðbundnu mennirnir náðu í einn manninn. Þá er hann náði andanum, hristi hann sjóinn úr þykka hárinu og brosti. Það var annar sjómæðurinn.

Skamt þar frá náðu menn líki hins sjómannsins. Hann var rotaður. Höfuðið hafði brotnað á borðstokknum. Wheaton sást hvergi.

Glenister hafði fyrstur lagt út, vaðborinn, til þess að reyna að bjarga. Eftir hrakning mikinn komst hann að bátnum, en sá ekki lögmanninn. En nú þreif hann brotsjó ógurlegur frá skipsflakinu með slíku afli, að vaðurinn, er bundinn var um mitti hans, hafði nærri hryggbrotið hann; en næsti boðinn hóf hann í loft upp og fleygði honum upp í fjöruna aftur. Hann stóð upp, þótt þjakaður væri og ætlaði að leggja út aftur, en þá lyfti sjórinn bátnum hátt upp og setti hann á kjöl. Undan honum flaut líkami



Wheatons. Hann hékk á kaðli. Þeir báru hann upp í fjöruna. Hann var að því kominn að kafna.

“Eg náði í það”, sagði hann, er hann náði andanum. Hann sló á holdvota brjóstið sitt. Öllu er vel, Glenister. Eg vissi, hvað allur dráttur var hættulegur og tefldi við brimið upp á líf og dauða”. Hann var fögur sem nár og varirnar bláar. Hann hefði skollið flatur til jarðar, hefði Glenister ekki náð í hann. Glenister brá handleggnum utan um hann og leiddi hann til bæjarins.

“Eg fór með málið fyrir hæsta rétt í San Francisco”, skýrði hann síðar frá. “Þeir gáfu út skipun þess eðlis, að skjóta má málinu til æðri réttar. Einnig fékk eg málið tekið úr höndum Stillmanns dómara. Sömuleiðis er Midas-eignin dæmd úr höndum McNamara og verður hann að skila aftur öllu því gulli, er hann hefir tekið, undir atföer að lögum. — Hvernig lízt þér á blikuna? Þetta er betra en sg bjóst við”.

Glenister neri saman höndunum af ánægju. — Loks var þessu aðgjörðaleysi lokið, og þolinmæði hans við ranglætið hafði sigrað. Ráð Helenar, þau, að bíða, höfðu reynst notadrjúg. Nú var náman hans eign aftur. Nú gat hann lagt allar eignir sínar að fótum hennar, og tjáð henni á ný ást sína og hvað góða breyting hún hefði haft á hann. Hún skyldi sjá og viðurkenna, að undir harðneskju-húðinni, er þetta vilta líf hafði sett á hann, brynni sönn og traust ást á henni. Hann ætlaði að biðja hana að bíða, þar til hún sæji, að hann hefði náð fullu taumhaldi á skapsmunum sínum.

“Það gleður mig, að eg hóf ekki bardaga, er þeir tóku eignina”, sagði hann. “Nú fáum við alt okkar aftur og peningana líka, — ef McNamara hefir ekki komið þeim undan”.

“Alt, sem nú er að gjöra, er að birta þeim Stillman og McNamara löglega skjölin. Þú kemur aftur að Steðjalæk á morgun”.

Þá er þeir höfðu skrásett skjölin á dómhúsinu, héldu þeir til skrifstofu McNamara. Hann tók þeim kurteislega.

“Eg heyrði að þér hefðuð sloppið úr lífsháska í morgun, herra Wheaton. Það var slæmt. Get eg nokkuð gjört ykkur til þægðar?”

Lögmaðurinn skýrði í fám orðum frá erindi þeirra og bætti svo við:

“Eg skrásetti staðfest eftirrit af skipunum þessum hjá dómsmála-ritaranum fyrir tíu mínútum, og nú gjöri eg löglega kröfu til yðar, að afhenda þeim herrum Glenister og Dextry Midas-námuna. Sömu leiðis krefst eg, að þér afhendið þeim allan þann gullsand, er þér hafið með höndum, samkvæmt þessari skipan”. Hann rétti honum skjölin, en McNamara fleygði þeim á borðið án þess að líta á þau.

“Slíkt kemur mér ekki til hugar að gjöra”, sagði McNamara ofur stillilega. Lögmanninum hefði ekki orðið verr við, þótt hann hefði rétt honum kinnhest.

“Hvað? — Þér — —”

“Eg sagði yður, að mér kæmi það ekki til hugar”, endurtók McNamara skarplega. Dettur yður sú flónska í hug, að eg hafi lagt út í þennan bardaga

vopnlaus? Stefnur og skipanir! Þó, þó! Þvílík barnalæti!" Hann skelli hló.

"Við skulum sjá, hver skjöldinn ber!" sagði Wheaton. Þá er þeir Glenister voru komnir út fyrir, hélt hann áfram: "Hlaupum til dómars, fljótt!"

Þá er þeir komu að hótelinu, sáu þeir McNamara skjótast þar inn. Hann hafði farið út um leynidyr á skrifstofu sinni og varð þannig fyrri að hlustum réttvísinnar.

"Þetta lízt mér illa á", sagði Glenister. "Nú er hann einhvern fjandann að sjóða saman".

Og það leit út fyrir, að svo væri, því fimtán mínútur urðu þeir að bíða, áður en þeir fengu að sjá dómarsmann. McNamara var hjá honum. Mest furðaði þá á breytingu þeirri, er dómarsmann hafði tekið þennan síðasta mánaðartíma. Hann var náfödur, horaður, óstyrkur og flóttalegur. Hann virtist eins og stelast til, að líta eftir hverri hreyfingu, er McNamara gjörði. Hlutverk hans virtist honum ofvaxið.

Dómarsmann leit yfir skjölin. Þótt hann reyndi að sýna á sér embættis-svip, átti hann bággt með að handleika skjölin. Alt skalf og hristist í höndum hans. Loks tók hann til máls:

"Mér þykir slæmt, að eg verð að efast um sannleiksgildi þessara skjala".

"Guð hjálpi yður, maður!" hrópaði Wheaton. "Þetta er löggilt samrit af skipun frá æðri dómara en yður. Hún leyfir, að skjóta málinu til æðri réttar, er þér neituðuð um, og tekur þar að auki málið úr yðar höndum. Já,— og skipar þessum manni, að afhenda

námuna og alt, er henni tilheyri. Nú, herra minn! Þér verðið að hlýða þessari skipan".

Stillman dómari leit til mannsins, er stóð þegjandi við gluggann.

"Þér ætlið sjálfsgat, að sækja um leyfi til réttarins, en eg get sagt yður fyrirfram, að eg veiti það ekki".

Wheaton horfði fast í augu honum. Loks mælti dómariinn.

"Þér segið, að þetta samrit sé löglega staðfest. Hvaða sönnun hefi eg fyrir því? Undirskriftirnar geta verið falskar. Þér hafið, ef til vill, undirritað þær sjálfur?"

Lögmaðurinn varð all-fölur við þessi orð dómarsins og virtist ætla að taka til máls, en Glenister dró hann út með sér, og sagði:

"Við skulum fara. Við sækjum þetta mál samkvæmt lögum. Taugar hans verða þá, ef til vill, komnar í lag. McNamara hefir dáleitt hann. En hann dirfist ekki að óhlýðnast æðra boði".

"Þú heldur það? Hvað heldurðu að nú standi til?" sagði Wheaton. "Ég verð að hugsa mig um. Þetta er það djarfasta tiltæki, er eg hefi þekt. Þeir sögðu mér sitt af hverju þar syðra, er eg gat ekki trúað; en líklega hefir það satt verið. Dómari óhlýðnast ekki boði æðri dómara, nema eitthvað sé "bak við tjöldin".

Þeir héldu til skrifstofu lögmannsins, en rétt eftir að þeir komu þar, kom Brauðsnúða-Simbi æðrandi inn og hrópaði:

“Andskotinn er laus! McNamara hefir tekið gullsandinn ykkar út af bankanum!”

“Hvað segirðu?” kölluðu báðir í senn.

“Eg fór inn í bankann, til þess að reyna gullblandinn stein. Málmreynirinn var í önnum, svo eg fór inn í herbergi hans. Meðan eg dvaldi þar, kom McNamara hlaupandi inn. Hann sá mig ekki. Eg heyrði hann segja þeim, að taka gullsandinn fljótt út úr öryggis-skápnum”.

“Við verðum að koma í veg fyrir það”, sagði Glenister. “Taki hann okkar gull, þá tekur hann gull Svíanna líka. Simbi! Hlauptu til Landnemafélagsins og segðu þessi tíðindi þar. Nái hann þessu gulli öllu, sézt það aldrei framár. Kom þú strax, Wheaton!”

Hann snaraðist út og hinir á hæla honum. Það sást brátt, að Simbi hafði ekki talið spor sín, því að Svíarnir komu þegar á hæla þeim, er þeir fóru inn í bankann. Fleiri höfðu fylgst með, í þeirri von, að eitthvað sögulegt væri á ferðum. Þá er hávaðinn barst að bankanum, hættu ritarað verki, og gjaldkeri greip skammbyssu, er lá hjá honum. “Hvað er um að vera?” spurði hann.

“Við viljum finna Alec McNamara”, sagði Glenister.

Bankastjórinn kom fram og Glenister talaði við hann gegnum vírgirðinguna.

“Er McNamara hér?”

Allir vissu, að herra Morehouse laug aldrei. — “Já, herra”. Hann talaði hægt og í röddinni var þýðlegur hreimur. “Hann er hér. Hvað er um það?”

“Vér höfum heyrt, að hann ætli að flytja gullsandinn okkar héðan, en við ætlum að koma í veg fyrir það. Segið honum að koma út og fela sig ekki eins og hýddur hundur!”

Við þessi orð lét McNamara sjá sig. Hann kom til bankastjórans og talaði nokkur orð hljótt við hann. Flokkurinn fyrir utan tók að gjörast ópolinmóður. Nokkrir þeirra kölluðu:

“Förum inn og drögum hund þenna út!”. Óhljóðin fóru vaxandi. Morehouse bandaði með hendinni og mælti:

“Herrar mínir! McNamara segist ekki hafa í hyggju, að taka gullið héðan”.

“Þá er hann búinn að taka það!”

“Nei, hann hefir ekki tekið það”.

McNamara hafði skyndilega breytt ráði sínu, er hann sá, hvað þeir ætluðu sér. Það var ekki hygglegt, að æsa ofstopamenn þessa um of. Þótt hann hefði ákveðið, að ná gullinu á sitt vald, var bezt að láta hér staðar numið að sinni. Bak við hurðina, er hann stóð við, voru þrjú hundruð þúsundir dollara, — vigtaðir, sekkjaðir, innsiglaðir og útbúnir til þess að takast úr umsjón þessa bankastjóra, er ekki var hægt að leiða af braut ráðvöndninnar, hvorki með mútum né fagurmælum.

Þá er McNamara leit þessi hefndþrungnu andlit, er biðu fyrir utan vírgirðinguna, sá hann brátt, að óveðrið var að nálgast. Slíkt espaði hann til mótstöðu. Hann var að vísu ekki viðbúinn svo skjótu áhlaupi; en ekki skyldi upp gefast. Hann vissi, að Glenister mundi vera foringinn, og sá, að hatrið

skein hvað hvassast úr augum hans. Hann grunaði einnig, að það væri eitthvað meira en gullsóttin, er svall í hjarta hans, og nú datt honum ráð í hug.

“Þetta mun vera eitt af yðar strákapörum, Glenister? Er ekki svo?” sagði hann í storkandi hæðnisróm. “Þorðuð þér ekki að koma einn, eða voruð þér að bíða þess, að sjá mig með laglega stúlku við hönd mér?”

Um leið opnaði hann hurð að baki sér; þar stóð ungfrú Helen Chester. “Það er ekki vert, að þér farið út með mér, ungfrú Chester. Þessi — þarna — náungi kynni — nú, jæ-ja, — þér eruð óhultari hér. Þér fyrirgefið mér, að eg verð að skilja við yður”. — Hann hélt að með þessu gæti hann komið Glenister til að fremja eitthvert óhæfuverk, svo stúlkan sæji, og bjóst einnig við, að hann sjálfur mundi vaxa í augum hennar sem hetja, er hann gengi einn, vopnlaus á móti æðisgengnum skríl. Einn móti fimtíu.

“Komdu út, bleyðimenni!” hrópaði Glenister. Storkunarorðin, og ekki sízt það, að sjá Helenu við hlið fjandmannsins, hafði kynt bræðiblossann í skapi hans.

“Ó, sjálfsagt, — eg skal koma út. En eg vil ekki að þessi ungfrú verði fyrir óskunda í höndum skrílsbræðra yðar”, sagði McNamara. “Eg er vopnlaus, en eg hefi rétt til að fara héðan tálmaust, — rétt hins ameríska borgara”. Hann hóf hendurnar yfir hfuð sér og hrópaði ógnandi: “Vikið úr vegi!” — Morehouse opnaði dyrnar og McNamara gekk rólegur gegnum miðja mannþröngina.

Það er nokkuð einkennilegt, að maður í ofsa-bræði getur vel skotið fjandmann sinn varnarlausan, jafnvel í bakið. En enginn dirfist að ráða á mann, er réttir upp vopnlausar hendur, og gengur óskelfdur gegn fjandmannaflokki. Og, það sem undarlegra er: Það er óhultara að ganga þannig gegn flokki manna, en gegn einum manni.

Þetta vissi McNamara og færði sér það í nyt. Hann lék þetta sem hetjulegast, til þess að ganga því betur í augu stúlkunnar. Allir viku úr vegi — nema Glenister. Þeir mættuð og horfðust í augu um hríð. Ungfrú Chester stóð með öndina í hálsinum, því hún sá til þeirra úr bankanum. Glenister reiddi til höggs, — en lét hendina síga aftur — og McNamara hélt leiðar sinnar.

Wheaton ávarpaði bankastjóran:

“Herra Morehouse! Við höfum hér skipan í höndum, er leggur svo fyrir, að fé þetta sé okkur afhent”. Hann afhenti bankastjóranum skjölin. “Við heimtum rétt vörn. Féð er okkar eign”.

Morehouse las skjölin nákvæmlega.

“Eg get ekki hjálpað ykkur. Þessi skjöl eru ekki stýluð til mín. Þau eru stýluð til McNamara og Stillmans dómara. Ef yfirdómurinn hefði skipað mér, að afhenda ykkur gullið, þá hefði eg gjört það þegar. En eins og sakir standa nú, get eg að eins afhent það eftir skipun þess dómara, er afhenti mér það. Það er eini vegurinn til þess, að ná því út héðan”.

“Við viljum fá það nú þegar!”



“Eg má ekki láta persónulegt álit mitt hafa áhrif á þetta mál”.

“Þá tókum við það sjálfir”, mælti Glenister. “Við höfum orðið að lúta að lægra hlut jafnan í þessu máli og þolum það ekki lengur. Komið þið, drengir!”

“Vikið til baka! — Ekki feti framar!” hrópaði Morehouse. “Piltar, takið vopn í hendur!”

Þessa skipun gaf hann bankaþjónunum um leið og hann sjálfur þreif byssu undan borðinu, er hann þegar miðaði á ásækjendur. Þjónarnir voru þegar með alvæpni. Það var sjáanlegt, að gæslufé Alaska-bankans var vel varðveitt.

“Mig langar ekki til, að sýna ykkur nokkur óvildarmerki — þvert á móti”, mælti bankastjórinn. “En féð verður að geymast hér, þar til það er tekið út á löglegan hátt”.

Mannþröngin lét sefast um hrið við orð bankastjóra, en Glenister lét aftur til sín heyra.

“Komið! Áfram með ykkur! Hver fjandinn heldur í ykkur?” Ofsa-glampinn í augum hans sýndi, að hann ætlaði ekki að láta mótstöðumenn sitja yfir hlut sínum.

Helen sá glögt, að nú var komið að því harðasta. Mönnum þessum var full alvara á báðar hliðar. Bankastjóri og menn hans ætluðu að verja heiður bankans. Hinir voru einráðnir í því, að ná rétti sínum með afli, fyrst lögin vildu ekki veita þeim hann. Alt í einu heyrði Helen völduga, bjóðandi

Flokkur hermanna með reiddum byssustingjum óð gegnum manngrúann.

“Ryðjið herbergið!” hrópaði foringinn.

“Hvað á þetta að þýða?” spurði Wheaton og var all-reiður.

“Það þýðir, að dómarrinn hefir krafist verndar herliðsins, svo að gull þetta falli ekki í ræningjahendur. Burt með ykkur!”

Múgurinn hikaði um hríð, en hlýddi loks nöldr-  
andi, því óhlýðni við hermennina bláklæddu, er þjóná Bandaríkjunum, er varhugaverð.

“Þeir nota aðstoð okkar eigin hermanna til þess að ræna okkur”, sagði Wheaton, er þeir komu út fyrir.

“Já”, svaraði Glenister, þungur á brún. “Við höfum reynt að fara lagaveginn, en árangurslaust. Þeir neyða oss til ofríkis. Þeim skal veitast það! Mannfall nokkurt mun verða hér”.

*Arnjotun B. Olsen*

*Arnþjotur B. Olsen*

XII. KAPITULI.

“Krókur á móti bragði”.

Glenister hafði haldið því fram, að dómariinn mundi ekki voga, að óhlýðnast skipun frá hærri rétti. En honum skjátlaðist þar. Skipan þessi hljóðaði þannig: “að bæði Midas-eignin og gull það, er geymt var í bankanum, skyldi tafarlaust afhent þeim félögum”.—En Stillman neitaði að hlýða boði þessu.

Wheaton boðaði Svíana ásamt lögmönnum þeirra á fund, og réði fundinum til að ganga í sameiginlegt félag, til þess að sækja mál þetta með mannafla. Og var það samþykkt með öllum atkvæðum. Dextry var kominn aftur úr fjallaför sinni og var á fundinum. Þá er um ræðum var lokið, tók hann þannig til máls á sínu einkennilega ræðusniði:

“Því er nú þannig farið með mig, að mér lætur jafnan betur að berjast, er eg veit, hverja hernaðaraðferð andskotar mínir ætla sér að nota. Eg ætla mér snöggvast að gjörast njósnarmaður, og sjá, hvað mér tekst”.

“Vér höfum leigt leynilögreglumenn í nokkrar vikur”, sagði lögmaður Svíanna, “en þeim hefir ekkert tekist að uppgötva”.

Dextry ansaði honum ekki, en leit til hans fyrir-litningaraugum.

Næstu nótt var hann við starfa nokkurn í bygging þeirri, er næst lá skrifstofu McNamara. Hann

leigði sér herbergi á lofti uppi. Hann sagaði gat í loftið og þakið og komst þannig í bygging McNamara, því húsin lágu saman. Þar sagaði hann annað gat, svo að hann gat séð og heyrt, hvað gjörðist á skrifstofunni, án þess þó að sjást sjálfur. Þar settist hann að næsta morgun með stakri þolinmæði, þótt hungraður væri og aðstaða óþægileg. Á meðan á þessu stóð, höfðu námaeigendur haft annan fund með sér. Var þar ákveðið, að senda Wheaton vel úr garði gjörðan með samrit eiðfest af gjörðum Stillmans til San Francisco. Skyldi hann fara með 'St. Maria', er lá þar á höfn. Hann skyldi færa fram sakir á dómarann og McNamara, og vonaði fundurinn, að nú fengist skjótur og gagnorður úrskurður.

Í dögum hafði Dertry tekið njósnairstöðu sína og um miðnætti yfirgaf hann leynistöð sína og fór á fund þeirra Glenisters og Wheatons.

"Þeir hafa haft njósnara á hælum þínum í allan dag, Wheaton", sagði hann, og þeir vita, að þú ætlar til San Francisco. Þú verður tekinn í varðhald með morgunsárinu".

"Í varðhald! Fyrir hvaða sakir?"

"Eg man ekki með vissu nöfnin á glæpunum, — fjölkvæni, hórdómur, meinsæri, þjófnaður eða eitthvað þess háttar, — þeir setja þig í varðhald fyrir eitthvað og þá er þeim nóg. Þeir álíta, að þú sért eini lögmaðurinn, er eitthvað viti, og það sé ekki hægt að múta þér".

"Guð minn góður! Hvað get eg gjört? Þeir rannsaka hverja kænu, er leggur frá ströndinni, og

nái þeir mér ekki þann veg, þá rannsaka þeir skipið”.

“Eg hefi gjört ráð fyrir öllu þessu”, sagði Dextry gamli. — Allar tálmanir espuðu starfsþrek hans.

“Já, — en hvernig þá?”

“Láttu mig um það. Taktu föggur þínar saman og vertu ferðbúinn að tveim stundum liðnum”.

“En eg er búinn að segja ykkur, að þeir rannsaka ‘Santa Maria’ stafna á milli”, sagði lögmaðurinn. Dextry var farinn.

“Það er best að gjöra eins og hann ræður til. Hann er bragðarefur í bezta lagi”, sagði Glenister. Lögmaður tók því að búa sig.

Dextry hafði byrjað á horninu á ‘Front’ strætí, og rannsakað öll spilahús. Þótt seint væri, var spila-græðgin ekki full-södd. Loks fann hann þann, er hann leitaði að. Tjörulyktin af fötum þess náunga og hláturinn hryssingslegi, gaf til kynna, að hann myndi sæfari vera.

“Mangi! Þú hefir að eins tvo kosti til að bera, — þagmælsku og sjómensku. Að öðru leyti ertu fyrirlitlegur, viðbjóðslegur drykkjuhundur!”

Sjómaðurinn glotti við tönn. Hann svaraði:

“Hvað er það, sem þig vantar nú? Ef það snertir peninga eða viðskifti eða siðferði, þá farðu til fjandans og ónáðaðu ekki heiðarlega sæfara. — En ef það snertir áflog, þá er eg þinn þénustu skuldbundinn Mangi”.

“Eg vil, að þú vekjir upp kyndarann þinn, og hafir fult gufu-afl á bátnum eftir eina stund. Eg borga

þér fyrir einn sólarhring og — mundu að halda kjafti”.

“Kaupin eru gjörð! Múmiurnar á Egyptalandi eru reglulegar málvélar í samanburði við mig”.

Gamli Detry hélt þar næst til leikhússins Nörðrið. Leikur stóð yfir og hann náði í mann þann, er hann hafði leitað að. Það var Stephens skipstjóri.

“Gleður mig að hafa fundið þig, skipstjóri”, sagði Detry. Nú þarf eg ekki að paufast út í skipið þitt í svarta myrkri”.

“Hvað er þér á höndum?”

Detry tók hann afsíðis. “Við félagar þurfum að senda mann með þér til Bandaríkjanna”.

“Gott og vel”.

“Nú — já — hér er nokkurt vandhæfi á”. Hann hikaði, því hann átti bággt með að biðja um greiða. “Hann er lögmaður okkar, en McNamara-illþýðið vill ekki láta hann vera á flakki”.

“Eg skil þig ekki”.

“Þeir hafa tekið út varðhalds-skipan á hann, og ætla að varna honum brottfarar. Við þurfum að fá þig til að —”

“Herra Detry! Eg er ekki að leita að málaþrasi. Eg hefi nóg á minni könnu af slíku”.

“En, gættu nú að”, sagði Detry, “við verðum að koma honum þangað, svo hann geti kveikt upp laga-eldinn í San Francisco. Við höfum verið dregnir á talar af dómara-ræfli hér. Við erum í vanda staddir”.

“Mér sárnar, að geta ekki orðið ykkur að liði,

Dextry! En eg komst í hann krappann ykkar vegna fyrir skömmu og það nægir mér í svipinn”.

“Hér er ekki um það að ræða, að fela fallegar stúlkur. Engin hætta á ferðum fyrir þig”, tók Dextry til máls; en Stephens greip fram í fyrir honum.

“Við þurfum ekki að þrefa lengur um það. Eg gjöri það ekki”.

“Ó, þú gjörir það ekki?” mælti Dextry. Það var farið að síga í hann. “Viltu vera svo náðugur, að husta á MIG eitt augnablik! Öllum er það fullljóst hér, að eg og drengurinn höfum á réttu máli að standa og að það er verið að níðast á okkur. Lögmaðurinn verður að komast héðan í nótt, annars taka ræningjar þessir hann fastan og engin leiðrétting fæstfrá æðra dómstóli. Þeir hafa hann í haldi í níutíu daga. En hann fer til San Francisco og hann fer á svælukuggnum PINUM. Eg tala við þig sem maður við mann. Ef þú neitar honum um far. Þá fer eg til heilsugættis. — Hann er vinur minn, — og eg skal gjöra svo djöfuls-víða glompu á þig og skútuna þína, að hvorugt ykkar haldi vatni eða vindi til eilífðar. Mig langar ekkert til að gjöra þetta — það er ekki í mínum vanalega verkahring, — en þetta mál verður að hafa framgang! Í raun og veru er eg enginn kjaftaskúmur, og túlinn á mér skal harðlæstur vera, ef þú ekki neyðir mig til að opna hann upp á gátt. En taki hann til að gjósa, þá er bezt, að þú lítir eftir annari stöðu, því eldflóð með brennisteini dynur þá yfir þig!” Hann sagði skipstjóra, er steinþegjandi hafði hlustað á tölu þessa

hina miklu, frá ráðagjörð sinni um ferðina. Þá er hann loks þagnaði, mælti Stephens:

“Aldrei hefir nokkur maður helt yfir mig slíkum ræðu-stórsjó — aldrei á æfi minni. Þú hefir kaffært mig, og undir þessum kringumstæðum get eg ekki neitað þér um þetta. Eg ætla að verða við bón þinni — ekki af því eg sé hræddur við ógnanir þínar — heldur vegna þess, að eg hefi heyrt getið um vandræði ykkar út af Midas-námunni, — og af því að eg get ekki annað en dáðst að, hvað þú ert hjartanlega ósvífinn og kjaftfor”. Þeir skildu með þetta.

Dextry fór til skrifstofu Wheatons. Þá er hann var rétt kominn þangað, sá hann mann, er reyndi að fela sig við næstu dyr.

“Það er vörður um húsið”, sagði hann um leið og hann kom inn. “Eru ekki bakdyr hér? Það er gott. Láttu ljósið lifa, er þú ferð; við skulum fara út um bakdyrnar”. — Þeir fóru hljóðlega út og héldu eftir óþrifalegu stræti, og strætisleysi, unz þeir komu á Annað stræti. Þaðan urðu þeir að hröklast yfir allskonar óþverra, í ótal krókum, unz þeir komust á bryggjuna. Þar fundu þeir Manga á bát sínum. Hann hafði ljóstýru uppi.

Vélin var kynt og tilbúin til starfa og Dextry sagði fyrir um, hvað gjöra skyldi. Þeir kvöddu lögmanninn. Báturinn létti akkerum og þaut af stað yfir brim og boða. Hann hvarf brátt út í myrkrið.

“Eg ætla að slökkva ljósið í herbergi Wheatons, svo að þeir haldi, að hann sé háttaður”.

“Gjörðu það”, sagði Glenister. “Með afturelding tek eg stöðu þína á loftinu hjá McNamara. Það



verður eitthvað sögulegt á morgun, er þeir sjá, að fuglinn er floginn brott”.

Þeir héldu sömu leið aftur til herbergis lögmannsins, slöktu ljósið, fóru heim og lögðust til svefns. Fyrir afturelding reis Glenister úr rekkju og settist að á loftinu yfir skrifstofu McNamara.

Að liggja á planka endilangur og horfa stöðugt gegnum lítið gat, er fremur óþægileg staða; enda var hann farinn að halda, að næsti dagur væri hættur við að láta sjá sig. Hann tók að sár-verkja um allan líkamann; en að hreyfa sig mátti hann ekki, því byggingin var ekki sterkari en það, að hún marraði og brakaði við hina minstu hreyfing. Og þótt hann hefði mátt hreyfa sig, þá var athygli hans svo bundið við það, er neðan undir gjörðist, að hann gaf þrautum þessum engan gaum.

Fyrst kom marskálkurinn inn og skýrði frá því, að Wheaton hefði sloppið úr greipum þeim.

“Hann fór úr herbergi sínu skömmu eftir miðnætti. Menn mínir læddust á eftir honum heim og sáu ljós í glugganum hans til klukkan tvö eftir miðnætti. Klukkan sjö brutumst við inn í húsið, en þá var hann farinn”.

“Hann hefir komist að ráðlagi okkar. Sendu lögregluþjóna út í ‘Santa Maria’. Láttu rannsaka skipið stafna á milli og settu vörð við ströndina; annars skýzt hann út á smábát. Sjálfur athugar þú farþega, er út á skipið fara. Treystu ekki mönnum þínum í þessu efni, því hann getur skotist dulklæddur úr höndum þeim. Hann er eins viðsjáll og slungn-

ar konur. Þú skilur mig vona eg, — að eins eitt skip er hér nú —. Hann má ekki sleppa!

“Hann skal ekki sleppa!” svaraði Voorhees með sannfæringarafli. Maðurinn, sem á hleri lá, brosti ánægjulega, því einmitt í sömu svipan var bátur Manga kominn tuttugu mílur til hafs, og kominn í námunda við eimskipið; en Bill Wheaton var að snæða morgunverð í litlu káetunni hans Manga.

Þá er á morguninn leið og engar fregnir komu af Wheaton, tók McNamara að gjörast órótt. Um hádegi kom marskálkurinn aftur með þá fregn, að farþegar allir væru komnir á skipsfjöl og skipið farið eða nær því.

“Hver and.....! Þú hefir látið hann ganga úr greipum þér!” öskraði McNamara.\*

“Neil! En hann getur verið falinn í kolahaugnum á skipinu. Eg held samt, að hann sé í landi enn, en ætli sér á einhvern hátt að ná í skipið. Frá ströndinni hefir hann ekki farið síðan lýsa tók. Eg ætla út í skipið aftur við fjórða mann og leita nákvæmar. Komi eg ekki með hann þaðan, máttu treysta því, að hann er í bænum og þá náum við honum síðar. Eg hefi sett vörð á ströndina á tveggja mílna svæði”.

“Eg vil ekki, að hann komist í brott”, sagði McNamara. “Komist hann til San Francisco, þá —. Segðu mönnum þínum, að eg borgi manni þeim \$500, er færir mér hann”.

Prem stundum síðar kom Voorhees aftur.

“Hann fór ekki með skipinu”.

McNamara kross-bölvaði. “Eg trúi því ekki!

Hann hefir teymt þig á eyrunum eins og asna. Eg veit það með vissu”.

Glenister brosti. Hann var að tönla harða brauðskorpu. Hann sneri sér hægt á bakið. Hann þekti þá, er töluðu neðanundir, á málrómnnum.

Hann lá á verði allan daginn. Seint um kveldið heyrði hann, að Struve kom inn. Hann var sæt-kendur.

“Svo hann komst þá á brott, hvað? Eg var hræddur um, að svo mund i fara. Snjall strákur, þessi Wheaton”.

“Hann komst ekki brott. Hann er enn í bænum” sagði McNamara. “Bara að eg gæti stungið honum inn, þá skal hann ekki vera á slangri fyrst um sinn”. Struve hneig niður á stól; hann var að gjörast ölv-aður mjög.

“Þetta er fjandans mikið vogunar-spil, Mac, er það ekki? Hældurðu við vinnum?” Hann var loð-mæltur.

Glenister lagði hlustir við.

“Vinum? Erum við ekki að vinna? Hvað ertu að þvögla? Að eins að hafa hendur í hári Wheaton's. Hann veit um ýmislegt smávegis. Að vita of mikið er hættulegt. Ó, ef eg hefði m a n n hér í dómarasæti í stað Stillman's rolunnar! Eg skil ekki í, því í fjandanum eg tók hann hingað”.

“Það er satt — of hjartveikur. Hann er ekki hálfur maður á móti frænku sinni. Þ a ð er stelpa, sem talandi er um. Heyrðu! Hvað yrði úr okkur. ef við hefðum hana ekki? Hvað? Hún er e i g - a n d i !” Glenister fann alla vöðva sína hnyklast

við þessi orð. Hvaða rétt höfðu vísollnu varirnar hans til þess að nefna nafn hennar?

“Hún er djörf og hyggín stúlka. Sjáðu, hvernig hún gabbaði Glenister og nautshausinn, sem er félagi hans, eins og þussa. Það þurfti á sterkum taugum að halda, að framkvæma skipanir þínar og það var vel gjört af óharðnaðri stúlku, einni síns liðs. Fyrir framkomu hennar er það, að við erum komnir svona vel á veg. Það hlægir mig, er eg hugsa um það, að þessir tveir bjálfar léðu henni bezta herbergið á skipinu, en sváfu sjálfir milli þilja hjá sauðum og nautum; og — hún var með skjölin á brjóstinu allan tímann. Og síðast en ekki sízt, að þegar við loks erum tilbúnir, þá talar hún þessa ræfla til þess, að gefa upp námuna mótstöðulaust. Þetta kalla eg aðfarir, er hljóti að vekja ást hjá þeim karlmanni, er fyrir þeim verður sér í vil af stúlku”.

Naglirnar á Glenister gengu djúpt inn í holdið hans og fögur varð hann að mun við orð þessi. Í svipinn skildi hann ekki í þessu. Hann kendi líkamlegs sjúkleika. Margar mínútur reyndi hann að hrinda frá sér þessum voðalega grun; þessari skelfing, er lögmaðurinn hálf-fulli hafði vakið í brjósti hans. Hann var ekki maður tortrygginn, og fyrir sjónum hans stóð stúlka þessi sem tárhrein, ósnortin engilmey, er ekkert sviksamlegt gæti dulist með. Hann elskaði hana. Hann var sannfærður um, að hún myndi með tímanum endurgjalda þá ást. Hann hafði ekki getað séð nokkurn þann afkyma í björtu augunum hennar, er tvöfeldni gæti dulist í. Guð í

himnaríki! — Ómögulegt! — Það var óhugsandi, að hún hefði vitað um vélræði þessi frá fyrstu byrjun.

Hann hafði mist nokkurn hluta af ræðu-þvogli lögmannsins. Nú tók hann aftur að kikja gegn um gatið.

McNamara stóð við gluggann og horfði út á strætið. Hann sneri bakinu að lögmanninum, er húkti á stólnum, þvöglandi af léttúð mikilli um stúlkuna. Glenister gnísti tönnum. Hann átti bágt með að ráða við óstjórnlega löngun til þess, að rjúfa ónýta loftið og ráða vopnlaus á níðingana tvo.

“Fögur kom hún mér fyrir sjónir, er eg fyrst sá hana”, hélt Struve áfram. Hann þagnaði; en ofsaleg fýst, holdlegs eðlis, afskræmdi andlitsdrætti hans. “Heyrðu! eg er vitlaus eftir henni, Mac. Eg segi þér satt, eg er vitlaus, — og henni lízt á mig. — Eg veit það — að henni fer að lítast vel á mig —”

“Áttu við það, að þú sért ástfanginn af henni?” spurði maðurinn, er við gluggann stóð. Algjört skeytingarleysi virtist liggja í spurningunni og ekki hreyfði hann sig það minsta. En þar sem birtan skein á hendur hans, sást að þær hvítuðu af því, að hann kreisti þær býsna fast saman fyrir aftan bakið.

“Ástfanginn af henni? Nú, jæ-ja, — það er að segja á vissan hátt. — Þú veizt, hvað eg á við — með stúlkur —”. Hann hló svolalega. Andlitið var orðið dýrslegt. “Eg hefi tangarhald á dómaranum, og eg skal ná henni —”

Þessi auvirðilegu orð dóu á vörum hans í langri

hryglu-stunu. McNamara hafði þotið á hann sem elding og rekið hann upp að veggnum. Glenister sá hann spenna greipinni annari um kverkar Struve, en vinstri hendina lét hann falla með síðu sér. Hann hélt honum þannig beint út frá sér í hægri hendi. Lögmaðurinn spriklaði sem silungur á dorg. McNamara laut höfði fram og horfði fast í augu lögmannsins. Struve var magnlaus í járngreipum þessum, er nær því höfðu kreist úr honum lífið. McNamara hélt honum þannig góða stund. Fætur hans stóðu á gólfinu, sem steinsúlur og vinstri hendin aðgjörðalaus.

Hreyfingar lögmannsins urðu æ máttminni. Í kverkum hans heyrðist urrandi sarg, augun tóku að stara og tungan kom út úr munninum. Loks hékk hann þannig hreyfingarlaus í hendi McNamara. — Glenister sá um holu sína, hvað gjörðist. McNamara fleygði honum þá út í horn og kom hann á grúfu. McNamara stóð um hríð og athugaði hann. Loks gekk hann út og kom brátt aftur með vatnsfötu. Hann velti skroknum liggjandi með fætinum, svo andlitið vissi upp og steypiti svo yfir hann öllu því, er í fötunni var. Síðan lét hann fötuna á sinn stað; tók sér sæti og kveikti í vindli. Stöku sinnum leit hann til skrokksins á gólfinu, er nú var tekinn að láta lífsmark í ljós. McNamara sat grafkyrr, dró ekki einu sinni náunga sinn úr vatnselgnum.

Struve varp þungt öndinni; stundi og velti sér á hliðina og reis loks á höm. Úr augum hans skein ofsahræðsla; en í stað ölæðisins var hann nú haldinn magnleysi miklu — og skelfing, er hann leit

tröllaukna manninn, er sat þar og reykti. Hann þuklaði um kverkar sér og andvarpaði að nýju.

“Hví gjörðurðu þetta?” hvíslaði hann. McNamara sinti honum ekki. Hann reyndi að komast á fætur, en hnén neituðu aðstoðar, svo hann féll aftur. Loks gat hann þó fótað sig og komst til dyranna. Þá mælti McNamara með vindilinn milli tannanna, á þessa leið:

“Nefndu ekki nafn hennar fram. Hún ætlar að giftast mér”.

Þá er hann var einn orðinn, leit hann forvitnisaugum upp í loftið yfir höfði sér. “Þessi kofi er fullur af rottum, eg heyrði fjölda þeirra dansa áðan”.

Litlu síðar skreið mannsmynd út um gatið á þakinu á næsta húsi og komst niður á strætið. Spölkorn á undan honum staulaðist Struve áfram með þrautum. Hefði ókunnugur maður mætt þeim, — myndi hann vart hafa séð, hvorn þeirra McNamara hafði nærri hengt. Báðir voru svo af sér gengnir.

Glenister hélt hugsunarlaust til kofa síns, eða í áttina þangað; en er hann kom þar, er strætabirtan þvarr, bauð honum við myrkrinu og þögninni. Ekki þangað núna! Hann gat ekki einn verið núna! — Dextry myndi sjálfsagt vera niðri í bæ. Hann þarfnadist líka ljóss og félagsskapar. Hann sleikti variðnar; þær voru skrælnaðar af þurki.

Á undanförnum árum hafði það stöku sinnum komið fyrir, að Glenister hafði verið svo úttaugaður af löngu göngulagi, kulda, hungri, vosbúð og illviðri, að hann kendi andlegs sljóleika. Þá hafði hann kvalist af brennandi þorsta, ekki þorsta í vatn,

eða þeim þorsta, er snjó-át gæti slökt, — heldur þorsta í eitthvað, er gæti bygt upp líkamlegu þreytuna; þorsta eftir einhverju brennandi, hressandi, vekjandi, fjörgandi. Þorsta í — brennivín (whisky)! Þá er hann mintist þessarar fýstar, kendi hann í brjósti um menn þá hina ógæfusömu, er ekki voru því þreki gæddir, að geta veitt slíkri fýst næga mótstöðu.

Þessi þorsti hafði nú tekið hann þeim heljartökum, að hann gat vart staðist þau. Það var ekki heimskuleg löngun til að drekkja sorgum sínum eða gleyma stundarhrygð. Það var að eins ÞORSTI! Þorsti! — hrópandi, titrandi, líkamleg fýst til að slökkva eldinn, er brann innvortis. Hann mundi glögt, að það var meira en ár liðið frá því, að hann hafði bragðað "whiskey"; en þessar síðustu fáu stundir höfðu lekið hann svo hart, að nú varð hann að fá hressingu.

Þá er hann ruddist að veitingaborðinu á Northern hótelinu, viku menn úr vegi hans, þar eð þeir lásu í andliti hans þörf þá, er þeir þektu svo vel af eigin reynslu. Þessi aðferð þeirra vakti athugun hans. Hann sá sér ekki hæfa að drekka hlið við hlið meðal hinna örgustu drykkjurúta. Hann fór því þaðan í skyndi og inn í klefa í leikhúsinu, dró tjald-ið frá dyrum, er hann gat náð í þjón gegnum og kallaði:

"Whiskey! Fljótt! Ertu heyrnarlaus? Whiskey!"

Hinu megin á leikhúsinu sat Cherry Malotte. Hún hafði séð hann fara inn í klefan. Hún var í



sæti sínu, gekk inn til hans fyrirvaralaust og spurði:

“Hvað gengur að þér, drengur?”

“Ó, það var gott, að þú komst. Talaðu til mín!”

“Eg þakka þér fyrir þessi vel völdu orð”, svaraði hún o ghló við. “Hví biður þú mig ekki að segja eitthvað bráð-fyndið? Það lítur út, eins og þú hafir verið á sex daga ‘túr’. Hvað er að?”

Hún ræddi við hann um hríð, unz þjónninn kom inn. Þá er hún sá, að hann bar glas á skutli, þreif hún glasið af skutlinum og helti víninu á gólfið. Glenister stóð upp hart og títt og tók um únliði hennar.

“Hvað á þetta að þýða?” spurði hann allbyrstur.

“Þetta er ‘whiskey’, góði minn”, svaraði hún. “Þú drekkur ekki”.

“Auðvitað er það ‘whiskey’. Færðu mér annað staup!” skipaði hann þjóninum.

“Hvað gengur að þér?” spurði Cherry áhyggjufull. “Eg hefi aldrei séð þig slíkan. Eg veit að þú neytir aldrei víns. Eg vil ekki láta þig neyta þess. Það er endemis-háttur, — svívirðing. Það hæfir að eins endemis-mönnum og flónum. Drektu það ekki, Roy. Áttu eitthvað bág?”

“Eg segist vera þyrstur, — og eg vil fá að drekka! Hvað veitst þú um, hvernig það er, að vera í björtu báli innvortis, og kenna þess, að æðarnar eru að þorna upp?”

“Það er eitthvað, er snertir stúlkuna”, sagði konan með rólegri sannfæring. “Hún hefir leikið á þig”.

“Já, það hefir hún gjört, — en hvað um það?”

Eg er þyrstur. Hún ætlar að eiga McNamara! Eg hefi verið asni”.

Hann gnísti tönnum og rétti út hendina eftir drykknum, sem þjónninn kom með.

“McNamara er slægur, en hann er maður og hann hefir ekki drukkið einn dropa víns á æfi sinni”. — Stúlkan sagði þetta blátt áfram, en Glenister brá svo, að hann stöðvaði staupið, er komið var að vörum hans.

“Nú, nú! Hvað um það? Haltu áfram. Þú værir snillingur að halda fyrirlestur á sunnudaga-skóla. Dygðin skreytir þig”.

Hún roðnaði en hélt áfram: “Mér datt að eins í hug, að ef þú ert ekki nægilega mikill maður til þess, að halda kverkunum þínum í skefjum, þá ertu ekki nægilega hraustur til þess að sigra mann, er náð hefir fullu valdi yfir sínum kverkum”.

Glenister horfði á vínið um hríð og setti síðan glasið á skutulinn aftur.

“Komdu með tvö glös af sítrónulegi”, sagði hann. Cherry Malotte hló, — en grát-kendur var sá hlátur, — laut að honum og kysti hann.

“Þú ert of góður maður til þess að drekka. — Segðu mér nú, hvernig þessu öllu er farið”.

“Ó, það er alt of langt mál! Eg hefi nýlega komist að því, að stúlkan er með sál og líkama á bandi þeirra, dómarans og McNamara. — Það er alt og sumt. Hún er verkfæri þeirra — og njósnari. Hún kom með skipanir þeirra til Struve og hún fékk mig og Dex til þess, að lofa þeim að ljúga undan okkur námuna. Hún narraði okkur til að treysta lögnum

og dómáranum. Já, hún dáleiddi mig og tók um leið námuna úr höndum mér og gaf hana elskhuga sínum, umboðsmanninum svo nefnda. Já, hún er sniðug í sakleysi sínu! Þegar hún brosir gjörir hún menn sæla, góða og glaða og augun hennar eru eins hrein og fagurtær fjallabuna. En hún gjörir rangt — alveg rangt — og — Guð minn góður! — hve eg elska hana innilega!" Hann tók höndum fyrir andlitið..

Meðan hún var að fá hann á sína skoðun á málefni, er sjálfan hann varðaði miklu, var hún einlæg og hrein stúlka; en er hann talaði þannig um að ranga unga stúlku, kom breyting eigi all-lítill á hana; en Glenister var of mjög utan við sig til þess að verða hennar var. Hún tók á sig slægðarblæju þá, er hún vanalega duldi hugsanir sínar undir. Sakleysis-fegurðin hvarf úr augunum.

"Þetta hefði eg getað sagt þér fyrirfram og ýmislegt fleira".

"Fleira! Hvað fleira?" spurði hann.

"Manstu, þá er eg varaði þig og Dextry við því að þeir mundu koma og leita að gulli í kofanum ykkar? Nú, jæja. Stúlkan stefndi þeim á ykkur! Eg komst að því síðar. Hún geymir lyklana að öryggis-skápnum hans McNamara, þar sem gullsandurinn ykkar er geymdur. Hún er það, sem vefur dómara-bjálfanum um fingur sér. Það er ekki McNamara, sem gjörir það. K o n a n laug reiprennandi, snildarlega létt og lipurt og maðurinn trúði henni.

“Manstu, þá er þeir brutu upp öryggis-skápinn þinn og tóku peningana?”

“Já”.

“Nú, hvernig gátu þeir vitað, að þið geymduð þar tíu þúsundir dala?”

“Eg veit það ekki”.

“En eg veit það. Dextry sagði henni frá því”.

Glenister reis á fætur. “Þetta nægir mér um sinn. Mig fýsir ekki, að heyra meira. Eg er að verða vitlaus. Sál mín líður fullkomnar helvítis-kvalir. Eg hefi aldrei átt í slíku stríði. Þú getur séð, að eg hefi farið sem dýr að ráði mínu öll þessi ár. Þegar mig fýsti að drekka, þá drakk eg það, sem eg þráði; það tók eg af þeirri ástæðu, að mig brast ekki afl né áræði til þess. Þetta ástand er mér alveg nýtt, að verða að bera lægra hlut. Eg ætla að fara ofan og reyna, að hugsa um eitthvað annað — svo geng eg heim”.

Þá er hann var farinn, dró hún dyratjaldið til hliðar, studdi hönd undir kinn og horfði á manngrúann niðri fyrir. Leikurinn var búinn og dansinn byrjaður; en hún var svo mjög hugsí, að hún tók ekki eftir neinu. Hún tók ekki eftir því, að Bronco Kid var að benda henni; ekki heldur eftir manni þeim, er hjá honum stóð. Bronco Kid og vinur hans tóku því það ráð, að heimsækja hana í klefann. Hann nefndi þenna vin sinn herra Champion.

“Hafið þér löngun til að dansa?” spurði hinn ókunni maður.

“Nei, eg kýs heldur að vera áhorfandi. Eg er mjög skrafhreifin. Þér eruð sjálfsagt samkvæmis-

kær, herra Champion? Segið mér eitthvað í fréttum. Hafið þér ekkert á hraðbergi? Hneykslis-sögur eða eitthvað þess háttar?"

"Því miður hefi eg það ekki. Konan mín annast alt þess konar fyrir þarfir allrar fjölskyldunnar. En eg veit, að hún hefir góðar birgðir af þeirri nauðsynjavöru. Það er hlægilegt, hvílíkan stórbokkasvip sumt fólk tekur á sig hér, eins og allir væru ekki jafnir, þá er kemur norður fyrir 53. gráðu. Hvílík flónska!"

"Er nokkuð nýtt og hrífandi í fréttum?" spurði Bronko, dálítið forvitnislega.

"Það síðasta, er eg hefi heyrt, er þetta um frænku dómarans, hana ungrú Chester".

Cherry Malotte sneri sér skyndilega við og Kid lét framfætur stólsins síga niður á gólfið.

"Hvað er það?" spurði Cherry.

"Það lítur út fyrir, að hún hafi verið helzt til ljúf við þenna Glenister, er hún kom með eimskipinu í vor. Nokkuð óskammfeilin, að því er konan mín segir. Hún var á sama skipi. Hún segist hafa zarskammast sín vegna athæfis stúlkunnar".

Ó, Glenister hafði þá ekki sagt nema hálfan sannleikann, hugsaði Cherry með sjálfri sér. Nú kom allur sannleikurinn í ljós. Á þessu augnabliki virtist Champion hún fá all-mikinn svip af dansmey: — lymskulega, afbrýðissama, illgirnislega daðursdrósar svipinn.

"Og þessi skækja þykist vera hefðarmey", sagði hún með ógeðslegri fyrirlitning.

"Hún ER hefðarmey!" svaraði Kid. Hann sat

keikréttur, alvarlegur og ógnandi. Hnúarnir hvítnuðu á krefta hnefanum hans. Þau tóku ekki eftir, að andlit hans varð öskugrátt. Hann sagði ekki meira; að eins tók undir kveðju Champions, er hann fór. — Þá er hann var farinn, reis Kid á fætur, teygði úr sér, sem hann væri að búa sig í bardaga. Hann vætti varirnar í munnvatni sínu og var þungur á brún.

“Hví lítur þú svona broslega út?” En er ljósið skein á andlit honum, hrökk hún við. “Hamingjan góða! Hver ósköp eru að sjá þig! Hvað gengur að þér? Ertu veikur?” Enginn hafði áður séð Bronco Kid slíkan.

“Nei, eg er ekki veikur”, svaraði hann óskýrt. Stúlkan hló hranalega.

“Elskar ÞÚ þessa stelpu líka? Hún hefir gjört alla karlmenn í bænum vitlausar!”

Hún neri saman höndunum; en það er slæmt merki, er hæfileika-fólk gjörir það. Glenister gekk yfir gólfið neðanundir. Hún sá hann og mælti: “Já, eg gæti drepið hann fyrir þetta tiltæki!”

“Það gæti eg líka”, sagði Kid og fór án þess að kveðja hana.

## XIII. KAPITULI.

## Djöfulóður maður.

Cherry Malotte sat langa hríð hugsandi. Í þessar hugsanir var hún svo niðursokkin, að hún tók ekkert eftir hljóðfæraslættinum öðruvísi en sem formlausum hávaða. Hún hafði skorðað stól sinn undir hurðarlykilinn, svo enginn skyldi vaða inn á hana. Hún kastaði sér í annað sæti og starði framundan sér, án þess að sjá nokkuð. Og er hún sat þannig og hugsaði og bollalagði, virtist sem hatursdregnar línur ætu sig inn í andlitið hennar. Stundum leið þreytulegt andvarp frá vörum hennar, eins og hún óttaðist, að ráðabugg hennar kynni að mistakast. Þá æddi hún á fætur og gekk hratt um gólf. Hún vissi ekkert hvað tíma leið, unz hún heyrði nafn nefnt í næsta herbergi, er vakti hana til eftirtektar. Hún hlustaði, kastaði þunglyndis-grímunni og sat róleg. Einhver hafði nefnt Glenister. Hann virtist mjög hrifinn.

“Eg hefi aldrei séð neitt því líkt, síðan ‘McMasters’ nóttina góðu í Virginia City, fyrir þrettán árum. Hann er á réttum vegi”.

“Nú, það getur verið”, svaraði hinn efablandinn. “En eg vil ekki taka þátt í því. Eg hefi aldrei veðjað á mann á æfi minni”.

“Lánaðu mér þá peningana! Eg skal endurborga þér innan einnar stundar. En, fyrir alla muni, vertu

fljótur! Eg segi þér satt, hann er ugglaus. Þetta er honum hið mesta hamingju-kveld á æfi hans. Hann vann 'Black Jack' spilið í fjórum veðmálum. Eftir fimtán mínútur getum við ekki komist svo nærri borðunum, að við getum komið af okkur veðfénu. Hver einasti spilamaður í bænum verður hér þá kominn".

"Eg skal lána þér fimtíu dali", svaraði hinn, er var líka farinn að kenna spila-sýkinnar. Ákafi hins mannsins sýkti hann.

Svo Glenister er farinn að spila, hugsaði Cherry með sjálfri sér, og er svo heppinn, að vinna 'Black Jack' spilið og espa ágirnd hvers einasta spilamanns í bænum. Fregnir af gróða hans höfðu borist út á strætið, og þeir flyktust nú allir inn, spilamennirnir, til þess að fita sig á skaða náungans, eins og blóðsugur á hræi. Þeir, er enga peninga höfðu, lánuðu hjá kunningjum sínum, eins og maðurinn við dyrnar gjörði.

Hún yfirgaf felustað sinn; þegar hún kom niður stigann, mætti henni hláleg sjón. Í danshöllinni voru ekki aðrir en hljóðfærleikendurnir, er reyndu árangurslaust að draga fólkið að sér. En það flyktist að spilaborðinu. Mest var þröngin við borð í miðjum salnum. Cherry gat ekkert séð af því, er gjörðist þar, því að menn og konur stóðu þar svo þétt, að ekkert sást. Hávaði heyrðist skyndilega; svo varð steinhljóð; síðan heyrðist peninga-hringl og fólkið hló á ný.

Mexico-Mullins nálgast Cherry. Hún spurði, hvernig gengi.



“Hann sigraði í skollaleiknum”, mælti Mullins.

“Hvað mikið vann hann?”

“Ó, hann vann ekki svo mikið sjálfur; en það er fólkið, sem veðjar, er hefir mest upp úr því. Flestir þeirra eru spila-fífl. Fyrst tók hann ‘Black Jack’ seðlana, \$400; því næst tók hann alt, sem eftir var. Það er það stærsta spil, sem eg hefi séð”.

“Tókst þú þátt í því?”

“Nei, eg spila aldrei annað en ‘banka’, eins og þú veizt. Ef hann kemst svo langt, að ná í það, sem ‘lagt er á borðið’, þá verð eg með”.

Tryllingurinn í fólkinu tók nú að verka nokkuð á stúlkuna, þótt hún til þessa hefði verið að eins áhorfandi. Hávaðinn, skyndilega þögnin, tauga-áreynslan, — alt verkaði á hana. Ókunnur maður fór frá spilaborðinu. Hann hélt þangað, sem Cherry og Mullins voru að tala saman. Hann var lítill maður vexti, öskugrár, með óstöðug augu og skegglaus. Augun tindruðu, tannirnar skinu sem í rottu og röddin var skrækhljóða. Hann þaut til þeirra eins og flóttamaður, eða dauðhrætt dýr. Framkoman var öll óeðlileg.

“Eg hygg, að það sé ekki svo afleitt!” sagði hann og hristi framan í þau stóran seðla-bunka.

“Því heldurðu ekki áfram?” spurði Mullins.

“Eg er of vitur til þess. Eg veit, hvenær hætta skal. Ha, ha! Hann getur ekki unnið stöðugt. Hann spilar ekki eftir nokkrum reglum”.

“Hann hefir þá að minsta kosti gott tækifæri”, sagði stúlkan.

“Parna fer hann nú!” hrópaði litli maðurinn, er

hávaðinn hófst aftur. "Eg sagði ykkur, að hann mundi tapa!" Hann varð hvítur sem nár, er hann heyrði háreistina í fólkinu.

"En hann vann aftur", sagði Mullins.

"Nei! Gjörði hann það? Guð hjálpi mér! Eg hefi hætt of fljótt!"

Hann fór aftur inn; en kom brátt aftur og hélt fast um peninga sína.

"Haldið þið að það sé óhætt? Jæ-já þá. En eg hefi aldrei séð mann spila svo fífl-djarft. Eg held, að eg ætti heldur að hætta". Hann tók eftir háð-brosinu á andliti stúlkunnar, og fór á brott. Þau sáu að hann barðist um, og komst að spilaborðinu. — "Látjið mig komast áfram! Eg hefi peninga og þarf að spila upp á þá".

"Ó!" sagði Mullins fyrirlitlega. "Hann er einn af þeim, er veðjaði ekki fyrri en hann var þrítugur. Tapi Glenister, þá hatar þessi náungi hann til sinnar síðustu stundar".

"Hér eru margir samskonar snáðar", tók stúlk-an til orða. "Sálin hans ætti bezt heima í öskutunnu". Hún skygndist um og sá Bronco Kid á gangi þar nálægt. Hún fór til hans. Hann hallaðist upp að veggnum og horfði á reykinn, er vindlingurinn hans sendi í loft upp. Hann lét ekki í ljósi sturlun þá, er fyrir tveim tímum síðan ríkti í skapi hans.

"Þetta er fjörugt spil, er það ekki?" sagði hún.

"Spila-gapinn hneigði sig til samþykki og muldr-aði skeytingarlaust:

"Hví gefur þú ekki núna! Er það ekki þitt hlutverk?"

“Eg hætti í gærkveldi”.

“Einmitt nógu snemma til þess að missa af öllum ósköpunum. Þú varst heppin”.

“Já, eg á þenna stað núna. Eg keypti hann í gærkveldi.”

“Hamingjan hjálpi þér! Það er þá þ i t t fé, sem hann er að vinna!”

“Sannarlega. Og hann tekur frá mér \$1000 á mínútu hverri!”

Hún sá hina löngu röð tómra borða, er voru bak við Glenister og féлага hans. Nú komu aftur ólætin sömu, og gáfu til kynna, að Glenister hafði unnið enn á ný. Og Cherry virtist Kid of rólegur; hendur hans of stöðugar og tillit hans of stöðugt til þess, að vera eðlilegt. — Næsta augnblik staðfesti grun hennar.

Spilararnir voru vonlausir um, að fá nokkurn frammar í danssalinn. Þeir réðu því af að hætta og fara þangað, sem meira var fjörið. Þeir yfirgáfu því danssalinn og fóru til spilafólksins. Sumir voru tilbúnir að leita hepninnar í spilunum. Þeir mættu Kid. Varirnar hans voru opnar, en úr augum hans virtist eldur brenna. Hann gekk móti þeim, greip þann, er fremstur var, og þeytti honum í loft upp.

“Hvert ætlarðu að fara?”

“Hvað er að? Engan vantar að dansa, svo við héldum, að við mættum eins vel taka þátt í glaumnunum um hríð”.

“Snúðu til baka, helvítis ormurinn þinn!” Það var fyrsta tækifærið, sem hann hafði til þess, að láta skapsmuni sína í ljós. Augun hans sýndu spilurun-

um það, að ekki var eftir betra að bíða; þeir fóru sem fljótast burt. Brátt tók Kid aftur á sig þokslæðuna; en Cherry Malotte sá það nú glögglega, að það var ekki að eins ís, er þessi maður var gjörður af. Þar var líka eldur. Hann snerist að henni og mælti: "Var þér það í hug, er þú sagðir uppi á lofti áðan?"

"Eg skil þig ekki".

"Þú sagðir, að þú gætir drepit Glenister".

"Það gæti eg".

"Elskarðu hann ekki—?"

"Eg hata hann!" greip hún fram í. Hann brosti til hennar, en kætilaust. Hann sá mann þann, er spilin hafði gefið; hann yfirgaf mannlausa spila-borðið. Kid kallaði á hann.

"Toby, mig vantar að þú 'keyrir hestinn', þá er Glenister tekur að spila 'Faro'. Eg skal gefa. Skilurðu mig?"

"Vissulega. Þú ætlar að láta hann fá það, ah?"

"Eg hefi aldrei haft rangt við í spilum!" hróp-aði Kid espur. "En eg ætla mér, að sigra þenna mann í kveld, eða drepa hann að öðrum kosti. En, sérðu, — eg þarf að gjöra þér það skiljanlegt; eg þarf að skýra þér frá merkjunum, sem eg gef þér. Ef að þú missir þau, kemur þú þér, mér og húsinu í bölvun".

Þá er ráðsmaðurinn hafði lokið starfi sínu, hélt hann út og Cherry lagði leið sína að spilaborðinu. Hún vildi sjá til Glenisters; en gat ekki komist nógu nærri fyrir fjöldanum. Mennirnir vildu ekki rýma til fyrir henni. Hvert auga var svo límt við borðið,

sem þeirra eilífa sáluhjálp væri þar undir komin. ---  
Þeir voru svo þétt saman, að engu var á bætandi.

Cherry komst að því, að Glenister var stöðugt að vinna. Hún sá, að þetta var að eins tímaspursmál, svo að hún staðnæmdist hjá Bronco Kid, sem var að gefa spilin. Hann hafði sömu afskiptaleysisblæjuna fyrir andlitinu sem fyrri. Löngu, hvítu hendurnar hreyfðust með þeirri uggleysi, er sýndi glögt, að hann var fullkominn meistari í íþrótt sinni. Hann beið eftir tækifæri.

Mannfjöldinn fór nú frá borðinu og þyrptist um Cherry. Glenister var meðal þeirra. Hann var ekki lengur sá maður, er hún hafði þekt. Í stað vonleysisins, er skein út úr andliti hans, er hann yfirgaf hana, var kominn svipur kæruleysis og óskammfeilni. Hálskraginn hans var óhneptur; þar sáust vöðvarnir sterklegu, er lágu að hálsinum; en spila-fýknin hafði svo hert hann, að hann var aftur orðinn hinn ofsafulli, ótamdi landamæra-maður. Sjálfstæði hans og sjálfsvirðing var farin. Hann hafði reynt að halda í hvorttveggja, en það hafði ekki tekist.

Eftir það, að hann yfirgaf Cherry, hafði hann reynt að svala þorsta sínum með því, að leita hvíldar við spilaborðið. Hann hafði látið skildinga sína liggja á borðinu og ávaxtast. Liggja fleiri tíma og ávaxtast aftur og enn aftur. Hann hafði verið áhyggjulaus um það, hvort hann græddi eða tapaði; samt hélt hann heldur, að hann myndi tapa, og þá ætlaði hann að halda heim. Hann vildi ekki með þá hafa. Þegar hamingjan samt sem áður fylgdi hon-

um, veðjaði hann herra; en það var sama — hann g a t ekki tapað. Áður en hann tók nokkuð eftir því, var fjöldi manna tekinn að veðja við hann. Þeim gekk tvent til: sumum ágirnd; sumum bara löngunin til að spila og hafa skemtun af. Hver af öðrum tóku þátt í spilinu, þangað til því var lokið. En án þess að hann vissi, læddist spila-fýknin smátt og smátt að sjálfum honum, að hún var orðin honum yfirsterkari að lokum.

Hann veitt Cherry enga athygli, heldur tók sæti sitt. Hann hafði ekki augu fyrir öðru en spilaborðinu. Hún hélt að sér höndum og óskaði til guðs að hann tapaði.

“Hvað má fara hátt, Kid?” spurði Glenister.

“Eitt hundrað og tvö”, svaraði Kid. Sem mein- ar það, að hver upphæð upp að tveim hundruðum er leyfileg nema á síðasta spilið. Á það má að eins veðja einu hundraði.

Þeir byrjuðu umsvifalaust að spila. Kid tók á spilunum með fimni og lipurð; borgaði út og tók inn peninga líkt og hann væri vél, til þess sköpuð. Áhorfendurnir hættu að tala; því nú kom það augnablik, er ráða skyldi afdrifum kveldsins.

Um tíma vann Glenister stöðugt; en eftir nokkurn tíma var dálítill vinningur á hlið hússins. “Þetta gengur ekkert”, sagði Glenister; “mig vantar að það gangi eitthvað”.

“Jæ-ja”, svaraði eigandinn, “vér skulum tvöfalda upphæðina.”

Þannig varð mögulegt, að veðja \$400 á eitt spil, og Kid tók að spila fyrir alvöru. Nú tók Glen-

ister að tapa alvarlega; að sönnu ekki mikið í hvert sinn, en jafnt og stöðugt. Cherry hafði aldrei séð spilað líkt þessu. Eftir nokkra stund sagði Cherry við þann, er gaf spilin:

“Láttu mig taka sæti þitt”.

Toby leit spyrjandi til Bronco Kids. Kid hafði tekið eftir því, að Cherry brosti; hann tók það sem gott merki, og benti því manningum að standa upp. Stúlkan settist í sætið. Þessi kona myndi ekki vitleysur gjöra. Vit hennar var skerpt af hatri, — það sást á andliti hennar. Ef Glenister kæmist hjá því í kveld, að verða með öllu eyðilagður, þá var það því að þakka, að það var mannlegum kröftum um megn, að framkvæma það.

Í huga stúlkunnar ríkti bara ein hugsun; hún var þessi: Glenister verður að eyðileggjast. Hann átti að mæta lítilsvirðing, eyðilegging og verða að athlægi. Ef þetta skyldi alt fyrir hann koma, gat verið að hann yrði feginn, að snúa sér aftur að henni — eins og hann hafði áður gjört. Hann var að sleppa frá henni. Þetta var síðasta tækifæri. Hún tók til starfa með gætni og lipurð, sem verkaði svo á Bronco, að hann einnig varð skarpari, eftirtekta-samari og fljótari. Glenister var sem drukkinn væri. Hann ruggaði til í sætinu; æðarnar á hálsinum þrútnuðu og allur breyttist hann mjög. Eftir litla hríð sagði hann:

“Eg vil spila hærra. Þetta er drengjaleikur!”

Maðurinn, sem spilanna gætti, leit sigri hrósandi til stúlkunnar. “Það skal vera sem þú vilt. Takmarkið skal vera eins hátt og himininn. Settu seðl-

ana þína upp á mæniás". Hann byrjaði að stokka.

Loftið var hitaþrungið af mannfjöldanum. Svitinn streymdi niður um andlitið á Glenister. Hann stóð á fætur og fór úr yfirhöfninni. Þrír menn voru að spila fyrir utan hann. Það voru þeir, er mest höfðu unnið í fyrstu spilunum. Nú hafði hamingjan vikið frá þeim, og þeir vildu gjarnan hætta.

Cherry kundi illa við það, að hún heyrði þungan andardrátt rétt fyrir aftan sig. Hún leit við og sá, að það var litli maðurinn, sem hafði borið sig svo kjánalega fyrr um kveldið. Munnurinn var opinn, augun starandi og vöðvarnir kringum varirnar dróguust saman. Hann hafði tapað hundruðum þeim, er hann hafði grætt, og meiru til. Hún skygndist í kringum sig en sá engan kvenmann. Þær voru allar farnar. Það sýndist, sem borðið myndaði botninn á hallandi pytti af mannlegum andlitum — áhyggjufullum, starandi, áköfum.

Það fór betur, að hún var hér, hugsaði hún með sér; annars gæti alt farið forgörðum. Hún vildi hjálpa til að sprengja Glenister, eyðileggja hann, auðmýkja hann.

Glenister veðjaði \$100 á fyrsta spilið. Hann tapaði. Hann veðjaði \$200 næst og tapaði. Næst veðjaði hann \$400 og tapaði í þriðja sinni. Hamingjan hafði snúið við honum bakinu. Hann gnísti tönnum og tvöfaldaði veðmálið, þar til að það var orðið afar-hátt. Glenister varð þess var, að svo miklið æði greip hann, að hann réði sér vart. Það voru ekki peningarnir, sem hann vildi ná í, — hvað gjörði, þótt hann tapaði? Hann ætlaði að vera,



þangað til hann færi að vinna aftur. — Hann SKYLDI vinna! Þessi óhamingja gat ekki varað lengi, — og þó var hann alt af að tapa. Á endanum tóku hinir einnig að tapa og maðurinn, sem spilin gaf, tók alt féð til sín, bæði peningana hans og þeirra.

Hamingju-dísinn hafði loksins snúið baki við Glenister. Bronco Kid gaf 'hreina faro'. Hann var of góður spilamaður til þess, að leggja alla áherzlu á, að vinna sem bezt og mest í einu, og óhamingja Glenisters hafði orðið eins fræg og hepni hans var áður. Stúlkan, sem kom fram í sorgarleik þessum, var í ofsa-spenningi. Stundum var hún með augun á borðinu, stundum á Glenister. — Glenister hélt áfram að tapa, tapa, tapa, og stúlkan gladdist af óförum hans. Þá er hann einstaka sinnum vann, hrökk hún við og skalf af ótta við það, að hann kynni að sleppa úr greipum henni. Ef hann bara vildi láta það, sem hann hefði í einu — alt saman, sem hann hefði, þá myndi hann koma til—hennar.

Endir þessa máls var nær en hún ætlaði. Mannfjöldinn var eins og bundinn við hverja hreyfing spilaranna. Annað hljóð heyrðist ekki. Maðurinn, er á skyldi horfa, sat í hásæti sínu með höndur í hnjám sér, augun límd við spilaborðið, og dauðan vindil milli varanna.

Glenister tók svo stóran seðla-bunka úr buxnavasa sínum, og hann þurfti báðar höndur til þess að halda þessari hrúgu saman. Þeir, er hjá stóðu, sáu að flestir seðlanna voru gulir.

Enginn talaði orð meðan hann taldi peningana;

síðan leit hann á gefandann, er hneigði sig til samþykkis. Því næst ýtti hann áfram, þar til þeir hvíldu á konginum. Mannfjöldinn dró þungt andann. Hótelíð North hafði aldrei þekt aðra eins veðjan. Það var heill auður. Hér var saga að segja, börnum og barnabörnum, — að maður hefði unnið of fjár á einu kveldi, og svo að tapa því öllu á svipstundu. Þessi síðasta veðjan gildi meira fé, en þeir höfðu áður séð komið saman á einn stað. Forlög þess hvíldu á einu spili.

Fingurnir á Cherry voru kaldir sem ís; hjartað hennar hamaðist, svo að hún gat ekki náð andanum. Ef að Glenister ynni þetta spil mundi hann hætta að spila. Hún vissi þ a ð. En ef að hann tapaði — já, hvað gat Kid fundið til? Maður, sem þurfti að hefna sín fyrir einhverja smámuni, hvað gat hann fundið til á móti henni, sem átti á hættu alla von um lífshepni sína, ást sína — um a l t?

Að líkindum vissi Bronco Kid, hvaða spil var næst fyrir neðan, því hann gaf ekkert merki, er stúlkan gæti farið eftir. Glenister hallaði sér aftur á bak. Kid ýtti seint en hiklaust efsta spilinu út úr kassanum. Þótt þetta væri mesta glæfraspilið, sem fyrir hann hafði komið á æfi hans, þá sá enginn Glenister bregða. Kongurinn vann ekki. Skyldi hann tapa? Allir horfðu á kassann. Ef að fyrsta spilið lægi næst fyrir neðan hina "níu bletti", þá væri það stærsta veðmál unnið, sem átt hefði sér stað í Alaska. Glenister hefði þá tapað. En ef það yrði hulið, væru peningarnir óhultir um tíma.

Það var að því komið, að byrjað yrði aftur að

spila, þegar Glenister spurði Kid: "Hvað kostar þetta pláss, Bronco?"

"Hvað meinarðu?"

"Þú átt öll áhöldin hér". Hann bandaði með hendinni kringum herbergið. "Jæ-ja, hvað kostar það?"

Kid hugsaði sig um nokkurn tíma; en mannfjöldinn spenti upp eyrun. Stúlkan þar á móti leit órólega á Glenister. Hvað ætlaði hann að gjöra?

"Ef að alt er til týnt, sem hér er, tilheyrandi þessu starfi, þá kostar það hundrað og tuttugu þúsundir dollara. Því spyrðu svona?"

"Jæ-ja, eg gef hálfu Midas-eignina fyrir það, — minn hluta í henni, fyrir þetta bölvað afhrak".

Þeim, er viðstaddir voru, þótti þetta tilboð svo óviturlegt, að þeir voru með öllu orðlausir. Það var ekkert um að gjöra. Maðurinn var vitlaus orðinn. Um þrjú spil var að kjósa, — eitt hlaut að vinna, eitt að tapa og hið þriðja hafði ekkert hlutverk.

Það var eins og Cherry Malotte reyndi að geta sér til, hvað komið hefði Glenister til að gjöra þetta. Það var ekki spila-fýsn, ekki beinn mótþrói, er var orsök til þess, að hann hætti ekki. Það átti dýpri rætur. Hann var einn og yfirgefinn. Helen var honum töpuð — og verr en töpuð. Hún var með öllu óverðug. Og hún var það, sem hann vildi ná í. Hvað átti hann að gjöra við Midas-eignina með öllum lögsóknunum, lagakrókunum og svikunum? — Þetta lagðist á hann með heljar-afli, — hann var þreyttur. Hann vildi komast eitthvað langt, langt

í burtu. Ef hann ynni; gott og vel. Og ef að hann tapaði, þá mátti Alaska eiga sig fyrir honum.

Þá er hann spurði Kid um verðið, hafði Kid litið niður, eins og hann væri að hugsa sig um. Cherry tók eftir því, að hann gaf nákvæmar gætur að spilunum, sem í kassanum voru og lét vel að því spili, er var efst. Allir hinir litu ekki af Glenister. Kid leit loks upp og Cherry sá gleðibros í augum hans. Hún vissi þá, að Glenister var dauðadæmdur maður.

“Haltu áfram!” sagði Glenister. “Vitjaðu um, og sjáðu, hvað upp kemur”.

Stúlkan fann, að það var að líða yfir hana. Sigurvinning þessa augnabliks ætlaði að gjöra út af við hana, — eða var það nokkur sigurvinning, þegar á alt var litið? Hún heyrði andardrátt litla mannsns, sem var líkastur því, að verið væri að lengja hann. Hún sá manninn, sem hún hafði hjálpað til að tortíma, sitja álútan, með fölt, harðlegt andlitið og augun sturluðu. Því augnatilliti gleymdi hún aldrei.

Alt í einu heyrðist undarlegt hljóð. Cherry Malotte hafði lokað spilaborðinu skyndilega. Hún kallaði hárrí röddu:

“Veðmálið er ónýtt! Það hefir ruglast í kassanum!”

Glenister reis upp til hálfis og feldi stólinn, sem hann sat á. Kid beygði sig yfir borðið með hendurnar framundan sér, eins og hann vildi handsama fé það, er Cherry hafði hremt frá þeim. Hendurnar hans skulfu og titruðu, sem af blindu æði, svo naglirnar skárust niður í borðdúkinn. Hörundsliturinn

varð gulur og andlitið hélu-grátt. En eldur brann úr augum hans, er hann leit til stúlkunnar, sem flúði fyrir þeim.

Vitið smá-kom aftur og skilningurinn hjá Glenister. Hann vaknaði sem af draumi. Hann sá greinilega hatursfulla tillitið, er Kid sendi Cherry, er flúði sem héri fyrir höggormi. Að lokum kom Kid svo til sjálfs sín, að hann gat komið út úr sér þessu eina orði:

“Andskotinn!”

Hann hóf upp hendurnar og barði í borðið, svo að alt hristist, sem á því var. Cherry lokaði augunum, svo að hún sæi ekki, hve hann afskræmdist. Glenister leit á hann um hrið og sagði:

“Eg held, að eg skilji nú alt. En peningarnir voru þínir og eg kæri mig ekki um þá”. Kid opnaði skyndilega dragkistu, er stóð þar hjá þeim, en Glenister lét aftur hægri hendina og hallaði sér áfram. Hann hefði hæglega getað drepit Kid með einu höggi, ef hann hefði viljað, því Kid sat álútur og var ugglaus.

“Þú hefir kent mér þarflega lexíu”. Það var alt, sem Glenister sagði. Hann hratt mannþrönginni frá sér og hélt út í kalda næturloftið. Yfir höfði hans blikuðu stjörnurnar og gbentu honum, og sjólyktin, hrein og hressandi, mætti honum. Þegar hann fór heim, heyrði hann gjálfur hundanna. Hann nam staðar, og baðaði höfuðið sitt sveitta í næturgolunni. Hann stóð kyrr um stund og gjörði það heit við sjálfan sig, að hann aldrei framar skyldi á spilum snerta.

Í sama mund kom Cherry heim til sín. Hún var sem á flóttu frá einhverju illu. Hún staðnæmdist einnig við dyr sínar og sagði loksins:

“Hví gjörði eg það? Ó, hví gjörði eg það? Eg skil mig ekki sjálfal!”

*Arnljótur B. Olsen*

#### XIV. KAPÍTULI.

##### Sendimaður um næturtíma.

“Helen mín góð, sérðu ekki, að embættisstaða mín hefir í för með sér vissar skyldur, sem eg verð að taka tillit til”.

“Eg býst við því; en eg vildi miklu heldur vera kyr heima”.

“Sei, sei, nei! Farðu bara og skemtu þér vel”.

“Mér þykir ekkert gaman að dansa nú orðið. Eg skildi dansfýsnina eftir heima. En ef þú vildir koma með, — —”

“Nei — eg er alt of önnum kafinn. Eg verð að vinna í nótt. Þar að auki hefi eg ekki neina ástæðu til að fara á skemtisamkomu”.

“Þér líður ekki vel”, sagði frænka hans. “Eg hefi tekið eftir því í einar tvær, þrjár vikur. Er það þreyta, eða ertu í raun og veru veikur? Þú ert taugaveiklaður. Þú hefir auk þess enga matarlyst.

Þú ert að verða magur. Hvað er þetta? Þú ert beinlínis að verða ellilegur!" Hún stóð á fætur frá morgunverðinum, fór til hans og strauk silfraða hárið hans blíðlega.

Hann tók köldu hendina hennar og lagði hana við kinnina á sér. Þrautirnar, sem sóttu á hann í seinni tíð, viku um stand fyrir hlýju brosi.

"Það er vinna, litla stúlkan mín, hörð og illa þökkuð vinna. Það er það, sem gengur að mér. Þetta land er fyrir unga menn og fríska. Eg er of gamall fyrir það". Augun hans urðu aftur alvarleg og hann kreisti fingurna hennar, eins og hann vildi bæta við: "Þetta er óttalegt land. Eg vildi að við hefðum aldrei hér komið".

"Segðu það ekki", mælti Helen glaðlega. "Það er ágætt hér að vera. Hugsaðu um heiðurinn. Þú ert dómari Bandaríkjanna, og sá fyrsti, er hingað kemur. Þú verður frægur maður — og menn lesa lof um þig í blöðunum". Hún kysti hann innilega; en það virtist líkast því, sem hann kveinkaði sín við blíðlæti hennar.

"Ef að þú heldur, að það sé betra, þá skal eg fara", sagði hún, "þótt eg hafi ekki verið ástfangin af félagslífinu í Alaska. Sumar konurnar eru að vísu mikið myndarlegar, en sumar", — hún skók herðarnar. "Þær tala um allskonar bæjar-slúður. Maður mætti ímynda sér, að mikið og hreinlegt land ætti að láta í té frjálsar og hreinar konur, — en það gjörir það ekki".

"Eg ætla að segja McNamara, að vitja um þig klukkan níu", sagði dómarrinn um leið og hann stóð

á fætur. Seinna um daginn tók hún til hið bezta skraut, er hún átti til og sem hafði lengi legið ónotað. Þegar McNamara kom um kveldið til að kalla hana, sagði hann, að hún væri fallegasta stúlkan, sem til væri á jörðunni.

Þá er þau komu til hótelsins, varð hann á ný stoltur af henni. Konurnar voru að vísu vel klæddar og menn sómasamlega búnir, en Helen bar langt af öllum. Salurinn rann með annari hlið hótelsins; var skreyttur á veggjum og gólfið gljáði sem spegill.

“Ó! hvað þetta er elskulegt”, mælti Helen. “Það er alveg eins og heima”.

“Eg hefi séð borgir vaxa hér fljótt”, sagði McNamara, “en enga svona fljótt. En ef þessir menn geta bygt járnbraut á mánaðartíma og borg á einu sumri, hví skyldu þeir þá ekki geta veitt sér öll þægindi, sem þeir óska sér?”

“Eg veit, að þér eruð ágætur dansari”, sagði Helen.

“Þér skuluð vera dómari minn. Eg skal skrifa nafnið mitt á þetta nafnspjald eins oft og eg þori, án þess að verða limlestur af þessum ungu mönnum, sem hér eru. Því, sem afgangs er tímans, ætla eg að eyða við vindil í reykinga-herberginu. Eg vil ekki dansa við aðrar en yður”.

Eftir fyrsta dansinn yfirgaf hann hana og fór út úr herberginu. Þetta var fyrsta hvíldin, sem hann hafði veitt sér, síðan hann kom “norður”. Það er ekki gott, að verða að lettingja, hugsaði hann með sjálfum sér, um leið og hann tugði vindilinn sinn.

Hann hugsaði sér þessa stúlku, svífandi um gólf-



ið, grannvaxna, gráeygða, með þykkva, fagra hárið, hvítu herðarnar og brosið aðdánlega. Hann sá hana í faðmi annara manna, og þá kviknaði öfund og afbrýðissemi hans svo æst og mögnuð. Hann og enginn annar hafði rétt til að njóta hennar.

“Bíddu við, Alex litli”, sagði hann við sjálfan sig. “Þú ert of gætinn ti lað tapa þér svona”. Samt sem áður beið hann eftir henni áður en tími var til kominn fyrir næsta dans. Hún virtist ekki eins kát og áður.

“Hvað er að? Skemtið þér yður ekki vel?”

“Ó-jú!” svaraði hún glaðlega, “eg skemti mér vel”.

Þegar hann tók hana í þriðja dansinn, var svipur hennar enn súrari. Þá er hann leiddi hana til sætis, sá hann konur nokkrar. Meðal þeirra var Mrs. Champion og nokkrar fleiri konur hinna helztu manna í borginni. Sumar þeirra hafði hann séð við tedrykkju í húsi herra Stillmans, og því varð hann hissa, er hann sá þær heilsa sér, en létu sem þær sæju ekki Helenu. Hún hrökk ofurlítið við og hann þóttist viss um, að eitthvað gengi að. Hann vissi ekki, hvað það var. Karlmennt var hann ekki smeykur að eiga við, en kvennaskap var hann hálf-hræddur við.

“Hvað gengur að konum þessum? Hafa þær móðgað yður?”

“Eg veit ekki, hvað að þeim gengur. Eg hefi talað til þeirra, en þær hafa ekki ansað mér”.

“Ekki ansað yður!” hrópaði hann.

“Já”, röddin hennar skalf; en hún bar höfuðið hátt. “Það virðist, sem allar konur í Nome séu hér

saman komnar til þess að smána mig. Eg skil ekkert í þessu”.

“Hefir nokkur sagt nokkuð við yður?” spurði hann reiður. “Hefir nokkur karlmaður — — ?”

“Nei. Mennirnir hér eru blátt áfram. Það eru konurnar”.

“Komið þér! Við skulum fara heim!”

“Nei, það skulum við ekki gjöra”, sagði hún. “Eg skal vera hér og sjá hvað setur. Eg hefi ekkert það gjört, er eg þurfi að flýja fyrir, og eg ætla mér að komast eftir, hvað þær sjá ábótavant við mig”.

Þegar hann hafði yfirgefið hana og næsti dans var að byrja, leitaði McNamara að einhverjum, er hann þekti og sem hann gæti spurt um þetta alt. — Flestir menn í Nome annaðhvort hötuðu McNamara eða óttuðust hann. Samt sá hann einn mann, sem hann áleit að væri undantekning og leiddi hann út í horn.

“Mig vantar að þú svarir einni spurning. Engar vífilengjur. Skiljið þér mig? Eg er blátt áfram og vil að þú sért það líka”.

“Gott og vel”.

“Konar þín hefir þegið góðgjörðir heima hjá ungfrú Chester. Eg hefi séð hana þar. Í kveld neitar hún að tala við ungfrú Chester. Hún ansaði henni ekki. Mig langar til að vita, hvað er í vegi”.

“Hvernig get eg vitað það?”

“Ef þér er ekki unt að vita það nú, þá vil eg mælast til, að þú komist eftir því”.

Maðurinn hristi höfuð sitt efablandinn. McNamara reiddist.

“Eg segi, að þú skulir gjöra það og að þú skulir láta konuna þína biðja fyrirgefningar á móðgun þessari, áður en hún fer héðan úr danssalnum, eða þú hafir mér að mæta. Eg þoli engum að svívirða ungfrú Chester að ósekju”. McNamara varð alt í einu líkur ættingjum sínum, Vestmönnum.

Hinn svaraði ekki þegar í stað, því að það er jafnan varhugavert, að eiga við þá menn, er ekki hirða um lög og rétt, en heimta að eins skilmála- lausa hlýðni. Orðrómur McNamara hafði borist út.

“Nú — hér — eg veit um það svona eins og aðrir; en eg gef mig lítið að þessum málum. Þú ættir heldur að sleppa því”.

“Haltu áfram!”

“Nú, það hefir verið talað mikið meðal kvenfólksins um — hér — já — sannleikurinn er, að þessi Glenister. — — Já, Mrs. Champion bjó á næsta herbergi við þau, — hér — hann — átti eg að segja — á leiðinni hingað — og hún sá ýmislegt. Nú, mér stendur á sama, hvernig stúlkur haga sér á ferðum sínum; en Mrs. Champion hefir aðra skoðun á því máli. Eftir því, sem konan mín hefir komist að síðan, þá hefir það einhvern sannleika við að styðjast, og þér er bezt, að láta sem minst um þetta mál”.

Með einu orði hefði McNamara getað skýrt fyrir mönnum kjaftaslúðrið, og neytt manninn til að láta konu sína biðja Miss Chester fyrirgefningar í viðurvist allra viðstaddra. En hann hinkraði við það. Það er vitur skipstjóri, er hagar seglum eftir vindi. Þá er hann hafði þakkað sögumanni skýring sína á sögunni, fór hann leiðar sinnar. Þegar hasn kom

þangað, kom Helen hlaupandi á móti honum og sagði:

“Takið mig héðan í brott sem fyrst. Eg vil halda heim!”

“Þér hafið skift um skoðanir?”

“Já, látum oss fara héðan”, sagði hún. Þegar þau komu út, gekk hún svo hart, að hann mátti herða sig til að geta fylgt henni. Hún sagði ekkert orð og hann hafði vit á því, að spyrja hana ekki. Þá er þau komu heim, fór hann úr yfirfrakkanum og kveikti ljós. Hún fleygði ytri fötum sínum á stól og æddi til og frá. Hún horfði tár votum augum hingað og þangað. Það voru reiðitár. Hann studdi sig við borðið og gaf henni gætur gegnum reykin frá vindlinum sínum.

“Þér þurfið ekki að segja mér neitt”, sagði hans að lokum. Eg veit alt um það”.

“Það gleður mig að heyra það. Eg gæti aldrei haft það eftir, sem þær sögðu. Ó! Það var svívirðilegt!” Hún kom ekki meiru upp, en beit á vörina. Hvað kom mér til þess að spyrja þær? Hví þagði eg ekki? Þegar þér fóruð burtu, fór eg til þeirra og spurði þær um orsökina fyrir framferði þeirra. Ó! Þær voru fram úr hófi svívirðilegar! En hvað þarf eg að gefa þessu gaum?” Hún stappaði niður fótunum smáu.

“Eg verð að drepa mann þenna núna rétt bráðum”, sagði hann um leið og hann sló öskuna úr vindlinum sínum.

“Hvaða mann?” Hún leit alvarlega á hann.

“Glenister! Ef eg hefði vitað það, að þessi saga

myndi koma yður til eyrna, skyldi eg hafa komið honum í fangelsi fyrir löngu”.

“Það kom ekki frá honum”, sagði hún, og reiddist að mun. “Hann er hinn göfugasti maður. Það er kerlingar-varguri n hún Mrs. Champion”.

“Mér kemur ekki til hugar, að hann hafi gjört þetta af ásettu ráði. Hann er of heiðarlegur maður til þess”, sagði McNamara. “Eg segi að eins, að allir tala um fallega stúlku; en hver eftir því, sem hann er maður til. Hún Malotte litla er voðalega afbrýðissöm”.

“Malotte! Hver er það?” spurði Helen forvitin.

Hann virtist furða sig á því, að hún þekti hana ekki. “Eg hélt, að hver maður vissi, hvers konar drós hún er. En það er eins gott, að þér þekkið hana ekki”.

“Eg er viss um, að Mr. Glenister mundi ekki tala um mig”. Það varð nokkur þögn á samtalinu. “Hver er þessi Malotte?”

Hann leit upp. Í augunum hans var aðdáun sú, er konum kemur mjög vel og margar þeirra lifa á.

“Eg vildi heldur, að þér kæmust sjálfar eftir því, hver hún er; eg vil heldur vera laus við það. Eg hefi nokkuð annað að segja yður, sem er miklu þýðingarmeira. Það er það þýðingarmesta mál, sem eg hefi nokkru sinni borið upp fyrir yður, Helen”. Það var í fyrsta skifti, sem hans hafði notað skírnarsafn hennar. Hún tók að skjálfa og leit óttaslegin til dyranna. Hún átti von á þessu, en var ekki við því búin að svara.

“Nei, segið þér það ekki í kveld, — ekki í

kveld!" Þessu kom hún út úr sér með illan leik.

"Jú, þetta er einmitt góður tími. Ef þér þykist ekki getað svarað því í kveld, þá kem eg aftur á morgun. Eg vil fá yður fyrir konu. Eg vil gefa yður alt það, sem heimurinn hefir að bjóða, og eg skal gjöra yður mjög ánægða. Eftir þetta linnir öllu þvaðri. Eg skal vernda yður fyrir öllu óþægilegu, og sé það nokkuð, sem þetta líf getur veitt yður, þá skal eg leggja það að fótum yðar. Eg get það". — Hann hóf upp sterku handleggina sína. Í svipmikla andlitinu var loforð um það, að hún skyldi hafa hvað sem hún girntist og mannlegum kröftum væri við hæfi að gefa: ást, verndun, stöðu, aðdáun.

"Viljið þér vera konan mín, Helen?" endurtók hann í mjúkum en hreinum málróm.

Hún lét höfuðið síga niður og hann kepti fram til þess, að taka hana í fang sér, en staðnæmdist og hlustaði. Einhver kom hlaupandi upp tröppurnar og barði ákaft á dyr. McNamara bölvaði, en fór til dyra og lauk upp.

Struve var úti.

"Sælir þér! McNamara, eg hefi leitað dyrum og dyngjum að yður. Fjandinn er laus!" Helen andaði léttara og tók fötin, sem hún hafði fleygt af sér. Nú veittist henni nægur tími til að jafna sig, áður en þeir kæmu inn. Þegar þeir loks komu, tók McNamara til máls, en var súr á svipinn:

"Eg hefi verið kallaður til námanna, og eg verð þegar að fara".

"Eg held, að það væri betra! Og það getur, ef til vill, verið of seint. Fréttin kom fyrir hálfri stundu,

en eg gat hvergi fundið yður", sagði Struve. "Hesturinn yðar bíður yðar með öllum týgjum hjá skrifstofunni. Betra að tefja sig ekki á, að hafa fata-skifti".

"Þú sagðir, að Voorhees hefði farið með tuttugu hermenn? Það er gott. Þú verður heima og kemst eftir öllu, sem þú getur".

"Hvað er að?" spurði ungfrú Chester með áhuga.

"Peir hafa gjört samsæri þarna við námurnar. Peir ætla að ráðast á þær í nótt", svaraði Struve. "Hin hliðin ætlar að láta hart mæta hörðu, svo að það lítur vel út með slagsmál þar".

"Þér megið ekki fara þangað", mælti Helen áhyggjufull. "Þar verða blóðsúthellingar!"

"Það er einmitt vegna þess, að eg verð að fara", sagði McNamara. "Eg kem aftur á morgun, og þætti mér þá vænt um, að geta fengið að tala við yður e i n a. Góða nótt!" Það var undarlegur glampi í augunum hans, er hann skyldi halda á brott. Af manni, er ekki var vanur að kynna sér hugi kvenna, lék hann ágætlega hlutverk sitt. Þá er hann kom til skrifstofu sinnar, brosti hann.

"Hún svarar mér á morgun. Eg þakka þér fyrir greiðann, Mr. Glenister!" sagði hann við sjálfan sig.

Helen spurði Struve spjörunum úr; en græddi ekkert á því annað en það, að mennirnir, sem McNamara hafði haft þar til njósna, höfðu komist að því, að samsæri hafði myndast meðal eigendanna. Peir höfðu því gjört McNamara aðvart um, að nám-

urnar yrðu teknar aftur í nótt, eða í öllu falli reynt til þess að taka þær.

“Hafið þér leigt njósnarmenn?” spurði hún.

“Já, auðvitað. Við vorum neyddir til þess. Hinir höfðu alt af menn á hælunum á okkur og það er komið svo langt, að aðrir hvorir verða að falla í valinn. Eg sagði McNamara, að blóðsúthellingar myndu eiga sér stað, áður en við hefðum námurnar í hendi okkar”.

“Það er það, sem móðurbróðir minn óttaðist, áður en við fórum frá Seattle”, sagði hún. “Það vár þess vegna, að eg lagði út í það vogunarspil, að færa yður skjölin. Eg hélt, að þér hefðuð fengið þau nógu fljótt til þess, að forðast öll óþægindi eftirleiðis”.

Struve hló dálítið og horfði undarlega á hana.

“Veit móðurbróðir minn um þetta?” sagði hún, eftir litla þögn.

“Nei, við látum hann ekki vita um annað en það, sem ekki verður hjá komist. Hann er ekki heilsusterkur”.

“Já, já. Hann er ekki hraustur. Hver stendur fyrir samsærinu?”

“Við höldum að það sé Glenister og félaginn hans frá Nýju-Mexico. Í öllu falli hafa þeir hóað hópnum saman”.

“Eg þykist vita, að þeir álíti, að þeir eigi þessar námur?”

“Efalaust”.

“En þeir eiga þær ekki, eða er ekki svo?” Þessi spurning hafði þrengt sér fram í hugskot hennar



stöðugt nú um tíma, því að alt af kom fyrir nýtt og nýtt, er benti ótvíræðlega á það, að eitthvað meira væri á bak við þetta, en hún vissi. Það var ómögulegt, að ranglæti væri haft í frammi við námumennina, og þó heyrði hún ýmislegt utan að sér, sem gjörði hana efablandna. Þegar hún reyndi að komast fyrir sannleikann í þessu máli, skiftu vinir hennar um umtalsefni. Blöðin þrjú, sem komu þar út, héldu öll með dómaranum. Hún las þau með athygli; en græddi ekkert á því. Henni fanst því, sem hún stæði á vafasömum grundvelli.

“Já, þessir tveir menn eru valdir að öllum óspektunum. Ef þeir væru ekki, þá gengi alt ágætlega”.

“Hver er Miss Malotte?”

“Hann svaraði strax: “Hin fríðasta kona, er stigið hefir fæti á norðurvegum, og um leið sú hættulegasta”.

“Upp á hvern máta? Hver er hún?”

“Það er erfitt að segja, hver eða hvað hún er. Hún er ólík öllum öðrum konum. Hún kom til Dawson mjög snemma; — bara kom, við vissum ekki hvernig eða hvaðan, eða hvers vegna, og urðum aldrei um það fróðari. Við vöknudum einn morgun við það, að hún var komin. Næsta kveld vorum við allir hart haldnir af afbrýði; en eftir viku vorum við allir vitlausir. Það var í þá tíð, er stúlkur gátu keypt danshöll eftir einn vetur eða gift sig millíóna-mæringi eftir mánaðartíma; en hún fékst ekki um slíka hluti. Hún vann ekki; en þó mundi Salómon í allri sinni dýrð hafa litið út sem flækingur gagnvart henni”.

“Þér segið, að hún sé hættuleg”.

“Já. Það var ungur aðalsmaður veturinn '98, danskrar ættar, að eg held — af ágætu fólki kominn — stór, gulhærður maður. Hann vildi eiga hana en eitt af spilafíflunum skaut hann. Og það var Rock, einn af 'ríðandi lögreglunni', indæll maður. Hún hryggbraut hann. Og svo fór um fleiri. En, með öllu þessu, er hún hin göfuglyndasta og hjarta-bezta stúlka, sem hugsast getur. Hún fæðir og klæðir fátæka, hvar sem hún nær til. Eg var óskaplega ástfanginn af henni sjálfur um tíma. Já, hún er hættuleg fyrir alla — nema Glenister.

“Hvað eigið þér við?”

“Hún kom til Yukon til þess að vaka yfir veikum manni. Þá er hún fór aftur, lenti hún í vor-hafísreki. Eg var þar ekki, en það virðist, sem Glenister hafi komið henni í land, þá er enginn annar vildi verða til þess. Þau bárust fimm mílur með ísrekinu, áður en honum hepnaðist að bjarga henni”.

“Og hvað bar þá við?”

“Hún varð bráð-ástfangin af honum”.

“Og eg býst við, að hann hafi tilbeðið hana eins afglapalega og þið hinir”, sagði hún með þjósti.

“Það er nú það undarlegasta af því öllu saman. Hún dáleiddi hann að vísu fyrst; en hann hljóp í burtu frá henni; en eg hefi hvergi heyrt hans getið, fyrri en hann kom hér til Nome; loks kom hún líka og fyrir nokkrum dögum borgaði hún honum fyrir sig”.

“Eg hefi ekkert heyrt um það”.

Hann sagði henni söguna um spilamenskuna á

Northern hótelinu, og endaði þannig: "Mér skyldi hafa þótt gaman að vera þar. Allir höfðu verið í æstu skapi. Loksins lokaði hún spilaborðinu og sagði, að spilið væri ómerkt; hún hefði gjört glappa-skot. Einn af áhorfendunum fullvissaði mig um, að hún hefði logið þar".

"Svo Glenister er forhertur, spilamaður í viðbót við aðra lesti hans, eða er ekki svo?" mælti Helen með reiðisvip. "Eg má vel vera upp með mér af því, að standa í þakklætis-skuld við þvílíkan mann! — Það er þó satt, að þetta land leiðir í ljós undraverðar mann-myndir".

"Parna skjátlást yður", sagði Struve og hló við. "Hann hefir aldrei átt við að spila fyrri".

"Ó! Eg er orðin uppgefin á öllum þessum mót-sögnum!" sagði hún reið. "Drykkjustofur, spilahús, endemis-sögur, ástar-æfintýri! Ó, eg hata það! Eg h a t a það alt! Hví kom eg til þessa lands?"

"Þessir hlutir heyra til hverju nýju landi. Síðast-liðið ár höfðum við samt við svo sem ekkert að stríða. En konur, eins og þér, geta hjálpað okkur mikið". Henni féll illa, hvernig hann sagði þetta og horfði á hana um leið. En hún mundi líka, að frændi hennar svaf uppi á lofti.

"Eg verð að biðja yður að afsaka mig. Það er orðið framorðið og eg er þreytt".

Klukkan var eitt. Hún læsti dyrunum á eftir honum, slökkti ljósið og fór upp í svefnherbergi sitt. Um leið og hún fór úr fötunum, datt henni í hug sagan um Glenister og Malotte. Jæ-ja, Glenister hafði bjargað lífi hennar með því að setja sitt eigið líf í

hættu. Hann var sannarlega hugrakkur maður. Hann ætti að hafa heiðurs-merki eitthvert: dreka, vopnaðan riddara, eða sofandi ungfrú. "Eg bjarga stúlkum úr lífsháska — helst fögrum stúlkum", ætti að standa á skildi hans.

"Hin fríðasta kona norður hér", hafði Struve sagt. Hún hugsaði sér Glenister hlaupandi af jaka á jaka og brimið hvítfyssandi á hælum hans; en fagnaðarópin á ströndinni gáfu stúlkunni von um líf. — Hún sá hann hrífa til hennar, og grípa hana og kornast brott heilan og óskaddaðan með hana til lands. Hvílík faðmlög! Hvílík sæla!"

Rétt í þessu var barið á dyr, hart og títt. Þetta var sönn óróa-nótt. Hún var þreytt. En þegar hún hugsaði um styrjöld þá, er nú stæði, ef til vildi, yfir uppi við námurnar og veika, gamla manninn, sofandi í næsta herbergi, þá áleit hún bezt, að gjöra sem minstan hávaða. Hún kveikti ljós og fór til dyra. Hún hélt, að þetta væri sendimaður frá Mc-Namara.

Hún varð smeyk, er hún opnaði dyrnar. Roy Glenister stóð þar harðlegur og ákveðinn. Hatturinn var dreginn niður á ennið; buxunum stungið niður í stígvélin og í hendinni hafði hann Winchester riffil. Í beltinu hafði hann skothylki og upp úr vös-um hans skein á skammbyssu-kjafta. Hann fór umsvifalaust inn og lokaði á eftir sér.

"Miss Chester! Þér og dómarrinn verðið þegar að klæðast og koma með mér!"

"Eg skil yður ekki".

"Samsæris-mennirnir eru á leiðinni hingað til

þess að hengja dómarann. Komið þið með mér heim til mín, svo að eg geti varið ykkur”.

Hún lagði skjálfandi hendina á brjóstið, en liturinn hvarf af andlitinu. Þau litu bæði upp við þrusk, er þau heyrðu, og sáu dómarann kominn þar. Hann hafði vafið um sig fötum nokkrum og hélt sér við stigann. Á andlitinu var kíttis-litur og augun voru óttaslegin. Varirnar bærðust, en ekkert orð heyrðist.

## XV. KAPITULI.

### Samsærismennirnir.

Glenister vaknaði morguninn eftir spilanóttina góðu á Northern hótelinu. Hann var í þungum þönkum. Síðustu tuttugu og fjórir tímarnir virtust fjarlægir og jafnvel ósannir. Glenister skammaðist sín, að segja Dextry frá spilamensku sinni, þar sem hann hafði haft svik í tafla við gamla manninn. Þeir höfðu reyndar samið um það með sér, að hvor um sig mætti verja sínum hluta eins og hann vildi. En hann fann jafnframt, að aldrei skyldi það fyrir koma, að hann misti framar vald yfir sjálfum sér.

“Við höfðum fund með samsæris-mönnum í gærkveldi”, sagði Dextry.

“Hvað var gjört?”

“Þeir ákváðu að starfa skyndilega: hengja nokkra menn, ná aftur eignunum og annað, sem þyrfti að gjöra. Það er fjöldi af lögmönnum og verzlunarmönnum með, sem helzt vilja, að McNamara og menn hans séu burt numdir af jörðunni”.

“Það hlaut að fara svona á endanum”.

“Þeir töluðu um, að reka alla menn McNamara frá vinnu og afhenda okkur aftur námur okkar”.

“Gott og blessað. En hvað marga eigum við vísa að hjálpa okkur?”

“Hér um bil sextíu. En við höfum að eins tek-ið þá í töluna, sem eiga svo miklar eignir, að þeir sjái sér fyrir beztu að vera með”.

“Eg vildi, að við gætum ráðist á dómþingið líka og gjört svo mikið upphlaup, að það fréttist til Washington. Alt annað hefir verið reynt, og von okkar um sigur virðist nú undir því komin, að stjórnin skerist í leikinn, — nema ef Wheaton getur komið einhverju til leiðar við undirréttinn í Californiu”.

“Eg tel ekki upp á hann til neins gagns. McNamara hræðist ekki þann rétt meira en skítinn, sem hann gengur á. Hann hefir betri bakhjarla en við vitum af. Ef að samsærismennirnir geta engu til leiðar komið, þá verðum við sjálfir að ganga til verks og hreinsa bælið, eins og við séum að drepa höggorma. En ef að það mistekst, þá ætla eg til Bandaríkjanna og verða læknir”.

“Læknir? Hvers vegna?”

“Eg las einhversstaðar, að Bandaríkin eyði á

hverju ári fjörutíu millíónum gallóna af 'whiskey' til lækninga.

Glenister hló. "Þú talar um 'whiskey', Dex. Eg hefi tekið eftir því, að þú hefir drukkið nokkuð mikið upp á síðkastið — mikið fyrir þig".

Gamli maðurinn hristi höfuðið. "Þér skjátlast. Það er ekki mikið fyrir mig".

"Jæ-ja; mikið eða lítið. Þú hefir samt betra af því að hætta við það".

— Það var nokkru seinna, að einn af njósnarmönnum Svíanna mætti Glenister og með lítt merkjanlegu tákni benti honum að tala við sig. Þá er þeir voru tveir einir, sagði hann:

"Það er verið að elta þig".

"Eg veit það fyrir löngu síðan".

"Fylkislögmaðurinn hefir fengið nýja menn. Eg hefi látið konu segja mér af þeim; hún býr í næsta herbergi við hann. Fyrir hennar aðstoð hefi eg nú fundið suma þeirra, en ekki alla. Þeir eru slæmir menn. Þeir láta sér ekki alt fyrir brjósti brenna".

"Þakka þér fyrir. Eg skal hafa augun opin".

Fám dögum seinna hafði Glenister fulla ástæðu til að minnst orða mannsins og renna grun í, að nú tæki leiikurinn að harðna fyrir alvöru. Til þess að komast heim til sín, fór hann vanalega eftir plankastíg einum, er lá gegnum endaleysu af tjöldum, í-búðarhúsum, vöruhúsum og hjöllum allskonar. — Þessi partur bæjarins var ekki mældur í ferhyrninga; því að þeir, er fyrst komu, tóku alt, sem fyrir varð, til þess að reisa á því einhverja byggingarmynd, til þess að geta náð í lóðar-rétt. Þegar dimt

var orðið, sáu menn hér ekki fótum sínum forráð.

Glenister þekti veginn svo vel, að hann hefði getað farið hann blindandi. Þegar hann nálgadist vöruhús eitt, mundi hann eftir því, að plankinn var þar rifinn af, svo að hann bjó sig til að hlaupa léttilega yfir það. Þegar hann tók stökkið, sá hann eitt-hvað hreyfast og um leið sá hann glampann af byssuskoti. Maðurinn hafði leynst hjá byggingunni og færið var svo stutt, að ómögulegt virtist, að hitta ekki. "McNamara hefir látið hunda sína skjóta mig", sagði hann um leið og hann féll þungt á aðra hliðina.

Morðinginn, sem vildi verða, hljóp skyndilega niður strætið og hvarf út í myrkrið. Nú stóð Glenister upp, þuklaði sig allan og fann, að hann var óskaddur. Hann bölvaði duglega. Hann hafði mist jafnvægis, er skotið reið af og fallið á plankabrotin. Að elta þrælinn var óhugsandi, svo hann hélt áfram heimleiðis, og sagði Dextrý frá því, er fyrir hann hafði komið.

"Þú heldur að McNamara sé hér á bak við?" spurði Dextrý.

"Já, sannarlega. Varaði ekki njósarmaður Svíanna mig við honum?"

"Það virðist ekki langt þess að bíða, að til skarar skriði", sagði Dextrý og hristi sig. "Það er kominn tími til, að við jöfnum á þeim. En hvað gátu þeir grætt við það, að drepa þig? Eg held að McNamara sé ekki á bak við þetta; en hvort sem er, þá er þér betra að gæta að þér eftirleiðis".

"Við skulum koma samferða heim eftirleiðis",



sagði Glenister, og kom þeim saman um það. Um tíma urðu þeir ekki varir við neitt með vissu; þó hélt Glenister einu sinni, að hann hefði séð náunga taka til fótanna, er hann sá, að þeir voru tveir saman. Hann afréð, að fara ekkert spor vopnlaus eftirleiðis.

Eitt kveld fór Glenister snemma heim og var að rita bréf, þegar Dertry kom inn. Klukkan var tíu. Gamli maðurinn hengdi upp yfirhöfn sína, kveikti í vindlingi, andaði að sér reyknunum og sagði svo:

“Eg var nærri því farinn veg allrar veraldar í kveld. Náunginn hélt að það værir ÞÚ”.

Glenister spurði hann, hvernig á því hefði staðið.

“Við erum hér um bil jafn háir og hattarnir okkar eins. Rétt þegar eg kom fyrir viðarhrúguna hér fyrir neðan húsið, stökk maður upp að stakk skambýssu neðan undir nefið á mér. Hann var snar sem elding og hafði nærri því klofið á mér hausinn með kúlunni, þegar hann þekti mig”.

“Það var misskilningur”, sagði hann. “Þú mátt fara!” Eg var ánægður með þessa afsökun”.

“Gæztu séð, hver það var?”

“Já. Gettu!”

“Það get eg ekki”.

“Það var Bronco Kid”.

“Guð hjápi mér!” sagði Glenister. “Heldur þú að hann sitji líka um líf mitt?”

“Hann situr um þig dag og nótt; en það kemur ekkert við McNamara og ekki heldur spilamenskunni. Hann er of heiðarlegur til þess. Ástæðan hlýtur að vera önnur”

Þetta var í fyrsta sinni, sem Dextry hafði minst á nóttina á Northern hótelinu.

“Eg veit ekki, hví hann ætti að sitja um líf mitt. Eg hefi aldrei gjört manni þeim neitt til bölvunar”, sagði Glenister.

“En nú skaltu samt vara þig! Eg vildi heldur mæta McNamara og öllum leigutólum hans til samans, en honum einum”.

Næstu daga reyndi Glenister af öllum mætti að hitta Bronco Kid augliti til auglitis, en hann virtist að vera gjörsamlega horfinn. Hann var hvorki finn-anlegur á spilahúsinu né á strætinu. Glenister var enn að leita að Bronco, þá er hann mætti einum samsærismanna, er spurði hann:

“Ertu ekki seinn á fundinn?”

“Hvaða fund?”

Þegar að hinn hafði sannfært sig um, að þeir væru einir, sagði hann:

“Það er fundur í kveld klukkan ellefu. Eitthvað mikið á að gjöra. Eg hélt sjálfsagt að þú vissir um það”.

“Það er undarlegt, að eg skyldi ekki vera látinn vita um fundinn”, sagði Glenister. “Þeir hafa líklega gleymt því. Eg fer með þér”.

Þeir fóru yfir ána, þar sem ekki var mikil manna von og börðu á dyr á stóru vöruhúsi, ljóslausu. Um það var hár skíðgarður. Eftir nokkra dvöl var lokið upp fyrir þeim. Þeir komu að hliðarherbergi. Þar var þeim einnig hleypt inn. Þessi bygging var gluggalaus og því ágæt til leynifunda.

Glenister var hissa á því, að sjá þarna hvern ein-

asta mann úr samsærinu viðstaddan, og þar á meðal Dextrý, sem hann hafði haldið að væri kominn heim fyrir nokkrum tíma síðan. Þeir höfðu hafið umræður, því að kassar, kollur og kirnur höfðu verið sett út að veggjum til að sitja á. Í sæti þessi var mönnum skipað og ljós frá fáeinum luktum lýstu óglögt andlit þeirra. Ótti nokkur greip þá, er Glenister kom inn. Forsetinn var í hálfgjörðum vandræðum. Glenister fann sjálfur til þess, að eitthvað óhreint var á seiði. Það sást auðveldlega á andlitum mannanna. Forsetinn reis úr sæti sínu og sagði:

“Vér komum hér aftur saman klukkan 1 og höfum vopn okkar með okkur. Og eg áminni ykkur um það, að láta ekkert orð falla, er komi óvinum vorum á flótta”.

Glenister reis upp. “Eg kom seint, herra forseti, og heyrði ekki, hvernig þið ætluðuð að haga ykkur. Eg heyri samt, að þið viljið láta skríða til skarar og mér líkar það vel og vil vera með. Má eg spyrja um eitt: Hvernig ætlið þið að byrja?”

“Sjalfsagt. Það er komið svo langt, að ekki dugar lengur að sitja aðgjörðalaus. Við höfum ákveðið, að taka til starfa þegar í stað. Við höfum leitað til allra lögmanna hér árangurslaust. Nú ætlum við að reyna að koma ræningjunum sjálfir af höndum okkar. Við komum saman eftir einn kl. tíma; skiftum okkur í þrjá flokka, tuttugu menn í hverjum flokki með foringja. Síðan göngum við til húsa þeirra McNamara, Stillmans og Voorhees og tökum þá fanga og —” hann veifaði hendinni.

Glenister svaraði ekki þegar í stað, en mennirnir horfðu með ákefð á hann.

“Hafið þið rætt þetta að fullu?” spurði hann.

“Við höfum gjört það. Það hefir verið samþykkt í einu hljóði”.

“Vinir mínir! Þegar eg kom hér inn fyrir stuttu, fann eg á mér að ykkur vantaði mig ekki. Hvers vegna, það veit eg ekki. En það veit eg, að eg hefi áður haft meira að gjöra við að koma röð og reglu á þessa hreyfingu en nokkur ykkar hérna. Og tap mitt hefir verið fult eins mikið og ykkar. Eg vil því fá að vita, hvort það var af ásetningi eða óviljandi, að eg fékk ekki að vita um fund þenna”.

“Þér setjið mig í óþægilega stöðu, Mr. Glenister”, sagði forsetinn alvarlegur; “en eg skal svara fyrir menn þessa, ef þeir óska þess”.

“Já, haltu áfram!” heyrðist alt í kring um hann.

“Okkur kemur ekki til hugar, að efast um fylgi yðar, Mr. Glenister; en við buðum yður ekki á þenna fund af því, að við þektum samband það — eg ætti ef til vill heldur að segja tilfinningar þær, er þér hafið fyrir frænku dómarans — sem er á milli yðar og heimilis dómarans. Við höfum heyrt, að þér með því hafið jafnvel skaðað yður sjálfan og hluthafa yðar. Samsærismennirnir ætla ekki að sýna neina vægð í þessu efni. Við ætlum að fylgja fram réttlæti í máli þessu, og því héldum við bezt, að láta yður ekkert hafa af því að segja”.

“Það er lýgi!” hrópaði Glenister há af reiði.

“Það er helvítis lýgi! Þið vilduð ekki hafa mig með ykkur af því þið hélduð, að eg mundi ekki verða að

öllu leyti á ykkar máli. Og þið höfðuð rétt fyrir ykkur. Eg er á öðru máli. Þið hafið gefið í skyn tilfinningar mínar fyrir Miss Chester. Eg get sagt ykkur það, að hún er trúlofuð McNamara. . Og eg skal enn fremur segja ykkur það, að þið s k u l u ð ekki brjótast inn á frænda hennar og hengja hann, þó að hann sé ekki góður. Nei! Á þess konar ofríki er engin þörf. Við vinnum á n slíkra meðala. Ef við getum það ekki, þá látum oss berjast sem menn, en ekki úlfa. Ef ykkur vantar að gjöra eitthvert gagn, þá látum oss taka aftur námurnar og halda þeim. En fyrir guðs sakir, gjörum oss ekki að morðingjum!"

"Vér vissum, að þér munduð tala á þessa leið", sagði forsetinn. Einn af fundarmönnum sagði:

"Við höfum talað um þetta með rósemi, Glenister, og spursmálið er: Eigum við eða þeir að lifa? Lögin koma þar ekki nærri".

"Það er rétt", sagði annar. "Við getum ekki tekið námurnar með valdi, því að McNamara hefir hermenn til aðstoðar. Þeir skjóta okkur niður sem hunda. Annars ættir þú að vera síðastur til að hafa á móti þessu, Glenister".

Glenister sá þegar, að þýðingarlaust var að þrefa um þetta. Þeir voru ákveðnir, að halda áfram með áform sitt. Samt sagði hann:

"Eg er manna sízt á móti því, að McNamara fái makleg málagjöld. En Stillman má ekki fá sömu hegningu. Hann er maður gamall og veikur og svo er kona þar í húsinu. Hann er eina stoðin hennar, og þið munduð verða að drepa h a n a fyrst, svo

að þið gætuð náð honum. Ef þið VERÐIÐ að drepa, þá drepið hina, en látið hann lifa”.

Þeir að eins hrist uhöfuð að honum, og margir fóru út, meðan hann var að tala. “Við ætlum að gjöra öllum jafnt undir höfði”, sagði einn um leið og hann fór út. Þeir ætluðu að fylgja því, sem þeir kölluðu réttlæti. Hann gat ekki sveigt þá frá því. Glenister hét á forsetann til hjálpar, en hann sagði:

“Það er til einskis að ræða þetta lengur. Eg vil að eins minna yður á loforð yðar. Þér eruð bundinn þeim heitum, sem hver heiðarlegur maður verður að halda —”

“Eg hugsa ekki til að koma upp um ykkur”, sagði Glenister. “En eg vara ykkur við, að fara inn í hús Stillmans dómara.

Hann fylgdi fundarmönnum út í myrkrið, en sá þá, að Dextry var horfinn. Glenister hafði tekið eftir því, að Dextry var í þungum hugsunum þessa daga og að hefnigirni hans hafði fengið meira en hún gat borið. Hann þurfti að hefna sín á þeim, er stolið höfðu eigum hans. Hann hugði á hefndir.

Á leiðinni heim leit Glenister á úrið, og sá þá, að hann hafði að eins einn klukkutíma til umhugsunar. Hann langaði til að vera með vinum sínum og hefna sín fyrir ranglæti það, er hann og þeir höfðu orðið fyrir.

Hann tók Winchester riffilinn sinn, bar á hann, hreinsaði hann og tók hann með sér ásamt belti með skothylkjum í. Hann var stöðugt í efa með sjálfan sig. Bardaginn milli félaga hans og stúlkunnar, bar hann nær því ofurliða. Hann taldi Helenu í flokki

fjandmanna sinna; — hún hafði svikið hann, teygt hann til að gefa upp rétt sinn til námunnar með ást sinni. Hún var trúlofuð þeim eina manni, sem hann hataði í öllum heiminum. Hví skyldi hann hugsa um hana? Hvernig var þessu farið? Hvað var það? Ekki hugleysi. Ekki gætni. En það var eitthvað ákveðið, og það höfðu félagar hans séð fyrir einni stundu síðan.

Hann fór út í niðdimma nóttina. Þessi skríll gæti gjört hvað sem hann vildi annarsstaðar en inn í hús h e n n a r skyldi hann ekki komast. Ljós var í setustofunni hennar. Hann gægðist inn og sá Helenu og Struve vera að tala saman. Hann dró sig í skuggann og var þar nokkurn tíma eftir að lögmaðurinn var farinn. Síðan fór hann að dyrunum og drap á dyr. Þegar Helen kom til dyranna, fór hann inn og læsti á eftir sér.

Hárið á Helenu var í mestu óreiðu, er hún kom til dyra. Henni varð ilt við, að sjá hann svona hermannlega búinn. Hún fór frá honum út að veggnum og horfði á hann móðguðum og hálf blygðunar-sömum augum.

Sjón þessi var honum sem hnífstunga í hjarta-stað. Stúlkan heyrði til erki-andskota hans, — fyrir hann sjálfan var engin von. Eitt augnablik gleymdi hann því, að hún hafði setið á svikráðum við hann. Nú mundi hann það aftur og sagði kuldalega frá erindi sínu. Þá kom gamli maðurinn fram á stigagatið, yfirkomin af skelfingu. Það var sýnilegt, að taugar hans höfðu nú með öllu látið undan. Nak-

in og dauðvona sál er engin fagnaðar-sjón. Glenister leit því undan og sagði við stúlkuna:

“Takið engan hlut með ykkur. Klæðist í skyndi og komið!”

Skepnan, sem í stigagatinu stóð, stamaði út úr sér:

“Hvers konar ofríki er þetta, Mr. Glenister?”

“Nome-menn eru undir vopnum og eg er kominn til þess að bjarga ykkur. Tefjið ekki tímann með spurningum!” Hann talaði fljótt.

“Er þetta bra—bragð ti—til þess að ná mé—mér á vald yk—ykkar?”

“Arthur frændi!” hrópaði Helen í bræði. Hún leit framan í Glenister og bað hann að reiðast ekki.

“Eg skil ekkert í þessari fífldirfsku. Þeir hljóta að vera vitlausir”, jarmaði dómarinn. “Hlaupið yfir til Voorhees, Mr. Glenister, og segið honum að senda fljótt varðlið hingað, til að vernda mig. Og þú, Helen! Fónaðu til herbúðanna og segðu hermönnunum að koma undir eins!”

“Verið þér kyrrar!” sagði Glenister. Það er til einskis. Mennirnir hafa höggvið alla víra sundur. Og þér skuluð ekki heldur aðvara Voorhees. Hann mun sjá fyrir sér. Eg kom til þess, að hjálpa ykkur, og ef þið hugsið til að komast lífs af, þá fylgið mér orðalaust”.

“Eg veit ekki, hvað gjöra skal”, sagði dómarinn aumkvunarlega. Þér munduð ekki fara illa með gamlan mann, Mr. Glenister? Munduð þér gjöra það? Bíðið þið! Eg kem að mínútu liðinni”. Hann lagði af stað upp stigann, stígandi í fót sín. Hann



hafði gleymt frænku sinni. Hún kallaði á hann og röddin var ómjúk og bjóðandi:

“Farið ekki feti lengra, frændi minn! Þér meg-ið ekki flýja héðan!” sagði hún ákveðin. “Þú vilt ekki gjöra það! Þetta er okkar hús. Þú ert ímynd laganna og berð á herðum þér heiður stjórnarinnar. Þú mátt ekki hræðast skríslæti þessi. Við verðum hér og mætum átektum”.

“Guð hjálpi ykkur!” sagði Glenister. Þetta er hrein og bein vitleysa. Þessir menn eru ekki skrill. Þeir eru beztu borgararnir í Nome. Þér virðist ekki vita, að þetta land er Alaska, og að þeir hafa svar-ið þess dýran eið, að eyðileggja McNamara og menn hans. Komið þið fljótt!”

“Við þökkum yður fyrir yðar góðu viðleitni”, sagði hún. “En við höfum ekkert það gjört, er við þurfum að flýja fyrir. Við erum reiðubúin að mæta hugleysingjum þessum. Þér gjörðuð betur í að fara, svo að þeir finni yður hér ekki”.

Hún fór upp á loft með dómarann með sér. Alt í einu hafði hún orðið einbeitt, að mæta öllum af-leiðingum og báðir mennirnir fundu með sjálfum sér, að ómögulegt var að aftra henni frá því. Hún sneri sér við efst í stiganum og sagði:

“Við erum samt sem áður mjög þakklát. Góða nótt!”

“Eg fer eki fet!” sagði Glenister. “Ef þér getið hætt þeim, þá get eg það líka!”. Hann læsti öllum dyrum og gluggum á neðsta gólfi. En hann sá brátt, að það var ónýtt til varnar. Uppi á loftinu varð vörnin að fara fram.

“Má eg koma?” kallaði hann upp til Helenar.

“Já”, svaraði hún. Hann fór upp og fann Stillman þar háflklæddan; en hún var búin að klæða sig í herbergi sínu.

“Viljið þér ekki koma með mér? Það er síðasta tækifærið!” Hún að eins hristi höfuðið. “Jæja, slöktu ljósið. Eg ætla að standa þarna við gluggann. Þegar augun venjast myrkrinu, get eg séð þá áður en þeir komast að hliðinu”.

Hún gjörði eins og hann sagði og tók stöðu við hliðina á honum. Dómarinn þar á móti sat á rúminu sínu. Andardráttur hans var það eina hljóð, sem heyrðist í herberginu.

Þessar tvær ungu persónur stóðu þétt hvor við hliðina á annari og ljúfi ilmurinn af henni lagði um hann með undra-afli, er hann gat vart móti staðið. Hann gleymdi hrekkvísi hennar. Hann gleymdi því, að hún var lofuð öðrum manni. Gleymdi öllu nema því, að hann unni henni hugástum. Axlirnar hennar strukust við herðarnar á honum. Hann heyrði fötin skrjáfa um leið og hún andaði. Einhver gekk um strætið; hún varð hrædd og tók um handlegginn á honum. Stundum laut hún að honum og hvíslaði einhverju viðvíkjandi hættunni, er þau voru stödd í. Við það kom heiti andardrátturinn hennar við kinn hans og hann beit saman tönnunum. Dómarinn sat á rúminu sínu; tannirnar hristust í honum.

“Þar koma þeir!” hvíslaði Glenister og hratt henni hægt aftur á bak; en hún vildi ekki hafa hann að hlífisskildi og kom því aftur.

Pá er hinir fremstu uppreistarmanna komu að hliðinu, kallaði Glenister til þeirra. Röddin var ekki há, en ákveðin, skörp og einörð.

“Farið ekki lengra! Komið ekki inn fyrir skíðgárdinn!”

Það varð truflun mikil meðal þeirra. En áður en þeir fengu tíma til að svara, bætti hann við:

“Það er Glenister, sem talar. Eg hafði bannað ykkur að gjöra þessu fólki nokkur óþægindi og eg vara ykkur aftur við því. Við erum tilbúin að mæta ykkur”.

“Þú ert svikari, Glenister!” mælti foringi uppreistarmanna.

“Getur vel verið. Þú sveikst mig fyrst. Og hvort eg er svikari eða ekki, þá komist þið ekki inn í þetta hús”.

Þeir mögluðu talsvert á móti þessu og einn þeirra sagði: “Það á ekkert að gjöra Miss Chester. Okkur vantar bara dómarann. Við ætlum ekki að hengja hann, ef hann vill að eins fara í fót þau, sem við erum með. Hann þarf ekki að óttast þau. Tjara er góð fyrir húðina”.

“Ó, guð minn góður!” hljóðaði vörður laganna.

Skyndilega kom maður hlaupandi og hélt inn í þvöguna.

“McNamara er farinn ásamt marskálkinum, og öllum hinum!” — Það varð þögn um tíma. Loks tók foringinn til máls: “Fylkið ykkur og gjörið áhlaup á húsið, piltar!”. Hann kallaði til Glenisters, er stóð við gluggann: “Þetta eru þín verk, bölvað-

ur hrærigrauturinn þinn!". Fylgdarmenn hans réðu á skíðgarðinn, komust inn fyrir og leituðu sér skjóls við múrinn. Byssa Glenisters sendi þeim skot á skot ofan og svitinn bogaði af honum. Hann skildi ekkert í því, að hann gæti gjört þetta þetta, — gæti skotið á sína eigin menn! Honum var óskiljanlegt, að vöðvar hans skyldu ekki máttlausir verða, er þeir áttu að framkvæma slík verk!

Helen ruddist fram og kallaði hátt og skýrt:

"Bíðið! Bíðið eitt augnablik! Eg þarf að segja ykkur nokkuð í fréttum: **Glenister gaf þeim ekki aðvörun!** Þeir héldu, að þið ætluðuð að ráðast á námurnar og fóru því þangað um miðnætti. Eg segi ykkur sannleikann afdráttarlaust. Það eru fleiri kl.-stundir síðan þeir fóru". Þessi voru hin fyrstu orð hennar og þeir þektu hana þegar allir.

Menn tóku nú að mögla, en voru ekki samdóma. Þá hóf nýr maður upp rödd sína. Helen og Glenister þektu þegar að það var Dextry:

"Drengir, það þýðir ekkert! Það hefir verið leikið á okkur. Við höfum ekkert við þessar manneskur að gjöra. Við viljum finna McNamara. — Gamli skallagrímurinn þarna uppi verður að gjöra eins og honum er sagt. Eg fer heim!"

Nú hófust hvíslingar meðal lýðsins. Því næst kallaði foringinn á Stillman dómara. Gamli maðurinn staulaðist að glugganum, fögur og hræddur. Stúlkan varð fegin, að hann sást ekki.

"Vér viljum ekki gjöra yður mein að þessu sinni, dómari; en þér hafið farið heldur langt. Við ætlum að gefa yður eitt tækifæri enn. Ef þér brjót-

ið það af yður, þá skuluð þér hengdur verða. Þetta er aðvörun!”

“E—g sk—al gjöra sk—yldu mína!” sagði vörður laganna.

Mennirnir fóru og Glenister lokaði glugganum, dró niður gluggaskýluna og kveikti ljós. Hann forðaðist að líta á dómarann og sneri að honum bakinu, er Stillman rétti hendina út til að þakka honum fyrir hjálpina. Verki hans var nú lokið og hann vildi fara úr húsi þessu sem fyrst.

“Orð eru ónóg hér og eg get aldrei full-launað yður alt það, er þér hafið gjört fyrir okkur”.

“Fyrir OKKUR!” hljóðaði Glenister næst um því upp. “Haldið þér, að eg hafi fórnfært heiðri mínum, svikið vini mína, drepið hina síðustu von mína fyrir OKKUR! Þetta er í síðasta sinni, er eg gjöri yður ónæði. Ef til vill í síðasta sinni, sem eg sé yður. Það gjörir ekkert til, hvað þér hafið gjört a n n a ð; mér hafið þér kent, — kent mikið, og eg þakka yður fyrir það. Að lokum hefi eg fundið sjálfan mig. Eg er ekki framar Æskimói, — eg er maður!”

“Það hafið þér altaf verið”, sagði hún. “Eg hef reynt að fá að vita meira um þetta mál; en svo virðist, sem enginn vilji segja mér neitt um það. Eg held, að eg sé mjög heimsk. Viljið þér nú ekki koma á morgun og segja mér það?”

“Nei”, sagði hann byrstur. “Þér eruð ekki af mínu sauðahúsi. McNamara og hans menn eru ekki mínir vinir og eg er ekki mikill vinur þeirra”. Hann var næstum kominn ofan stigann, þegar hún sagði:

“Góða nótt, og Guð blessi yður, vinur minn!”

Hún fór að hugsa um dómarann. Hann var aumlega á sig kominn. Hún varð að spekja hann eins og barn. Hún tók því næst að spyrja hann um þetta mál, er þessa nótt hafði næstum endað með skelfingu; en hann varð þegar reiður, er minst var á námurnar. Hún sat hjá rúminu hans þar til hann sofnaði; þá fór hún líka í rúmið; en var of þreytt til þess að sofna þá þegar. Ein hugsun var jafnt og þétt, að brjótast fyrir henni, — það var eins og hún hefði þegar sagt hana:

“Hin fríðasta kona norður hér, — en Glenister hljóp frá henni.

*Arnlfotur B. Olson*

---

## XVI. KAPITULI.

### Sannleikurinn tekur að koma í ljós.

Helen vaknaði ekki fyrr en um hádegi næsta dag. McNamara hafði riðið til bæjarins frá Læknum og haft morgunverð með dómaranum. Hann hafði spurt eftir Miss Chester; en er hann frétti um ónæði það, er hún hafði haft um nóttina, vildi hann lofa henni að sofa. Hann fór síðan á brott í fylgd með dómaranum.

Þó að hún hefði ekkert út á framferði sitt að setja um nóttina, fann hún þó til einhverrar óbeitar, er hún skyldi mæta McNamara. Ekkert vissi hún ilt um hann nema það, er reiðir fjandmenn sögðu, er upphlaup höfðu gjört móti honum. Og hún vissi líka, að hver maður, er komast vill áfram öðrum fremur, öðlast að því skapi óvini, sem hann er öðrum fremri. En samt sem áður fann hún það, að það var eitthvað, er hélt henni frá honum. En þessi maður trúði því staðfastlega, að hún myndi ganga að eiga sig. Hann gat þó ekki haft vald yfir allri hugsun hennar.

Hún var vön að ríða mikið út, einkum með sjónum og horfa á brimið. Um morguninn var hesturinn hennar haltur, svo að hún ákvað að ganga. Á fyrstu göngum sínum hafði hún verið hrædd við hina svaðalegu menn, er urðu á vegi hennar. Nú hafði hún sannfærst um, að þeir voru menn kurteisir. Oft var það, að þeir, er verst litu út, voru menn háskólagengnir, er sýndu kvenfólki alla kurteisi. Hún tók því tali þeirra óskelfd. Landslagið vilta fæðir af sér kurteisi og manndóm.

Það sýndist því engin hætta á ferðum. Reyndar hafði hún heyrt talað um vilta hunda, er færu í flokkum um bæjinn; þeir voru hættulegir í miklum hitum. Þetta er land hundanna; þeir hafa mikið að starfa á veturna. Um sumartímann er starfi þeirra: að flækjast, fitna, fljúgast á og verða vitlausir.

Helen fór annan veg heim, því hún vildi ekki mæta þeim, er hún þekti. Hún hélt, að nóttin áður myndi koma til tals, en það vildi hún ekki. Hún

heyrði byssuskot. Þá er hún leit við, sá hún nokkra menn og einn þeirra með rjúkandi byssu koma hlaupandi og heyrði um leið, að hundar voru að fljúgast á. Nú snerist forvitni hennar í hræðslu, því að einn hundurinn hljóp skyndilega eftir plankabraut þeirri, er hún gekk. Það var fallegur Eskimóahundur. Hann hafði haft sig burtu úr hundabardaganum og hélt nú til Helenar. Ekkert afdrep var nærri, nema húsið fjarlæga, sem kona nokkur var að koma að.

Mennirnir, sem enn voru langt í burtu, kölluðu til hennar að gæta sín.

Helen hljóðaði ekki; — hún sneri við og leitaði dauðhrædd til hússins fjarlæga. Hún var þess fullviss, að hundurinn mundi ráðast á sig, áður en hún kæmist úr hættu. Já, nú var hann rétt við hæla henni; hún heyrði fótatak hans. Hnén hennar kinkuðu. Dyrnar voru enn langt í burtu. En hestur, sem var tjóðraður nálægt veginum, varð hræddur, er þau fóru fram hjá. Hundurinn vitlausí hljóp á hestinn og beit hann æðislega. Hesturinn varð því hræddari, rykti í bandið og sleit það. Hann hljóp síðan veg sinn. En dvöl þessi varð til þess, að Helen náði dyrunum. Hún tók í lásinn. Hurðin var læst!

Hún senri vonlaus frá dyrunum, en sá um leið hina konuna fyrir aftan sig. Hún beið róleg eftir hundinum og hélt á lítilli skammbyssu.

“Skjóttul!” hljóðaði Helen. “Því hleypirðu ekki af byssunni?” Litla byssan tók til máls og hundurinn snerist með afar-hraða, urrandi, geltandi, skrækj



andi. Konan skaut mörgum skotum. Loks var þessi dólgur að velli lagður og konan tók undur rólega til máls um leið og hún tók tómu skothylkin úr byssunni:

“Þetta er of lítil byssa fyrir þessar skepnur”.

Helen féll niður á tröppurnar.

“Ó, hvað þér skjótið vell!” sagði hún lágt. Hún horfði á dauðu, gráu hrúguna, er nú lá rétt við fætur hennar. Mennirnir komu nú einnig að vörmu spori og töluðu hver við annan í ákafa. Eftir nokkur orð við þá, sneri kona þessi sér að Helenu og sagði:

“Þér verðið að koma inn stundarkorn og jafna yður”. Hún leiddi Helenu inn í húsið.

Það var snoturt herbergi, er Helen kom inn í, — já, meira að segja, fyrirtaks snoturt. Þar við vegginn stóð píanó og ýmsar söngbækur, ásamt ýmsum hlutum, er konur hafa í hýbýlum sínum; en sem Helen ekki hafði séð frá því hún yfirgaf heimili sitt í Bandaríkjunum. Konan hafði farið inn í annað herbergi, en talaði samt við hana.

“Þetta er þriðji vitlaus hundurinn, sem eg hefi skotið þennan mánuð. Hunda-vitleysa er orðinn algengur sjúkdómur í þessu nágrenni”. Hún kom með bjóð og glös á ásamt flösku.

“Þér eruð mjög óstyrkar, en þetta ‘brandy’ gjörir yður góða, — ef þér hafið ekki á móti að kyngja því. Síðan skuluð þér koma hingað inn og leggja yður fyrir stundarkorn, þangað til þér hressist. Hún talaði af þeirri ljúfmensku, að Helen varð henni þegar þakklát. Kona þessi var há, beinvaxin, falleg

á velli, og með þær einkennilegu hreyfingar, sem neyddu mann til að hugsa, að hún væri fædd til þess að sveima um í fegursta silki. Helen gaf fljótt gætur að fagra brosinu og hlýju vináttu-merkjunum hennar. Hún fann, að þetta var sú eina kona í Nome, sem gæti vermt og sem líka vildi verma.

“Þér eruð mjög góðar við mig”, sagði Helen. “En nú hefi eg alveg náð mér aftur. Eg var óttalega hrædd. Það var undravert, að þér skylduð bjarga mér”. Hún fylgdi konunni með augunum, er hún setti bjóðinn á borðið; en um leið sá hún mynd af Glenister.

“Ó!” hrópaði Helen, en hætti við að segja meira, því að hún ímyndaði sér, hver kona þessi myndi vera. Helen leit skjótlega á hana. Já, menn mundu líklega kalla konu þessa fagra. Þessi þekking ætlaði að kæfa hana fyrst. Hún reis á fætur og reyndi að dylja það, að henni hafði orðið svo mikill um þetta.

“Eg þakka yður fyrir mig. Eg er nú komin til sjálfrar mín aftur og verð að fara heim.”

Breytingin, sem á henni varð, gat ekki dulist konu, er var jafn vön, að sjá slíkar breytingar hjá kvenfólki. Ótal sinnum hafði Cherry Malotte séð systur sínar líta tortrygnisaugum á sig, án þess að látast verða varar við það. En aðferð þessarar stúlku særði hana dýpra sári. Hún sýndi engin fyrir-litningarkerki önnur en þau, að hún leit á hana föstum augum og brosti.

“Eg óska einungis, að þér vilduð hvíla yður hér

þangað til að þér eruð jafn góðar, Miss \_\_\_\_\_".  
Cherry þagnaði en rétti henni hendina.

"Chester. Nafn mitt er Helen Chester. Eg er systurdóttir dómars".

Cherry Malotte dró að sér hendina. Andlitið lýsti nú hatri.

"Ó, svo þér eruð Miss Chester — og eg — bjargaði yður!" sagði hún og hló hörkulega.

Helen reyndi að vera róleg. "Mér þykir fyrir því, að þér skuluð taka það svona upp", sagði hún kuldalega. "Eg virði mikils hjálp yðar". Hún gekk að dyrunum.

"Bíðið eitt augnablik! Mig langar til að tala við yður". Þegar Helen virtist því engan gaum gefa, þaut hún upp reið mjög. "Ó! verið þér ekki hræddar! Eg veit, að þér drýgið óttalega synd, en enginn sér það, og í yðar synda-pésa er það að eins synd, sem kemst upp! Þess vegna er yður óhætt. Það, sem gjörði út af við mig var það, að það komst upp um mig. En það verðið þér samt að vita, að þó að eg sé vond, þá er eg samt betri en þér, því að eg er þeim trú, er eg vil vel, og svík ekki vini mína".

"Eg skil yður ekki", sagði Helen kuldalega.

Ó-jú, þér gjörði það! Takið ekki á yður þessa sakleysis-blæju. Eg veit að vísu, að þér leikið vel undir henni; en hún dugir ekki við mig". Hún stóð augliti til auglitis við Helenu, sneri bakinu að dyrunum og hélt áfram með bitru háði: "Greiðinn litli, er eg gjörði yður fyrir skömmu, gefur mér rétt til að segja yður, að sakleysis-blæjan klæðir yður í

raun og veru mjög illa. En það er ljótt, að segja yður frá því! Ekki satt? Þér eruð einar í svikafélagi af ríkum mönnum, er ekkert hirða um rétt annara. Eg dáist að því, hvað þér hafið komið vel ár yðar fyrir borð við þetta óþverraverk; en þegar þér svo eftir alt saman takið á yður helgi-blæjuna, þá reiðist eg”.

“Hleypið mér út!”

“Eg hefi gjört margt ljótt”, hélt Cherry tafarlaust áfram; “en eg var neydd til að gjöra það. Og aldrei hefi eg reynt til að gjöra að engu líf nokkurs manns, bara fyrir peninga hans”.

“Hvað meinið þér með því að segja, að eg hafi svikið vini mína, eða eyðilagt líf nokkurs manns?” spurði Helen með hita miklum.

“Ó! sei, sei! Eg komst að strax í byrjun, hvað þér höfðuð gjört. En Glenister gat ekki séð það. Svo sagði Struve mér það, sem eg gat ekki getið mér til. Það þarf ekki nema vínflösku og stúlku til þess, að láta þann asna segja alt, sem hann veit. McNamara hefir stórt spil með höndum; en hann var hygginn, að fá yður til að vera með sér. Þér eruð fjölhæfar, með sterkar taugar og eruð fríð sýnum. Eg ætti að vita, hvað hentar, því eg hefi sjálf verið viðriðin slík störf stundum. Viljið þér fyrirgefa mér, að eg reiddist dálítið í fyrstu, — bara atvinnurógur! Eg er afbrýðissöm. Þér hafið mikla hæfileika. En lítilsvirðið mig ekki framar; við stundum báðar sömu iðn”. Hún opnaði dyrnar og fylgdi gestinum út með nístandi háði.

Helen var svo utan við sig eftir þessa heimsókn,

að hún gat ekki átta sig á öðru en því, að Cherry Malotte hafði ásakað hana fyrir hluttöku hennar í svikabralli, er hefði fyrir augnamið, að svæla námurnar undan eigendum þeirra. Hér komu enn á ný sömu getsakirnar. Þær komu úr öllum áttum. — Þetta g a t verið afbrýðissemi kvenmanns, og þó sagði hún að Struve hefði sagt sér alt, — vínflaska og laglegt stúlkuandlit gæti haft alt upp úr honum. Þessu gat Helen vel trúað, eftir því sem hún sjálf hafði séð af honum. Tilfinningin um, að það væri farið á bak við hana í þessu máli, ásótti hana að nýju. Ef að Struve segði hinni konunni alt, hví mundi hann þá ekki segja henni alt líka? Hún stefndi nú á Front stræti. Cherry Malotte hélt að hún væri góður leikari. Gott og vel, — hún skyldi reyna spádómsgáfu hennar.

Struve var önnum kafinn á skrifstofu sinni, en hljóp þó á fætur og bauð henni stól.

“Góðan daginn Miss Helen. Þér hafið blómlegan litarhátt eftir svo ömurlega nótt. Dómarinn sagði mér frá því öllu saman. Eg skal segja það, að þér eruð sniðugasta stúlkan, sem eg hefi þekt.”

Hún brosti að gullhömrum hans, tók af sér hattinn og hnepti frá sér yfirhöfninni.

“Eg býst við, að þér séuð önnum kafinn, þér maður laganna?” spurði hún.

“Já, það er eg, — en ekk of önnum kafinn til að gefa öllu því gaum, er þér þurfið með”.

“Ó! eg kom ekki í þeim tilgangi, að gjöra yður ónæði”, sagði hún glaðlega. “Eg var á gang úti og kom svona hins veginn inn”.

“Jæ-ja, því fremur er mér það ánægjuefni”, sagði hann og breytti um róm. Það er jafnvel meira virði”.

Hún áleit, að sér gengi vel. Hann var alve, hættur að bera önnum við.

“Já, eg verð þreytt af að tala altaf við móðurbróður minn og McNamara. Þeir fara með mig eins og eg væri smá-barn, sem ekkert skyldi gjöra nema að leika mér”.

“Hvenær ætlið þér að stíga þýðingarmikla sporið?”

“Hvaða spor eigið þér við?”

“Giftinguna. Hvenær ætlið þér að gifta yður? Þér þurfið ekki að vera feimnar”, bætti hann við. “McNamara sagði mér frá því fyrir mánuði síðan”.

Hann tók um hálsinn á sér, þegar hann sagði þetta; en það glaðnaði yfir honum, þegar hún svaraði hlæjandi:

“Eg held, að þér hafið misskilið hann. Hann hefir verið að gjöra að gamni sínu”.

Um tíma hafði hún hann á valdi sínu; hún talaði um alla heima og gjörði hann hissa á mælgisinni. Hann hafð aldrei órað fyrir því, að hún gæti verið svona fjörug; svo nærgöngul og þó svo fjarlæg. Hann varð djarfmæltari.

“Hvernig gengur það með mál okkar?” spurði hún. “Móðurbróðir minn vill ekkert segja mér, og McNamara er þögull sem dauðra manna grafir”.

Hann leit skyndilega á hana. “Í hvaða tilliti?” spurði hann.

Hún tók á öllu hugrekki sínu og gekk út í óvissuna.

“Nú! Nú! Þér þurfið líka að hafa mig stutt-klædda! Eg er þreytt orðin á öllu þessu. Eg hefi hraðað ferð minni hingað og gjört minn hluta. Eg vil nú vita, hvernig hinir hafa leyst sitt hlutverk af hendi”. Hún beið eftir svari.

“Hvað viljið þér vita?” spurði hann gætilega.

“Alt. Haldið þér ekki, að eg skilji, hvað fólk segir?”

Ó! Það er þ a ð! Kærið yður hreint ekkert um hvað fólk segir”.

Hún sá þegar yfirsjón sína, en hélt samt áfram:

“Hví skyldi eg ekki taka neitt mark á því? Erum við ekki ö l l t i l s a m a n s í þessu? Eg mót-mæli því, að vera notuð sem verkfæri og svo látin fara minn veg. Eg þykist hafa rétt til að vita, hvernig alt gengur. Haldið þér, að eg geti ekki þagað?”

“Þagað getið þér!” Hann hló og reyndi að breyta umtalsefninu. Hún reis á fætur og hallaði sér upp við skrifborðið. Hún hét því með sjálfri sér, að fara ekki út úr skrifstofunni fyrr en hún væri einhvers fróðari. Framkoma hans styrkti trú hennar á því, að það v æ r i eitthvað. Þetta sí-fulla en gáf-aða hundspott þekti málið út í æsar. En hann fór varlega að öllu. Hún hallaði sér áfram og brosti.

“Þér eruð engu betri en hinir. Eða eruð þér það? Þér viljið ekki gefa mér neina fullnægjandi vissu”.

“Gefa, gefa, gefa!” sagði Struve gramur. “Það er það eina, sem að konur vilja. Gefðu mér þetta,

gefðu mér hitt. Eigingjarna kvenþjóð! Hví bjóðið þér ekki eitthvað á móti? Við karlmenn erum kaupmenn. Þið eruð forvitnar og þar af leiðandi fátækar. Eg get hjálpað yður, en eg vil fá eitt bros fyrir. Þér biðjið mig að svíkja loforð mín og veita heiðarleik mínum banasár til þess að friða kvengrillur yðar. Jæ-ja, það er konum líkt, og eg ætla að gjöra það. Eg ætla að gefa mig á vald yðar; en eg gjöri það ekki fyrir, ekki neitt. Nú, við skulum skifta vörum”.

“Það er ekki forvitni!” sagði hún í bræði. Eg hefi fullan rétt á því”.

“Það hafið þér ekki. Þér hafið heyrt hvað sagt er meðal námumanna, og fengið g r u n ; það er alt og sumt. Þér ímyndið yður, að eg viti eitthvað, er bregði nýju ljósi — eða skugga — á þetta mál; en þér eruð svo tortryggin, að þér þorið ekki að treysta yðar eigin fólki. Til ókunnugra getið þér ekki snúið yður og komið því til mín. Setjum svo, að eg hefði skjölin, sem að þér færðuð mér í vor, og að þau skjöl skýrðu málið til hlýtar, — hvort að frændi yðar er friðsemdarmaður, eða að hann á skilið að hengjast af skríl, — hvað munduð þér gjöra? Hvað munduð þér gefa til að sjá þetta svart á hvítu? Jæja, skjölin eru hér, reiðubúin til þess að svara fyrir sig sjálf. Ef að þér eruð k o n a, munuð þér enga hvíld fá fyrr en þér hafið séð þau. Eigum við að skifta vörum?”

“Já, já! Gefið mér þau!” kallaði hún með ákefð. Rauðleitur litur færðist um augu hans; hann



reis á fætur. Hann hafði fært sig til hennar; en hún flúið út að veggnum náföf.

“Sjáið þér ekki, að eg verð að fá þau?” sagði hún.

“Jú, eg sé það; eg meira en skil það líka; en eg vil fá koss til að binda enda á kaupin”. Hann rétti út heitu hendina sína, en hún hratt henni frá sér og hljóp til dyranna.

“Gjörið sem yður sýnist”, sagði hann. “En ef að mér skjátlást ekki, þá hafið þér engan frið í yðar beinum, fyrri en þér hafið séð skjölin. Eg hefi lesið yður til grunna, og eg skal veðja um það, að þér hvorki getið átt McNamara né litið framan í frænda yðar, fyrri en þér vitið hið sanna í þessu máli. Þér gætuð látið yður minna lynda, ef þér vissuð, að þeir væru svika-refir, en ekki þó þér að eins grundið þá um græsku, — það er kvenlegt. Komið aftur, þegar þér eruð til búin. Eg get sýnt yður sannanir, því eg gjöri ekki kröfu til að vera annað en eg er, — Wilton Struve, verzlunarmaður; selur ýmislegt. Þegar semja skal grafskrift mína, geta þeir sett þar með góðri samvizku: ‘Hann fékk reikning sinn borgaðan’.”

“Þér eruð réttnefnt panzer-dýr!” sagði hún með fyrirlitningu.

“Fallett og skemtilegt dýr”, sagði hann og hló við. “Ástsamlegt og leikfult, en með skörpum tönnum og hvössum klóm. Til þess að halda hugmyndinni, sem mér fellur vel í geð, þá held eg að dýr þetta hafi enga trygð til að bera og veiði eitt sér. Þegar þér nú hafið ráðið svika-ferilinn til enda, og

látið skömm skella þar sem skyldi, — viljið þér þá ekki koma og segja mér, hvernig öllu er farið? — Þessar dyr liggja út í fordyrið og þaðan út á strætið. Enginn sér, hvaðan þér komið, eða hvert þér farið”.

Helen var hissa á sjálfri sér, að hafa dvalið svo lengi og hlýtt á hann. Hvílíkt ómenni! Hvílíkur þræll! Meiningin var auðskilin. Hún hafði ætíð verið auðskilin, frá því að hann sá hana í fyrsta sinni. Og svo var hann gjörsamlega samvizkulaus. Hún hafði vitað alt þetta fyrri. En í æskufjóri sínu og nauðum sínum og þörf á, að vita hið sanna í þessu efni, hafði hún látið leiðast til að heimsækja hann ein. Maðurinn var hygginn og gætinn, þótt hann fantur væri, og hafði grandgæfilega kynt sér sálarástand hennar. Henni hafði mistekist. En hún vissi um leið, að hún gæti ekki hvíld fengið fyrri en hún hafði fengið sannleikann að vita í þessu máli. Hún varð að drepa þenna grun, er át hana lifandi. Hún hugsaði með klökka um viðkvæmni þá, er frændi hennar hafði sýnt henni alt frá fyrstu fundum þeirra, og hélt sér fast við þenna síðasta ættingja sinn. Blóðskyldur Chester-ættarinnar voru sterkar, og hún þráði ákaflega að sjá bróðurinn eina, er hún átti, og sem var að flækjast einhversstaðar í þessu kynja-landi, — þráði, að hafa einhvern, er hefði sama blóð í æðum og hún sjálf, einhvern annan en veika manninn. McNamara var þar að vísu. En hvernig gat hún snúið sér til hans, — mannsins, sem einmitt var í svartasta skugganum, mannsins, sem öll grunsemd hennar vafði sig um?

Helen fann sárt til þess, hve yfirgefin og einmana hún var. Hún var hrædd og þreytt eftir viðureignina við Struve. En það var henni þó fullljóst, að nú varð ýmislegt að gjöra, sem ekki var geðfelt, og að alt stolt varð að leggjast á hilluna. Það var margt, sem hún þurfti að vita þá þegar; og því var það, að fáum mínútum síðar barði hún aftur að dyrum hjá Cherry Malotte. Þá er Cherry kom til dyra, var Helen hissa á því að sjá að hún hafði verið að gráta. Tárin brenna heitast og láta eftir glöggust merki á kinnum þeim, er þau fara sjaldnast um. Helen gat ekki ímyndað sér, hvaða ógnir höfðu komið yfir stúlkuna, meðan hún var á burtu. Hún hafði fundið sárt til þess, hve djúpt hún var sokkin í álitum allra heiðvirðra manna, og við það, að sjá Helenu, unga, fjöruga og fagra, hafði vaknað í brjósti hennar ofsafult hatur og afbrýðissemi. Hvernig gat Glenister lengi skoðað huga sinn, er um þær tvær var að velja? Cherry lagði spurninguna fyrir sjálfa sig. — Hún glápti á gest sinn, en lét ekki í ljós hatur, heldur algjört afskiftaleysi.

“Viljið þér lofa mér að koma inn?” spurði Helen. “Eg hefi nokkuð að segja yður”.

Þá er þær komu inn, stóð Cherry Malotte enn og horfði undrandi á Helenu.

“Það var enginn hægðarleikur fyrir mig að koma aftur til yðar”, sagði Helen. “En eg fann, að eg v a r ð að gjöra það. Ef að þér g e t i ð hjálpað mér, þá vona eg að þér gjörið það. Þér sögðuð, að þér vissuð til þess, að mikið ranglæti hefði verið haft í frammi. Mig hefir grunað lengi, að svo væri,

en vissi það ekki með vissu, og þótti ljótt, að hafa náin skyldmenni mín fyrir sök, ef hún ekki ætti sér stað. Þér sögðuð, að eg sjálf væri samsek þeim, er þetta höfðu gjört, — að eg hefði svikið vini mína. Bíðið eitt augnablik”. — Hún sá háðslega brosið, er lék um andlit hinnar stúlkunnar. “Viljið þér ekki segja mér, hvað þér vitið, og hversu mikinn hlut þér haldið, að eg hafi átt í því? Eg hefi séð og heyrt svo margt, er kom mér til að hugsa, — ó, það er óþolandi! — og þó verð eg að komast að s a n n l e i k a n u m. Eg veit það, að í máli eins og þessu, þar sem alt er á huldu, eru menn vanir að koma með alls konar ágizkanir. En vita þeir, — hafa þeir nokkra sönnun fyrir því, að móðurbróðir minn hafi í nokkru verið hlutdrægur?”

“Er þetta alt?”

“Nei. Þér sögðuð, að Struve hefði sagt yður alt, er þetta mál snerti. Eg fór til hans og reyndi að hafa það upp úr honum, en —” hún tók að skjálfa.

“Hvaða árangur hafði það?” spurði konan og bar nokkuð á forvitni hjá henni — í fyrsta sinni.

“Ó, spyrjið þér mig ekki um það! Eg má ekki um það hugsa”.

Cherry hló kuldalega. “Svo er það? Þegar yður brást að hafa upp úr honum það, sem þér vilduð, þá flúðuð þér aftur til útburðarins, mín. Miss Helen Chester! Eg trúi engu orði af öllu því, er þér hafið sagt. Farið þegar til frænda yðar og til samvizkulausa elskhugans yðar, og segið þeim, að eg tali, þegar minn tími er kominn. Þeir halda, að eg viti

of mikið, — er ekki svo? Sendu þeir yður út til að njósna? Jæja, eg skal gjöra samning við yður: Þér annist yðar hluta og eg skal gjöra minn hluta. Látið þér Glenister vera í friði. Þá skal eg engu koma upp um McNamara. Viljið þér ganga að því?”

“Nei, nei nei! Getið þér ekki séð þetta? Það er ekki það. Alt, sem eg vil vita, er: hvað sanna leikur í þessu máli”.

“Þá getið þér farið til Struve til að fá þann sannleika; hann mun segja yður alt af léttu. Eg gjöri það ekki. Gjörið þér samning við hann. Þér eruð hyggin stúlka; þér hafið leikið á betri menn. Nú, við skulum sjá, hvað yður tekst við hann”.

Helen fór. Hún sá, að allar tilraunir voru hér árangurslausar. Hún vissi, að Cherry trúði henni — en var óð af afbrýðissemi og vildi því ekkert fyrir hana gjöra.

Þá er hún kom heim, reit hún tvo stutta seðla og kallaði á japanska drenginn úr eldhúsinu.

“Fred, berðu þig að finna herra Glenister og fáðu honum þenna miða. Ef að þú getur ekki fundið hann, þá náðu í félagu hans og fáðu honum hinn miðann”.

Fred fór og kom aftur að klukkutíma liðnum. Hann hafði miðann til Dextry enn í hendinni.

“Eg gat ekki fundið gamla manninn”, sagði hann. Ungi maðurinn sagði, hann gæti komið heim einn, tveir, getur verið ellefu, tólf eða eitthvað”.

“Afhentir þú Glenister sitt bréf?”

“Já, ungrú”.

“Svaraði hann?”

“Já, ungfrú”.

“Fáðu mér bréfið”.

Bréfið hljóðaði þannig:

“Kæra Miss Chester!

“Umræða milli okkar um Steðjalækjar-málið væri gagnslaus. Ef áhyggja yðar á nokkuð skylt við atburði þá, er gjörðust síðustu nótt, þá verið rólegar. Þeir koma ekki oftár fyrir. Meðaumkvun yðar þurfum við ekki. Yðar einlægur,

Roy Glenister”.

Stillman dómari kom inn, þá er hún var að lesa bréfið. Hann virtist hafa elst um eins mörg ár eins og stundir þær voru margar, er hann hafði lifað síðan hún sá hann seinast. Rödd hans og framkoma öll báru ljósan vott um það, er hann hafði liðið.

“Alec hefir sagt mér frá trúlofun ykkar, og það lyftir voða-þyngslum af sálu minni. Eg er hjartans glaður yfir því, að þú ætlar að giftast honum. Hann er makalaus maður, og hann er sá eini maður, sem getur bjargað okkur”.

“Hvað áttu við? Frá hverjum er okkur hætta búin?” Hún forðaðist að nefna málefni McNamara viðvíkjandi giftingu þeirra.

“Hvað! Skríllinn, skríllinn! Þeir koma aftur. Þeir sögðu það sjálfir. En Alec hefir yfirmanninn, sem yfir hernum ræður, á sínu bandi. Við megum vera honum þakklát fyrir það, að við fáum hervörð um húsið”.

“Hvað er þetta? Þeir gjöra okkur ekkert!”

“Sei-sei! Eg veit, hvað eg er að tala um. Við erum verr stödd nú en nokkru sinni áður. Ef þessir

samsærimenn verða ekki lagðir að velli, þá verða miklar blóðsúthellingar. Það er sannleikur. Þeir eru vitlausir. Þeir vilja koma mér úr dómarsætinu, svo að þeir hafi lögin að vild sinni. Þetta er það, sem eg ætlaði að tala við þig um. Þeir ætla sér að drepa Alec og mig, — hann hefir sagt mér það. — Við verðum að verða á undan þeim, til þess að koma í veg fyrir morð. Hinn ungi maður Glenister er einn þeirra, og hann veit, hverjir hinir eru. Heldur þú ekki, að þú gætir veitt upp úr honum, hverjir hinir eru?”

“Eg held að þú gjörir mér erfitt að skilja þig”, sagði hún, en hvítnaði samt upp.

“Ó, jú. Þú skilur mig. Eg vil fá nöfn forsprakkanna, svo að eg geti látið taka þá fasta. Þú getur narrað hann til að segja þér það”.

Helen leit á gamla manninn svo óttaslegin, að hún kom engu orði upp. Þú biður m i g um — þetta?” sagði hún loks með hásrí en bjóðandi röddu.

“Vitleysa!” sagði hann reiður. “Þetta er ekki tíminn til að vera með heimskulega viðkvæmni. — Það er ekki nema um líf eða dauða að tala fyrir mig og fyrir Alec líka”. En hún sagði afarreið:

“Það er svívirðilegt! Þú ert einmitt að biðja mig að svíkja þann mann, sem bjargaði lífi okkar beggja fyrir ekki fullum tólf stundum síðan. Hann hætti lífi sínu fyrir okkur!”

Það er alls engin svívirða. Það er að eins gjört til að verja líf okkar. Ef að við fáum ekki yfirtök in á þeim, þá fá þeir yfirtök á okkur. Eg ætla ekki

að hegna Glenister. Það eru hinir náungarnir, sem eg þarf að ná í. Vertu nú væn; þú verður að gjöra þetta”.

En hún sagði ákveðið “Nei!” og fór til herbergis síns. Hún lokaði að sér og sat þar sem í leiðslu langan tíma með hendurnar í kjöltunni. Loksins sagði hún lágt:

— “Eg er hrædd um, að það sé satt. Því miður er það sjálfsagt satt.”

Hún lét ekki sjá sig um miðdegisverðar-tímann og bar við höfuðverk, er McNamara kom um kveldið. Þó að hún hefði ekki séð hann síðan um kveldið, að hann yfirgaf hana og hún hafði að nokkru leyti lofast honum, þá gat hún varla komið fyrir augu hans og haft um leið þá sannfæringu, að hann væri aðalmaðurinn í svika-vélinni miklu, er ógnaði námamönnum.

Hún barðist þrúfált við þá hugsun, að hann og frændi hennar, sem gekk henni í föðurstað,— væru aðalmennirnir í öllu þessu uppnámi. Og þetta kalda skeytingarleysi, sem frændi hennar hafði sýnt, er hann vildi fá hana til þess að svíkja Glenister, staðfesti þessa hugsun hennar. Fyrst hann gat beðið hana um það, hvað mundi hann víla fyrir sér að gjöra, er var jafn svívirðilegt og óguðlegt? Hún var mjög lengi í herbergi sínu, en loks fór hún ofan til að leita Fred uppi, og fá sér einhverja næringu, því hún hafði ekkert smakkað síðan um morguninn.

Hún heyrði raddir frá setustofunni og hlustaði. Fyrsta setningin, sem hún heyrði, var næg til þess, að hún hætti að skammast sín fyrir að standa á hleri.



Hún fékk nú að heyra með eigin eyrum það, sem hana hafði lengi grunað, og meira til. Hún sneri við, tók að sér fötin og hljóp upp á herbergi sitt. Hún hafði fataskifti í snatri.

Hún leit út um gluggann og sá, að niðamyrkur var úti; engin stjarna sjáanleg. Samt lét hún á sig þykka blæju, áður en hún slökkti ljósið og gekk fram ífordryið. Hún hinkraði við, er hún heyrði McNamara bjóða frænda hennar "góða nótt" við aðal-dyrnar. Móðurbróðir hennar fór því næst til herbergis síns. Hann staðnæmdist við dyr hennar og kallaði blíðlega á hana; en er hún gengdi ekki, fór hann í rúmið. Nú fór hún út, lokaði dyrunum á eftir sér og stakk lyklinum á sig. Hún flýtti sér nú sem hún gat og í huga hennar voru jafnan þessi orð:

"Eg verð of sein! Eg verð of sein!"

## XVII. KAPITULI.

## Regn og myrkur.

Jafnvel eftir að Helen hafði verið úti nokkurn tíma, gat hún ekki varað sig svo að hún slippi við að reka sig á. Loftið var þrungið rafmagni, er boðaði storm.

Þá er Helen nálgast bústað Glenisters, varð hún fyrir fyrstu vonbrigðunum. Hún sá ekkert ljós. Hún komst samt að dyrunum, en rak upp hljóð.— Tveir menn komu fram úr myrkrinu og tóku ómjúkum höndum á henni. Eitthvað kalt og hart snart kinnina hennar og höfuðið var keyrt aftur á bak. Hún braust um og hljóðaði upp:

“Hættu, hættu — það er kona!” sagði maðurinn, sem hélt um handleggina hennar. Hann slepti takinu og studdi hendinni á öxl henni. Hinn maðurinn kipti til sín byssunni og horfði nákvæmt á Helenu.

Hvað er þetta, Miss Chester?” sagði hann. — “Hvað eruð þér að gjöra hér? Þér höfðuð nærri orðið fyrir slysi”.

“Eg ætlaði að fara til Wilsons, en hefi vilst í myrkrinu. Þér hafið meitt mig á andlitinu”. Ótta lét hún ekki á sér finna.

“Það er illa farið”, mælti annar maðurinn. — “Við höldum að þér væruð —”. Þá sagði hinn

hörkulega: "Þér gjörðið bezt í að taka til fótanna. Við bíðum eftir öðrum manni".

Helen hélt sömu leið til baka og flýtti sér sem hún gat; því hún vissi, að sendisveinar frænda hennar höfðu enn ekki náð í Glenister. Hún hafði heyrt þá, McNamara og dómarrann segja, að þeir ætluðu að láta hermenn rannsaka bæjinn og taka alla þá, er eitthvað væru við samsærið riðnir. Það átti að setja þá í "svartholið" án dóms og laga, og hlykkja-ganga dómstólsins og dómarrans átti að verða svo langdræg, að þeir losnuðu ekki út aftur fyrir haustið, ef á þyrfti að halda. Hún hljóp niður strætið og að húsi Cherry Malotte; en þar var ekkert ljós og enginn tók kveðju hennar. Henni lá við að örvænta. Hún vissi ekki, hvar leita skyldi á meðal hinna þúsund staða, er maðurinn, sem hún vildi finna, gat verið á. Var það líklegt, að hún hefði mikið tækifæri á móti hermönnum, er færu enda á milli í borginni á svipstundu? Á einum stað gat hún þó leitað. Það var á Northern leikhúsinu. En sjálf gat hún líklega ekki fundið hann þar, því að hún þorði ekki að koma þar inn sjálf. Henni datt Fred í hug, japanski drengurinn, en slepti aftur þeirri hugmynd. Óþörf tímaeyðsla var drepanði.

Glenister hafði eitt sinn sagt henni, að hann hætti aldrei við það, sem hann einu sinni byrjaði á. Já-ja; hún skyldi líka sýna það, að hún gæti verið ákveðin líka, þótt hún væri stúlka. Þetta var ekki tími fyrir smásmuglega hæversku. Hún setti skýlna þétt fyrir andlitið og tók orðstír sinn í eigin hönd. Hún hélt hispurslaust áfram eftir strætinu, en

heyrði brátt drykkjulæti. Hún þræddi þröngu strætin og leitaði að hliðar-inngangi í leikhúsið, því að hún vogaði ekki að fara inn um framdyrnar. Á þenna hátt kom hún inn í nokkurs konar almenning, er áður var hulinn henni og sem hún hafði enga hugmynd um, að ætti sér stað.

Glæpa-líf stórbæjanna er hulið, að minsta kosti yzt, þunnri siðferðis-blæja, en í námabæjum er það nakið og bert. Hér var röð við röð af smákofum er flokkaðir voru saman eins og flugur á hræi. Inni í hreysum þessum voru áflog, saurlifnaður og allskonar drykkjuslark. Svæsnir hlátrar blönduðust þar saman við hroðalegan söng, svo að undir tók í nætur-kyrðinni. Helen sá máluð andlit, er tilheyrðu ýmsum þjóðflokkum, gægjast í gluggum og dyrum og benda þeim, er á gangi voru, að koma inn. — Druknir menn rákust á hana, stöðvuðu hana, og aftur og aftur var hún neydd til að rífa sig lausa úr faðmlögum þeirra. Loks kom leikhúsið í ljós. Móð og hrædd reyndi hún að opna hurðina. Hún var lokuð. Hún kallaði á mann, er kom þar út úr myrkrinu; en hann var ekki á því, að fara að leita að dyravörðum. En hann tók að syngja hroðalegan söng og vildi láta hana dansa við sig. Hún varð enn á ný að neyta afls til þess að rífa sig lausa.

Hún fór aftur til dyranna og knúði þær, því hún hélt, að maður sá, er hún leitaði að, væri þar inni. Loks flaug hurðin upp og til sýnis kom feitur, klumslægur maður, er spurði:

“Hvern djöfulinn í helvíti vantar yður, þar sem þér getið ekki beðið þangað til sýningunni er lokið!

Farið sem fyrst á brott". Og rétt í því sem hann ætlaði að loka hurðinni við nefið á henni, stakk hún að mannum silfur-dollar og þrengdi sér inn um leið. Hann stakk dollarnum á sig og hurðin luktist á hæla henni.

"Jæ-ja, hvað er yður á höndum? Sýningin er að enda". Að líkindum var þetta umsjónarmaður leiksins, því að hann sagði fljótlega:

"Bíðið eitt augnablik, — þar endar það". Hann þaut af stað. Þegar hann var búnn að koma öllu í lag, kom hann aftur.

"Þekkið þér herra Glenister?" spurði hún.

"Já. Eg sá hann í kveld. Komið þér með mér". Hún fór með honum inn í salinn. Hún hafði aldrei búist við, að sjá slíka sjón. Þrátt fyrir það, þó hún væri í æstum skapsmunum, varð hún þó hissa á allri þeirri dýrð og fegurð, er þar var að sjá. Veggvalirnar mynduðu eina samfelda heild af smáherbergjum með blæjum fyrir gluggum. Þar sátu menn og konur, talandi, syngjandi, drekkandi, slæjandi. Sætin á hinu gólfinu sáust ekki; þau voru lægri og svo var að nokkru breitt yfir þau; en máláður harðviður sást allstaðar gegnum blæjurnar. — Hún heyrði digurróma mann kalla fyrir dansinum og dansendurnir liðu yfir gólfið.

"Eg sé hann ekki", sagði fylgdarmaður hennar. "Þér gjörðuð betur í, að líta sjálf eftir honum". Hann benti henni á stigann, er lá upp á annað loft. En hún rétti honum þá annan dollarinn og bað hann að finna Glenister og koma með hann til sín. "Flýtið yður, flýtið yður!" hrópaði hún á eftir honum.

Maðurinn glápti í fyrstu á hana, en síðan sagði hann: "Guð minn góður! Þér býtið peningum eins og miliónaeigandi. Þér eruð afbragð allra kvenna".

Hún fór út í horn og beið þar, þangað til sendimaður hennar kom aftur og benti henni að koma. Þegar hún nálgadist, sagði hann: "Eg sagði honum, að þúsund dollarar biðu hans hér frammi, en hann vildi ekki koma. Hann er á nr. sjö". Hún stóð kyr. "Haldið áfram! Þér farið rétta leið. Heyrið mig: Ef að hann er kærastinn yðar, þá þurfið þér ekki að skamma hann. Hann er saklaus af kvenfólkinu hérna; trúið þér mér til þess".

Hún fór þá leið, sem maðurinn vísaði henni og fann Glenister liggjandi á höm, horfandi á dansendurna. Hann sneri sér við; en er hún hóf blæjuna upp, stökk hann á fætur.

"Helen! Hvað eruð þér að gjöra hér?"

"Þér verðið að fara í burtu fljótt!" sagði hún, og var henni mikið niðri fyrir. "Þeir ætla að setja yður inn!"

"Þeir! Hverjir? Setja mig inn! Fyrir hvað?"

Voorhees og menn hans, — fyrir upphlaup eða eitthvað í fyrri nótt".

"Hvaða vitleysa!" sagði hann. "Ég átti engan hlut að því. Þér vitið það".

"Já, já. En þér eruð í samsærinu og þeir ætla að ná yður og öllum vinum yðar. Húsið yðar er nú umsetið, og hermenn eru um allan bæjinn. Þeir hafa í hyggju að 'setja ykkur alla inn' og halda ykkur þar eins lengi og þörf gjörist. Farið þér áður en það er of seint".

“Hvernig vitið þér þetta?” spurði hann alvarlegur.

“Eg heyrði á ráðagjörð þeirra”.

“Hverra?”

“Móðurbróður míns og McNamara”. Hún horfði einbeitt framan í hann og sá, að glampi kom í augu honum um leið og hann sagði:

“Og þér komuð hingað til þess að bjarga mér, — komuð h é r og lögðuð nafn yðar í hættu”.

“Já, sjálfsagt. Eg mundi hafa gjört það líka, þó að Dextry hefði átt í hlut”. Glampinn hvarf úr augum hans.

“Jæja, látum þá koma. Eg býst við að þeir vinni hvort sem er. Eg fékk fregn af Wheaton í kveld. Hann er líka í hundunum, — eitthvað við dómþingið í Frisco. Eg veit ekki, hvort það er þess vert, að standa lengur í þessu stímabraki”.

“Takið þér eftir”, sagði hún. “Þér v e r ð i ð að fara. Eg veit nú með vissu, að hér hefir óttalegt ranglæti verið um hönd haft og að þ é r og e g verðum að koma í veg fyrir það. Eg hefi loksins komist að sannleikanum og veit, að þér hafið á réttu máli að standa. Gjörið það fyrir m i g, að fela yður að minsta kosti um tíma”.

“Gott og vel. Ef að þér eruð með okkur, þá er þó ekki öll von úti. Eg þakka yður hjartanlega fyrir það, að þér lögðuð sjálfa yður í hættu til þess að aðvara mig”.

Hún hafði farið út að glugganum og var að skygnast út. Alt í einu rak hún upp hljóð:

Of seint! Of seint! Þeir eru hér! Opnið ekki blæjurnar! Þeir sjá yður!”

Voorhees ruddist gegnum herbergin niðri, ásamt fjórum mönnum, sjáanlega að leita að einhverjum.

“Hlaupið þér niður afturstigann”, sagði hún og hratt honum út um þær. Hann náði um hendina á henni og hélt um hana um stund. Það var í þakk-lætis-skyni. Hann fór. Hún dró blæjuna þéttara að andlitinu og bjóst til að fylgja honum, en þá kom hann aftur.

“Það er gagnslaut”, sagði hann rólega. “Það bíða þír aðrir við dyrnar. Hann leit út og sá, að hermennirnir voru búnir að rannsaka mannfjöldann niðri og hugðust til að snúa að stiganum. Engir gluggar voru, er hlaupið yrði út um. Dansinn hélt áfram óhindraður, því að hermennirnir sýndu ekki vopn á lofti.

Glenister gætti að því, að skambyssan væri í lagi, og í augum hans sást glampinn, er Helen hafði áður séð þar, kaldur eins og vetrar-snjórinn.

“Æ-nei! Ekki það! — Fyrir guðs skuld, ekki að skjóta!” Hún greip um handlegginn á honum.

“Fyrir yðar sakir v e r ð eg að gjöra það; — annars finna þeir yður hér, og það er verra en alt annað. Eg ætla að berjast við þá í framdyrunum, og þá getið þér komist út, meðan alt er í uppnámi. Bíðið þangað til að skothríðin hættir, og fólkið safnast saman”. Hann hafði hendina á gikknum; en hún þreif um hana og hvíslaði í hásum rómi:

“Þeir drepa yður! Bíðið þér! Það má finna betri veg út úr þessu. Stökkvið þér!” Hún dró hann



að dyrunum, og reif tjaldið frá þeim. "Það er ekki hátt og þeir sjá yður ekki fyrri en það er of seint. Þá getið þér hlaupið frá þeim".

Hann gekk inn á hugmynd hennar; lét skammbyssuna í hulstrið, tók höndum um rimarnar og lét sig síga niður á dansendurna. Áður en nokkur vissi, stóð hann mitt á meðal þeirra. Það voru tæpar tvær mannhæðir frá lofti til gólfs, svo að hann kom standandi niður og hafði miðað á þá skammbyssunni, er leituðu að honum.

Þá er þeir sáu hann miða skammbyssunni, skaut þeim skelk í bringu. Þó heyrðust hróp Voorhees gegnum hljóð kvenfólksins, brothljóð í stólum, fóta-stapps og annars djöflagangs, er fólkið flúði til beggja hliða undan Glenister. Það þyrptist út að veggjunum á líkan hátt og Helen hafði séð annan mannfjölda gjöra, — fyrsta daginn, sem hún var í bæ þessum.

Glenister miðaði á hermennina stöðugt, en fólkið flúði frá þeim, eins og þeir væru limafallssjúkir.

"Hendurnar upp!" hrópaði Glenister hörkulega, og þeir hlýddu því flestir. Voorhees kom reyndar fram efst í stiganum og ætlaði eitthvað að segja; en varð brátt að sætta sig við sömu kjör og félagar hans, því að Glenister stefndi byssu sinni á hann.

"Eg hefi hér skjal, er skipar mér að taka yður fastan", kallaði Voorhees, hárrí, hvellri röddu.

"Geymið það fyrst um sinn", sagði Glenister og brosti; en í því brosi var engin kæti. Hann gekk aftur á bak út úr salnum; en horfði stöðugt á þá,

er í stiganum voru, og miðaði á þá tveim skammbyssum.

Helen sá alt, sem fram fór, þaðan sem hún var, nema mennina í stiganum. Hún sá dansmeyjarnar, er annaðhvort leituðu verndar hjá mönnunum, er dansað höfðu við þær, eða földu sig út við veggina. Hún sá mennina dauðhrædda og veitingamanninn, með hálfþurkað glas, hálf-vitlausann. — Skyndileg hreyfing í salnum dró að sér athygli hennar. Hún sá mann rífa til hliðar fortjaldið fyrir klefa sínum og halla sér svo mikið út úr honum, að það leit út fyrir að hann mundi falla niðurfyrir. Hann miðaði skambyssu á Glenister, er nú fór einmitt þar fram hjá. Helen rak upp hljóð undireins og hún sá manninn og hjartað barðist ákaflega í brjósti hennar.

Það var svo skamt milli hennar og mannsins, að hún sá hvern drátt í andliti hans ljóslega. Það var bróðurinn eini, — bróðir, sem hún hafði leit að að í mörg ár. Áður en hún gat sagt nokkurt orð, reið skotið af.

“Drury!” kallaði hún hátt og snjalt. Hann leit upp, og undrun, blandin öðrum tilfinningum, fékk vald yfir honum. Stundarkorn starði hann hreyfingarlaus á hana, síðan hvarf hann úr sýn og virtist svo, sem hann þyrði ekki að trúa augum sínum. — Hún þar á móti sá ekkert nema bróður sinn, hverfandi út í skuggann og blæjuna dregna fyrir aftur.

Glenister hélt fjandmönnum sínum í skefjum og gekk til tvöföldu dyranna, er lágu til leikhússins. Hann hafði framkvæmt áform sitt svo fljótt og á-

kveðið, að mannfjöldinn vissi ekki fyrri en hann hélt aftur á bak út um dyrnar. Um leið og hann fór út, tók hann báða hurðarvængina og skelti þeim í lás. Í danshöllinni varð ys mikill, er hermennirnir loks fóru þar í gegn. Þeir rifu sundur fortjaldið og sáu, en of seint, að fjarandi útsog, eins og eftir stórfisk, er hafði stungið sér, lá eftir salnum og endaði við dyrnar, er lokast höfðu eftir Glenister.

Helen fór frá þessari bygging eins og hún hafði komið þar; enginn tók eftir þegar hún kom, enginn þegar hún fór. Hún hafði orðið fyrir of mörgum skelfingum þessa nótt, til þess að geta aðgreint þær vel. Hún gekk í eins konar leiðslu til Front og síðan heim.

Glenister hafði þar á móti horfið út í náttmyrkrið og það gleypt hann. Hann hafði verið að *húsa* um það, um leið og hann hljóp sem fætur toguðu, hvað til bragðs skyldi taka, — hvort hann ætti að reyna að gjöra félögum sínum í bænum viðvart eða að finna Dextrý. Samsærismennirnir kynnu reyndar að hafa mist traust á honum, en samt bar honum að aðvara þá. Menn McNamara fóru svo hratt yfir, að bráðan bug varð að vinda að því, að koma í veg fyrir það, að þeir yrðu fyrri. Að klukkutíma liðnum yrði netinu lokað um fenginn og báðum gat ~~gat~~ hann ekki bjargað. Annaðhvort yrðu vinir hans í bænum að annast sig sjálfir eða Dex og brauðsnúða Simbi, sem voru uppi í hólunum. Hvorttveggja var ilt. Í dögun myndu þeir Dextrý koma og gang <sup>all</sup> grandalausir í gildruna. En ef hann gjörði þeim <sup>mig</sup> <sup>pú</sup> viðvart, yrðu þeir félagar hans í bænum teknir <sup>vild-</sup>

fyrir afturelding. Þegar hann fór hjá húsi Cherry Malotte, sá hann ljós um rifu á gluggablæjunni. Þungur regndropi féll í andlit honum, annar dropi fylgdi og alt í einu var skollin á óhæfu rigning. Áður en hann náði dyrunum, dundi stormur á líka. — Skarnið á strætunum þyrtaðist upp eins og snjór og alls konar rusl lamdist um fætur honum. Á þökunum hamaðist stormurinn og nóttin varð hávær. Það var fyrirboði ofsaveðurs.

Hann fór inn án þess að knýja hurð og hitti stúlkuna, er var að fara úr yfirhöfninni. Andlitið hennar glaðnaði mjög, er hún sá hann; en Glenister lækkaði fögnuð hennar þegar með alvarlegu orðunum sínum, sem þó varla heyrðust fyrir hávaðanum úti.

“Ertu ein?” Hún játaði því. Hann aflæsti hurðinni og sagði: “Hermennirnir eru á hælum mér. Eg komst í tæri við þá á Northern hótelinu, og eg verð að fara. Nei, ekkert alvarlegt ennþá; en þeir vilja ná í samsærismennina, og eg verð að koma orðum til þeirra. Viltu hjálpa mér? Hann sagði frá því, er hann komst úr höndum þeirra á Northern hótelinu og hún skildi það undurfljótt.

“Þú ert ugglaus hér fyrir það fyrsta”, sagði hún. “Stormurinn hnekkir þeim um tíma að minsta kosti. Ef þeir skyldu koma hér, þá eru aðrar dyr út úr eldhúsinu. En á herberginu mínu er ‘franskur’ gluggi, sem þú getur notað, ef á liggur. Þeir taka þig hér kki svo auðveldlega”.  
 gekk. Hann “Brauðsnúða Simbi og Dex eru úti líka. Þeir  
 Hann þú rannsaka nýju námurnar, sem eru fyrir ofan

Midas-eignina". Hann hikaði við. "Viltu lána mér brúna reiðhestinn þinn?. Það er svarta myrkur og það getur verið að eg drepi hann".

"Hvernig fer með mennina í bænum?"

"Eg ætla að gjöra þeim aðvart fyrst, og síðan þeim Dextrý og brauðsnúða Simba."

Hún hristi höfuðið. "Þú getur ekki gjört það. Þú getur ekki komist þangað fyrir afturelding, og þú ætlar að gefa þeim bending líka, sem í bænum eru. Að líkindum hefir McNamara sent hraðskeyti til námamanna um, að handsama Dextrý. Hann veit eins vel og þú, hvar Dextrý er að finna og þeir munu hafa hendur í hári hans í dögum".

"Eg er hræddur um, að svo fari; en þetta er allt sem eg get gjört. Vilt þú lána mér hestinn?"

"Nei. Hann er svo lítill og þú mundir þreyta hann strax. Foræðið er í hné. Eg ætla að fara sjálf".

"Guð hjálpi þér, stúlka! Út í þetta veður! Það getur kostað líf þitt. Hlustaðu nú á það, sem eg segi þér: Árnar verða ófærar og þú verður að hleypa á sund. Nei, eg leyfi þér ekki að fara!"

"Hesturinn minn er góður, þótt hann sé lítill. Hann mun koma mér alla leið". Hún gakk fast upp að honum og mælti: "Elsku vinur minn! Geturðu ekki séð, að eg vil hjálpa þér? Geturðu ekki séð, að — eg vildi de y j a fyrir þig, ef eg héldi að það hjálpaði þér að einhverju leyti?" Hann horfði þungbúinn inn í bláu, stóru augun hennar og sagði hálfklaufalega: "Já, eg veit það. Það hryggir mig mjög, að allt er eins — eins og það er, — en þú vild-

ir þó ekki, að eg skyldi ljúga að þér, góða mín?"

"Nei. Þú ert sá eini s a n n i maður, sem eg hefi þekt. Eg held að það sé vegna þess, að eg elska þig. Og eg elska þig! Ó, eg elska þig meira en nokkur manneskja hefir áður elskað! Eg vil verða góð. Eg vil verða verðug þess að elska þig".

Hún lagði andlitið á handlegginn áhonum og lét ánnilega vel að honum; en störmurinn hamaðist úti, svo varla heyrðist mannsins mál. Glenister var fremur þungt í skapi. Hún hvíslaði enn að honum:

"Eg elska þig! Eg elska þig! Eg elska þig!" — Í rödd hennar var svo mikið af löngun, að hún hafði hærra en stormurinn úti. Óveðrið virtist vera einn hluti hennar og um leið knýja hana áfram.

"Þetta er alt óttalega samtvinnað", sagði hann að lokum. "Og tímiinn er illa valinn til að tala um það. Eg vildi óska, að margt væri öðruvísi en það er. Engin önnur stúlka myndi bjóðast til að gjöra það, sem þú býðst til að gjöra í kveld".

"En til hvers ertu að hugsa um hina stúlkuna?" sagði hún með ákefð. "Hún er vond og tvöföld. Hún sveik þig einu sinni. Hún er að svíkja þig aftur. Þú hefir sagt mér það sjálfur. Því ertu ekki eins og maður og segir skilið við hana?"

"Eg get það ekki", sagði hann blátt áfram. "Og þú hefir rangt fyrir þér, er þú heldur því fram, að hún sé slæm. Eg fann það í nótt, að hún er góð, hugdjörf og heiðarleg. Það, sem hún gjörði, var gjört í sakleysi — það er eg nú viss um —, þó að hitt sé eins víst, að hún ætlar að eiga McNamara. Það var hún, sem hleraði ráðagjörð þeirra og lagði

að veði sóma sinn til þess að geta aðvarað mig”.

Cherry hvítnaði í framan og ofsinn dó út á andliti hennar. “Kom hún til þessa djöflabælis alein? Gjörði hún það?” Hann sagði það vera. Hún stóð hugsandi um tíma; en síðan sagði hún: Þú ert hreinskilinn við mig, Roy, og eg skal vera eins við þig. Eg reyndi að fá þig til að hugsa, að hún væri vond. Eg reyndi að narra þig, — reyndi alt. Nú er eg leið á öllu þessu. Í hjarta mínu fann eg, að hún var sakleysið sjálft. Hún kom hér í gærkveldi og bað mig í allri auðmýkt, að segja sér sannleikann. Hún auðmýkti sig fyrir mér, en eg sendi hana burtu. Hana grunaði, að eg vissi meira, en eg segði, en vissi það ekki með vissu. Eg bjóst til að móðga hana í orðum og viðmóti, en tókst það ekki. Svona er eg ill. Eg sendi hana til Struve, er bauðst til, að segja henni alla söguna”.

“Hvað vanhagar það hundspott um?”

“Geturðu ekki giskað á það?”

“Hvað? Eg vildi heldur, að —”. Glenister nísti tönnum, en Cherry sagði í flýti:

“Þú þarft ekkert að óttast. Hún sér hann ekki aftur. Hún hatar jörðina, sem hann gengur á”.

“Og þó er hann ekki verri, en hinn mannhundurinn. Komdu, góða mín, við höfum verk að vinna; við verðum að starfa fljótt”. Hann sagði henni, hverju hún skildi skila til Dextrý. Hún fór inn í herbergi sitt og fór í reiðföt sín. Þegar hún kom út, spurði hann: “Hvar er kápan þín? Þú verður holdvot kápulaus”.

“Í henni get eg ekki riðið. Eg verð gegndrepa

hvort sem er og eg vil ekki vera sem í fjötrum. Vatn gjörir mér ekkert til”.

Hún lét litlu skammbyssuna sína í vasa sinn; en hann tók hana og skoðaði. Þegar hann hafði aðgætt hana, hristi hann höfuðið.

“Ef þú þarfnast byssu, þá er bezt að hún sé góð”. Hann spenti beltið frá sér og setti það um mitti hennar.

“Hvað hefir þú þá?” sagði hún.

“Eftir tíu mínútur hefi eg annað belti”. Um leið og þau skildu, sagði hann: “Ein bón ennþá, Cherry. Eg verð í felum um tíma. En eg verð að koma orðum til Miss Chester og segja henni, að hún verði að vakta frænda sinn vel, því að nú byrjar bardaginn og drengirnir munu ugglaut hengja hann, ef þeir ná honum. Eg skulda henni þessa aðvörun. Viltu annast þetta fyrir mig?”

“Eg skal gjöra það fyrir þig, en ekki fyrir hana. Nei, nei! Eg meina það ekki. Eg vil gjöra það, sem rétt er, hver sem í hlut á. Láttu það hérna. Eg skal koma því til hennar á morgun. En — Roy — farðu nú gætilega”. Enginn ótti um hana sjálfa var sýnilegur í augnum. Þau voru starandi, djúp og dul. Í þeim var hvorki sjálfelska né afbrýði, heldur hin duldarfulla sigurvinning þeirrar konu, er fórnað hefir miklu.

“Þau héldu nú til hesthússins; en stormurinn hefði fleygt henni flatrí, ef Glenister hefði ekki stutt hana, og var þó vegurinn ekki langur. Þau köstuðust inn um dyrnar á hesthúsinu, rennandi vot. Hann kveikti ljós og hesturinn hneggjaði, er hann þekti



húsmóður sína. Hún strauk snoppuna á honum, meðan Glenister lagði söðulinn á. Þegar hún var komin á bak beygði hún sig áfram:

“Viltu kyssa mig, Roy, — í síðasta sinni?”

Hann tók regnvota andlitið hennar milli handa sinna og kysti hana á munninn, eins og hann myndi hafa gjört við meybarn. Á sama augnabliki var andliti þrýst að rúðunni á hesthúss-glugganum.

“Guð blessi þig, Cherry, þú ert djörf stúlka”, sagði hnan og slókti ljósið. Hann lét dyrnar standa upp á gátt, og hún reið út í óveðrið. Hann lokaði dyrunum aftur og hélt inn í húsið til að skrifa Helenu fáar línur, því mikið var að gjöra, en tíminn naumur, þó að stormurinn veitti honum nokkurt lið. Hann heyrði raust Berings-sundsins, er það þrumaði við ströndina, og skildi, að fyrsti hauststormurinn var að berja að dyrum. Hann vissi einnig, að ofsi mannanna myndi æsast að sama skapi og sjórinn, er vindurinn knúði vægðarlaust að ströndinni.

Hann vanrækti einnig að læsa húsdyrnum, þegar hann kom inn. Hann fleygði yfirhöfn sinni rennvotri á stól og tók að rita bréf sitt. Stormurinn hvein á húsinu, ljósið blakti og Glenister fanst sem drag-súgur legði á sig frá opnum dyrum meðan hann var að rita bréf sitt:

“Miss Chester! — Eg get ekkert meira gjört. Endirinn er kominn og með honum hatur og blóðflóð, er eg hefi viljað koma í veg fyrir. Eg hagaði mér eins og þér ráðlögðuð, en það fór alt öðruvísi en ætlað var, og eg get ekki sagt, hver endirinn verður á þessu. Morgundagurinn sýnir það. Gætið

vel að frænda yðar og ef yður vantar að láta mig vita eitthvað, þá farið til Cherry Malotte. Hún er vinur okkar beggja. — Ætíð yðar, Roy Glenister”.

Um leið og hann lokaði bréfinu, fann hann að hárið ýfðist upp í hnakkanum á sér og kuldahrollur fór um hann allan. Hjartað barðist í brjóstinu, svo að blóðið steig til höfuðsins og hann ríaðði á stólnum. Bakvöðvarnir drógu sig saman, eins og þeir ættu von á hættu nokkurri; en ómögulegt var honum að snúa sér við. Hljóð nokkurt heyrði hann að baki sér — dríp, dríp, dríp — eins og vatn læki. Það var ekki frá þakinu. Hann sneri bakinu að eldhúss-dyrnunum, er hann hafði komið inn um, og þó hann hefði engan spegil fyrir framan sig, fann hann þó einhvern í námunda við sig. Heyrnin hans hafði skerpst svo, að hann heyrði að gengið var á votum skóm nálægt sér. Hann var samt sem negldur við stólinn. Það var eins og sálin bannaði líkamanum alla hreyfing.

Hann þreifaði snöggvast á hlið sér; en mundi á sömu stundu, hvar byssan var. Hann skrifaði með skjálfandi hendi utan á bréfið, og regn-dropa hljóðið hélt áfram. Hann vissi, að föt, gegndrepa, voru í nánd við sig. Langan tíma sat hann enn hreyfingarlaus. Þá heyrði hann, að byssa var spent fyrir aftan hann. Hann sneri sér hægt við, og sá að Bronco Kid stóð þar, sem risinn úr hafinu. Punnu fötin hans voru rennandi vot. Dimma ljósið sýndi, að andlitið var afmyndað af reiði, og byssan í höndum hans í alspennu. Augun gljáðu óttalega. Munnurinn á Glenister var þur sem púður, en hugsun hans

var ljós og snör í snúningum. Hann fann ljóslega, að í slíkum lífsháska hafði hann aldrei fyrr verið á æfi sinni. Þá er hann tók til máls, varð hann sjálfur hissa á því, hvað röddin var róleg:

“Hvað gengur á, Bronco?” Kid svaraði ekki. Glenister spurði aftur: “Hvað vantar þig að gjöra?”

“Þetta er helvíti skrítn spurning”, svaraði Kid. “Þú ert sá, sem mig vantar, náttúrlega; nú hefi eg þig líka”.

“Hættu við þetta! Eg er vopnlaus. Þetta er í þriðja sinni, sem þú sækist eftir lífi mínu. Eg vildi gjarnan fá að vita, hvæð þú meinar með þessu”.

“Andskotinn hafi allar samræður!” svaraði Kid og kom nær ljósinu. Hann hóf aftur upp byssuna, sem hann hafði lækkað nokkuð. Það eru nægar ástæður, það veiztu sjálfur”.

Glenister horfði í augu honum. Hann tók stinnum tókum á sjálfum sér, til þess að láta ekki bera á skjálfta þeim hinum mikla, er á honum var: — “Þú getur ekki drepið mig”, sagði hann. “Eg er of góður maður til þess, að verða morðingja að bráð. Þú gætir skotið endemismann með köldu blóði; en þú getur ekki skotið hraustan mann, þegar hann er vopnlaus. Þú ert ekki morðingi, það veit eg”. — Hann sat kyrr í stólnum og hreyfði að eins varirnar. Hann mætti tilliti Kids óskelfdur. Kid hikaði við um tíma og augun, er áður leiftruðu af reiði, sýndu nú, að heldur rann af honum mesta bræðin.

Glenister hrópaði: “Ha! Eg vissi það! Þú sérð þig um hönd!”

Kid svaraði niðurlútur: “Eg get það ekki. Ef

að eg hefði getað þal, þá hefði eg skotið þig, áður en þú snerir þér við. En þú verður að berjast, hundurinn þinn! Stattu á fætur og mættu mér!”

“Eg fékk Cherry byssuna mína”, mælti Glenister.

“Já, og meira með!” sagði Kid reiður. “Eg sá alt, sem gjörðist”.

Ennþá hafði Glenister eigi hrært sig hót í stólnum. Hann sá, að hún minsta hreyfing gat gjört út af við sig. Bronco Kid gat hleypt byssunni af óviljandi.

“Eg hefi reynt það áður, að morð láta mér ekki”. Kid kom auga á byssuna, sem Cherry hafði skilið eftir. “Þarna er byssa, — taktu hana!”

“Hún er ónýt. Þú getur skotið sex skotum úr henni, án þess að hitta í eitt einasta sinni. Eg veit reyndar ekki, hvað alt þetta hefir að þýða; en eg skal veita þér þá ánægju, að berjast við þig, þá er eg hefi fengið vopn í hönd”.

“Ó, bölvaður hundurinn, sem hefir merarhjarta í brjósti en ekki manns!” mælti Kid afarreiður. — “Mig langar til að skjóta þig, en þori það ekki. Eg var einu sinni snefill af göfugmenni, og af því á eg svolítið eftir. En í næsta skifti skal eg ekki bíða og hika. Þá skýt eg þig niður eins og hund. Þá er þér bezt að vera vopnaður”. Hann fór aftur á bak út úr herberginu og fram í eldhúsið, en gætti alt af nákvæmlega að mannum, sem á stólum sat. Hann þreifaði aftur fyrir sig eftir lyklinum og sneri honum. Eftir það fór hann út, skiljandi eftir mann með opinn munn og vainsflóð á gólfinu.

*Arnljotur B. Olson*

## XVIII. KAPITULI.

**Snörunni er tafn búið.**

Glenister beið ekki lengi eftir að Kid var farinn. Hann slökti ljósið, lokaði húsinu og hóf æfintýraför sína. Stormurinn heilsaði honum með því, að ætla að kæfa hann; hann saug andann frá vörunum á honum, en regnið hamaðist á líkama hans. Hann hugsaði með skelfingu til stúlkunnar, er lagt hafði út í þetta óskapa-veður hans vegna. Hún hafði byrjað ferð sína brosandí. Það mátti ekki minna vera, en að hann, karlmaðurinn, gjörði slíkt hið sama.

Síðasta stundin, sem hann hafði lifað, hafði auk-ið all-mikið á hættuna, sem yfir honum vofði. "Gat það verið, að Kid kendi afbrýðissemi vegna Cherry? Það var ómögulegt. En hvað var það þá?"

"Óveðrið hafði auðsjáanlega hrakið hermennina af velli; því að strætin voru mannlaus og Glenister mætti engum óvini, er hann hraktist frá húsi til húss. Hann hélt áfram með gætni og þó hratt og varð þess var, að hermennirnir höfðu verið á nokkrum heimilum, er ekki voru aðrir eftir á, en grátandi konur og veinandi börn. Karlmennina höfðu þeir tekið með sér. En vegna óveðursins höfðu konurnar ekki vogað sér út til að bera fregnir. Þeir, sem honum tókst að aðvara, klæddu sig í skyndi, tóku byssur sínar og fóru út í óveðrið og nóttina. Konurnar voru grátandi eftir.

Bardaginn var hafinn.

Í birting söfnuðust leifarnar af samsærismönnum saman í vöruhúsinu á sandoddanum og bölvuðu þar hver í kapp við annan nafninu McNamara. Þá er birtingin roðaði skýjabakkana í austurátt, brutust þeir Dextry og Brauðsnúða Simbi inn í kofann, og hafði Dextry þá frétt að færa, að Cherry hafði komist til þeirra heilu og höldnu og gladdi það Glenister mjög.

“Það er sú táp mesta stúlka, sem eg hefi þekt”, sagði Dextry um leið og hann vatt klæði sín. “Hún var nær dauða en lífi, þegar hún kom til okkar. Hún bíður upp frá þangað til veðrið lægir svo, að hún geti komist heim”.

“Það er að rofa til í austrinu”, sagði Brauðsnúða-Simbi. “Vitið þið það, að eg er orðinn svo gigtveikur, að ísvatn hressir mig ekki eins vel nú og það var vant að gjöra”.

“Uriatic acid í blóðinu”, sagði Dextry spekinglega. — “Hvað eigum við að gjöra næst?” spurði hann hina. “Hvenær eigum við að hengja hann McNamara? Mér sýnist við vera nógu mannsterkir til þess, að setja púður og högl í allan ræningjahópin, nema Nome burt af kortinu og byggja nýjan bæ”.

“Eg held, að við gjörðum réttara í, að fela okkur fyrst um sinn og sjá hvað setur”, sagði einhver hinna. “Það getur enginn sagt, kvað verða kann, áður en þessi dagur er allur”.

“Það er satt. Þessir djöflar eru eins og óhreinu andarnir, — þeir vinna bezt í myrkri”.

Eftir því sem dagaði betur, lækkaði storminn. Skýin héngu uppgefin yfir hafinu og þeir, er gáfu sig við veðurfræði, sögðu, að stilla væri í nánd. Á skrifstofu McNamara var alt á tjá og tundri; menn komu og fóru. Húsbóndinn sat og reykti vindil eftir vindil og stóra andlitið var ómjúkt ásýndum. Augun leiftruðu gegnum reykjarmökkinn um leið og hann spurði. Hann brúkaði vírana á talsímanum svo miskunnarlaust, að þeir engdust, sem hræddir væru. Hann hafði rekið Voorhees frá sér eftir að hafa helt yfir hann óbóta-skömmum.

“Þú ert ekki þess verður, að hirða svín! Þrjátíu menn úti alla nóttina, og hvað færðu upp úr því? Fáeina svefnþrungna námu slápa! Þú veiðir hænsnin, en sleppir allri stærri veiðinni. Eg vildi ná í Glenister, en þú lætur hann skriða úr höndum þér — einmitt þegar mest liggur við. Mikill helvítis afglapi ertu! Ef að eg hefði einn manna til aðstoðar, er hefði heila á stærð við matbaun, þá hefði eg haft þá alla í hendi minni; en þú hefir farið með það alt til fjandans. Andskotinn hafi úr þér vitleysuna! Farðu — og fáðu mennina, sem inni eru, til þess að gefa upplýsingar. Bjóddu þeim gull og græna skóga til þess að tala upplýsingar. Bjóddu þeim gull og græna skóga til þess, að tala hispurslaust. Nú, farðu undir eins!”

Hann kallaði á einn vissan hermann og spurði hann, hvað gjörst hafði um nóttina. Að lokum sagði hann:

“Það eru svik í tafli. Mennirnir hafa fengið aðvörun!”

“Enginn kom nærri húsi Glenisters, nema Miss Chester”, svaraði maðurinn”.

“Hvað þá?”

“Frændkona dómarans. Við handsömuðum hana óviljandi í myrkrinu”.

Seinna kom einn af mönnum þeim, er verið höfðu með Voorhees á Northern hótelinu og vildi tala við McNamara. Hann sagði:

“Voorhees trúir því ekki, að eg hafi séð Miss Chester í danshöllinni í fyrri nótt, en hún var þar hjá Glenister. Hún hefir sagt honum frá ráðgjörð okkar, annars gat hann ekki vitað, að við vildum finna hann”.

McNamara sagði ekkert. En þegar hann varð einn, gekk hann þungum sporum um gólfið og andlitið varð grimdarlegt.

“Svo þetta eru samtök, — ah! Héðan af erum við tveir um það. Látum okkur sjá, Glenister. Eg skal drepa þig fyrir þetta! Og síðan — ja, þér skuluð fá að gjalda nokkuð líka, ungrú Helen”. Ef að hann gat ekki snúið þessum námuslápum í hendi sér og sigrað þá að fullu, þá ætti hann skilið að tapa, — tapa öllu. Fyrst að Helen hafði snúist í lið með þeim, þá ætlaði hann sér einnig að hafa not af henni og sjá, hve vel henni tækist. Almenningsálitið var ef til vill orðið á móti honum, svo það var ekki vert, að reyna mikið meira á það að sinni. Stjórnkænska varð því að koma til sögunnar. Hann varð að neyða óvini sína til þess, að gjöra lagabrot, og síðan skyldu þeir í snöruna falla. Helen hafði



verið boðberi einu sinni; hún skyldi fá að verða það aftur.

Hann fór skyndilega til Stillmans dómara og æddi inn í húsið. Hann bjó söguna svo snildarlega út, að dómarrinn, bæði hræddur og reiður, kallaði á frænku sína. Hún kom ofan, hvít en þögul, því að hún heyrði háreistina í þeim. Dómarrinn bar upp á hana svik og undirferli í þeirra garð; en McNamara þagði. Fyrst hlýddi hún á hann stilt og þolinmóð; en þegar hann fór svívirðingar-orðum um Glenister, þá stóðst hún ekki mátið.

“Þegi þú! Eg hlusta ekki á þig!” hljóðaði hún upp yfir sig í afar geðshræringu. Eg varaði hann við ykkur, af því að eg vissi, að þið ætluðuð að gjöra honum það ilt sem þið gátuð, e f t i r að hann hafði bjargað lífi okkar. Þetta er alt og sumt. Hann er hinn heiðarlegasti maður, og eg er honum mjög þakklát. Þetta er sú einasta ástæða, sem þú hefir til þess að ráðast svona á mig”.

MrNamara sagði nú, með uppgjörðar hrein-skilni:

“Þér h é l d u ð vafalaust, að þér væruð að gjöra rétt, en afleiðingarnar af verki yðar verða óttalegar. Við fáum upphlaup, manndráp, rán og hamingjan má vita, hvað meira verður upp úr því. Það var til þess, að koma í veg fyrir alt þetta, að eg vildi fá aðalmennina handsamaða, rétt um tíma. Viku innivera mundi hafa gjört þá góða. En nú eru þeir undir vopnum og fullur ófriður og orusta fyrirsjáanleg í nótt”.

“Nei, nei!” sagði hún. “Það mega engin ofbeld-

isverk eiga sér stað!"

"Það er árangurslaust, að ætla sér að koma í veg fyrir það. Þeir keppa að eigin eyðilegging. Eg hefi sannfrétt, að þeir ætla að ráðast á Midas eignina í nótt; en eg hefi fimtíu hermenn, er taka þar á móti þeim. En það er skömm að öllu þessu, því að mennirnir eru í alla staði heiðarlegir, en fávísir og auðtrúa og láta Glenister þenna leiða sig í freistni. Þetta verður sú versta nótt, sem hið norðlæga land hefir lifað.

McNamara fór og leitaði að Voorhees. Á leiðinni sagði hann við sjálfan sig: "Nú, nú, Miss Helen, — sendið aðvaranir yðar, því fyr því betra. Ef eg þekki þessa samsærimenn rétt, þá munu þeir verða vitlausir, er þeir fá þetta að heyra; en þó ekki nógu vitlausir til þess, að ráðast á Midas-námunu. Þeir ætla að finna mig sjálfan; en þegar þeir finna aumingja skrifstofuna mína mannlausa, munu þeir hugsa, að djöfullinn sjálfur sé kominn hingað norður".

"Voorhees!" sagði hann, "þér verðið að safna fjörutíu mönnum, vopnuðum Winchester byssum. Þeir verða að þola að sjá blóð, án þess að yfir þá líði, — þér vitið við hvað eg á. Látið þá koma á skrifstofu mína, þegar dimt er orðið, — einn í einu, að bakdyrunum. Það verður að gjörast með hinni mestu leynd. Látið nú sjá, að þér getið gjört þetta, án þess að nokkur skyssa hendi yður. Ef þér leysið þetta ekki vel af hendi, þá skuluð þér reiða yður á, að eg skal ekki hlífa yður!"

"En því fáíð þér ekki aðal-herinn?" dirfðist

Voorhees að segja.

“Ef það er nokkur hlutur, sem eg skirrist við að fá í lið með mér bæði hér og við námurnar, þá er það aðal-herinn. Þegar hann kemur, þá förum við; en eg er ekki til þess búinn, að fara að sinni”. McNamara brosti í kampinn um leið og hann sagði þetta.

Helen hafði flúið til herbergis síns. Hún fékk þar í hendur bréf Glenisters, er Cherry Malotte hafði sent. Það endurvakti hjá henni ótta fyrir því, að spádómur McNamara mundi fram koma. Hún var nú viss um það, að það var að eins fárra tíma spursmál — og að myrkrið félli á — hvenær slagurinn yrði. Þá yrði sorgarleikur um hönd hafður í Nome. Hugsunin um rangsleitni þá, er þegar hafði verið höfð í frammi, hvarf að mestu, er hún hugsaði um þau ósköp, er nú mundu yfir dynja, því henni virtist sem hún sjálf hefði verið verkfærið, er setti alt þetta af stað: hatrið, ágirndina, grimdina! Og þegar þeim svo lenti saman, — Helen skalf við þá tilhugsun! Það mætti ekki til þess koma. Hún skyldi hrópa varúðar-orðin frá hverju húspaki, þó að þau færu með McNamara, móðurbróður hennar og hana sjálfa veg allrar veraldar! Og þó hafði hún ekki s ö n n - u n fyrir, að glæpur ætti sér stað. Þó enginn efi léki á því í huga hennar, að svo væri, vantaði þó s ö n n u n. Ef að hún væri þess umkomin, að leggja hönd á verkið sjálf, — ef að hún bara væri ekki kvenmaður. Henni flugu í hug orð Cherry Malotte um Struve: “En flaska af víni og laglegt stúlkuandlit”. Þá mintist hún þess, að Struve hafði full-

vissað hana um, að skjölin, sem hún hafði varið eins og sitt eigið líf um vorið, hefðu fullar sannanir að geyma. Væri það satt, þá mætti með þeim stöðva alt þetta fargan. Móðurbróðir hennar og McNamara mundu ekki dirfast að halda áfram, ef þeim væri hótáð að birta þau og síðan lögsókn. Þess meira, sem hún hugsaði um þetta, því nauðsynlegra fanst henni að koma í veg fyrir bardagann, sem átti að verða í nótt. Það var í öllu falli þess virði, að gjöra tilraun.

Það, sem fyrir augu hennar hafði borið í Northern leikhúsinu, bætti líka á áhyggjur hennar. En það var bróðir hennar. Hvernig stóð líka á því? Hvað hélt honum frá að koma til hennar? Því þurfti hann að felast sem þjófur væri? Hana svimaði.

Struve snerist á stólnum á skrifstofu sinni, þegar dyrnar opnuðust og hann reis á fætur, er hann sá Helenu, gráeygðu stúlkuna, standa hjá sér.

\* \* \*

“Eg vissi, að þér munduð koma”. Blóðið hvarf úr kinnum hans, en suðaði því meir fyrir eyrum honum. “Eru það þá afgjörð kaup?”

“Eg kom til að fá skjölin”, sagði Helen.

Hún hneigði sig samþykkjandi. “Gefið þér mér þau fyrst”.

Hann hló leiðinlega. “Haldið þér að eg sé algjörður asni? Eg skal halda minn hluta af samningnum, ef þér haldið yðar hluta. En hér er ómögulegt að vera og enginn tími heldur. Það er ófriður í loftinu og eg er önnum kafinn að búa út alt fyrir

nóttina. Komið á morgun, þegar öllu er lokið”.

En það var hræðslan fyrir því, sem gjörast mundi í nótt, er hafði neytt hana á vald hans.

“Eg skal aldrei koma aftur”, sagði hún einbeitt. “Eg vil fá skjölin í dag, — já, undir eins!”

Hann hugsaði sig um litla stund. “Jæ-ja, það skal þá verða í dag. Eg held mig frá ófriðnum. Eg er fús til, að fórna öllum skyldustörfum, því að eg er skuldbundinn að hlýða yður; eg hefi hitaveiki yðar vegna. Mig langar til að vera einn með yður. Eg fremdi morð, heldur en að missa af yður. Þvílíkur maður er eg. Eg hirði ekkert um, hvað um mig verður, bara að eg fái þetta e i n a. Eg hefi ætíð verið svona. Við skulum ríða til Sleðamerkis; það er fagurt hús, tíu mílur héðan, rétt fyrir ofan Snáksána. Við höfum miðdegisverð þar saman”.

“En skjölin?”

“Eg hefi þau með mér. Við leggjum af stað eftir klukkustund”.

“Eftir klukkustund”, tók hún upp eftir honum og fór í burtu.

Hann hló ánægjulega og þreif talsmann: “Miðstöð, — kallið Sleðamerkið! Sjö hringingar á Snáksár brautinni. — Halló! Er þetta þú, Shorts? Þetta er Struve. Nokkrir fleiri í húsinu? Gott. Ef nokkur kemur, þá láttu hann fara. Segðu, að þú lokir. Kemur þér ekkert við! Eg verð þar um dimmumótin, þá hefir þú miðdagsmat til. Farðu svo í burtu og sjáðu um að enginn komi. Vertu sæll!”

Helen hafði fengið hughreysting nokkra við bréf Glenisters og hún fór beint til Cherry Malotte,

er að þessu sinni lét hana ekki bíða eða tók komu hennar óstint upp. Hún hafði lagt niður hroka-ertnina og kom nú fram sem siðsöm stúlka. Þegar Helen hafði sagt henni af viðskiftum þeirra Struve, mælti hún ákveðin: "Þú mátt ekki fara með honum. Hann er vondur maður".

"En eg má til að fara með honum. Blóð þessara manna kemur á höfuð mér, ef eg kem ekki í veg fyrir þenna sorgarleik. Ef að þessi skjöl segja alla söguna, eins og eg vona að þau gjöri, þá skal eg neyða McNamara til að láta námurnar lausar. Þér segið, að Struve hafi sagt yður alt. Sáuð þér sannanirnar?"

"Nei. Eg hefi að eins sögusögn hans. En hann talaði um þessi skjöl hvað eftir annað. Hann sagði, að þau hefðu að geyma fyrirskipanir til þess, að láta hætta að vinna námurnar, svo að málarekstur yrði. Hann gortaði af því, að allir menn McNamara væru gjörsamlegá á valdi sínu, og að hann gæti sett þá í betrunarhúsið nær sem hann vildi. Þetta var alt, sem hann sagði".

"Það er samt eina tækifærið", sagði Helen. — "Þeir hafa sent menn, er liggja skulu í leyni við námurnar, svo þér verðið að gefa samsærismönnum vísbendingu um það". Cherry fölnaði og bað fyrir sér.

"Guð hjálpi mér! Roy sagði, að hann ætlaði að ráðast á þá í nótt!" Þær horfðu hvor á aðra.

"Ef að eg fæ skjölin hjá Struve, þá get eg komið í veg fyrir alt þetta. Alt ranglætið! Alla glæpina! Alt!"

“En hefirðu athugað, hvað þú átt á hættu?” sagði Cherry. Hann er reglulegt dýr. Þú verður að drepa hann til þess að bjarga sjálfri þér, og sönnunum sleppir hann ekki”.

“Jú, hann skall!” sagði Helen áköf. “Og eg mana hann til að gjöra mér nokkuð ilt! Sleðamerkið er opinbert hús; þar býr maður, sem hefir talsíma. — Viljið þér segja Glenister frá hermönnunum?”

‘Eg skal gjöra það og Guð blessi þig! Þú ert djörf stúlka. Bíddu eitt augnablik!’ Cherry tók upp úr skúffu litlu byssuna sína og sagði: “Notaðu þessa tafarlaust, ef þú þarft. Eg þarf líka að láta þig vita, að eg sé eftir því, sem eg sagði í gær”.

Helen fann til þess með óþreyju hvílíka breyting þessir fáu mánuðir höfðu haft á hana. Það var sannleikur, sem Glenister sagði, að þetta land í Norðrinu verkaði undarlega á íbúa þess. Hvað ætti maður að segja um unga stúlku, er kæmi úr ástríkum vinahóp, sem hefði ekkert til að stæra sig af, nema sakleysi, sem ekkert hefði reyndar reynt á? Nú væri þessi sama stúlka ofsótt, hrakin og hrjáð, með ótta í brjósti fyrir því, að hún myndi neyðast til að drepa mann, til þess að vernda heiður sinn og framkvæma áform sitt. Landið var að móta hana. Viðskifti Glenisters við land þetta höfðu ekki gjört hann fljóttar svolalegan, en hana ókvenlega.

Hún mætti Struve á stefnumóti þeirra og þau riðu sem leið lá. Hann var ræðinn og kátur; hún þögul og köld.

Seint um daginn dró upp óveðurs-bliku mikla. Náttfall var fyrirboði illviðris, er ekki mundi lengi

standa því veðri að baki, er verið hafði nóttina á undan. Fyrri hluta kveldsins komu vopnaðir menn á stangli inn á skrifstofu McNamara og voru þegar faldir þar. Í hvert sinn, sem nafnkendur hryðjuverka-maður kom inn, kallaði McNamara hann afsíðis til þess að gefa honum sérstakar fyrirskipanir og nákvæma lýsingu af herðabreiðum, teinréttum ungum manni, með hvítan hatt og hálf-stígvélum. Hann var nú búinn að setja menn þá vel á veiðar, er Voorhees hafði smalað að honum og — hann brosti.

Eftir því sem hann hugsaði meira um það, sá hann að mistökin, sem orðið höfðu nóttina áður, voru ekki voðaleg, því að þau hjálpuðu til að koma óvinum hans að takmarki því, er hann þráði mest og þeir mundu aldrei bætur á bíða. Hann hugsaði með ánægju til þess, er Bandaríkja-blöðin mundu hefja nafn hans skýjum ofar fyrir makalausan dugnað. Umboðsmaður, er hafði leitt nætur-áhlaup óðs skríls til lykta á augabragði. Það mundu blöðin segja. Hvað gjörði það til, þó að hann gengi einu feti of langt eftirleiðis? Hvað gjörði það til, þó að hann hefði smá-rangindi í frammi? Hver mundi spyrja um þau?

Það sást til skips undir kveldið og McNamara féll það illa. Þótt stungið hefði verið dúsu upp í dómurann í San Francisco, þá þekti hann Bill Wheaton svo vel, að hann myndi ekki gefast upp meðan nokkur von væri um sigur. Honum féll því vel stormurinn, er hamlað gæti skipinu að ná landi. Á morgun mættu þeir koma, ef þeir vildu. Þá mundu



nokkrar námur verða eigenda-lausar og aðstaða hans hundraðfalt sterkari.

Hann símrtaði til námanna að hafa vörð sterkan, þótt hann álitir það vitlausra manna æði, að ráðast á þær, því hann þóttist viss um, að Helen hefði aðvarað þá. Hann fór í regnkápuna sína og skundaði til Stillmans dómara.

“Komið þér með frændkonu yðar til bústaðar míns í kveld. Það er óveður í lofti, en eg er búinn undir þá skúr”.

“Hún er ekki komin aftur frá því að hún reið út í dag. Eg er hræddur um hana í þessum stormi”. Dómarinn leit smeykur út í gluggann.

Allan daginn höfðu samsærismennirnir legið í felum, ópolinmóðir af iðjuleysi og undrandi það, að McNamara hefði ekki gjört meiri gangskör að því, að finna þá. Þá grunaði ekki, hve slægur hann var. Þegar bréfið frá Cherry kom, söfnuðust þeir í bakherbergi sitt og létu til sín heyra.

“Það er ekki nema einn vegur til að hreinu lofti,” sagði forsetinn.

“Þú hefir rétt að mæla,” sögðu margir í einu. “Þeir hafa sett vörð um námurnar. Látum oss fara um bæinn og gera hreint verk og um leið gott verk. Látum oss hengja alla þrælana við sama staurinn.”

Þetta mætti almennum undirtektum. Glenister einn var á annari skoðun. Hann sagði: “Eg hefi komist að annari niðurstöðu, og eg vil biðja ykkur, að heyra mig til enda, áður en þið gerið nokkurt ákyæði. Í gærkveldi fékk eg orð frá Wheaton þess

efnis að California-dómstóllinn sé okkur andvígur. Hann kennir það áhrifum héðan, en hvað sem um það er, þá er það víst, að við erum útilokaðir frá allri lagahjálp. Nú, setjum svo, að við tökum af í dag eða nótt, alla embættis-menn hér, án dóms og laga — hvað græðum við? Jú. Herlög eftir tvo tíma, námurnar settar fastar í ár, að minsta kosti og Guð veit hvað meira verður. Máske enn verri dómara næsta ár. En setjum nú svo, að okkur mistakist — og mér finst á mér, að svo muni fara, því að McNamara er enginn asni. Hvað verður þá? Þeir okkar, er ekki verða drepnir, lenda í ævi-langri fangavist. Þið segið, að við séum ekki menn fyrir hermönnunum og megum ekki mæta þeim. Eg segi, að við getum mætt þeim og við skulum mæta þeim. Við verðum að fara fram hjá dómstólunum í Alaska, dómstólunum í California og beint til 'hvíta hússins'. Þar er, að minsta kosti einn heiðarlegur maður. Við verðum að vekja þá, mennina í Washingtonó. Þó að McNamara sé mikill fyrir sér, þá getur hann þó ekki mútað forseta Bandaríkjanna. Þegar Bandaríkin fá hönd í bagga með okkur, þá skulum við sjá hvernig fer. Þess vegna er þetta mitt ráð: Við ráðumst á Midas-námuna í nótt og tökum hana ef unt er. Nokkrir okkar falla að sjálfsgöðu, en hvað gerir það?"

Hann sýndi þeim og sagði áform sitt, er var bæði fjarska djarft, en um leið aðlaðandi, svo að tilheyrendur hans ætluðu ekki að ná andanum fyrir áfergju. Hér var tækifæri til að láta hendur standa

fram úr ermun. Dirfska Glenisters gerði þá hugfangna af honum.

“Alt það, sem mig sjálfan vantar,” sagði hann, “er tækifæri til að voga einhverju miklu. Og þann rétt hefi eg óskertan.”

Dextry talaði hljótt við Brauðsnúða-Simba. Síðasta setningin var þannig:

“Er hann þó ekki helvítis berserkur?”

“Við erum allir með þér,” kölluðu mennirnir hver í kapp við annan.

Forsetinn mælti: “Látum oss kjósa Glenister fyrir foringja. Eg er fús til að standa og falla með honum.” Þetta var samþykkt í einu hljóði og ungi maðurinn tók stjórnina að sér. Hann var frá náttúrunnar hendi skapaður forustu-maður.

“Við skulum hafa hraðann á borði,” sagði einhver þeirra. “Það er löng leið og foræðið í hné.”

“Ekkert göngulag!” sagði Glenister. “Við förum með eimlest!”

“Með eimlest? Hvar færðu hana?”

“Stelum henni,” svaraði hann og Dextry brosti glaðlega, en Brauðsnúða-Simbi sýndi tannlausa góminn sinn og sagði:

“Hann er skolli knár!”

Glenister sagði fáein orð við félagana sína, og fór svo, með tveim hinum síðast nefndu, út í óveðrið. Að hálfri stundu liðinni fóru hinir. Einn í einu yfirgáfu þeir húsið. Veðrið var svo myrkt, að þeir hurfu jafn-óðum og þeir komu út og húsið tók einungis undir, er stormurinn skall á því.

Í austur-enda bæjarins biðu aðrir menn, fyrir

innan blæjum-þakta glugga, er regnið lamdi á. Þeir voru líka með alvæpni. Þeir biðu eftir skipan frá stóra manningum, er stóð þar skamt frá með krosslagða arma. En á loftinu fyrir ofan höfuð þeirra, gekk gamall, hrumur maður órólegur um gólf og horfði af og til út í náttmyrkrið. Hann nefndi oft nafn dóttur systur sinnar.

*Arnþjotur B. Olsson*

## XXIX. KAPITULI.

### Sprengiefni.

Snemma um morguninn opnaði Cherry Malotte dyr sínar og hitti þá Bronco Kid á tröppunum. Hann fór inn og fór úr yfirhöfn sinni. Hún beið eftir því að hann skýrði frá erindi sínu. Andlitið hans var lítalaust, augun undarlega þreytuleg, Djúpar hrukkur höfðu sest að kring um munninn, og hendurnar voru á sífeldri hreifingu, eins og hann hefði ekki svefns notið í nokkra sólarhringa, og væri að því kominn að falla í öngvit. Henni virtist hann sem glóandi náma, þar sem eldurinn hafði étið sig upp að púðrinu. Hún leit svo á, að líkaminn væri að þrotum kominn, étinn til agna af alls konar geðshræringum. Hefnigirninn ein gat vakið hann.

Eftir nokkrar þýðingarlausar athugasemdir sagði hann sem í hugsunarleysi:

"Elskar þú Roy Glenister?" Röddin og til burðirnir gáfu afbrýðisemi til kynna og hann gaf henni nákvæmar gætur. Hún svaraði hispurslaust:

"Já, Kid; og eg mun ætíð elska hann. Hann er sá **eini sanni** maður, sem eg hefi nokkru sinni þekt, og eg skammast mín ekki fyrir tilfinningar mínar gagnvart honum."

Langan tíma horfði hann nákvæmlega á hana. Að því búnu tók hann að tala með slíkri ákefð, að Cherry komst ekki að með eitt orð:

"Eg hefi þagað, og þagað af því, að eg er enginn ræðumaður. Mér lætur ekki að tala. En þetta er mitt síðasta tækifæri, og eg verð að segja þér eins og er. Eg hefi elskað þig alltaf síðan við vorum í Dawson, ekki eins og þú, ef til vill, ímyndar þér, að maður með mínu skaplyndi elski, heldur með þeirri ást, sem hver kona er hrifin af. Eg lét þessa ást aldrei í ljós, því til hvers var það? Þessi maður var í vegi fyrir mér. Eg hefði hætt við að spila 'Faro'-spil fyrir löngu, ef eg hefði viljað yfirgefa land þetta meðan eg vissi, að þú varst hér. En hér er eg bara spilafífl, ónýtur til alls annars. Eg hefi ákveðið fyrir nokkrum mánuðum, að lofa þér að hafa hann, þangað til, að eitthvað breytist, en nú get eg ekki gert það lengur. Eg verð að drepa hann. Það er ekki þín vegna. Nei, það er nokkuð, sem eg get ekki sagt frá, nokkuð, sem hefir gert mig að úlfi og því hefi eg farið um bakstræti á næturþeli og legið í launsátri. Það er morðlöng-

un, sem hefir ásótt mig. Eg hefi reynt, að myrða hann. Eg reyndi það hérna í nótt sem leið, — en — eg var einu sinni göfugmenni — þangað til að spilin komu til sögunnar. Nú veit hann þó af því, og hann er til þess búinn að mæta mér — svo að annarhvor slöknar sem skar, þegar fundum okkar ber saman. Þetta verð eg að segja þér, áður en eg drep hann, eða hann mig.”

“Þú talar eins og vitlaus maður, Kid,” svaraði hún. “Þú mátt ekki vera á móti honum núna. Hann á nógu andstætt samt. Eg hefi aldrei vitað, að þú værir ástfanginn af mér. Þetta er ljóta flækjan. Þú elskar mig; eg elska hann; hann elskar stúlkuna; og stúlkan elskar glæpamanninn. Er þetta ekki nægilega sorglegt, þó að þú ekki bætir á það? Þú kemur líka á óhentugum tíma, því eg er sjálf hálf-vitlaus. Það er eitthvað voðalegt á ferðum í nótt.”

“Eg má til með að drepa hann,” muldraði Kid ólundarlega, og hélt því sama fram hvert sem hún fór að honum bænarveg eða sýndi honum fram á það með rökum, að í þessu væri ekkert vit, eins og á stæði. Loks snerist hún reið að honum:

“Þú segir, að þú elskir mig. Gott og vel. Við skulum sjá, hvort þú gerir það. Eg veit hverskonar maður þú ert, og eg veit hver endir verður á þessum deilum. Láttu þær falla niður og eg skal giftast þér!”

Kid stóð seint á fætur. “Þú elskar hann; gerirðu það ekki?” Hún leit niður fyrir sig. Hann kveinkaði sín, en hélt áfram. “Upp á þann máta

vil eg ekki eiga þig. Eg meinti ekki að giftast þér þannig.”

Hún hló biturt. “Ó, það er þá svona. Náttúrulega ekki. Ó, hvað eg var heimsk, að vonast eftir slíku af manni eins og þér. Eg skil hvað þú meinar nú, en kaupin standa eftir sem áður. Mig langar til, að yfirgefa þetta líf, og verða heiðarleg stúlka; fara á brott og byrja nýtt líf þar, sem að væri friður og næði. En eg sé, að það á ekki að verða. Eg vil borga. Eg veit, hve miskunnarlaus þú ert og verðið er fremur lágt. Þú getur fengið mig -- og þetta — giftingar — tal — eg skal ekki tala oftari um það. Eg ætla að vera eins og eg er fyrir þaus sakir.”

“Hættu”, hrópaði Kid. “Þú hefir rangt fyrir þér. Eg er ekki einn af þeim mönnum, sem þú átt við.” Hann varð svo klökkur að hann skalf allur. “Ó, Cherry, eg elska þig á þann hátt, sem hver maður ætti að elska heiðvirða konu. Það er eitt af því fáa góða, sem enn er eftir í mér. Mig langar til, að fara með þig burtu hédan, þangað sem við getum falið okkur, og byrjað nýtt líf, eins og þú sagðir.”

“Vildirðu giftast mér?” spurði hún.

“Innan einnar stundar, og gefa hjartablóð mitt fyrir leyfisbréfið. En eg get ekki komið í veg fyrir hitt, þó að þitt eigið elskuverða líf hengi á því. Eg verð að drepa þenna mann.”

Cherry nálgadist hann og lagði hendur sínar um háls honum. Hún bað hann innilega, en hann neitaði stöðugt. Svitinn stóð á enni hans.

Hún hélt áfram að biðja: Þeir eru allir á móti honum, Kid. Hann berst vonlausum bardaga. Hann lagði aleigu sína að fótum stúlkunnar, og eg vil gera það sama við þig."

Kid andvarpaði. "Hann fékk laun sín vel úti látin fyrir það. Hún gaf honum alt, sem hún átti—"

"Vertu ekki eins og asni, eg býst við að eg viti það. Þú hefir engan rétt til að tala þannig um heiðvirða stúlku, jafnvel í viðurvist minni."

Í sljófu augun hans færðist líf, og hún sá að hann tók að skjálfa. Hann bjóst til að tala, vætti varirnar og valdi orðin með gætni:

"Heldur þú — að hann hafi ekki — að hún sé — góð og óspilt stúlka?"

"Fullkomlega!"

Hann settist niður og tók báðum höndum fyrir andlitið, sem tekið var að afmyndast, eins og um nóttina, þegar hann gat ekki komið fram hefnd sinni.

"Eg gæti sagt þér meira til. Eg veit, að hún er meira, en fullkomlega saklaus. Hún er göfug, eðallynd og heiðarleg í alla staði. Eg veit ekki, af hverju eg segi þetta. Það hvarflaði í huga minn og eg var hálf-vitlaus, þegar þú komst, eins og þú veizt. En hún er í hættu í nótt — á þessari mínútu. Eg þori ekki að hugsa um, hvað fyrir hana kann að hafa komið, því að hún hefir vogað sjálfri sér fyrir mál Glenisters og vina hans."

"Hvað þá?"

"Hún er farin til "Sleðamerkis" með Struve einsömul.



“Struve”, kallaði Kid og hljóp á fætur. “Ein með Struve um nótt.” Hann hristi Cherry alla, grenjandi: “Til hvers? Segðu það þegar.”

Hún sagði í fám orðum erindið, sem Helen átti. Andlitið á Kid varð voðalegt.

“Ó, Kid, það er mér að kenna, að hún fór. Hví leið eg henni að fara? Eg var svo hrædd — hrædd um að —.”

“Sleðamerkið heirir Struve til, og maðurinn, sem stjórnar því, er afhrak.” Bronco leit á klukkuna og varð sem óður væri. “Nú er klukkan átta — tíu mínútur — tvær klukkustundir. Það er of seint.”

“Hvað? er þér ilt?” spurði hún hann hissa. “Þú nefnir mig þá einu konu, er þú elskir, og þó—.”

Hann sneri sér snögt að henni. “Hún er systir mín.”

“Systir—þín. Ó, eg er svo glöð, en stattu ekki barna eins og tré, maður, því fyrir þér liggur mikið verk. Vaknaðu! Heyrirðu ekki? Hún er í hættu!” Orðin hennar vöktu hann til meðvitundar, svo að hann fékk vald yfir sér að nokkru. “Flýttu þér! Flýttu þér! Hesturinn minn er tilbúinn.” Fötin hans reif hún af stólnum og dreif hann í þau. Þau fóru samferða út í hesthúsið, eins og hún og Glenister höfðu áður gert. Hann fleygði hnakknum á hestinn. Hún sagði:

“Eg skil það alt nú til hlítar. Þú hefir heyrt það, sem sagt var um hann og Glenister. Eg laug, lagði snörur og gerði alt, sem í mínu valdi stóð

að það sé dálítið til af góðu eftir í mér enn.”

Hann talaði til hennar af hestbaki: “Það er meira en dálítið, Cherry, þú ert ein þeirra fáu, sem eg held af.”

Hún brosti til hans og sagði:

“Það er öfugt við mig, K—. Mig vantar ekki að vera eins og þú, en mig vantar að vera eins og hann — eða eins og systir þín.”

\*

\*

\*

Pegar Glenister yfirgaf samsærimennina, fór hann og félagar hans tveir út í nóttina. Þeir forðuðust þá staði, er ljós voru sjáanleg í. Sjórinn rauk á land upp og lamdi þá af afli miklu; hann lét sem reiður væri yfir því, að geta ekki þvegið úr andlitum þeirra ásetning þann, er þar stóð óafmáanlegur. Þeir fóru að smáhýsi einu í vesturenda bæjarins og dvöldu þar að eins á meðan þeir festu eitt-hvað undir hattbörð sín.

Að baki þeim lá mjóa járnbrautin út til námanna. Á mjóu teinunum valt það stynjandi, mäsandi, brestandi, brakandi áfram, er þeir kölluðu eimvél. Á nóttinni dró eimvél þessi sig inn í lítinn timburhjall, er tilþess var gerður, að skýla henni. Þar stundi hún, andvarpaði, hóstaði, hnerraði og vældi þangað til hún fór að sofa.

“Að fara snemma í rúmið og snemma á fætur,” var orðtak þeirra, er vél þessa áttu að hirða. Þetta kveld voru þeir að háttu, er barið var að dyrum. Vélarstjórinn opnaði og hleypti inn ófreskju, er hann áleit að væri ‘Krupp’s’ stórskotabyssa, rekin

baðmullar-blæju fyrir andliti. Þetta vopn leit út í augum hans sem eineygt, voðastórt, skrímsli, er glápti á innýfli hans, svo að hann fann ónotalegan kulda leggja um sig. Fyrir aftan þetta dýr voru tveir menn aðrir, eins út búnir.

Vélarstjórinn misti annan skóinn sinn niður á gólfið og lét hátt í honum. Hann hóf höndur yfir höfuð sér, haldandi jafnvægi á öðrum fæti, þar eð hann vildi ekki stíga skólausu fætinum á rakt gólfið. Hann hafði tekið af sér beltið, en við þá breyting þóttust ytri brækur hans vera lausar allra mála og hnigu hátignarlega á gólf niður. Hann fékk krampa-teygjur um sig, tók upp brækurnar og sagði þeim að gera skyldu sína. Hinn maðurinn var óvanur síðum manna norður þar. Hann fór aftur á bak svo langt, sem hann komst, tók báðum höndum um ónefndan stað framan á sér og sagði:

“Stefnið ekki bölvuðu eldhylkinu þarna á mig!”

“Ha, ha!” hló vélastjórinn óeðlilega hátt. “Það er rétt að skemta sér, drengir.”

“Þetta er enginn gamanleikur,” sagði einn aðkomenda, öskrandi í gegn um skýluna.

“Jú, það er blátt áfram skemtun,” uppástóð sá skólausu. “Hlýtur að vera — hér er ekkert sem vert er að stela.”

“Farið í föt ykkar og komið með. Við skulum ekkert gera ykkur.” Þeir hlýddu og fóru með þeim til “sofandi” vélarinnar. Þeim var skipað að hafa hana heita innan þrjátíu mínútna. Til þess, að herða á þeim, stóðu tveir þeirra yfir þeim, þangað til að vélin tók að stynja af afli. Þó að dimt væri,

sáu þeir aðra menn, er klifruðu þegjandi á vagnana fyrir aftan. Síðan var kallað, að fara af stað, og lestin fór stynjandi úr hjalli sínum, um króka og sviga, drifin af storminum.

“Brauðsnúða”-Simbi varð eftir í dragvagninum með byssuna á hnjánum, En Dextrý klifraði upp til Glenisters. Ungi maðurinn var í góðu skapi, þrátt fyrir það, að illa fór um hann. Hann var að kveikja í pípu sinni í skjóli við yfirhöfn sína.

“Er sprengiefnið með,” spurði Dextrý.

“Auðvitað. Nægilegt til að hlaða herskip.”

Eimlest þessi skreið út úr kofa-klanum og yfir ár-brúna. Ljós var ekki annað á henni en það, er kom frá geislum vélarinnar. Mennirnir þrír sátu á púður-kössunum og töluðu lágt. En fyrir aftan þá heyrðist ómur frá hinum, er fórnudu lífi sínu, er skyldan bauð þeim. Að sækja að námunum var eðlilega lífsháski, en þeir gerðu það af því, að þeir álitu það rétt vera.

“Mikið vel höfum við byrjað,” sagði Dextrý, “hvort sem við vinnum eða töpum.

“Mitt stríð er unnið,” sagði Glenister.

“Hvað áttu við?”

“Mitt stríð, mitt mesta stríð er hvorki um Midas-námuna eða Steðja-námurnar. Eg sigraði sjálfan mig.”

“Alt of mikil heimspeki í svona sudda-veðri,” sagði Dextrý. “Þeim sem við hana fást um of, er hætt við, að hún súrni utan á þeim, eins og mjólk í þrumuveðri. Eg vildi ráða þér til, að færa nokkrar af þessum Boston-hugmyndum þínum í brækur

og stígvél, svo að eg geti séð þær."

"Það, sem eg meina er, að eg var sem villi-  
maður, áður en eg mætti Helenu Chester, en hún  
hefir gert, mann úr mér. Það tók að vísu sextíu  
daga, en það var líka vel gert. Mér fellur eins vel,  
að eiga við það, sem ótamið er eins og fyrri, en  
lært hefi eg það, að það eru til skyldur við sjálfan  
sig, sem maður verður að rækja og einnig við aðra  
menn, ef menn vilja einungis hugsa út í það. Eg  
hefi einnig komist að því, að það er vanalega erf-  
iðast, að gera það, sem réttast er og bezt. Eg hefi  
batnað mjög mikið."

"Hert í hel..... Þú ert þó nokkuð líkur  
því sem þú varst. Mér finst að eg þ e k k i þ i g  
d á l í t i ð enn. Þú hefir líkan svip og áður —  
og hvað gott stendur þér svo af öllu þessu. Hún  
ætlað samt að eiga stórglæpamanninn."

Það veit eg vel. Það er það, sem amar mér  
mest, því að hann er jafn óverðugur hennar og eg  
er það. En hún tekur sér það fyrir hendur, sem  
rétt er, það getur þú reitt þig á. Hver veit, nema  
hún breyti honum til batnaðar eins og hún hefir gert  
mér. Hún breytti stefnu minni gagnvart lífinu  
fjarska mikið — framkomu minni."

"Ó, framkoman þín var býsna góð áður, það  
get eg borið um," sagði Dextrý. "Þú átst aldrei  
með hnífnum þínum."

"Eg legg mig ekki eftir dónaskap," sagði Glen-  
ister hlæjandi.

"Nei. Þegar um viðhafnar-reglur er að ræða,  
þá ertu ekki eftirbátur nokkurs austanverja. Eg

gætti vel að þér á 'Frisco'-hótelunum í fyrra vetur, og — eg sá, að þú vissir meira en meðal hestur —. Þú varst vel að þér í borðbúnaði, súrkáls-forkum og þesskonar vörum. Enginn yfir-borðgættir tók þér fram og það veitti mér traust á þér. Eg man eftir því, að eg lét sykur og mjólk í borðölið mitt. Það var í bolla og leit út eins og tevatn. En þú — nei, þú gerðir það ekki. Minna um það."

Glenister sló á herðar féлага sínum, því að nú var hann í góðu skapi. Ímyndunin um, að komast í háska, fór um æðar hans eins og ljúffengt vín.

"Það var ekki einmitt þetta, sem eg meinti, en látum það vera. Heyrðu, ef við vinnum námurnar aftur, þá skulum við fara til Nýju-Jórvíkur næsta ár; hvað segir þú?"

"Nei, eg geri ekki kröfur til hærri siðlagunar en þeirrar, er eg get fengið í Frisco. Eg brúka orðið 'hærri' í sömu merkingu og um kjöt. Ekki í þeim skilningi, að eg vilji ekki vera kurteis. Eg er nógu kurteis fyrir 'Fimta stræti' að minsta kosti. En mér er vel við vestrið. Ef við eigum að tala um nýjustu listir, þá segi eg það, að eg þykist fullsnjall, þegar eg er í nýju, gráu fötunum mínum, og það vonast eg til að þeim þyki líka; en sjá mig — hvað?"

Hin sameiginlega hætta hafði laðað vinina aftur saman, eins og þeir höfðu verið, áður en Glenister hafði gengið sína eigin götu um tíma. Nú talaði hjarta til hjarta, en samt lágt, því hávaða forðuðust þeir. Talið var að vissu leyti gáskafult, en alvara var þó undir niðri. Ástin var óslitin.

Samsærismennirnir stigu af eimlestinni við braut-

arendann, og fóru út í myrkrið á eftir foringja sínum, er þekti vel veginn. Að síðustu beiddi hann þá að nema staðar og gaf sínar síðustu skipanir.

Í þeir halda njósnum uppi, svo þið verðið að fara varlega. Skiftum okkur í tvo flokka og mætumst svo frá báðum hliðum. Farið eins nærri og mögulegt er, án þess, að verða uppgötvaðir. Munið eftir, að bíða, þangað til kallið kemur. En þegar það kemur, þá skuluð þið ráðast á þá eins og fjandinn elti ykkur Skjótið, en drepið ekki í fyrsta skoti, því að þetta eru hermenn, er aðeins framkvæma skipanir; en ef þeir sækja ykkur — þá verður hver maður að gera — skyldu sína.

Dextry skaut máli sínu til hinna og sagði:

“Eg læt ykkur skera úr því, drengir, hvert það sé ekki betra, að eg fari inn til þeirra, en drengurinn. Eg hefi meiri reynslu við púður sprengingar og eg er orðinn gamall hvort sem er, svo það gerir ekki mikið til, þó þeir nái mér, móti því, að þeir taki hann, svona barnungan —.”

Glenister tók fram í: “Eg gef ekki eftir rétt minn. Komið þegar. Hver á sinn stað, piltar.”

Þeir hurfu út í myrkrið, nema Dextry gamlí. Hann beið þar til hinir voru farnir; þá tók hann í hendi féлага síns og sagði:

“Eg vildi heldur að eg færi för þessa, og ef þeir ná þér. — Guð hjálpi mér—og þeim líka.” Hann fór á eftir hinum, en Ray varð einn eftir.

Með berum höndum opnaði hann púðarkassana og fól innihald þeirra á sér sjálfum. Í hverju hylki var nóg púður til að sprengja upp heilt þorp og hann

þar sem rúm fekst fyrir þau, þar til að hann var orðinn svo hlaðinn drápsvopnum, að einn hundraðasti hluti þeirra nægði til þess, að afmá hann svo gjör-samlega af jörðinni, að ekkert annað hefði sést, en rífa í fjallshlíðina. Hann leit eftir eldkveikjunni, og sá, að hún var hulin olfu-pappír. Hana lét hann í hattinn sinn. Eftir þetta lagði hann af stað og gekk með erfiðleikum með þunga þann, er hann bar.

Að hann hafði valið staðinn vel, sást á því, að jörðin undir fótum hans hallaðist niður að upp-sprettu, þar sem vatnið sauð í. Þaðan höfðu þeir, er voru við Midas-námuna, drykkjarvatn sitt, og hann þekti þar hvern þumlung og þuklaði sig áfram í myrkriinu. Neðan undir hólnum hafði vatnið breitt sig út og myndað hálf-fúna mýri; eftir vatnsfarveginum skreið Glenister á höndum og fótum. Honum gekk illa; byrðin багаði hann. Allar ár og lækir voru fullar og flóandi, svo að vatnið tók honum í mitti og var nístandi kalt, einkum á hnjúnum og höndum, er hann varð sumstaðar að skríða. Loksins bar hann að planku-brú, er lá yfir sýkið, og ætlaði eizmitt að fara að litast um, þegar hann varð manns var, er gekk svo nærri honum á brúnni, að hann hefði getað náð til hans. Varðmaðurinn stóð kyr og hlustaði um stund; síðan sneri hann aftur. Auðsjáanlega voru þessir menn valdir til, að gefa njósnir, svo að Roy hélt áfram þar til, að hann sá aðalhúsin. Þá fór hann upp á bakkann. Hann hafði komist klaklaust hjá verðinum.

Eftir að McNamara hafði rekið eigendurnar af námu-sínum, hafði hann byggt mörg hús í stað tjald-



anna, er við námurnar voru. Þau voru traustlega byggð og járnvarin. Þeir félagar höfðu séð þessar byggingar á lengdar, en vissu ekkert um, hvernig þær voru gerðar.

Glenister kendi ástar á þessum stað. Hann elskaði gömlu, góðu námuna sína. Hún hafði sannað elskudrauma hans, og svarað vonum hans, en Me-Namara rændi hann henni. Hún hafði veitt honum hughreysting, er illa lá á honum, eins og hjartkær ástmey. Það virtist glæpi næst, að ræna hana.

Hann skreið að næsta vegg og hlustaði. Fyrir innan heyrðust manna raddir, þótt ljós væri ekki í gluggum og sýndi það, að íbúar voru varir um sig. Fyrir neðan undirbygginguna gekk hann frá einhverju einkennilegu og gerði slíkt hið sama við skrifstofubygginguna og eldhúsið. Hann var þess var, að búalið það, er í byggingunum var, hafði andvara á sér, þótt rólegir sýndust.

Hann þóttist þess fullviss, að ein stund væri, í öllu falli, liðin frá því, að hann yfirgaf féлага sína, og að þeir væru nú komnir á sína staði. Ef að þeir væru það ekki — ef að eitthvað brygðist um elleftu stundu — nú jæ-ja, “það gekk þá þannig í stríðinu”! í öllum umsátum, hvað vel sem þau væru hugsuð, kæmi þó að því, að hepnin gerði útslagið.

Hann fór inn í járnsmiðjuna og leitaði þar að eldspýtu, heyrði hann skráfa í olíufötum, er einhver var í, er fór hjá. Hann beið um tíma. Síðan kveikti hann í kyndli sínum, huldi hann með yfirhöfn sinni, opnaði dyrnar og hlustaði. Storminum hafði slotað, og regnið lék hljóðfæraslátt sinn á járnbökunum.

Hann hljóp skyndilega í hús frá húsi, og er hann hafði gert það, er hann þóttist þurfa, hélt hann lítið eitt burtu.

Síðasta eldkveikjan var farin. Hann fór aftur í skurðinn og spenti byssu sína. Honum virtist sem hólarirnir lytu fram hlustandi, að regnið hefði hætt, og nóttin boðið öllum röddum að þegja. Hann miðaði byssu sinni og dró gikkinn þétt og títt Bang, bang, bang, var endurtekið sex sinnum og bar hljóðið það með sér, að þykt var í lofti. Kall heyrðist fyrir aftan hann og kúla reið af rétt við höfuð honum. Hann leit rétt mátulega við til þess, að sjá annað skot koma út úr myrkrinu. Hann lagðist á fjóra fætur og flýtti sér niður skurðinn.

Þegar skotin tóku að heyrast, streymdu menn Glenisters úr fylgsnum sínum ólmir og æðandi, en fengu fjölda skota að kveðju. Þeir hlupu sem þeir gátu, en fundu brátt, að þeir voru að miklu leyti umgirtir skotum varðmanna. Þeir vörðust vel þegar þess er gætt, hve snildarlega var á þá ráðist En alt í einu lýsti nóttina upp, eins og eld-dyr hefðu verið opnaðar bak við menn McNamara og þagnaði þá skothljóðið. Þeir sáu eldhúsið fara í þúsundir brota af timbri, járnri og tini, er hélt upp á við og síðan til hliða og út í nóttina. Þá er hólarirnir hættu söng sínum, byrjuðu byssur samsærismanna að syngja aftur. En jörðin kring um menn McNamara var þakin rusli og járnri, timbri og öðrum óhroða frá brennunni.

Sprengingin var rétt að baki þeim og þeir voru svo hissa og undrandi, að þeir reyndu ekki til að gera sér grein fyrir orsökum hennar. En það var von á meiru.

Aður en þeir gætu nokkuð áttað sig, birti meira í lofti og regndroparnir gljáðu líkt og silfur-kúlur, en skrifstofubyggingin til vinstri handar þeim rifnaði eftir endilöngu og veggirnir féllu út. en gluggatóftirnar voru sem tómar augnatóptir. Þeir sneru bökum að samsærismönnum, en andlitum inn í hringinn. Margir þeirra fleygðu byssum sínum. Hófadynur og óhljóð hræddra hesta heyrðust frá hesthúsunum. Óhljóð hræddra dýra eru í sjálfu sér vel löguð til að hræða man, en í þetta sinn bættust við hljóð úr manni, er emjaði af kvölum og ógnan dauðans. Sinkkúlur og flögur höfðu komið í höfuð honum, að lagt hann að jörðu. Hin kvalafulla saga mannsins hafði þau áhrif á hugi mananna, að þeir, er hjá honum voru, tóku til fótanna til þess, að forðast það, er sjálfsagt myndi yfir þá koma; að forðast það er þeir ekki sáu, en var ugglaut að hitta þá og sem engin vörn varð veitt, eða viðnám. En flóttinn varð að eins til þess, að sýna þeim, að meiri hætta var í vændum. Þeir sáu birtu mikla að baki sér, og nú ultu þeir hver um annan, emjandi, skriðandi. Að þessu sinni mistu þeir fóta við þann ógnar svifting er var svo miklu harðari, en hinir tveir, er á undan voru komnir, að nú væri engum stætt. Sumir lágu kyrrir eftir fallið og störfðu á reykinn, er sást við birtuna af sprengingunni. Aðrir byrgðu andlitin með höndum og handleggjum, eins og þeir vildu verjast höggum.

Einhversstaðar frá mannþrönginni heyrðist hvell rödd er sagði:

“Varið ykkur á næstu sprenginunni!”

Á sama augnabliki heyrðust skot hvaðanæva, með öskrum og óhljóðum; voru samsæismenn þar komnir og skutu sem óðir væru. En skot þeirra voru ekki nauðsynleg, því hér var um engan bardaga að ræða. Allir voru flúnir. Menn McNamara þökkuðu sínum sæla fyrir, að þeir komust lífs af og höfðu ekki í hyggju að dvelja hér lengur, þar sem jafnvel hinininn sjálfur var til með að falla í höfuð þeim bara af glettum. Til þess að gera þeim lífið enn súrara, höfðu hestarnir brotist úr hesthúsunum og foru lausbitlaðir um allar jarðir. Ótti hræðilegur greip þessa menn heljar-tökum—blindur óskiljanlegur ótti—svo að þeir æddu út í myrkrið, steðjandi á óvini sína, biltandi þeim, og þjótandi sem lengst burtu frá hættunni. Sumir æddu fyrir klappir og hraunnef ofan í keldur og dýki. Aðrir hlupu til fjalla og földu sig í skógar-beltum sem hérar.

Samsæismenn leiddu fanga sína þangað, er rústurnar voru. Þeir heyrðu stunur særðra manna í myrkrinu, kveiktu á kyndlum og leytuðu þeirra. Glenister kom hlaupandi gegnum reykin með byssu í hendinni og spurði:

“Hefir nokkur séð McNamara?” Enginn hafði séð hann. Þegar þeir svo bundu sár sín, heilsaði Dentry honum þannig:

“Í þetta var helvíti snarpur slagur. **Við höfum ekki mist einn einasta mann.**”

“En við höfum handtekið fjórtán menn,” kvað annar við, “og það geta verið fleiri enn hér í skóginum.”

Glenister sá þegar, er föngunum var raðað, að ekki einn einasti meðal þeirra var í hermanna búnaði. Það voru námamenn, slarkarar, glæpamenn og aðrir misýndis menn. Hvar voru hermennirnir?

“Fenguð það ekki hermenn til hjálpar ykkur,” spurði hann fangana.

“Ekki einn einasta. Við höfum ekki hermann séð síðan við komum hér.”

Við fregn þessa varð hinn ungi foringi all alvarlegur. Hafði upphlaupið mishepnast eftir alt saman? Hafði þeim ekki lent saman við hermenn Bandaríkjanna? Ef að það væri satt, mundi fregnin aldrei ná Washington, og hann og félagar hans mundu verða útlagar eða betrunarhússmenn, og mætti þá leita hjálpar hersins að ósekju. Saklausu blóði hefði úthelt verið til einkis. Að lokum hefði McNamara þá í höndum sínum, þeir voru uppgefnir.

Fangar þeir, er ósárir reyndust, voru fluttir út fyrir takmörk Midaslóðarinnar og látnir lausir með þeim varúðar-reglum, er ímyndunarafli Dextry's gat fundið heppilegastar. Þá kallaði Glenister menn sína saman og talaði til þeirra á þessa leið:

“Piltar! Þetta er enginn sigur. Við erum í sannleika verr staddir nú, en þegar við byrjuðum og mestu orrusauna eigum við eftir. Það er vegur, að komast á brott áður en dagur kemur og áður en menn þekkja okkur. En ef við dveljum hér eftir að dagur er á lofti, verðum við að þerjast. Hermenn verða sendir móti oss. En ef við stöndum okkur vel, getur

verið, að fregnin berist til Washington. Nú verður bardaga-aðferðin öðruvísi. Það verður hreinleg orusta, en engin svik. Hve margir eru með?”

“Allir,” svöruðu þeir einum rómi og samkvæmt því var farið að útbúa sig fyrir umsát. Girðingar voru byggðar, rústi komið burt, fyrri byggingar teknar fyrir skothús og alla nótina unnu mennirnir, þótt uppgefnir væru. Glenister var allsstaðar fremstur í flokki. Sá maður var ópreyandi.

Það var líklega fjórum stundum eftir miðnætti, að maður kallaði á hann.

“Það vill einhver tala við þig gegn um talsímamann—segir að það gildi líf eða dauða.”

Glenister flýtti sér til byggingarinnar, er sloppið hafði hjá sprengingunni. Hann tók máltólið. Cherry Malotte svaraði.

“Guði sé lof, þú ert óskaddur,” byrjaði hún. “Mennirnir hafa einmitt komið til bæjarins og hann er í uppnámi út úr upphlaupinu. Þeir segja að þú hafir drepið tíu menn—er það satt?”

Hann sagði henni að þeim liði vel er hún hélt áfram:

“Bíddu, bíddu! McNamara hefir kallað inn herinn, og þið verðið allir skotnir. Ó, mikil óttaleg nótt hefir þetta verið! Eg hefi ekki farið í rúmið. Eg er að verða vitlaus! Hlustaðu nú með eftirtekt:—Í gær fór Helen með Struve til Sleðamerkið og hefir ekki komið aftur.”

Glenister rak í fyrstu upp hátt hljóð, en kæfði það niður til þess, að heyra meira.

“Eg get ekki náð samtali með símanum við húsið.

Eg veit bara, að eitthvað óttalegt er þar á ferðum.”

“Hvað kom henni til að fara,” kallaði hann.

“Að bjarga þér,” svaraði hún í veikum róm. “Ef að þú elskar hana, þá ríddu eins hart og þú getur til Sleðamerkis eða þú verður of seinn. Bronco Kid er farinn þangað.”

Glenister rak máltólið á snagann, þaut út og kallaði á menn sína.

“Hvað gengur á?”

“Hvert ætlar þú að fara?”

“Til Sleðamerkis,” hraut fram úr honum.

“Vér höfum staðið vel með þér Glenister, og þú getur ekki yfirgefið okkur þannig,” sagði einn þeirra reiður. “Brautin til bæjarins er góð, og ef þú ferð hana, þá förum við hana líka,” Glenister sá, að þeir óttuðust að hann mundi svíkja þá í trygðum og að þeir héldu að hann hefði einhver ógnandi tíðindi, er hann vildi ekki segja þeim.

“Við skulum ekki hirða um námuna núna, drengir, því að eg get ekki heimtað af ykkur, að gera það, er eg hrekk frá, að gera sjálfur. Það er stúlka í hættu stödd, svo eg verð að fara. Hún bauð hættu mikilli byrginn til þess, að bjarga okkur; setti heiður sinn í voða til þess, að leiðrétta ranglæti—og—eg er hræddur um, að hún hafi liðið skipbrot á heiðri sínum, meðan við sigruðum hér. Eg bið ykkur ekki að bíða hér þangað til að eg kem aftur; það væri ekki rétt gert af mér; svo ykkur er best að fara meðan tækifæri býst. En fyrir mig—eg gaf upp eignar-rétt minn einu sinni—eg get ekki gert það aftur.” Hann setti sín á bak, legaði sig í söðlinum og reið á brott

*Arnlfotur B. Olsson*

## XX. KAPITULI

**Þrír fara til Sleðamerkis; tveir koma aftur.**

Þá er Helen og samferðamaður hennar foru upp fjöllin, er veðurbarin voru eftir óveðrið, heyrðu þau uppblásnu vötnin ólmast í farvegum sínum og særinn var all-reiður líka. Fjöllin hengu svartbrýnd yfir dölunum. Sólin skein ólundarlega á vestur-fjöllin og spáðu rosa-stormi. Helenu sýndust fyrirboðar þessir litaðir þannig, sem eldur, blóð og stál rynnu saman.

“Þetta regn gerir vegina ófæra, sagði Struve, þegar þau brúttust eftir þeim þar sem regnið hafði þvegið skriður nokkrar úr fjallshliðunum. “Komi annað eins veður og þetta, fara vegir hér af með öllu”

Jafnvel í björtu veðri var það ekki hættulaust, að fara veg þenna, því hestarnir rösuðu gjarna á blautum klöppunum. Helenu kom því til hugar, hvernig henni myndi ganga, að klöngrast veg þenna ein til baka, eins og hún hafði ætlað sér. Hún gerðist fámælt, er þau nálguðust húsið, því hugsanir hennar sjálfrar tóku að gerast háværar. Struve var þar á móti mælskur með afburðum; hann þóttist svo viss um sigur sinn í málum þeirra, að hann lagði þegar til hliða alla kurteisi. Eftir því sem þau komu nær húsinu, varð stúlkan svo hrædd, að það gekk næst vitfíring. Ef henni skyldi mistakast—en það hafði hún svarið við sjálfa sig, að ekki skyldi verða, hvað



Þau foru hring um hraunnef nokkurt og sáu Sleðamerki koma í ljós. Hjá húsinu rann lækur niður í ána neðan undir. Hún breiddist út sem margir silfur þræðir um dalinn fjarlæga. Sleði var málaður yfir dyrunum. Húsið sjálft var illa gert og hallaðist að mun. Struve hafði nú umráð yfir húsinu. Hann hafði tekið það upp í skuld. Maðurinn sem umsjón hafði yfir því, notaði tíma sinn til þess, að reyna að ná í ónýtar námur.

Shortz tók við hestunum stuttur og fúll í spuna. Hann leit á Helenu kímilega en þó með vorkunnsemi. Hefði öðruvísi á staðið, mundi Helen hafa skemt sér mæta vel, því útsýnið var hið fegursta.

Í aðal-herberginu var gullvog, hraðalegt borð og stór járnofn, en veggir og loft var hulið hvítu lérefti og var svo vel fyrir komið og það leit út sem það væri krít. Ennfremur voru í herbergi þessu úttroðnir fuglar og dýr, dýraskinn, hunda- og hesta-aktýgi, snjóskór, byssur og fatarusl.

“Þetta er líklega sá bágbornasti félagsskapur sem yður hefir boðinn verið” sagði Struve með uppgerðar kæti.

“Eru engir ferðamenn hér nú,” spurði Helen með ótryggjusvip.

“Ferðalög eru lítil um þetta leyti árs. Seinna meir verða þau, ef til vill, tíðari.”

Eldur brann í herberginu og húsráðandi bar þar á borð fyrir tvo og hafði matarilmurinn þægileg áhrif á stúlkuna. Struve teygði úr sér í hæginda stól og reykti.

“Lofið mér nú að sjá skjölin, herra Struve,” tók

Helen til máls, en Struve þaggaði niður í henni.

“Nei, ekki strax. Alvarleg störf byrja eftir máltíð. Skemmið ekki máltíðina fyrir okkur; við höfum nægan tíma.”

Hún reis á fætur og gekk að glugganum. Henni var ómögulegt að sittja kyrr. Hún leit eftir veginum og sá að fjöllin gerðust óskýr. Myrkrið var að falla á. Þykk ský risu upp í austri. Einn regndropi kom á rúðuna, síðan tveir, þrír, fjórir og því næst dundi óskaplegt regn yfir. Ferðamaður með poka á baki kom fyrir hornið á húsinu og hélt til dyranna. Hann barði á dyr og Struve, er áður hafði horft stöðugt á Helenu, reis á fætur og fór fram í hitt herbergið.

“Guði sé lof! Þar hefir einhver komið,” hugsaði Helen. Raddirnar fyrir framan urðu lágar og ógreinilegar, þangað til að ferðamaðurinn hóf rödd sína og sagði:

“Ó, eg hefi peninga til þess að borga fyrir mig. Eg er ekki fæddur í dag.”

Shortz maldaði eitthvað á móti.

“Mig varðar ekkert um, hvert þið hafið lokað eða ekki. Eg er þreyttur og óveður er þegar komið”

Nú heyrði hún að húsbóndinn hreinlega úthýsti honum. Á sama augnabliki fór maðurinn bölvandi og bannfærandi til bæjarins.

“Hvernig stendur á þessu?” spurði Helen, þegar Struve kom aftur.

“Ó, maðurinn er voðalegur slarkari, svo að Shortz vildi ekki veita honum húsnæði. Hann er gættinn og hýsir ekki óreglumenn.”

Shortz kom inn og kveikti á lampa og þó að Helen léti það ekki í ljós, þá fór þó órói hennar sívaxandi. Hún heyrði varla sögur þær, er Struve sagði og áttu að vera til skemtunar og smakkaði varla á ágætu réttunum, er fyrir hana voru settir. Struve þar á móti át græðgilega og drakk því meira, en kveldskuggarnir huldu þegar alt. Undarlegt hagleysi kom yfir Helenu. Hún mundi fegin hafa hætt við alt, látið skjölin eiga sig og farið út í óveðrið, ef þess hefði verið kostur. En hún hafði haldið of langt til þess, að það gæti gengið fyrir sig. Struve hafði lengi horft á hana hugfanginn. Loksins reis hann á fætur og leit á úrið sitt. Helen mundi nú, að hún hafði ekki heyrt til Shortz í eldhúsinu um langan tíma. Alt í einu leit Struve á hana svo einkennilega að hún varð hálf hrædd. Hann hallaði sér að henni, um leið og hann tók böggul úr vasa sínum, og sagði:

“Nú fara kaupin fram, ah!”

“Biðjið þér manninn um, að taka burt diskana,” sagði hún um leið og hún leisti bandið af bögglinum með skjálfandi höndum.

“Eg sendi hann í brott fyrir tveim stundum,” svaraði hann, og reis á fætur eins og hann ætlaði að koma til hennar. Hún hrökk aftur á bak, en hann aðeins hallaði sér áfram, tók í fjögur hornin á borð dúknum, lagði þau saman og bar alt burtu, diska, hnífa, skeiðar og annað, er þar var og fleygði því fram í eldhúsið. Svo kom hann aftur og stóð með bakið við ofninn og horfði á hana meðan hún var að lesa skjölin, sem voru meiri að efni til, en hún bjóst við.

Langan tíma var hún sem sokkin í skjölin. Þau leiddu alt í ljós. Hún sá glæpi fræmda sísn afmálaða þar skýrt og um leið glæpsamlega. Það varð ekki misskilið. Alt samsærið lá nakið og bert fyrir henni með svörtustu litum.

Þótt glæpir þessir tækju hana allsárt, var hún sér þess þó meðvitandi, að nú hafði hún nokkuð að segja, og að réttlætið mundi að lokum sigur vinna. Nú myndi hún loks bera sigur úr býtum, þótt hún í fyrstu hefði verið sem blint verkfæri í höndum þeirra. Hún mundi á endanum koma öllu upp. Hún reis á fætur með leiftrandi augu og sagði:

“Hér eru fullar sannanir.”

“Það eru það spursmálslaust. Nægar til að dómfella okkur alla saman. Það hefir í för með sér hegningarhúsið fyrir hinn æruverðuga frænda yðar líka.” Hann rétti úr hálsinum sínum til þess að losa hann við ósýnilegar greipar. “Já, sérstaklega fyrir elskhuga yðar, því að hann er eiginlega maðurinn. Það var þess vegna að eg fór hingað með yður. Hann mun eiga yður, en, eg er sá, er undirbý yður fyrir hina helgu athöfn.” Röddin var einkar óþægileg.

“Komið þér nú, við förum heim,” sagði hún.

“Að koma,” hló hann ónotalega. “Þetta er mjög gott dæmi upp á óafvitandi fyndni.”

“Við hvað eigið þér?”

“Jæ-ja, fyrst er það, að engin mannleg vera gæti ratað í þessu veðri. Annað, — en — meðal annara orða — látið mig skýra fyrir yður dálítið

í skjölum þessum, meðan eg man eftir því —.” Hann talaði seint um leið og hann gekk fram og ætlaði að ná pakkanum, en hún var komin að því, að fá honum hann, en eitthvað freistaði hennar til þess, að stinga honum aftur fyrir bak sér; og betur fór, að hún gerði það, því að hendur hans voru fáa þumlunga frá honum. En hann var ekki eins fljótur og hún. Hún rann kring um borðið og stakk skjölunum í barm sinn. Það veitti henni þrek nokkurt, að hún fann byssu Cherry í vasa sínum. Hún mælti í ákveðnum róm:

“Eg ætla að fara héðan samstundis. Viljið þér ná hestinum mínum. Jája, eg get gert það sjálf.

Hún sneri sér við, en hann hljóp með eldingarhraða til dyranna og varði henni veginn.

“Verið þér hægar, jungfrú góð. Þér ættuð að skilja mig, þótt eg tali ekki ljósara. Hví fór eg hingað með yður? Hví fann eg upp á því, að við værum tvö ein? Hví sendi eg manninn á brott? Bara til þess, að gefa yður sönnun fyrir því, að eg væri samsekur hinum tveimur? Nei, minna um það. Þú ferð ekki héðan í nótt. Og þegar þú ferð, verða skjölin eftir — mitt frelsi er fólgið í þeim og eg sé um sjálfan mig fyrst. Takið þér eftir hvað eg segi: Þér verðið hér og —.”

Hann hætti skyndilega, því Helen hafði gengið að málþræðinum og tekið máltólið ofan. Hann hljóp til hennar, tók máltólið af henni, reif öll tækin niður, hóf þau yfir höfuð sér og þeytti þeim á gólf-  
ið. Síðan sentist hann til hennar og hafði hendur

á henni, en hún losaði sig og hljóp eftir herberginu. Hvíta hárið hans stóð út í loftið, andlitið purpararautt og á hálsinum voru æðarnar bólgnar. Hann stóð samt kyrr og bros lék um varnirnar.

“Nú, nú, við skulum hafa frið og vera róleg. Alt annað er árangurslaust, því að eg vinn spilið. Þér hafið sannanirnar — nú vil eg fá borgunina — eða eg tek hana af yður nauðugri. Hugsið um, hvert verði betra, meðan eg loka að okkur.”

Langt niður í fjöllum var maður á ferð og knúði hestinn sinn, sem þegar var uppgefinn, áfram götuna. Þó að hesturinn væri að þrotum kominn, hamaðist maðurinn þó, sem þúsund djöflar væru á hælum honum, upp bratta hálsa og niður í djúpa dali. Stundum datt klárinn og láu þeir þá báðir, en maðurinn kærði sig ekki um neitt, nema að komast áfram. Loks komst hann á sléttu nokkra, og sá sleðamerki fram undan sér. Hann fann, að hesturinn var alveg að gefa frá sér og losaði því ístöðin við og við og ætlaði að kasta sér úr hnakknunum. Helst leit út fyrir, að hann hefði snúist í lofti, hann fann, að eitthvað slóst við hann og að hann lá kyrr; andlitið sneri upp og regn og stormur buldu á honum.

Þegar að Struve fór fram, þaut Helen að glugganum. Hann var negldur að utan. Hún tók stól frá ofninum og rak hann gegn um rúðuna svo regn og stormur höfðu innhlaup þar. En áður en hún gæti komist út, kom Sturve inn og rauk á hana æstur af reiði, svo að hann kom varla orði upp.

En um leið og hann tók að atyrða hana, varð

honum hvert við, því að stúlkan hafði spent byssu þá, er Cherry fékk henni og miðaði henni á hann. Hún var föl og brjóstin hófust upp og niður, en gráu augun skutu frá sér glampa þeim, er enginn hafði þar fyrr séð. Nefið varð þunt, varirnar samklemdar og miskunnarlausar, og höfuðið bar hún hátt. Regnið streymdi um brotnu rúðuna, en gluggablæjan lamdist í hana sem í leik væri. Fyrirlitningin fyrir Struve gerði röddina harða og ónáttúrlega, er hún skipaði:

“Dirfist ekki að hindra mig.” Hún gekk í áttina og benti honum að víkja úr vegi og hann hlýddi, því hann hræddist geðríki hennar. Hún tók ekki eftir svika-brosinu, sem kom í ljós á andliti hans né sá, hvað honum var í huga.

Úti í regninu hafði fallni riddarinn komið aftur til meðvitundar og skreið nú með veikum mætti að húsinu. Hefði nokkur séð hann í myrkrinu, mundi sá hafa álitið hann illkynjað skriðdýr. Þá er hann kom nær húsinu, heyrði hann hljóð, er vindurinn reyndi að kefja. Hann reis upp og ruddist áfram, reikandi sem sært dýr.

Helen gaf nákvæmar gætur að fanga sínum, þar sem hann fór aftur á bak undan henni um dyrnar. Hún þorði ekki að missa sjónar af honum. Mið-herbergið bar ljós í forherbergið og við það sá hún, að slá var fyrir aðal-hurðinni.

Struve hafði flúið fram að borðinu án þess að segja eitt einasta orð, en björtu augun hans sýndu, að hann hafði ráðið ráðum sínum. En þegar vindgustur frá brotnu rúðunni skelti hurðinni aftur,

gerði maðurinn fyrsta áhlaupið. Hann fleygði lampanum á gólfið, svo að myrkur varð í herberginu, en hann brotnaði mélinu smærra. Ef að hún hefði verið róleg og haft tíma til nokkurrar yfirvegundar, mundi hún hafa reynt að bjarga lampanum, en af því, að hún hélt sig vera í þann veginn að sleppa, ugði hún síður að sér. Á næsta augnabliki var henni svift af fótunum af líkama, er kom úr myrkrinu. Hún hleypti byssunni af, en Struve spenti örmum um hana, þreif byssuna af henni og þau flugust á sem hamhleypur. Vinsvælan út úr honum gaus framan í hana, og hún fann, að hún var bundin föst við hann, sem með gjörðum væri. Kinnin hans var við kinn hennar. Hún varð sem dauðhrætt dýr, er barðist af síðustu kröftum. Hún hljóðaði einu sinni, en það var ólíkt konu-hljóðum. Áflogin háldu áfram í þögn og myrkri. Struve hélt henni eins og api þangað til, að hún tók að þreytast, hana svimaði og glampar komu fyrir augun og suða fyrir eyrun. Hún var sterk stúlka og varðist, eins og karlmaður, en Struve hafði nóg að gera að halda henni. En slík glíma gat ekki varað lengi.

Helen fann að hún var að því komin, að gefast upp, en þá dattu þau bæði á innri dyrnar. Þær létu undan og á sumu svipan hvarf mannum afl, eins og það væri tekið af honum. Helen losaði sig úr klóm hans og komst inn í borðstofuna með flagsandi hár niður á mitti. Hann komst aftur á fætur og elti hana, segjandi:

“Eg ætla að sýna yður, hver sé húsráðandi hér —.”



Hann komst ekki lengra, en bar handlegginn fyrir andlit sér, eins og til að verjast höggi. Í glugganum sást föl manns-ásjóna. Loftið skalf, lampinn hristist, og Struve snerist sem snarkringla og féll upp að veggnum. Augun urðu óttaslegin og litu á einn vissan blett á brjóstinu, er hann greip hendinni um. Hnén tóku að skjálfa, krampadrættir fóru um hann og loks féll hann á grúfu með handlegginn undir sér.

Þetta var fljótt sem elding. Helen frémur heyrði en sæi skotið, þó gerði hún sér ekki grein fyrir, hvað það þýddi þangað til, að hún fann reykin, er fylti nasir hennar. Og jafnvel þá fann hún ekki til ótta. Þvert á móti kendi hún viltrar gleði, er hún stóð og hallaði sér fram næstum fagnandi. Hún stóð í sömu sporum þangað til að hún heyrði kallað: "Helen, hjartkæra, elskulega systir." Hún sneri sér við og — sá bróður sinn í glugganum.

Það, sem hann sá í andliti hennar, hafði hann áður séð á mönnum, er lent höfðu í fangbrögðum dauðans, og alt var horfið frá, nema ein ástríða. — En á konum hafði hann aldrei séð slík merki. Ekkert tilbúið eða ósatt var þar að sjá, ekkert nema hin ákveðnasta, einlægasta tilfinning, er margir lifa og deyja án þess að þekkja. Í náttmyrkrinu hfaði eðli þessarar stúlku afklæðst öllu nema grimdinni, er hún barðist fyrir hinum helgasta heiðri sínum. Glenister hafði verið sannur spámaður, er hann hafði sagt, að Helen mundi að lokum gefa eftir fyrir ómótstæðilegum áhrifum.

Helen leit á manndýrið, er lá á gólfinu, fór svo til bróður síns, vafði örmum um háls honum og þrá-kysti hann.

“Er hann dauður?” spurði Kid.

Hún hneigði sigtil samþykkis og reyndi að tala, en í staðinn fyrir það, tók hún að gráta ákaft.

“Ljúktu upp dyrunum,” mælti hann. “Eg hefi meitt mig og þarf að koma inn.”

Þegar Kid hafði haltrað inn, faðmaði hún hann aftur að sér, klappaði og strauk höfuð hans og hann allan, þótt hann forugur væri.

“Eg verð að líta á hann; það er ekki víst, að hann sé með öllu dauður,” sagði Kid.

“Snertu hann ekki!” Hún fylgdi samt eftir og stóð hjá bróður sínum, meðan hann skoðaði sárið. Struve dró andann og Kid lyfti honum upp með miklum erfiðismunum.

“Eitthvað brotið hér — rif, býst eg við,” sagði Kid, stundi við og fór höndum um síðuna á sér. Hann var veikur mjög og náfölnur, svo Helen fór með hann inn í svefnherbergið og lét hann leggjast niður. Kapp hans, að komast alla leið, hafði aðeins haldið honum uppi, og það, að vita hann hjálpar-vana, kom í veg fyrir það, að Helen félli í ómegin.

Kid vildi með engu móti, að Helen færi til bæjar eftir hjálp, fyr en stormurinn lægði og birti af degi. Hann sagði brautina ófæra í myrkri og það væri enginn tíma sparnaður. Þau biðu því birtu. Loks heyrðu þau, að Struve lét til sín heyra. Hann mælti til Helenar hásum rómi:

“Eg sagði yður, að eg væri vitlaus — og eg fékk það, sem eg átti skilið, en eg verð að deyja. Ó, Guð hjálpi mér — eg dey og eg er svo hræddur.” Hann var að væla þangað til, að Kid kom staulandi inn. Hann horfði haturs-augum á Struve og sagði:

“Já, þú drepst, og eg drap þig. Vertu glaður, geturðu það ekki? Hún fer ekki að leita hjálpar, fyr en birtir.”

Helen rak bróður sinn aftur þangað, sem hann var. Síðan hjálpaði hún Struve eftir mætti, er tók að tala óráð.

Pegar Kid virtist heldur skárri, tók Helen að segja honum frá svikum frænda þeirra og af sönnunum þeim, er hún hafði með höndum, og sem hún ætlaði að rétta hlut námumanna með. Hún sagði honum frá áhlaupinu, er þeir höfðu ákveðið um nóttina og af hættu þeirri, er hengi yfir námumönnum. Hann spurði hana nákvæmlega að hverju atviki og skildi vel ganginn í sögu hennar. Hann skreið að dyrunum og dró andann eins og móður hundur.

“Við verðum að far, hvað sem á dynur,” sagði hann. Storminn hefir lægt að mun og það fer bráðum að birta.”

Hún áleit hann ekki ferðafæran, en hann var ákveðinn að reyna það. “Eg skal aldrei láta þig eina framar, og eg þekki neðri veginn vel. Við skulum fara niður dalinn og þá leið til bæjarins. Það er dálítið lengra, en hættuminna.”

“Þú getur ekki riðið,” sagði hún.

“Eg get það, ef þú vilt binda mig í hnakkinn. Komdu, við skulum ná hestunum.”

Það var koldimt enn, og rigningin mikil, en hér um bil logn. Hún hjálpaði Kid í söðulinn. Hann stundi þungan, en krafðist samt að hún bindi saman fætur hans undir kvið hestsins. Hann sagðist ekki hafa kringumstæður til, að detta ofan af hestbaki.

Þegar Helen hafði hlynt að Struve eftir mætti, fór hún á bak hesti sínum, og reið eftir bróður sínum, er ruggaði á hestinum sem drukkinn maður og hélt sér í hnakknefið með báðum höndum.

\* \* \*

Þau voru farin fyrir hálfum tíma, þegar annar ríðandi maður kom sem óður væri fram úr myrkrinu og nam staðar við “Sleðamerki”. Maðurinn var ákaflega skítugur. Hann henti sér af baki og æddi inn í húsið. Hann sá áfloga-merki í framrúminu: brotna stóla, brotið borð og brotinn lampa, syndandi í olíu. Hann kallaði hátt, en fékk ekki neitt svar. Hann þreif lampa, er logaði á og fór til dyra, er voru á vinstri hlið. Þar var ekekr. Hann veik til hægri handar. Annar lampi logaði þar og þar var Struve, liggjandi á kodda. Hann dró þungt andann; augun hálf-lokuð og starandi. Glenister sá blóðpoll við fætur honum og brotinn glugga. Hann setti lampann frá sér, beygði sig yfir manninn og talaði til hans.

Þegar hann fékk ekkert svar, kallaði hann hátt og skók særða manninn af alefli, svo að hann rak upp hljóð:

“Eg er að deyja — ó, eg er að deyja!” Glenister reisti hann upp og lét hann sjá framan í sig.

“Það er Glenister. Eg kom til að sækja Helenu. — Hvar er hún?” Það virtist sem maðurinn rankaði við sig.

“Þú ert of seinn — eg dey — eg er hræddur.”

Glenister skók Struve aftur. “Hvar er hún?” Hann tók upp sömu spurninguna aftur og aftur, þar til að maðurinn virtist loksins skilja hann.

“Kid fór með hana. Kid skaut mig, eg er að deyja.” Hann hóstaði upp blóði, og Glenister lagði hann aftur niður. Hann hafði komið of seint, á því var enginn efi. Svo þetta var hefnd sú, er Kid vildi hafa frammi! Svona hitti hann. Hann hafði ekki hug til, að mæta **manni**, en sótti óskelfdur að **konu**. Glenister fanst, sem allan mátt drægi úr sér, þangað til hann fann útataða druslu, er Helen hafði tekið af bróður sínum. Þessa druslu tók hann. Hann fann, að grimd mikil greip hann og druslan lá, tætt til agna á gólfinu.

Hann lagði aftur út í regnið og rakti slóðina við birtu frá lampanum sínum og fann för, er regnið enn ekki hafði þvegið af. Hann gerði ráð fyrir, að þau Helen væru ekki langt á undan honum, svo hann fór fram hjá húsinu til þess að sjá, hvort þau hefðu farið lengra út í hólana. Þar voru engin spor. Þau höfðu því farið sömu brautina til bæjarins. Honum datt ekki í hug, að þau hefðu yfirgefið veginn, og fylgt litla læknum niður að ánni. Hann lét lampann þar, sem hann hafði tekið hann, fór á bak og reið eins og hesturinn komst. Sagan

skýrðist fyrir honum, þótt hann gæti ekki alveg látið hana falla saman. Að hugsa sér þessa tvo fanta berjast um stúlkuna, eins og herfang. Hann varð að ná Kid — hann varð! — Menn urðu vitlausir út úr öðru eins. Hann vildi ekki hugsa um það. Manndýrið, sem lá í húsinu, talaði nógu ljóst um ákefð Kids. Enginn af þeim, er þektu Kid áður, mundu hafa trúað því, að hann gæti drýgt slíka fúlmensku.

Meðal hólanna földust félagar Glenisters og hvíldu sig undir bardagann, sem í vændum var. Þeir biðu hans óþolinmóðir. Neðar í hólunum til vinstri handar voru þau tvö, er hann elti, en hann, bölvandi aðra stundina, en hina þögull og rænu-lítill, hélt til bæjarins, , fang óvina sinna.

Það var í dögum, sem Glenister kom niður af fjallinu. Hann nam staðar og aðgætti veginn. En hann hafði enga hugmynd um, að för þau, er hann sá, væru ekki eftir þau, er hann var að elta. Hann barði því hestinn áfram, en varð þess um leið var, að honum hafði ekki komið svefn á auga í fjögur dægur. En þótt hann svefnlaus væri, mátti það enga verkan hafa á líkama hans, er varð að duga til hins ítrasta. Með þessum hugleiðingum kom hann til Nome.

Honum fanst það skifta mörgum árum, síðan hann hefði sól séð, svo löng hafði honum fundist nóttin. Líkami hans var afar-lúinn af lengri áreynslu, en samt reið hann áfram og horfði til hafs.

Hugsun hans var að eins ein: óraskanleg ákvörðun.

Hann vissi nú með vissu, að Medas-náman var farin forgörðum, og eins var vonin um Helenu farin. Það tók nú að verða ljóst fyrir honum, að það væri ómögulegt, að hún gæti nokkru sinni orðið hans, að hún hefði aldrei verið honum ætluð, og að ást hans á henni hefði aldrei verið honum ljósgeisli, ætlaður honum til þess, að finna sjálfan sig við. Honum hafði alstaðar mistekist. Hann mundi verða útlægur ger. Hann hafði barist og tapað. En málstaður hans var gáður og hugur hans óbillaður. Nú var stundin komin, er guðirnir gætu ekki tekið frá honum að njóta. Það var stund hefndarinnar.

Honum var tvent í hug, er hann skyldi framkvæma. Kid skyldi deyja, og hann varð að gera upp reikninginn við McNamara. Um hinn fyrrnefnda var hann ekki fremur í efa, en um það, að sólin risi í austri og settist í vestri. Skoðun hans í því efni var orðin svo sterk, að smá-atvik komu ekki til greina. En um fund þeirra McNamara var öðru máli að gegna. Frá fyrsta fundi þeirra hafði McNamara verið honum gáta, og gátur espa jafnan forvitni. Hatur hans á manni þessum var orðin eins konar vitleysa, en útkoman af fundi þeirra var enn óráðin. En Helenu skyldi hann aldrei hafa. — Glenister áleit að til þess þarfaverks væri hann þó sendur: fyrst, að frelsa hana frá McNamara og í öðru lagi, að hrífa hana úr níðings höndum Kids. Þegar því var lokið, var hann til þess búinn, að greiða það, er forlögin krefðust. Ef hamingjan

ætlaði honum undankomu, ætlaði hann til hólanna sinna og einverunnar. En ef að hann slippi ekki, þá yrðu forlög hans í höndum óvinanna.

Hann fór um strætin, er voru mannlaus, því þoka lá yfir öllu eftir regnið. Reykir stóðu beint í loft upp. Regninu var slotað og sjávar-ganginum líka. Skip hélt inn leiðina og frá því kom bátur og réri til lands.

Hann reið niður 'Front'-stræti, beint móti hættunni og fór hugsunarlaust í opinn kjaft óvinanna. Hann fór fram hjá spilahúsi. Maður kom út, fremur laus á fótum, starði á hann og fór inn aftur.

Glenister hafði ætlað sér, að hitta Kid á "Northern" hótelinu, en til þess, að ná þangað, varð hann að fara fram hjá skrifstofu þeirra Dunham og Struve. Þetta minti hann á manninn, er lá deyjandi tíu mílur vegar frá bænum. Mannleg tilfinning krafðist þess, að honum kæmi einhver hjálp. Hann þorði samt ekki að gera vart við sig, þar sem grunur félli þá á sjálfan hann um morðið, en það var nauðsynlegt, að hann héldi frelsi sínu, að minsta kosti eina klukkustund enn. Hann stöðvaði því hest sinn, og fór inn í húsið. Hann ætlaði að binda miða við hurðina. Einhver hlyti að sjá hann og senda hjálp.

Þá er hann klæddi sig fyrir bardagann við Midasnámana, hafði hann sett upp selskinns-skó fyrir léttleika sakir. Hann gat því gengið hljóðlaust. En þá kom annað; hann hafði hvorki blað né ritblý á sér. Hann tók í ytri dyrnar; þær voru ólæstar. Hann fór inn og hlustaði, því næst gekk



hann að borðinu og fann þar skriffæri, en þá heyrði hann þrusk nokkurt í innra herberginu. Sjálfsagt var það skónum hans að þakka, að ekkert heyrðist til hans. Glenister var að því kominn, að fara út aftur, þegar maðurinn hóstaði. Glenister varð að mun forvitinn. Hann læddist að skilrúminu. Rúða var í hurðiðni, en sex fet uppi; en hann gat séð um hana af stól. Maður kraup við bréfabunka, skúffurnar voru opnar í öryggis-skápnum og öllu stráð á víð og dreif. Glenister fór niður, spenti byssuna og lauk upp hurðinni. Hefndin hafði komið sjálfkrafa í hendur honum.

\* \* \*

McNamara þóttist viss um, að samsærimenn myndu ganga í gildru hans, en þegar hann frétti af sigri Glenisters, varð hann frá sér numinn af reiði. Hann bölvaði mönnum sínum og kallaði þá bleyður og ragmenni. Dómaranum varð þannig við fregnina, að eftir eina vökunótt, hræðilega og harmkvæla-fulla, steinleið yfir hann.

“Þeir sprengja okkur í loft upp næst. Guð hjálpi okkur! Ó, það er villimanna-æði. Fyrir Guðs sakir! Náið í hermennina, Alec. Nú getum við notað þá.” Því næst símaði McNamara foringja hersins, og bað hann að mæta með flokk sinn við sólarupprás.

“Látið svo alls þessa getið, er þér gefið réttarskýrslu,” sagði hann. Héðan af skulum við halda okkur hreinum í augum laganna, hvað sem öðrum líður.”

“En bæjar-lýðurinn er móti okkur líka,” sagði

Stillman skjálfandi. "Hann rífur okkur í sig."

"Látum þá reyna það. Þegar eg hefi náð í foringja þeirra, skulum við sjá hvað úr hinum verður."

Þótt McNamara hafði látið minni umhyggju í ljós fyrir Helenu, var hann engu rólegri hennar vegna. Afbrýði hans, er áður var vakin að mun, var nú glóandi, er hann hugsaði um þetta síðasta atvik. Það eitthvað í öllu þessu, er vakti þann grun hjá hinum að svik væru í tafli, og er hún kom ekki aftur um kveldið tók hann að gruna, að hún væri genginn í lið með samsærismönnum. Af þessu varð hann fullur af reiði, efasemi og, ef til vill, snerti af hræðslu. Þar við bættist, að Struve hafði farið með henni: Hann var líka svikari. Hann vissi af því, að Struve var þjáður af kvensemi og nú var hann einn með henni. Hann fór að reikna gætilega. Hvað gat Struve gert? Hvaða sannanir hafði hann? MacNamara hrökk við, tók hatt sinn og gekk skyndilega til skrifstofu lögmannsins, og opnaði með lykli, er hann bar á sér. Það var næg birta fyrir hann til að stafa letrið á skápnum. Hann settist að verki og rannsakaði hvern böggul. Hann vonaði, að Struve hefði ekki tekið neitt það með sér, er sannana-gildi hefði. Einn sinn hætti hann og hlustaði, en er hann heyrði ekkert spenti hann byssu sýna og lagði hana í skápdyrnar. Hann leitaði og grunur hans fór vaxandi. Hann hafði verið að þessu nokkurn tíma, þegar hann heyrði ofur-lítið hljóð að baki sér, er kom honum til að líta við. Í dyrunum stóð Roy Glenister og horfði á hann.

Undran MacNamara var svo eðlileg, að hann

hljóp á fætur sem óður væri og læsti skápnum, eins og til varnar einhverju. Hann hafði ekki gætt þess, að vopn hans of vörn var um leið lokuð í honum. Þó að skápurinn væri ekki aflæstur, þá mundi það taka hættulegan tíma, að opna hann.

Mennirnir tveir horfðust í auga um tíma, þöglir og þrungnir óvild. Útlit eldra mannsins lýsti ósvífni, en hins yngra hatri. MacNamara var rólegur, en hættulegur. Glenister hafði ekki annað að bjóða en hatur.

Hann stóð þarna með úfið hár, skítugur, órak-  
aður, og hægri hliðin löðrandi af for, því að hann hafði dottið ásamt hestinum í myrkrinu. Rispa lá niður frá annari augabrúninni, óhrein og ógeðsleg; undir augunum voru hrukkur-djúpar og um munninn voru skorur, er sýndu, að maðurinn var úttaugaður.

“Þetta er síðasta atriðið í leiknum, McNamara, Nú skulum við hafa þetta afgert **tveir einir.**”

McNamara yfti öxlum: “Þér standð betur að vígi en eg. Eg er vopnlaus.” Gleðin skein út úr andlitinu á Glenister.

“Ó, það er næstum því of gleðilegt til þess að vera satt. Slíkir hlutir hafa mér að vísu borist í draumum mínum, og mig hefir hungrað eftir að þukla um hálsinn á yður frá því, að eg sá yður fyrst. Að skjóta yður mundi ekki veita mér eins mikla gleði. Hafið þér nokkru sinni haft slíka tilfinning? Eg ætla að kreysta úr yður lífið með berum höndum.”

McNamara rétti úr sér.

“Eg vil ekki ráða yður til, að reyna það. Eg

hefi lifað lengur en þér og hefi aldrei ósigur beðið. En eg þekki tilfinninguna, sem þér talið um. Eg hefi hana núna.”

Hann leiddi fljótt augum alt byggingarlag Glenisters, og sá grönnu mjaðmirnar og þrönga beltið, er gerði hann krangalegan, nema um axlirnar og hálsinn. Hann hafði sigrað meiri menn og kæmi til handalögmáls, ætlaðist hann til, að þungi sinn gerði útslagið í svona þröngri kytru, þó að Glenister kynni að vera liðugri. Því lengur sem hann skoðaði mótstöðumann sinn, því meira hatur fékk hann á honum.

“Eg skal drepa yður,” öskraði McNamara.

Glenister lét byssu sína á skápinn og fór úr blautu yfirhöfninni. Mismunur á vexti kom nú betur í ljós, og virtist hann mæla með McNamara, þótt hvarugur hefði orð á því, vissu þeir báðir, að þessi bardagi átti ekkert skylt við Midas-námuna. Það hafði legið í hlutarins eðli, að þeir skyldu mætast þannig. Það átti, meira að segja betur við að þeir ættu þenna bardaga tveir einir og vitnalaust og hefðu aðeins þau vopn, er náttúran hafði útbúið þá með, því að þeir heyrðu báðir til frjálsu landi, voru báðir bardaga-menn, og höfðu báðir ást mikla á verðlaununum.

Þeir mættust af grimd mikilli. McNamara miðaði voða höggi að Glenister, en hann mætti því mannlega, gekk fjær og armar hans gengu jafnt og títt eins og barefli með blýi í endanum. Hann hreyfði sig léttlega og fótatök hans urðu viss. Það gerðu selskinns-skórnir. Hann vissi að McNamara

var þyngri, því varðist hann handalögmáli í lengstu lög. Hann gaf McNamara högg á munninn, svo að höfuðið fór aftur á honum og hnefarnir gengu stjórnlausir. Áður en McNamara hafði náð stjórn á þeim aftur, sló hann annað högg á munn honum. En McNamara var líka bardögum vanur og tók högginu vel. Hann spýtti blóði og gerði aðra árás. Glenister reiddi aftur til höggs og hitti McNamara í augað. McNamara sló á móti. Glenister kendi mjög til og fann að vinstri hendi bilaði að mun. Hún var nær því ónýt. Áður en hann gat náð sér aftur, hafði McNamara komist undir arma honum og tekið hann hrygg spennu. Hann spenti hann hælkrók og fleygði honum af afli miklu. En Glenister þaut upp eins og elding, en McNamara var í sama bili kominn á hann og ætlaði að ná um háls honum. Roy þekkti takið og vissi að það mundi binda enda á viðureign þeirra. Hann greip því um úlnliðinn á McNamara og reyndi að ná höndunum sundur, en vinstri hendir var ónýt. Hann setti því hnikk á sig og losaðist, og nú voru þeir luktir hvor annars örmum, svo að skrifstofan lék sem á þræði, æðar á hálsum þeirra urðu sem snæri og vöðvarnir þrútnir afskaplega.

Einvígi geta menn háð með köldu blóði; þeir geta skotið, borið af sér sverðalög og veitt þau, ofur rólegir, en þegar líkamir tveggja manna koma saman, svitinn svo að segja rennur saman, vöðvarnir þenjast og sprikla og þreytan verður afskapleg—þá kemur náttúran fram í alveldi sínu og hið voðalega hatur nýtur sín að fullu.

Þeir bárust til og frá um gólfið, brutu skilrúmin,

er hálf-huldu þá rúðubrotum. Þeir féllu ofan í brota ruslið og veltust í því. Eins og samkvæmt samþykkt skyldu þeir og risu á fætur. Þeir horfðust í augu, varirnar hangandi, lungun hvínandi og andlitin streymandi í blóði og svita. Roy kendi ákaflega til í vinstri hendinni, en munnurinn á McNamara var ljótur í laginu. Þeir hvíldu sig um augnablik og ruku svo saman. Skrifstofan var lögð í eyði; engin herbergi lengur til. Fötin þeirra öll rifin og tætt, brjóstin ber og handleggirnir. En þeir fundu ekkert til þess. Líkamir þeirra voru með öllu tilfinningarlausir.

Smát og smátt var andlit McNamara svo marið og barið, að það var orðið að kássu, en öll bein í Glenister voru úr lagi gengin fyrir höggum óvinar hans. Glenister hugsaði aðallega um, að reyna að standa og að forðast faðmlög mótstöðumanns síns. Aldrei fyrri hafði hann átt við nokkurn mann, er hann hafði ekki átt hægt með að fella bara með hinu mikla afli sínu, þar til að hann mætti þessum urrandi stóra risa, er bar hann til og frá eins og hann barn væri. Hvað eftir annað lét hann högginn dynja á andlit McNamara, jafn þung og sleggju högg. Bardaga-lög voru ekki við höfð. Þessir menn heyrðu ekkert nema öskrið í eyrum þeirra og sáu ekkert, nema hatrið, er leitaði aðeins að blóði. Byggingin lék öll á reyðiskjálf fyrir fótataki þeirra.

Berhöfðaður maður ruddist út úr búð, er var undir byggingunni og lenti á gangandi manni, er gekk gangstéttina. Þeir fóru samferða upp stigann. Baturinn, sem Glenister hafði séð, hafði lent og þrír

farþegjanna voru á leið til 'Front' strætis. Wheaton var foringi fararinnar. Honum fylgdu tveir sterklegir menn, er ferðuðust flutningslausir. Borgin og sólin voru báðar komnar á fætur. Stillman og Voorheis komu frá "Hotelinu" og horfðu mjög spekingslegir á lest, er kom inn á hinn enda strætisins. Vagnarnir voru hlaðnir hermönnum er ætluðu til Midas-námunnar.

Út úr þokunni komu líka tveir aðrir hestar, þreytulegir og slæptir. Á öðrum reið stúlka, en á hinum var sorgleg mannsmynd, er ruggaði til og frá við hreyfinguna. Andlitið var þjáningarlegt og hendurnar fastar á hnakknefinu, en fæturnir bundnir undir kvið.

Það leit út fyrir að forlögin hefðu stefnt öllum þeim á þenna stað, er hlut áttu að máli, til þess, að vera viðstödd síðasta atriði leiksins.

Maðurinn og stúlkan stóðu augliti til auglitis við dómarrann og Voorheis. Dómarrinn rak upp hljóð, er hann sá þau. En um leið og þau stöðvuðu hestana, kom maður út á tröppurnar og hrópaði:

"Komið og hjálpið mér—fljótt!"

"Hvað er á seiði?" spurði marskálkurinn.

"Það er morð! McNamara og Glenister." Hann rauk up stigann ásamt Voorheis og dómarrannum. Stunur heyrðust uppi.

Kid sneri sér til mannanna þriggja, er flýttu sér frá ströndinni. Hann þekti Wheaton og sagði: "Leystu fæturna mína. Skerðu böndin, fljótt."

"Hvað gengur að þér," spurði lögmaðurinn, en er hann heyrði Glenister nefndan, flýtti hann sér

eftir dómaramum, en sagði samferðamönnum sínum að hjálpa Kid. Þeir heyrðu nú bardagann, og allir keptust að komast sem fyrst inn. Helen fór einnig inn, þótt bróðir hennar réði henni frá því.

Henni var ekki ljóst, hvernig hún hefði komist upp stigann, því að hún var borin af afli því, er lætur oss sjá að ósjálfrátt, er vér í raun réttri alls ekni viljum sjá. Þá er hún kom upp stóð hún sem dæmd, því að mannfjöldinn, sem hún hafði fylgt, horfði á tvö hamslaus dýr, er hömuðust hvert á öðru, með voðalegum óhljóðum, alblóðug og sundur tætt. Sérhver hlutur, er brotnað gat, var mulinn mélinu smærra.

Til þessa dags segja menn sögur um bardaga þenna, hvar sem þeir sitja við elda sína, alt frá Davson bæ til Ishafsins, og þó að sumir hafi ekki séð það sjálfir, þá er þó nóg af sjónarvottum. Þeir, sem sáu bardagann, segja hann líkastan bardögum þeim er karlelgsdýr há í brundtíðinni, en talsvert óttalegri. Þeir segja, að tveir slíkir menn hafi ekki þekkt þar í landi síðan á dögum Vítusar Berings og félaga hans. Það er áreiðanlegt, að þeir vissu ekkert af því, að húsið var orðið fult af fólki, eða af óhljóðunum í því, er Voorheis tróð sér um dyrnar og réðist á Glenister. Hann kom í því að þeir hættu eitt augnablik, horfandi æðisgengnir hver á annan.

Glenister kastaði Voorheis eins og lepp frá sér. Hann lenti með höfþið á járnskápnum og féll í rot. Því næst hélt bardaginn áfram. Meðan örskamma hvíldin varaði, tóku menn eftir því, að úr munninum á McNamara streymdi vatn, eins og hann væri



veikur mjög. Helen kallaði upp: "Skiljið þá!" Skiljið þá!" En enginn þorði nærri að koma. Hún heyrði bróðir sinn segja eitthvað, og líkami hans tók eftir allar hreifingar þeirra, er börðust. Dómarinn var öskugrár, sljór og hjálparvana.

McNamara var illa á sig kominn, og var það mótstöðumanni hans að kenna, er hamraði stöðugt á honum í von um sigur. En vöðvarnir hlýddu sljólega skipunum hans. Rifin voru úr lagi gengin, bakið sárt og holdið svall á lærunum. Þá er þeir ruku saman aftur, tók McNamara í andlit Glenisters og boraði fingrunum í kinnar hans, svo munnurinn opnaðist og rak höfuðið afturábak af öllu afli sínu. Glenister fann hold sitt láta undan og fleygði sér því aftur á bak, svo hinn slepti. McNamara rann að skápnum, þar sem byssan var. Glenister grunaði hvað undir byggji; að hann leitaði að síðasta hjálparmeðali til að bjarga sér, og þegar hann sá hann tegja sig eftir vopninu, hjóp Glenister eins og ljón á hann, tók um mitti honum og þreif um úlnið hans með hægri hendinni. Þetta var í fyrsta sinn er þeir sneru ekki andlitum saman og Roy sá þegar, að svik hins urðu honum að happi og sigurinn var bráðum unninn.

Það tekur lengri tíma að segja frá þessum atburðum, en þeir gerðust á, en svo fljótt hafði alt þetta átt sér stað, að hermennirnir voru ekki komnir inn, þegar keppinautar voru aftur í faðmlögum við skápsdyrnar.

Um það, er nú gerðist, fara ýmsar sögur, en Bronko Kid var sá eini, er vit hafði á því er fram fór.

Sumir segja að yngra manninn hafi gripið svo mikill ótti við dauðann, að hann hafi ekki einhamur orðið, en aðrir halda því fram, að alt afl hafi horfið frá hinum mannum sakir sviksemi hans. En hvorugt er sannleikur.

Þá er Glenister hafði náð um mitti McNamara, rétti hann skemdu hendina um hálsinn á McNamara og sveigði höfuð hans niður á við, en með hinni hendinni tók hann um hægri úlnlið hans rétt við byssuna og hélt honum þannig, að hann gat ekki losast. Nú kom aðal raunin. Líkamir þeirra voru sem samgrónir. Glenister reyndi af síðasta afli sínu að koma hægri handlegg sínum nálægt vopninu, er nú var barist um, og sem myndaði ótal hornklofa í loftinu með hlauinu. McNamara reyndi að losa sig úr klemmu þessari, en hann var fastur, því Glenister og skápurinn héldu honum og þar að auki var hann að springa af mæði. Móti vilja hans hreifðist hægri hendir aftur. Fætturnir bærðust aðeins, en blóðið ætlaði út úr augum hans, og hann fann til löngu fingranna, er hvíldu um úlnlið hanseins og tengur. Þumlung eftir þumlung var handleggur hans dreginn aftur á bak niður með síðunni. Byssukjafturinn reit hálfhring í loftið og hendurnar smáþokuðust niður skaftið. Hann reyndi að berjast um, en árangurslaust. Hann reyndi að skjóta af bysunni, en fingurnir voru fastir um hana, svo það var ekki hægt.

Skinnið, er sást undir ræflum mánnanna, var þanið yfir hnjóskana, rifurnar og sprungurnar á líkömum þeirra. Helen horfði á þá óttaslegin. Hún

fann, að bróðir hennar lét fingurnar falla á axlir hennar og sagði með áhuga miklum aftur og aftur:

“Það er hamars-lásinn—hamarslásinn—hamars-lásinn,” þá sáu þeir axlirnar á Glenister færast niður og allan líkama hans leggjast á manninn eins og hann burðaðist með þunga mikinn. Eitthvað brast, eins og spýta brotnaði. Skotið hljóp úr byssunni. McNamara heyrðist í sama mund reka upp hátt hljóð. Hann var á hnjánnum og grúfði andliti niður, en Glenister skreiddist að veggnum og dró fæturnar eins og blýlóð væri bundið við þá. Hann var blindur af blóði, svita og reyk frá byssunni, en sigur-gleðin skein út úr honum.

Stillman dómari hrópaði, þótt hann veikur væri.

“Takið mann þenna fastan — Látið hann ekki sleppa.”

Nú tók Glenister fyrst eftir því, að menn voru þar. Hann leit á McNamara, er lá þar, og sagði:

“Eg sigraði — svikarann, og—og eg sigraði — hann með — berum höndum — vopnlaus.”

*Arnljotur B. Olson*

## XXII. KAPITULI.

### Draumurinn rætist.

Hermenn tóku Glenister undir eins og dómari skipaði og hann veitti ekki viðnám. Herbergið var sem ruslakista. Mannfjöldi var kominn úti, er spurði, kallaði, hótaði, þangað til, að einhver uppi í stiganum hrópaði:

“Þeir hafa tekið Roy Glenister. Hann hefur drepið McNamara.” Við það varð hávaðinn að gleðiópi.

Einn af mönnum McNamara kallaði: “Við skulum hengja hann. Hann hefir drepið tíu af okkar mönnum í fyrri nótt.” Helen hrökk við, en Stillman fanst þetta sem eins konar svölun fyrir sig og kallaði með blæ af embættissvip:

“Lögreglu-maður, haldið fólki þessu í skefjum. Eg skal sjá um manninn. Eg hefi lögin í hendi minni og hann skal fá, að svara fyrir sig.”

McNamara reis með kvölum frá gólfinu. Hægri höndin hékk laus við öxlina með kófann snúinn út, en andlitið herfilega afmyndað af höggum og kvölum. Hann bölvaði óvini sínum sæmilega.

Glenister þagði. Þegar villimanns-æðið var af honum runnið, sá hann, að andlitin kringum sig voru flest óvinveitt. Hann átti enn ónáð í Bronko Kid, svo hefnd hans var aðeins hálf unnin. Hann var hokinn í hnjám og útlirnir máttvana en brjóstið sem ofn sjóðandi. Þegar varðmennirnir leiddu hann skjögrandi um mannþröngina, mætti hann stúlkunni og bróður hennar. Hann skýrði röddina eftir mætti og sagði:

“Ó, þarna ert þú þá!” Hann tók að brjótast um og reyna að losa sig við hermennina, en gat það ekki fyrir kvölum. Þeir héldu honum eins og barni.

Þeir voru við dyrnar, þegar Wheaton kom í veg þeirra og sagði:

“Verið hægir eitt augnablik — það gengur ágætlega, Roy — .”

“Ó, Bill — það gengur vel. Við gerðum það — sem við — gátum. — en mannfjandinn hefir sigrað okkur. Þeir hafa tekið mig fastan, en það — gerir ekkert — til. Eg sigraði — hann með — berum höndum. Gerði eg það — ekki, McNamara Hann hló dálítið að McNamara, er bölvaði honum á móti, en Stillman kallaði hásum rómi:

“Farið þið burt með hann, segi eg ykkur. Lát-ið hann inn í svartholið.”

En Wheaton var ekki af baki dottinn. Nú horfðu allir á hann, og hann tók vel eftir því. Það getur verið, að dálítið af hégómagirni hafi haft sín áhrif á hann, er hann kastaði höfðinu aftur á bak, stakk höndum í vasana og horfði á bíðandi lýðinn. Hann leit með talsverðu mikillæti á dómarrann og McNamara.

“Þetta verður dagur sorgar og eyðileggingar í ykkar garð, vinir mínir. Þessi maður fer ekki í hegningarhúsið af þeirri einföldu ástæðu að þið farið þangað. Ójá þið spiluðuð vel, báðir tveir, með þingmönnum og öðrum stórfiskum að bakhjarli. En nú erum við vinnendur, og við ættum a láta ykkur stíga dálítinn dans fyrir námana, sem þið stákuð, rán-in, sem þið hafið framið og mennina, sem þið hafið komið á vonarvöl. Guði sé lof fyrir það, að það finst, þó einn heiðarlegur dómsstóll og mér tókst að finna hann.” Hann sneri sér til mannanna tveggja, er með honum voru, og sagði:

“Birtið þeim stefnurnar.” Þeir gerðu sem þeim var skipað.

Ólætin síðustu mínúturnar höfðu stefnt þangað

öllum, er vetlingi gátu valdið. Þegar ekki var rúm að fá í stiganum, hafði fólkíð raðað sér á strætin og hver sagði öðrum, að sorgarleikur þessi væri á enda kljáður; stríðið um Midas-námuna, bardaginn á skrifstofunni og að McNamara og Stillman væru teknir fastir. Menn börðust um að sjá leikendurna og spurningar voru óendanlegar. Þeir sáu marskálkinn borinn á brott, meðvitundarlausan; dómariinn fylgdi honum. Hann var hinn viðbjóðslegasta hrygðarmynd lítilmensku og endemisháttar. Fólkíð bannsóng hann úr hlaði. Þegar McNamara kom, hóf fólkíð gleðióp svo mikið, að alt ætlaði að rifna. Hann vissi, að lýðurinn átti við sig, og þótt hann væri illa til reika, leit hann á skrílinn þeim augum þótta og fyrirlitningar, að hann þagnaði, og það síðasta, er þeir sáu af honum, var mynd af föllnu mikilmenni, en ekki sigruðu með öllu. Nú tóku menn að láta í ljós fögnuð sinn, er þeir sáu Glenister, er hékk á stuðningsmanni sínum í dyrunum, rifinn og tættur, en þó karlmannlegur, ætluðu fagnaðarlæti þeirra engan enda að taka. Hér var þeirra **eiginn** maður, sonur norðurlandsins, sem starfaði, elskaði og barðist þannig, að þeir **skyldu** það, og hann hafði unnið sigur.

En Roy skjögraði upp strætið, neitandi hjálp allra nema Wheatons. Hann heyrði féлага sinn tala að vissu ekkert, nema það, að maðurinn var montinn og kátur af einhverju. —

“Við höfum barið á þeim eins og hundum, lagsmaður. Við höfum troðið þá undir fætur okkar. Teknir fastir hjá dyrum sínum — dæmdir fyrir fyrir-

litning gagnvart réttvísinni — það eru þeir. Þeir hlýddu ekki fyrri stefnunni og þar hafði eg tangarhald á þeim.”

“Eg braut handlegginn á honum,” sagði Glenister.

“Eg sá þig gera það! Já, það var ljótt að sjá það; þeir eru fastir um tíma í öllu falli og við höfum “brotið hringinn.”

“Hann brotnaði við öxlina,” hélt hinn áfram sem í leiðslu, “eins og skófluskaft. Eg fann það — en hann reyndi að drepa mig, svo eg varð að gera það.”

Lögmaðurinn fór með Glenister heim til hans og gerði við sár hans. En hann var líkastur svefn-gangara, lét enga gleði í ljós, enga æsing, engan sigurfögnuð. Loksins sagði Wheaton:

“Hrestu þig. Hvað er þetta, maður, þú lætur eins og þú hafir tapað. Skilurðu ekki, að við höfum unnið, að Midas-náman er þín, og allur heimurinn með henni.”

“Unnið,” hafði Glenister eftir. Hvað veist þú um það, Bill. Midas-námuna — Heimurinn — til hvers eru þau. Þú hefur rangt að mæla. Eg hefi tapað. Já, eg hefi tapað öllu, sem hún kendi mér og hún sá mig gera þetta — fjandinn hafi forlögin. — Farðu nú í burtu. Eg er svo syfjaður.

Hann lagðist upp í rúmið og var sofnaður áður en Wheaton hafði lokið við að breiða ofan á hann.

Þar lá hann þangað til seint um kveldið, að Dextry og Brauðsnúða Simbi komu ofan úr hólunum, samkvæmt boðum frá Wheaton, og spurðu

hann í þaula er þeir loks gátu vakið hann, en það gekk nokkuð seint. Hann baðaði sig og núði allan og náði sér all-mikið. Þeir létu hann segja aftur sögu sína og hlýddu á með eftirtölum mikilli, þar til að Dextry sagði í sorgar-rómi.

“Ó, eg vildi gefa minn hluta í Midas-námunum til þess, að sjá þig berja hann niður. Það hefði verið ágæt skemtun.”

“Því barðirðu ekki augun úr hausnum á honum. Þegar þó hafðir hann undir þér?” spurði Brauðsnúða Simbi ákafur. Það skyldi eg hafa gert.”

Dextry hélt áfram: “Þeir segja mér að þegar hann hafi verið tekinn, hafi hann bolverka á átján tungumálum, og það hafi orðið því kröftugra sem tungunum fjölgaði. Ó, eg hefi sannarlega mist mikið í dag, einkum af því, að hæfileikar mínir til sagna-kveðskapar eru nær því tæmdir fyrir skort á hugmyndum. En þær hefði eg getað fengið endurbættar, ef eg hefði verið þar. Fullur tunnupoki af gulli hefði ekki getað aftrað mér að vera þar.”

“Hvernig var hljóðið, þegar hann brotnaði,” spurði Simbi alvarlegur því neitaði Glenister að svara.

“Komdu, Simbi,” sagði Dextry, “förum niður í bæ. Eg er þannig á mig kominn, að eg get ekki verið kyr, og hver veit nema við getum fengið söguna eins og hún gekk fyrir sig hjá einhverjum, sem er ekki múlaður, dáleiddur og mállaus af tómrri hæversku. Roy, heyrðu! farðu aldrei á leikhús, þeir hafa þar oft hræðilegar sögur af hryllilegum slagsmálum, en þú þolir þær ekki. Og heyrðu! Eg



hefi fengð söguna hjá fjórum áreiðanlegum mönnum, er allir sáu viðburðinn og hún er ólík þinni sögu og miklu betri."

Þegar Glenister kom til sjálfs sín, sá hann, hvað hann hafði gert.

"Eg var villidýr," barmaði hann sér," eftir alt það er eg hafði þó reynt að gera. "Eg ætlaði að fara héðan burtu, og eg ætlaði að sýna, að eg væri verður áttar hennar og virðingar, þó eg aldrei fengi að njóta hennar; en eg féll við fyrstu raun. Eg hefi mist traust hennar, já — og það sem meira er um vert, eg hefi mist traust á sjálfum mér líka. Hún hefir ætíð séð mig, þegar verst hefir á staðið og þó er eg svo vondur í raun og veru. Eg vil gera það, sem rétt er, og fáí eg aftur tækifæri, skal eg vinna. Eg skal. Eg var um of reyndur í þetta sinni.

Einhver barði á dyr. Hann opnaði og hleypti inn Kid og Helenu.

"Vertu rólegur, kunningi, eg kem sem vinur þinn." Kid komst áfram með þrautum og skýrði hann það á þessa leið:

"Eg er allur stagaður og bundinn eins og gamall poki.

"Hann ætti að vera í rúminu, en hann vildi ekki, að eg færi ein, en eg gat ekki beðið," bætti Helen við, en augun forðuðust Glenister og talsverður roði kom í ljós.

"Hann vildi ekki láta yður fara eina. Eg skil ykkur ekki."

"Eg er bróðir hennar," sagði Bronco Kid. "Eg

hefi vitað það fyrir löngu, en eg — jæja, þú skilur. Eg gat ekki látið hana vita það. Alt það, sem eg get sagt, er það, að eg hefi ekki haft rangt víð í spítum, þangað til nóttina, sem eg spilaði við þig, en þá var eg djöful-óður,, því að eg misskildi nokkuð, sem eg heyrði þig segja. Í gærkveldi frétti eg um ferðalag, Struve og Helenar og komst að húsinu nógu snemma til þess að bjarga henni. Mér þykir verst, að eg drap hann ekki! Hvítu fingurnir hófu undarlegar hreyfingar.

“Er hann ekki dauður,” spurði Glenister.

“Nei, læknarnir fluttu hann til bæjarins og hann verður jafngóður. En það er margt fleira. Eg er ekki mikill tölumaður, en gefir þú mér tíma til, skal eg láta þig skilja það. Eg reyndi að fá Helenu til, að fara ekki með Struve, en hún sagðist mega til, að fara og hún vissi það betur en eg. Það var vegna skjalanna, sem hún kom með í vor. Hún hélt að þú mundir álíta sig meðseka í samsæri þessu, en þú gerir það ekki; gerir þú það.” Hann horfði á Glenister sem svaraði:

“Vissulega ekki. Haltu áfram.”

“Jæ-ja, hún komst að því, að þessi skjöl sögðu nóg til þess, að auðvelt væri að sanna samsæri á hendur McNamara og dómaranum, en Struve geymdi skjölin, og vildi ekki sleppa þeim, nema fyrir vissa borgun. Þessvegna fór hún með honum. Hún hélt að það væri rétt og — það er alt. En það virðist sem Wheaton hafi líka unnið sigur á annan hátt. Nú, þarna kem eg að aðalatriðinu — eg kalla mig hafa talað nokkuð vel. — Stillman og

McNamara fara í betrunarhúsið fyrir fyrirlitning fyrir réttvísinni og það er sama sem sannað. Þú hefir unnið námuna þína aftur, og menn þessir hafa fengið lítilsvirðing. Þeir fara úr sögunni.

“Já, eftil vill, sex mánaða inniveru,” tók Glenister fram í ákafur. En hvað er það? Það hefir aldrei meiri glæpur framinn verið né meiru ranglæti verið beitt. Þeir rændu og þjáðu menn eftir mætti Þeir höfðu dómstólinn að skálkaskjólí svo réttlætisgyðjan roðnaði af smán þeirri, er henni var gerð. Þeir tóku saklausa menn fasta eða eyðilögðu þá á annan hátt. Fyrir þetta eiga þeir að þola — hvað. Smávegis sekt eða kyrsetu í fáa daga og að skila aftur stolna fénu. Fyrirlitning fyrir lögunum er sakargiftin, en þú mættir eins vel sanna á morðingja, að hann hefði brotið friðar-reglu. Við erum lausir við þá, það er satt, og við höfum ekki ónæði af þeim framar. En fyrir aðal-glæpinn þurfa þeir aldrei að svara. Eg er á því, að það sé satt, að hvorki Guðs né manna-lög séu til fyrir norðan fimtugustu og þriðju gráðu. En ef að réttvísi er til fyrir sunnan þetta takmark, verða þessir menn að fara í hegningar-húsið.”

“Þú gerir mér ervitt með, að segja það, sem eg ætlaði að segja. Mig iðrar næstum eftir, að við komum hér, því að eg er enginn orðgnóttamaður eins og eg sagði þér, og eg veit eki, hvort þú skilur mig,” sagði Kid alvarlegur. “Við lítum svona á málið: Þú sigraðir, þú hefir yfirunnið fjandmann þinn, þú hefir fengið námuna aftur og þeir hafa orðið sér til skammar. Fyrir menn í þeirra sporum er

það verra, en nokkuð annað. En dómarrinn er móðurbróðir okkar og blóð vort rennur í æðum hans. Hann tók Helenu að sér þegar hún var barn, og var, upp á sinn máta, henni sme faðir. Og — hún elskar hann.

“Eg skil þig ekki fullkomlega,” sagði Roy.

Þá tók Helen fyrst til máls og tók þakkann úr barmi sínum.

“Þessi getur sagt söguna, eins og hún er, herra Glenister, og sýnt yður hið ljótasta og þrælslegasta ráðabrugg, er sézt hefir. Það er ekki létt fyrir mig að svíkja frænda minn, en þessar sannanir eigið þér með öllum rétti og þér gettið brúkað þær eftir vild.”

“Er það skoðun yðar að þessi skjöl sýni alt þetta? Og þér ættið að gefa mér þau af því að þér álítið það skyldu yðar?”

“Þér eigið þau. Eg verð að gera það. En til þess kom eg hingað að biðja yður að sýna móðurbróður mínum ofurlitla vægð. Hann er gamall maður og mjög veikur á sál og líkama. Þetta fer alveg með hann.”

Hann sá, að augun hennar voru tárbot og hakan litla skalf lítillaga, en kinnarnar voru rjóðar. Það kom aftur yfir hann óstjórnlega löngunin til að taka hana í faðm sér, láta höfuðið fagra hvíta á hjarta sér og kyssa á brott tárin. Slétta hárið fallega og grafa höfuðið í því þar til að hann yrði ölvaður af sælu. En þá kom honum í hug fyrir hvern hún var að biðja.

Hann átti að hætta, að gleðja sig yfir hefnd sinni, sem þó var í rauninni engin hefnd, heldur rétt

mæt hegning. Þau báðu hann, mann sem var maður mannanna — Norðursins maður, er hinir mörgu litu á sem fyrirliða — að gera þetta — og fyrir hvað? Fyrir engin laun, heldur til þess, að tryggja honum ævarandi sorg og gremju. Hann reyndi, að líta á það rólegum augum, skoða það með gætni, en það var ervitt. Ef hann gerði hana ánægða með því, að frelsa hundspottið McNamara með frænda hennar, þá skyldi henni veitast það. Hann hafði beðið um annað tækifæri, til að reyna sig og sýna, að hann væri ekki lengur hinn forni Roy Glenister, Jæ-ja, það hafði komið og hann var reiðibúinn.

Glenister þorði ekki, að líta framan í Helenu. Þetta var versta augnablikið, sem yfir hann hafði komið.

“Það er of mikið, að ætlast til slíks,” sagði Kid feimnislega. “En heldur þú ekki, að þetta sé nægur sigur? Eg get ekki gert að því, að dáðst að McNamara og það gerir þú líka. Hann hefir verið of mikill óvinur þinn til þess, að þú gerir það ekki og — og hann elskar Helenu.”

“Eg veit það — eg veit það,” sagði Glenister fljótt svo að ekki gat heyrst til Helenar, er hafði eitthvað á móti því. “Þú hefir sagt nægilegt.” Hann rétti úr herðunum, er voru hálf-lotnar og leit þreytulega á pakkann óopnaða. Hann tók böndin af honum og reif blöðin í smá-agnir — hvert fyrir sig — hægt og gætilega og henti síðan öllu dótinu frá sér. Stúlkan grét lágt. Annars var þögn í herberginu og hann gaf henni fjandmann sinn samkvæmt því, er hann hafði ásett sér.

“Þú hefir rétt fyrir þér, Kid, — verkið er fullkomnað. Og nú er eg þreyttur.”

Þau skyldu þarna við hann. Geislar kveldsólarrinnar glóðu á magra líkamann hans, en út úr augunum skein takmarkalaust óyndi.

Hann andvarpaði og sagði: “Svo þetta er endirinn. Og eg gaf henni hann með þessum höndum mínum —” og hann rétti þær fram — þá tók hann fyrst eftir því, að vinstri hendin var mjög bólgin, litarljót og helaum. En honum fanst sem sér kæmi hún ekkert við, en sá þó að hún þurfti læknishjálpar; hann fór út og niður í bæ. Hann mætti þeim Dextry og Simba. Þeir fóru með honum fullir af fréttum.

“Guð hjálpi okkur, þú ert á allra vörum í bænum,” sögðu þeir. “Þeir hafa rifið skrifstofuna hans Struve’s til þess, að sjá sem bezt vegsummerkin og Svíar ætla að tilnefna þig til þingmanns, þegar hér verður kosið. Þeir segja, að þú leggir hvern einasta þingmann og með því munir þú koma á fót góðri og skipulegri stjórn.

“Þegar þið farið að tala um lög sýnir það mér, að þetta bölvada land er orðið alt of mentað fyrir hvítan mann,” sagði Simbi illgirnilega. “Og fyrst að þessi bardagi er búinn þá lítur ekki út fyrir, að hér komi nokkuð það fyrir, er vert sé að sjá fyrir fullorðinn mann. Eg fer vestur.”

“Vestur! Hvað er þetta? Þú getur kastað steini út í Berings-sundið úr rúminu þínu hérna.” sagði Roy.

“Jæ-ja. Heimurinn er hnöttóttur, það liggur hér skip búið til Síberíu — víst í tvö ár. Við Dex

erum að hugsa um,, að bregða okkur á því, og sjá okkur um.”

“Já, það er svo sem afgert,” sagði Dextrý. — Mér líður svo dæmalaust helvítlega hér, þar sem maður ætlar að drepast úr leikhúsum og frönskum knæpum og þessháttar djöfuldómi. Þeir eru að setja steinsteypu-stétt í “Front” stræti og skófágarur-búð líka. Eg vildi vera þar, sem maður getur hrækt frá sér án þess, að hitta andlitið á frönskum spjátrungi. Þú ættir að koma líka, Roy, við getum selt Midas-námuna.”

“Eg skal hugsa um það,” sagði Glenister.

Nóttin var björt þegar þeir fóru frá skrifstofu læknisins. Glenister hafði ekkert gaman af félögum sínum og skildi við þá. Hann hafði ekki gengið langt, er hann mætti Cherry Malotte. Hann bar lágt höfuðið og sá hana ekki fyr, en hún talaði.

“Jæ-ja, vinur minn. Það er þá loksins búíð.”

“Orð hennar komu svo vel heima við hugsanir hans, að hann svaraði.

“Já, það er alt búíð, góða stúlkan mín.”

“Eg þarf ekki, að óska þér til hamingju — þú þekkir mig of vel til þess. — Hvernig þykir þér, að vera sigurvegari..”

“Eg veit ekki — eg hefi tapað.”

“Tapað hverju?”

“Öllu nema-námunni.”

“Öllu nema — nú skil eg. Þú átt við, að hún — að þú hafir beðið hennar og hún hafi neitað þér?” Hann vissi aldrei hvað það kostaði hana,, að tala svo rólega.

31  
—  
ko  
ari  
un  
iri  
mi  
fy  
lit  
hú  
ha  
og  
un  
ha  
og  
hé  
ein  
gó  
að  
hv  
að  
hé  
fu  
st  
sa  
hé

“Meira en það. Það er svo nýtt sár að það sviður enn, og mun sviða lengi — en á morgun fer eg aftur til hólanna minna og dalanna. Eg fer til Midas-námanna og byrja á nýju verki. Um tíma hefi eg gengið á ókunnugum stigum, leitað að nýjum guðum “en sjónhverfingin er yfirstöðin, og eg get séð hlutina eins og þeir eru. Hún var aldrei mér ætluð, þótt eg elskaði hana. Það er slæmt, að eg get ekki gleymt eins og sumir aðrir. En hvernig stendur á þér? Hvert ætlarðu að fara?”

“Eg veit það ekki. Það gerir heldur ekkert til — héðan af.” Myrkrið af þokunni huldi hvíta andlitið hennar og hún talaði hægt. Ó“Eg ætla að líta eftir Bronco Kid. Hann gerði mér boð. Hann er veikur.”

“Hann er ekki vondur maður,” sagði Glenister,, “og eg ímynda mér, að hann ætli líka að byrja að nýju.

“Getur verið,” sagði hún og horfði út á hafið dimma. Þar er alt undir komið.” Litlu síðar sagði hún: “Það er aumt að við getum ekki þvegið hið umliðna út af spjaldinu, byrjað að nýju og — gleymt.”

“Það er einn þáttur í leiknum,” mælti hann. “Eg veit ekki, af hverju það kemur, en svona er það. Eg sé þig stundum? Er ekki svo?”

“Nei, góði minn, ekki held eg það.”

“Eg held eg skylji þig nú,” sagði hann lágt, “og það er, ef til vill, það bezta. Hann tók mjúku hendurnar hennar í aðra hönd sína og kysti þær.



“Guð blessi þig og varðveiti, kæra, djarfa Cherry mín.”

“Hún sttóð upprétt og kyr meðan hann hvarf út í þokuna, en tungsljósið vár heyrar-vottur að gráti hennar og tárur.

“Guð veri með þér, elskan mín eina.”

“Hann gekk niður mið sjónum, því stríðið var ekki unnið enn að fullu, og hann gat ekki hlustað á hrokatal vana sinna, fyr en hann væri sáttur vel við sjálfan sig. Hann var sagður boðinn og velkomin hvar sem hann kom, en honum fanst það aðeins móðgun.

“Voti, harði sandurinn lét ekkert heyrast skóhljóð hans og þannig stóð á því, að hann kom óvörum að stúlku, er stóð þar og horfði á brimið. Hafði hann séð hana fyrri, hefði hann læðst á brott. Hún þekti hann þegar og kallaði á hann. Hann gegndi, en lungunum hans var eins ervitt um andardrátt, eins og stálgjörð krepti að þeim. Honum sárnaði hve hún var kát. Hann kom hæglátlega og stóð kyr spölkorn frá henni, en hjartað barðist í ákefð. Loks tók hún eftir umbúðunum á honum og brá henni þá mjög. Hún kom nær honum og snart þau með nákvæmni.

“Það er ekkert — alls ekkert,” sagði hann, en röddin skalf. “Hvenær ætlið þér að fara á brott?”

“Það veit eg ekki fyrir víst — ekki að sinni.”

Hann hafði hugsað, að hún myndi fara næsta dag með frænda hennar og hinum mannum.

Hún tók til máls með ákafa nokkrum: “Þér

gerðuð það, sem var sómi göfugum manni í dag.  
“Ó, eg er bæði glöð og stolt af því.”

“Eg vil heldur, að þér minnst mín þannig, en að þér aðeins mintust mín sem hins grimma dýrs, eru þér sáuð í gær, því að þá var eg vitlaus af hatri og hefndargirni, ásamt öðrum illum hvötum, er steðja að manni þeim, er ósigur hefir biðið. Þér sjáið, að eg hefi spilað og tapað aftur og aftur, þangað til að alt var farið. Hver undur voru það, er komu þér hingað einmitt nú? Það var afar dýrslegt, en þér skiljið það ekki.” “Eg skil það mjög vel. Já, það geri eg. Eg þekki það atriði í æsar nú. Eg þekki örvæntingar-æði manna. Eg þekki líka sigurhróss-villuna. Eg þekki nú bæði hatur og hræðslu. Þér sögðuð mér eitt sinn, að það væri landið, sem gert hefði yður að villimanna og eg hló að því einmitt eins, og eg hló, er þér sögðuð mér að afskifti mín af stórmálum mundu kenna mér þann sannleik, að menn eru mjög líkir, er hvatirnar koma til. Eg sé nú, að þér sögðuð satt, en eg hafði rangt að mæla. Eg lærði margt í nótt.”

“Eg hefi líka lært margt,” sagði hann. “Eg vildi, að þér vilduð kenna mér meira?”

“Jæ-ja” sagði hún og horfði alvarlega á hann.

“Einu sinni, fyrir langa löngu, las eg “bæn elskuhuga.” Frá þeirri stund, er eg fyrst sá yður, hefi eg beðið þá sömu bæn að mér mætti veitast sú blessun, að verða svo hreinn, að eg yrði verðugur að njóta hins góða sem með yður býr, og að yður mætti veitast þolinmæði til, að ná í það góða, sem í mér er — en það er árangurslaust. En það gleð-

ur mig,, að þér skiljið mig — að nokkru leyti. Bæn-in var ekki veitt; en fyrir hana hefi eg þó fundið sjálfan mig — og eg hefi þekt yður. Þetta síðasta er mér meira virði en konungsríki. Það er helgur dómur, er eg skal ætíð tilbiðja, og þegar þér farið, er það hið eina, er veitir mér huggun.”

“En eg ætla ekki að fara,” sagði hún, “það er — nema ef —”

Það var eitthvað í málrómi hennar, er knúði hann til, að líta fljótt við. Það gerði honum andrdráttinn óhægan og hann talaði sem ótti mikill hefði gripið hann.

“Nema ef — hvað.

“Nema ef þú viljir að eg fari.”

“Ó, Guð hjálpi yður! Leikið ekki með tilfinningar mínar.” Hann varp frá sér báðum höndum eins og til þess, að hún héldi ekki lengra og röddin heyrðist tæplega, er sagði: “Eg þoli þetta ekki.”

“Geturðu ekki séð?, eða viltu ekki sjá og skilja,” sagði hún. “Eg beið hér til þess, að fá kjark til að fara til þín, fyrst þú gerðir þetta svo ervitt — þú heiðingil!” Hún fór þétt að honum og leit upp í andliti hans, og brosti dálítið, hrökk dálítið aftur á bak, gaf eftir, en hélt um leið til baka — nokkru. En tunglsljósið gerði úr augunum hennar tvo botnlausu hyli, dökkleita af ást og barmafulla af ráðning drauma hans.

ENDIR.